24



Með 300 fjár á fóðrum, stunda fiskirækt og loftþurrka kjöt

30



Spunnið í öllum regnbogans litum

48



Í skjóli trjánna undir vindbörðu fjalli Ingólfs


# Bændablaðið

24. tölublað 2016 • Fimmtudagur 15. desember • Blað nr. 481 • 22. árg. • Upplag 32.000





Teikning / Þorsteinn Davíðsson

**Um 25 þúsund útikerti framleidd úr endurunnu vaxi hjá PBI á Akureyri:**

# Íslendingar urða 150 tonn af úrgangsvaxi árlega sem er nær heila öld að eyðast

**Um þessar mundir er kertaframleiðsla í hámarki hjá Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi og leggjast allir á eitt um að anna eftirspurn, en kertin eru landsþekkt fyrir gæði og langan brennslutíma.**

PBI er einn af vinnustöðum Akureyrarbæjar og þar starfa tæplega 60 manns með skerta starfsgetu auk leiðbeinenda og starfsfólks. Jakobína Elva Káradóttir, forstöðukona PBI, segir að markmiðið sé að veita einstaklingum með skert starfsþrek atvinnu til lengri eða skemmri tíma og þjálfa sem flesta til þátttöku á almennum vinnumarkaði.

„Við leggjum áherslu á góð vinnubrögð og starfsvenjur, mætingar, aukið starfsþrek og að sjálfsögðu má ekki gleyma félagslegu samskiptunum," segir hún.

### *Um 20 tonn af vaxi í útikertin*

Háannatími í kertasölu er að renna upp og starfsfólk önnum kafið við framleiðsluna. Jón M. Jónsson kertagerðarmaður er yfir kertaframleiðslunni. Alls eru framleidd um 25 þúsund útikerti hjá PBI, auk handdýfðra innikerta, m.a. um 80 þúsund gæða veislukerti að ótöldum svonefndum kirkjukertum, kertum sem sérhönnuð eru til notkunar í kirkjum landsins.

Í útikertin eru notaðir vaxafgangar og kerti sem ekki eru söluhæf, svonefnt úrgangsvax.

„Við notum um 20 tonn af vaxi í útikertin á hverju ári og í veislu- og hátíðarkerti fara um 10 tonn," segir hann. Hann segist sáttur við magnið, en fyrirtækið hafi getu til að framleiða meira, fengi það meira úrgangsvax.

### *Afleit staða í þessum málaflokki*

Landsmenn eru ekki ýkja duglegir að skila inn kertaafgöngum, slíkt er þó í boði víða, m.a. á öllum grenndarstöðvum á Akureyri, hjá Endurvinnslunni við Furuvelli og að Réttarhvammi. Jón segir að einungis um það bil 6,5 til 7 tonnum sé skilað inn á hverju ári, sem er afskaplega lítið magn miðað við það sem fer til urðunar. Akureyringar og nærsveitamenn skila árlega um það bil 1,8 tonnum, en um 4 tonn af afgangsvaxi kemur af höfuðborgarsvæðinu, þar sem þessi úrgangur er þó ekki flokkaður sérstaklega líkt og norðan heiða.

„Því miður er staðan í þessum málaflokki afleit, við urðum allt of mikið, eða um 150 tonn á ári, þetta er unnin hörð olía sem er mjög lengi að eyðast í náttúrunni, eða um það bil 80 ár," segir Jón og vill fyrir alla muni að landsmenn taki sig saman í andlitinu og geri verulega bragarbót á.

**– Sjá nánar bls. 7** */MÞÞ*



**Öll kerti sem framleidd eru hjá PBI eru handdýfð og endast lengur en mörg önnur. Þorsteinn Magnússon sér um það verk.**

Mynd / MÞÞ

Fréttir



Rekaviðarbolur fluttur til sögunnar. Íbúðarhúsin á Ytra-Lóni eru að hluta kynt með reka. Myndir / Vilmundur Hansen

Ytra-Lón í Langanesbyggð – Úr heimsókn í Langanesbyggð – frekari umfjöllun um svæðið er á bls. 10 og 39 til 42:

# Húsfreyjan flutti til Íslands eftir að hún fékk norðurslóðabakteríuna

**Ábúendur á Ytra-Lóni reka gistiþjónustu samhliða fjárbúskap. Þar er einnig verið að þjálfa smalahunda og gera tilraunir í skógrækt á 40 hekturum lands.**

„Eins og flestir aðrir bændur hér um slóðir rekum við fjárbú," segja Mirjam Blekkenhorst og Sverrir Möller, ábúendur á Ytra-Lóni í Langanesbyggð, „og fjöldinn er í kringum 460 vetrarfóðraðar kindur. Við erum líka með þrettán hesta."

***Gistiheimilið á Ytra-Lóni***

Á Ytra-Lóni, sem er í um fjórtán kílómetra fjarlægð frá Þórshöfn, er líka rekið gistiheimili þar sem eru níu íbúðir í útleigu.

Ferðaþjónustan hér hefur ekki þróast eins hratt og annars staðar á landinu og aðsóknin svipuð milli ára. Það er einna helst að ég verði var við aukinn áhuga fuglaáhugamanna í svæðinu enda geta þeir séð hér vað-, mó-, bjarg- og sjófugla. Þeir stoppa lengur en aðrir ferðamenn og ég er mjög ánægð með það," segir Mirjam.

„Það er stefna okkar að nýta allar afurðir sem til falla, endurnýta og versla sem mest í heimabyggð. Við kaupum inn umhverfismerktar vörur þegar við getum og rúmfötin og handklæðin sem við notum á gistiheimilinu er Fair Trade-merkt. Sem þýðir að við erum viss um að fólkið sem býr rúmfötin og handklæðin til fær vel greitt fyrir sína vinnu. Þannig getum við látið gott af okkur leiða og gert ferðaþjónustuna umhverfisvænni og með því að versla Fair Trade getum við treyst á það að fólk annars staðar í heiminum geti séð fjölskyldum sínum farborða."

***Border Collie-fjárhundar***

Sverrir er meðlimur í Smalahundafélagi Íslands, hann á Border Collie-fjárhunda sem hann temur sjálfur og notar í göngum og leitir auk þess sem hundarnir vinna með fénu í kringum fjárhúsin. „Enda góður fjárhundur ómetanlegur og sparar manni ómæld spor."



Íbúðarhúsið að Ytralóni.



Sverrir Möller og Mirjam Blekkenhorst, bændur á Ytra-Lóni.

***Skjólbelti, skógrækt og endurheimt votlendis***

„Við hófum tilraunir í skjólbeltarækt 1998 og settum niður um 10 kílómetra af þrefaldri röð með brúnum alaskavíði, brekkuvíði, strandavíði, viðju, reyni alaskaösp og greni. Vöxturinn í skjólbeltunum er góður og alaskavíðirinn kominn vel á fjórða metra og lítið um afföll í þeim og greinilegt að það er hægt að rækta þau hér.



Smalahundar, Border collier, sem Sverrir er að rækta.

Árið 2008 hófum við tilraunir í skógrækt á um 40 hektara svæði og höfum plantað um sex þúsund plöntum á ári síðan þá. Vöxturinn þar er fremur hægur og það hafa komið ár þar sem allar plönturnar sem við plöntuðum út hafa drepist. Ætli hæstu plönturnar séu ekki sirka hnéhár. Að megninu til eru þetta lerki og birki og svo hef ég prófað nokkrar aðrar tegundir. Stafafura og greni virðast geta lifað hér og reynir líka en hann kelur mikið. Það sem hefur komið best út er birki og ég nota langmest af því í dag.

Hér er einnig í gangi verkefni sem fellst í endurheimt votlendis og þegar búið að moka ofan í um tólf kílómetra af skurðum."

***Frá Hollandi á Langanes***

Mirjam sem er hollensk segist hafa fengið norðurslóðabakteríuna þegar hún heimsótti Lappland. „Ég ólst upp í litlu þorpi í Hollandi með sveitabæjum allt í kring en síðan fór hraðbrautunum fjölgandi og með tímanum fannst mér eins og þær væru farnar að króa mig af. Ég prófaði að búa í borg í tæp þrjú ár en kunni ekki við það og fór að leita að einhverjum öðrum stað til að búa á. Árið 1988 kom ég fyrst til Íslands og ætlaði að vera hér í ár en endaði með að fara til Hollands til að ná í dótið mitt og ég hef verið hér síðan.

Fyrsta vinna mín hér var að fara um landið með Vilhjálmi Knudsen um landið og taka myndir fyrir eldgosasýningarnar hans. Síðan var ég á sveitabæ í Borgarfirði og þaðan fór ég norður á Hólssel á fjöllum og kynntist Sverri. Við fluttum svo hingað 1991 og höfum verið hér síðan."

*/VH*



Bændagisting á Ytra-Lóni.

## Yara áburður:

# Umhverfisvænn og vottaður

Íslenskur landbúnaður mun á næstu árum þurfa að taka virkan þátt í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Með því að nota Yara einkorna áburð leggur þú þitt af mörkum til að draga úr kolefnislosun við framleiðslu búfjárafurða. Yara ábyrgist minna en 3,6 kg af koldioxið $CO_2$ losun á hvert framleitt kg af köfnunarefni (N) út í andrúmsloftið. Yara er með gæðavottun frá DNV (Det Norske Veritas). Við framleiðslu á áburði hjá öðrum framleiðendum er losunin um 8 kg af koldioxið $CO_2$ á kg (N).




SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðenda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

## Notaðu minni áburð með Yara

Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • yara@yara.is • www.yara.is

Fréttir

# Bændafundir í byrjun árs

**Bændasamtök Íslands halda bændafundi víða um land dagana 9.–11. janúar. Fundarefnið er tvíþætt:**

Annars vegar á að ræða breytingar sem verða um áramótin vegna niðurfellingar búnaðargjalds og upptöku félagsgjalda.

Hins vegar verður rætt um nýjar reglugerðir sem tengjast nýgerðum búvörusamningum.

Bændur eru hvattir til að mæta á fundina og ræða sín hagsmunamál við forystufólk samtakanna. Nánari upplýsingar um staði og tímasetningar er að finna í auglýsingu á bls. 65 og á nýjum vef Bændasamtakanna, bondi.is. */BÍ*



**Ársfundur BÍ og bændahátíð verða haldin í Hofi á Akureyri 3. mars 2017.**
Mynd / Auðunn Níelsson

# Ársfundur og bændahátíð haldin á Akureyri

**Bændasamtökin standa fyrir bændahátíð föstudaginn 3. mars næstkomandi í Hofi á Akureyri.**

Fyrr um daginn verður ársfundur Bændasamtakanna en hann samanstendur af hefðbundnum aðalfundarstörfum og ráðstefnu þar sem landbúnaðurinn verður í brennidepli.

Búnaðarþing er nú haldið á tveggja ára fresti en hefðbundinn aðalfundur Bændasamtakanna þess á milli. Efni ársfundarins verður kynnt þegar nær dregur og sömuleiðis bændahátíðardagskráin. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkur viðburður er haldinn en Bændasamtökin vonast til þess að bændur taki því fagnandi að blanda saman fræðslu og skemmtun með þessum hætti.

Menningarhúsið Hof er glæsilegur vettvangur til þess að koma saman og fjölbreytt afþreying er í boði í Eyjafirði. Tilvalið tækifæri að taka sér hlé frá bústörfum og gleðjast með öðrum bændum.

***Pantið gistingu í tíma***

Nægt hótel- og gistirými er á Akureyri en bændur eru hvattir til þess að panta herbergi í tíma. Meðal þeirra aðila sem bjóða bændum góð kjör eru Icelandair Hotels, Hótel Natur, Sæluhúsin á Akureyri og Hótel Norðurland. Fjöldi annarra gististaða er í boði en upplýsingar um þá má finna á vefnum www.visitakureyri.is. */TB*

## Bændablaðið:
# Verðbreytingar um áramót

**Verðskrá Bændablaðsins tekur lítilsháttar breytingum um áramót. Áskriftargjald hækkar úr 9.900 krónum í 10.200 krónur á ári.**

Verð á dálksentímetra í auglýsingum hækkar um 3,4%, fer úr 1.450 krónum í 1.500 krónur án virðisaukaskatts. Ástæður verðhækkunar á gjaldskrá eru almennar verðlagsbreytingar, launaþróun og aukinn dreifingarkostnaður. */TB*

| Gjaldskrá Bændablaðsins 2017 | Upphæð |
|---|---|
| Áskrift | 10.200 kr. |
| Áskrift, eldri borgara | 5.100 kr. |
| Smá með mynd | 5.400 kr. |
| Smáauglýsingar | 2.200 kr. |
| Smáaugl. á netinu | 990 kr. |
| Dálksentimetri (án vsk.) | 1.500 kr. |
| Dálksentimetri, síða 3 og baksíða (án vsk.) | 1.700 kr. |
| Dálksentimetri á fréttasíðum (án vsk.) | 2.400 kr. |
| Dálks. svarthvítt (án vsk.) | 1.200 kr. |
| Uppsetning auglýsinga, tímagjald (án vsk.) | 8.200 kr. |

*Niðurfellingargjald, 15% af brúttóverði auglýsingar.*

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 12. janúar



Aðventan á Elliðavatni:

# Fólk sækir ár eftir ár í jólastemninguna

**Fólk er fastheldið á jólahefðir sínar eins og sjá mátti síðasta sunnudag á jólamarkaðnum á Elliðavatni. Þrátt fyrir að votviðrasamt væri og vindar hafi blásið framan af degi, lét fólk það ekkert á sig fá og sótti þangað jólaandann eins og áður.**

Markaðurinn var opnaður laugardaginn 26. nóvember og verður opinn um næstu helgi báða daga frá 11 til 16.30.

***Nostalgía og rómantík***

Tinna Ottesen er jólamarkaðsstýra fyrir Skógræktarfélag Reykjavíkur. „Jólin og aðventan er tími nostalgíu, rómantíkur og samveru með þínu fólki. Eins og undanfarin ár reynum við að skapa aðstæður svo að fólk njóti alls þessa hér í Heiðmörk á jólamarkaðnum – og í jólaskóginum á Hólmsheiði. Við reynum að breyta ekki of miklu á milli ára, svo að fólk geti komist í sömu jólastemninguna ár eftir ár.

Við leggjum mikið upp úr því að eiga samtal við gesti okkar, um skóginn, jólatré, grenitré og starfsemi skógræktarfélagsins, þegar við finnum að áhugi er til staðar.

Jólamarkaðurinn á Elliðavatni, inni í og við Elliðavatnsbæinn, er allt í senn handverks-, hönnunar- og matarmarkaður, auk þess sem höggvin jólatré eru þar til sölu. Þar er hægt að fá *fullkomin jólatré*, *einstök jólatré* og svokölluð *tröpputré*. Við erum líka með kaffistofu þar sem er hægt að setjast niður og fá sér heitt kakó og með því, hlusta á upplestra eða tónlistaratriði. Við höfum líka nýtt okkur rjóður sem er rétt við bæinn, til að halda barnastundir. Þá kveikjum við upp í varðeldi og fáum ýmist barnabókahöfunda eða leikskólakennara til að sjá um svolitla dagskrá, þar sem börn og fullorðnir geta notið þess að vera saman í skóginum," segir Tinna.

Dagskrá næstu helgar má nálgast á vefnum heidmork.is/jolaskogur, en Jólamarkaðurinn Elliðavatni er líka með Facebook-síðu.

***Jólaskógur á Hólmsheiði***

„Í Jólaskóginn á Hólmsheiði kemur fólk og heggur sitt eigið jólatré, getur keypt heitt kakó og smákökur, ornað sér við varðeld og hitt á jólasveininn. Við erum helst með stafafuru, blágreni, rauðgreni og sitkagreni til sölu hjá okkur – og einstaka fjallaþin," segir Tinna.

Með því að kaupa íslensk jólatré í stað innfluttra er stutt við vistvæna íslenska skógrækt og kolefnissporið minnkað. Íslensk jólatré eru ræktuð án eiturefna og í staðinn fyrir hvert tré sem höggvið er og selt í jólaskóginum, gróðursetur Skógræktarfélag Reykjavíkur að minnsta kosti önnur þrjátíu. */smh*






**Konfekt og kakó á kaffistofunni.**



**Tröpputrén setja skemmtilegan svip á svæðið við Elliðavatnsbæinn.**



**Koparhringur frá Einari Gunnari eldsmiði mátaður.**



**Fallegt tveggja metra hátt rauðgreni.**



**Íslenskar ullarvörur frá Siggu Jónu á handverksmarkaðnum.**

Icelandic wool

ICELANDIC LAMB · ROAMING FREE SINCE 874 ·



JÓNSSON & LE'MACKS • JÍ.IS • SÍA

# Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári.** Því **er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 9.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 4.950 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefsíða blaðsins: www.bbl.is** – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Prentsnið – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

# Enginn veit ...

**„Enginn veit hvað átt hefur, fyrr en misst hefur," segir máltækið. Víst er að Íslendingar mættu hafa það í huga þegar horft er til allra þeirra gæða sem landið býður þeim upp á.**

Þessi litla þjóð, sem býr í hlutfallslega stóru og nokkuð harðbýlu landi, hefur aðgengi að meiri veraldlegum gæðum en flestar þjóðir veraldar. Landið er afskaplega vel staðsett með tilliti til einhverra fengsælustu fiskimiða sem þekkjast. Íslendingar eiga mikið landrými til ræktunar sem að stórum hluta er vannýtt í dag. Við eigum búfjárkyn, sem vegna árhundruða einangrunar, hefur haldið sérkennum sem hvergi er lengur að finna á jörðinni. Tækifæri til skógræktar eru gríðarlega mikil. Nær öll húsakynni á landinu eru hituð upp ýmist með varmaorku úr jörðu eða raforku sem framleidd er með fallvötnum. Bæði jarðhiti og fallvötn hafa skapað Íslendingum ómetanlegan tekjugrunn í formi þess sem kalla má hreina orku sem engin önnur þjóð í heiminum getur státað af. Þá eigum við ógrynni ferskvatns sem verður dýrmætara með hverjum degi sem líður. Við eigum líka ómetanlega náttúru sem milljónir ferðamanna eru tilbúnir að leggja mikið á sig til að skoða. Allt þetta og miklu meira til ber okkur skylda til að vernda og verja með kjafti og klóm fyrir börn framtíðarinnar.

Það er langt í frá að það sé sjálfgefið að við höfum öll þessi auðæfi í höndunum sem land okkar býður upp á. Breytingar á loftslagi eru sem óðast að hrifsa lífsgæðin úr höndum milljóna manna nánast á hverjum einasta degi. Þar er neysluvatn og fæða efst á blaði, eitthvað sem við Íslendingar eigum í miklum mæli. Máltækið „Enginn veit hvað átt hefur, fyrr en misst hefur" á því svo sannarlega við þessa þjóð í harðnandi heimi.

Þetta mætti það ágæta fólk sem nú á í brasi með að mynda ríkisstjórn hafa í huga. Það er einfalt að setja saman óskalista um hvað fólk vill hafa í jólapakkanum. Sér í lagi ef það er sjálft í þeirri stöðu að velja jólagjöfina. Málið getur horft dálítið öðruvísi við þegar kemur að því að tryggja tekjur fyrir fínu jólagjöfunum. Við erum búin að brenna okkur heiftarlega á að slá lán fyrir slíkum óskalista fyrir nokkrum árum. Vonandi bera menn gæfu til að ana ekki út í sömu vitleysuna aftur.

Það er að mörgu að hyggja í þessu sambandi. Það snýst ekki bara um að hækka skatta til að tryggja tekjur til að mæta vaxandi kröfum velmegunarþjóðarinnar. Það snýst líka um að fólk eyðileggi ekki það sem búið er að byggja upp á liðnum áratugum. Það er t.d. hæglega hægt að rústa landbúnaði með einu vanhugsuðu pennastriki. Ef slíkt yrði gert féllu um leið mörg önnur vígi.

Landbúnaður er ekki bara til að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar ásamt sjávarútveginum. Landbúnaður líkt og sjávarútvegurinn er líka grundvöllur byggðar úti um allt land. Sú byggð er forsenda þess að vaxandi ferðaþjónusta geti þrifist. Ef menn eyðileggja landbúnaðinn með vanhugsuðum aðgerðum, þá kippa menn líka mikilvægri stoð undan byggðaþróun í landinu.Líka undan þeirri vaxandi tekjulind sem ferðaþjónustan er. Með brottflutningi fólks úr sveitum og af dreifðum byggðum landsins hverfur einnig nauðsynlegt vinnuafl sem annars heldur uppi nauðsynlegri þjónustu á þeim stöðum. Þá verður fátt annað eftir en að slá lán upp á gamla mátann til að fjármagna óskalistann. Hver á þá að borga brúsann?

***Hafið þökk fyrir ánægjuleg samskipti á líðandi ári og megi nýtt ár verða ykkur öllum gæfuríkt.***

*Hörður Kristjánsson*

# „Hvað eru þið að bauka þarna í Bændahöllinni?"


**Sindri Sigurgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is




**Það er ekki óalgengt að bændur velti fyrir sér því starfi sem unnið er á vettvangi Bændasamtakanna. Margt af því sem við gerum er ekki sýnilegt og annað fer ekki fram hjá neinum. Við sem störfum fyrir íslenska bændur verðum því að að vera dugleg að miðla upplýsingum um þau verkefni sem unnið er að hverju sinni og einnig að hlusta eftir því hvað brennur á bændum.**

Sú breyting sem verður á innheimtu félagsgjalda nú um áramótin gefur okkur tækifæri til að draga fram það sem við erum að gera hjá BÍ til að vinna að hagsmunum íslenskra bænda. Samtökin verða 180 ára í janúar á næsta ári, félagsmenn okkar í dag telja um sex þúsund og aðildarfélög eru 24. Stöðugildi eru rúmlega 26 alls.

Meginstarfsemi samtakanna er í Bændahöllinni en samtökin eru einnig með starfsstöð á Akureyri, auk þess sem nokkrir starfsmenn hafa aðsetur annars staðar. Þá eiga og reka samtökin Nautastöðina á Hesti og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sem rekur 13 starfsstöðvar víðs vegar um land.

Að auki er Hótel Saga í eigu Bændasamtakanna en ákveðið var af stórhuga bændum á fimmta áratugnum að eiga hótel og athvarf í höfuðstaðnum. Hótelið var tekið í notkun árið 1962 og er fyrir löngu orðið þekkt kennileiti í bæjarmyndinni í Reykjavík.

### *Fjölbreytt starfsemi*

Hjá Bændasamtökunum starfar fjölbreyttur hópur fólks með ólíka reynslu og menntun.

Á félags-, fjármála- og skrifstofusviði starfar hagfræðingur og lögfræðingur ásamt sérhæfðu skrifstofufólki sem fæst meðal annars við fjármálastjórn, ritarastörf, umsýslu auglýsinga, símsvörun, bókhald og reikningagerð.

Í tölvudeild Bændasamtaka Íslands starfa tíu manns sem gegna mismunandi hlutverkum og eru staðsettir á þremur starfsstöðvum. Þjónustufulltrúar eru þrír, einn kerfisstjóri, fimm aðilar sem sinna hugbúnaðargerð og einn kynbótafræðingur. Meginverkefni deildarinnar eru þróun og viðhald á skýrsluhaldskerfum er tilheyra landbúnaði, gagnaumsjón og innri þjónusta við samtökin sjálf og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Á útgáfu- og kynningarsviði starfa fimm manns í fullu starfi auk þess sem verktakar víða um land sjá deildinni fyrir efni og vinna að sérverkefnum. Bændablaðið er fyrirferðarmest í rekstrinum en þar starfa tveir blaðamenn, auglýsingastjóri og ritstjóri. Skólaverkefnið „Dagur með bónda", þar sem bændur heimsækja grunnskóla, er rekið allt árið um kring auk þess sem deildin heldur utan um tengslanet bænda í Opnum landbúnaði. Almannatengsl og ýmis upplýsingagjöf er jafnframt stór hluti af rekstri sviðsins, s.s. útgáfa kynningarefnis, rekstur vefja og innsetning efnis á samfélagsmiðla.

Á Nautastöðinni á Hesti í Borgarfirði starfa þrír starfsmenn í fullu starfi, forstöðumaður, dýralæknir og fjósameistari.

Stjórn BÍ samanstendur af fimm bændum sem kosnir eru á Búnaðarþingi til tveggja ára í senn. Framkvæmdastjóri og formaður BÍ eru talsmenn samtakanna og koma fram fyrir þeirra hönd.

### *Bændasamtökin vinna fyrir alla bændur*

Bændasamtökin móta stefnu í málefnum bænda og landbúnaðarins í heild. Fulltrúar bænda á Búnaðarþingi marka stefnuna en starfsmenn og trúnaðarmenn bænda fylgja henni eftir á milli þinga. Stór hluti af starfsemi Bændasamtakanna felst í samskiptum við stjórnvöld og ýmsa skylda aðila.

Bændasamtökin veita umsagnir um lagafrumvörp og reglugerðir sem snerta landbúnaðinn og hag bænda og fylgja þeim eftir gagnvart stjórnvöldum.

BÍ eru málsvari bændastéttarinnar gagnvart ríkisvaldinu og öðrum aðilum þjóðfélagsins sem stéttin hefur samskipti við.

Fulltrúar samtakanna taka þátt í samráðshópum og nefndum þar sem landbúnaðurinn er til umfjöllunar og halda fram stefnu samtakanna þar sem það á við. Þeir halda hagsmunum bænda á lofti í stjórnkerfinu og berjast fyrir eðlilegum og sanngjörnum starfsskilyrðum þeirra.

Samtökin annast samningagerð af hálfu bænda, til dæmis búvörusamningagerð við ríkisvaldið og samninga um kjör starfsfólks í landbúnaði.

BÍ koma fram fyrir hönd íslenskra bænda gagnvart hliðstæðum samtökum erlendis og eru m.a. aðilar að Heimssamtökum bænda (WFO), Evrópusamtökum bænda (COPA) og Samtökum bænda á Norðurlöndum (NBC).

Til að þjónusta bændur sem best þá hafa samtökin á sínum snærum orlofshús fyrir félagsmenn auk orlofsíbúðar í Kópavogi. Enn fremur njóta bændur bestu fáanlegra kjara á gistingu á Hótel Sögu. BÍ reka starfsmenntasjóð þar sem bændur geta fengið stuðning vegna sí- og endurmenntunar auk þess að stefna á enn frekari þjónustu og stuðning við sína félagsmenn.

### *Sterk bændahreyfing tryggir slagkraft*

Af þessu öllu er ljóst að það er heilmikið umleikis hjá þeim sem starfa hjá samtökum bænda, bæði í Bændahöllinni sem og um allt land. Það er enda keppikefli okkar að vinna að bættum kjörum bænda á öllum sviðum, vera málsvarar þeirra og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði á Íslandi.

Slagkraftur alls þess fjölda bænda sem standa á bak við samtökin hafa gert þau að því afli sem þau eru í samfélaginu.

Á síðustu árum hafa mörg stór verkefni verið á borði Bændasamtakanna. Má þar nefna vinnu vegna aðildarumsóknar að Evrópusambandinu, umræða um matvælaverð og tolla, umræðu um dýravelferð og viðvarandi baráttu fyrir bættum búsetuskilyrðum í dreifbýli. Stærsta verkefni síðustu misserin er vinna tengd gerð nýrra búvörusamninga. Öll þessi verkefni kosta mikla fjármuni og því er samtökunum mikilvægt að tryggja áfram fjármögnun sína og sjálfstæði.

Með þeim breytingum sem verða á félagsaðild að Bændasamtökunum er komið til móts við sjónarmið um félagafrelsi. Með brottfalli búnaðargjalds munu Bændasamtökin ekki lengur fá tekjur af félagsmönnum sínum með óbeinum hætti eins og verið hefur – heldur með beinum hætti í gegnum félagsgjöld. Það þýðir líka að enginn þarf að greiða til samtakanna sem ekki vill gera það. Breytingunni fylgja einnig skemmtilegar áskoranir um að reka öflug og skilvirk samtök sem íslenskir bændur geta sameinast um.

Lesendum blaðsins og bændum í sveitum landsins eru færðar bestu óskir frá stjórn og starfsfólki BÍ um gleðileg jól og farsæld á nýju ári. Árið þar sem Bændasamtök Íslands ætla áfram að vera öflugur málsvari íslenskra bænda. Til þess að svo megi verða vonumst við til þess að sem flestir bændur verði þátttakendur í öflugri liðsheild BÍ og aðildarfélaga þeirra. Þannig getum við áfram unnið að framförum og hagsæld í landbúnaði – fyrir okkur öll.

## Ísland er land þitt



**Skerjafjörður er fjörður sem gengur inn úr Faxaflóa sunnan við Kollafjörð og norðan við Hafnarfjörð. Skerjafjörður liggur frá norðvestri til suðausturs milli Seltjarnarness og Álftaness og heitir eftir Lönguskerjum í miðjum firðinum. Hann er víða grunnur og skerjóttur eins og nafn hans bendir til. Innst greinist fjörðurinn í Lambhúsatjörn á Álftanesi, Arnarnesvog, Kópavog og Fossvog. Hér er horft úr Öskjuhlíð í Reykjavík yfir Kópavog og Álftanes sem mótar aðeins fyrir í mótljósi kvöldsólarinnar með Reyjanesskagann í baksýn.** Mynd / HKr.

Líf og starf



Hjá PBI eru framleidd um 25 þúsund útikerti á ári. Hér er verið að ganga frá þeim og pakka. Myndir / MÞÞ

# Um 25 þúsund útikerti framleidd hjá PBI á Akureyri

**Um þessar mundir er kertaframleiðsla í hámarki hjá Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi og leggjast allir á eitt um að anna eftirspurn, en kertin eru landsþekkt fyrir gæði og langan brennslutíma. PBI er einn af vinnustöðum Akureyrarbæjar og þar starfa tæplega 60 manns með skerta starfsgetu auk leiðbeinenda og starfsfólks.**

Jón M. Jónsson kertagerðamaður yfir kertaframleiðslunni, segir að alls séu framleidd um 25 þúsund útikerti hjá PBI auk handdýfðra innikerta, m.a. um 80 þúsund gæða veislukerti að ótöldum svonefndum kirkjukertum, kertum sem sérhönnuð eru til notkunar í kirkjum landsins.

Í útikertin eru notaðir vaxafgangar og kerti sem ekki eru söluhæf, svonefnt úrgangsvax. „Við notum um 20 tonn af vaxi í útikertin á hverju ári og í veislu- og hátíðarkerti fara um 10 tonn," segir hann.



Um þessar mundir er kertaframleiðsla í hámarki hjá Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi og leggjast allir á eitt um að anna eftirspurn. Hér er Kristín Hreiðarsdóttir að líma miða á kertin.

### *Afleit staða í þessum málaflokki*

Landsmenn eru ekki ýkja duglegir að skila inn kertaafgöngum, slíkt er þó í boði víða, m.a. á öllum grenndarstöðvum á Akureyri, hjá Endurvinnslunni við Furuvelli og að Réttarhvammi. Jón segir að einungis um það bil 6,5 til 7 tonnum sé skilað inn á hverju ári, sem er afskaplega lítið magn miðað við það sem fer til urðunar. Akureyringar og nærsveitamenn skila árlega um það bil 1,8 tonnum, en um 4 tonn af afgangsvaxi kemur af höfuðborgarsvæðinu, þar sem þessi úrgangur er þó ekki flokkaður sérstaklega líkt og norðan heiða. „Því miður er staðan í þessum málaflokki afleit, við urðum allt of mikið, eða um 150 tonn á ári,



Verið að ganga frá kertum fyrir álímingu og pökkun.



Það eru mörg handtökin við kertagerðina.

þetta er unnin hörð olía sem er mjög lengi að eyðast í náttúrunni,eða um það bil 80 ár," segir Jón og vill fyrir alla muni að landsmenn taki sig saman í andlitinu og geri verulega bragarbót á.

### *Ekki nægilega vakandi*

Hann bendir á að olíubíll hafi oltið fyrir skömmu í Skagafirði með þeim afleiðingum að nokkur tonn af olíu runnu út í jarðveginn. „Það fór allt á hliðina og menn hrópuðu upp yfir sig; stórslys og mengun. Heilbrigðiseftirlit var kallað á vettvang en það heyrist hvorki hósti né stuna þegar við urðum um 150 tonn af kertavaxi á hverju ári, sem er ekkert annað en hrein olía. Magnið verður svo gríðarlegt þegar horft er yfir lengri tíma," segir Jón.

Hann telur að almennt sé hvorki almenningur né stjórnvöld nægilega vakandi fyrir því að kertavax er olía, rétt eins og t.d. matareða dísilolía, sem innihaldi heilmikið magn af parafíni sem þykknar í kulda og veldur vandræðum.



Stundum hendir fólk kertunum sínum beint í ruslið, líkt og eigandi þessa kertis sem Jón M. heldur hér á, búið að nota um það bil 5%. PBI tekur á móti kertastubbum og vaxafgöngum og endurnýtir.

„Ég vona svo sannarlega að landsmenn taki á þessum málum og því fyrr því betra. Það er heldur ekki úr vegi að fyrirtæki sem flytja inn kerti hafi okkur í huga t.d. með þau kerti sem verða fyrir skemmdum og þarf að farga. Það er upplagt að benda á að við tökum á móti slíkum sendingum og getum sparað fyrirtækjum urðunargjöld á móti. Við teljum okkur ekki í samkeppni við þessi fyrirtæki og því ætti samstarf af slíku tagi að vera hagstætt fyrir alla," segir Jón.

Almenningur getur einnig komið við hjá PBI að Furuvöllum 1 á Akureyri, en þar er tekið á móti kertastubbum og vaxafgöngum til endurnýtingar. Jafnframt er tekið á móti slitnum rúmfötum, handklæðum og bolum, en efnin eru nýtt til framleiðslu á tuskuböggum. */MÞÞ*

## MÆLT AF MUNNI FRAM

168

Síðasti vísnaþáttur var allur helgaður vísum **Sigurðar Þórarinssonar** jarðfræðings.Ögn af efni stóð þó útaf sem viðeigandi er að gera hér skil. – Haust hvert voru farnar skemmtiferðir inn í Jökulheima. Í einni slíkri hafði Sigurður ungan ítalskan jarðfræðing með í för. Sá var sjarmur mikill og meyjum öllum því mjög hugleikinn. Árni Stefánsson bifvélavirki var meðal ferðamanna, og öfundaðist ákaflega þá athygli sem stúlkur sýndu Ítalanum áfengisdauðum. Sigurður orti þá:

*Okkar kvenna art er slík;*
*Árni veit hvað hann syngur,*
*að betur þeim ítalskt líkar lík*
*en lifandi Íslendingur.*

Jökulheimaferðir samanstóðu jafnan af báðum kynjum. Í húsreglum Jökulheima var, að tiltal mætti veita og jafnvel fjársektir, yrði vergirni vart í ferðum Jöklarannsóknarfélagsins. Slíkt athæfi var nefnt „hugrenningasyndir". Magnús Jóhannsson, útvarpsvirki og kvikmyndagerðarmaður, var í einni slíkri Jökulheimaferð, og þótti dómara siðgæðis einsýnt að Magnús hefði gerst brotlegur við húsreglur, og var sektaður um hundraðkall. Af því tilefni orti Sigurður:

*Magnús heitir maður snjall,*
*mjög að svönnum kyndir.*
*Hefur drýgt fyrir hundraðkall*
*hugrenningasyndir.*

Meðan landsmenn súpa „síðustu dreggjar þessa árs" þá situr sá ágæti hagyrðingur, Ingólfur Ómar Ármannsson, suður í Reykjavík, og barmar sér nokkuð:

*Fátækt er mér fjandi dýr,*
*flest vill gæðin skerða.*
*Fjárhagurinn fremur rýr*
*og flaskan tóm að verða.*

En þar sem hátíð fer í hönd með öllu því umstangi sem fylgir þessum árstíma, þá hægist hugur skáldsins og jafnvel örlar á „hugrenningasyndum":

*Hátíð nálgast helg og skær,*
*hefst þá frí í skólum.*
*Fengitíminn færist nær*
*fylgir bústang jólum.*

Lesendur hafa um langt bil verið lausir við „andlegar afurðir" Einars Kolbeinssonar, bónda í Bólstaðarhlíð. Sama verður ekki sagt um símann minn. Við Einar höfum í haust sótt sjóveiðar á báti mínum sem Balli heitir. Mestanpart til svartfuglsveiða. Þessar drápsferðir hafa veitt Einari mikla fró:

*Ekki skortir í mig dug,*
*anda flíka skæðum.*
*Vakandi með veiðihug*
*og villimennsku í æðum.*

*Ef að Balli færi á flot*
*svo fáist gleði meiri,*
*keypti ég hundrað haglaskot*
*hér á Akureyri.*

Meira að segja reisti Einar til Þýskalands í haust til svölunar drápseðli sínu. Símí minn fékk að fylgjast með:

*Kominn er í heljar ham*
*og hendist milli landa,*
*enda er ég í Amsterdam*
*eins og sakir standa.*

*Framandi mér ferðin er*
*og fjarri verkum brýnum.*
*Halda mun til Hannover,*
*held ég að slátra svínum.*

Ekki sat Einar með öllu heima á nýliðinni rjúpnavertíð. Í samtali okkar sagðist hann hafa rekist á 17 fugla. Í næsta ljóðformi, sem álíka þekkt skáld og Einar hafa brúkað, er fólgin viss talnaleikur:

*Fimmtán upp til fjalla*
*flugu um í gær,*
*á morgun verða varla*
*vakandi aðrar tvær,*
*því núna höfði halla*
*hér í skjóli nær.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

Fréttir



Skýrsluhaldið mun fyrst hafa áhrif í nautgriparæktinni því þar færa bændur skýrsluhald jafnt og þétt allt árið.

Búvörusamningurinn:

# Nýjar reglugerðir um næstu áramót

**Ný reglugerð um almennan stuðning við landbúnað fjallar meðal annars um kynbótaverkefni, jarðræktarstyrki og landgreiðslur, nýliðunarstuðning, lífræna framleiðslu, geitfjárrækt, fjárfestingastuðning í svínarækt og þróunarfjármuni búgreina.**

Reglugerðin tekur gildi um næstu áramót ásamt nýjum reglugerðum um stuðning við garðyrkju, sauðfjár- og nautgriparækt.

Reglugerðirnar eru allar settar til nánari útfærslu á búvörusamningunum.

Sigurður Eyþórsson framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segir að reglugerðin um almennan stuðning við landbúnað fjalli um þau nýju verkefni sem verið sé að innleiða með nýjum rammasamningi um landbúnað, sem áður kallaðist búnaðarlagasamningur

„Meðal þessara nýju verkefna eru geitfjárrækt, fjárfestingarstuðningur við svínarækt og tilfærsla á þróunarverkefnum inn í þennan samning sem áður voru í búgreinasamningu og aukin jarðræktarstuðningur svo eitthvað sé nefnt. Reglugerðin hefur verið til umsagnar en umsagnarfresturinn rann út í gær. Ég hef ekki enn séð hvaða athugasemdir hafa komið fram en reikna með að þær verði einhverjar og í kjölfarið einhverjar breytingar á reglugerðinni.

Reglugerðin mun svo væntanlega taka gildi fyrir árslok þar sem nýju búvörusamningarnir taka gildi 1. janúar næstkomandi.“



Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.

### *Nýjar reglugerðir og búgreinarnar*

„Auk almennu reglugerðarinnar eru einnig að taka gildi nýjar reglugerðir um búgreinarnar, garðyrkju, sauðfjár- og nautgriparækt eru hins vegar lengra komnar og ráð fyrir að þær komi til lokaumfjöllunar í framkvæmdanefnd búvörusamninga í dag og því líklegt að þær taki gildi fyrir jól.

Í reglugerðunum um búgreinarnar er stærsta breytingin sem bændur þurfa að hafa í huga að hér eftir er skylt að taka þátt í skýrsluhaldi í sauðfjár- og nautgriparækt og garðyrkju.“

Sigurður segir misjafnt milli búgreina á hvaða árstíma bændur færa inn skýrslur. „Skýrsluhaldið mun fyrst hafa áhrif í nautgriparæktinni því þar eru menn að færa skýrsluhald jafnt og þétt allt árið. Menn þurfa því að huga mjög vel að þeim málum því sé skýrsluhaldið ekki í lagi getur það haft áhrif á stuðningsgreiðslur.

Þeir sem ekki hafa tekið þátt í skýrsluhaldinu hingað til og ætla að fá greiðslur samkvæmt nýju búvörusamningunum verða að sækja um aðild að skýrsluhaldinu fyrir áramót. Þrátt fyrir að bændur séu ekki komnir að fullu af stað með skýrsluhaldið verða þeir að skila inn tilkynningu um að þeir ætli að vera með til Matvælastofnunar ekki seinna en 27. desember. Það er gert í gegnum vef stofnunarinnar.“

Sigurður leggur áherslu á að þetta sé afar mikilvægt fyrir bændur sem eru nú þegar ekki í skýrsluhaldi en ætla sér að vera það og hann hvetur þá til að huga strax að þessu.

„Það er líka skilyrði fyrir greiðslum að skila forðagæsluskýrslu til Matvælastofnunar. Sá frestur er reyndar útrunninn fyrir þetta ár en hafi bændur ekki skilað þeirri skýrslu nú þegar geta þeir bjargað sér með því að fá til sín dýraeftirlitsmann til að telja bústofninn og skila inn skýrslu fyrir þá.

Viðskipti með greiðslumark í mjólkurframleiðslu munu breytast um áramótin á þann hátt að nú geta menn ekki selt það sín á milli. Eftir áramót verða kúabændur að óska eftir innlausn ríkisins á kvótanum á ákveðnu verði óski þeir eftir að selja hann. Þeir sem vilja auka við mjólkurkvótann sækja um að kaupa hann af ríkinu sem selur hann á sama verði og það leysti hann til sín á.

Þeir sem hafa forgang af kaupunum eru annars vegar nýliðar og þeir sem framleiddu mikið umfram greiðslumark á síðustu árum þegar var kallað eftir aukinni framleiðslu og þannig reynt að koma á móts við þá.“

### *Stuðningsgreiðslur*

Almenna reglugerðin gildir um stuðningsgreiðslur sem falla undir rammasamning um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins. Samkvæmt henni og hinum reglugerðunum fá einungis greiðslur framleiðendur sem uppfylla skilyrði um að vera skráðir eigendur eða leigjendur lögbýlis eða garðyrkjubýlis og stunda landbúnað á lögbýli eða garðyrkjubýli með virkt virðisaukaskattsnúmer.

### *Bændafundir um allt land*

Bændasamtök Íslands munu standa fyrir bændafundum um allt land í janúar eins og auglýst er hér í blaðinu á blaðsíðu 65. Þar verður farið yfir þessi mál og einnig breytingar á félagskerfinu sem standa fyrir dyrum og nánar er fjallað um annars staðar í blaðinu. Bændur eru hvattir til að mæta á fundina og koma á framfæri spurningum í tengslum við reglugerðarbreytingarnar. */VH*



Ásthildur Skjaldardóttir, bóndi á Bakka á Kjalarnesi, Kolbrún Silja Ásgeirsdóttur, kynningar- og fjáröflunarstjóri Krabbameinsfélags Íslands og Elías Hartmann Hreinsson, deildarstjóri búvörudeildar Sláturfélags Suðurlands. Mynd / smh

Styrkur afhentur Krabbameinsfélagi Íslands:

# Bleika rúlluplastið seldist upp og skilaði 900 þúsund krónum

**Elías Hartmann Hreinsson, deildarstjóri búvörudeildar Sláturfélags Suðurlands, og Ásthildur Skjaldardóttir, bóndi á Bakka á Kjalarnesi, afhentu fyrir skemmstu Krabbameinsfélagi Íslands 900 þúsund króna styrk sem safnaðist af sölu á bleiku rúlluplasti í vor og sumar.**

Það var Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir, kynningar- og fjáröflunarstjóri Krabbameinsfélags Íslands, sem veitti styrknum formlega viðtöku við bleikar rúllustæðurnar á Bakka. Styrkurinn skiptist á milli þriggja aðila; bænda, Trioplast (sænska plastframleiðandans) og þeirra sem selja bleika plastið hér á Íslandi. Hver um sig samþykkti að láta 1 evru renna til Krabbameinsfélags Íslands, sem samsvaraði samanlagt 425 krónum af hverri seldri plastrúllu. Andvirði söfnunarfjár átaksins mun, að sögn Kolbrúnar, ganga til endurnýjunar tækja til brjóstamyndatöku í Leitarstöð Krabbameinsfélagsins.

Það var í fyrsta skiptið á liðnu sumri sem bleikar heyrúllur skreyttu tún íslenskra bænda og að sögn Elíasar, sem hafði frumkvæðið að því að prófa þetta hér á landi, frétti hann af sambærilegum verkefnum frá nágrannalöndum okkar. „Viðtökurnar fóru fram úr björtustu vonum og það kom á daginn að við áttum ekki allt það bleika plast sem við hefðum getað selt. Við erum því reynslunni ríkari fyrir næsta sumar.“ Uppruna slíkra verkefna mun þó vera hægt að rekja til Nýja-Sjálands og viðskiptavina Trioplast þar í landi. Bændakonur þar í landi óskuðu eftir því að bleikt rúlluplast yrði framleitt til að minna á árvekni vegna brjóstakrabbameins. Í framhaldinu voru gerðar tilraunir og í framhaldinu var slíkt plast tekið til sölu í Nýja-Sjálandi og í kjölfarið fylgdu meðal annars Noregur, Svíþjóð, Þýskaland, Sviss, Bretland og Írland.

### *Barnabörnunum finnst þetta æðislegur litur*

Ásthildur bóndi á Bakka sagði við afhendingu styrksins að flestir þekktu til einhverra sem hefðu greinst með brjóstakrabbamein. „Okkur fannst bara upplagt að styrkja verkefnið. Við höfum misst allt of marga, allt of unga úr brjóstakrabbameini og þetta er góð leið til að sýna samstöðu og styrkja Krabbameinsfélagið. Okkur þykir bleiki liturinn bara fallegur og barnabörnunum okkar finnst hann alveg æðislegur. Þetta er bara skemmtilegt,“ segir Ásthildur.

Söluaðilar bleika rúlluplastsins hér á landi eru Kaupfélag Skagfirðinga, Bústólpi, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Vestur Húnvetninga, Kaupfélag Borgfirðinga, Kaupfélag Steingrímsfjarðar og KM þjónustan Búðardal.

### *Ein af hverjum níu*

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbamein hjá íslenskum konum og greinast 200 konur á hverju ári. Ein af hverjum níu fær brjóstakrabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni. Það er eitt fárra krabbameina sem hægt er að greina á byrjunarstigum með skipulagðri leit. Allar konur á aldrinum frá 40 til 69 ára fá boð frá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins um að mæta í leit að brjóstakrabbameini á tveggja ára fresti. */smh*



Hagstofa Íslands:

# Tekjuafkoma ríkisins jákvæð

**Tekjuafkoma hins opinbera reyndist jákvæð um 2,5 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi 2016, en á sama tíma 2015 var hún neikvæð um 9,0 milljarða króna.**

Á heimasíðu Hagstofu Íslands segir að tekjuafgangurinn hafi numið 0,4% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 1,0% af tekjum hins opinbera. Fyrstu níu mánuði ársins var afgangurinn 378,4 milljarðar eða 33,8% af tekjum tímabilsins. Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,3 milljarða króna eru meðtaldar á 1. ársfjórðungi 2016.

mast Matvælastofnun
...frá heilbrigði til hollustu

Auknar kröfur til bænda:

# Þátttaka í afurðaskýrsluhaldi forsenda stuðningsgreiðslna

**Skilyrði fyrir stuðningsgreiðslum á næsta ári til bænda sem stunda sauðfjár- og nautgriparækt er að taka þátt í afurðaskýrsluhaldi. Matvælastofnun vekur athygli framleiðenda á þessu í tilkynningu.**

Þeir bændur, sem ekki eru þátttakendur í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands, en hyggjast hefja þátttöku frá og með 1. janúar 2017, þurfa að sækja sérstaklega um þátttöku til þess að uppfylla skilyrði um stuðningsgreiðslur verðlagsárið 2017.

Matvælastofnun mun fresta stuðningsgreiðslum ef tilkynningu um þátttöku í skýrsluhaldi er ekki skilað á tilsettum tíma. Stofnunin bendir á að hægt sé að tilkynna um þátttöku í afurðaskýrsluhaldi vegna ársins 2017 í þjónustugátt Matvælastofnunar, sem er að finna á vef Matvælastofnunar, www.mast.is. Frestur sem bændur hafa er eigi síðar en til 27. desember næstkomandi.


# Búvís lækkar áburðarverð

## ALLT að 22 til 23% á milli ára 2016-2017

**Pantið tímanlega, verð geta breyst án fyrirvara**

Búvís ÁBURÐUR

**Gæða áburður á góðu verði**




*Veittu gæði kind og kú*
*kauptu rétta áburðinn*
*Búvís aftur bíður nú*
*bestan jólaafsláttinn.*
*B.G.*

| Búvís | Verðskrá 2016-2017 | | | | | Verð á áburði komið heim í hlað | | | | | | | Greitt í febrúar-mars-apríl kr.tonn án vsk. | Greitt í maí, kr/tonn án vsk. | Greitt í október kr/tonn án vsk. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Áburðartegund | | N | P | P2O5 | Vatns uppl. P | K | K2O | Ca | Mg | S | B | Se | | | |
| 1 | Kraftur 15+Ca | Nýtt | 15,8 | | | | | | 20,4 | | | | | 39.900 kr. | 40.700 kr. | 42.700 kr. |
| 2 | Kraftur 27+Ca+Mg+S | | 27 | | | | | | 2,1 | 1,2 | 2,5 | | | Vantar verð | | |
| 3 | Kraftur 34+Se | | 34,4 | | | | | | | | | | 0,0015 | 45.900 kr. | 46.820 kr. | 49.120 kr. |
| 4 | Völlur 23-5+Ca+Mg+S+Se | | 22,8 | 2 | 4,5 | 0,75 | | | 3,7 | 2 | 4,6 | | 0,0015 | 48.950 kr. | 49.930 kr. | 52.380 kr. |
| 5 | Völlur 26-6+Ca+Mg+S+Se | Nýtt | 25,4 | 2,5 | 5,7 | 0,96 | | | 2,2 | 2 | 5,1 | | 0,0015 | 50.860 kr. | 51.880 kr. | 54.430 kr. |
| 6 | Völlur 27-12 +S | | 26,9 | 5,2 | 11,8 | 0,75 | | | | | 2 | | | 52.900 kr. | 53.960 kr. | 56.610 kr. |
| 7 | Völlur 30-5+S+Se | | 30,3 | 2,2 | 5 | 0,73 | | | | | 2,3 | | 0,0015 | 48.550 kr. | 49.530 kr. | 51.950 kr. |
| 8 | * MAP 12-52 (25 kg ) | | 12 | 22,7 | 52 | 0,98 | | | | | 2,8 | | | 1.980 kr. | 2.020 kr. | 2.120 kr. |
| 9 | * Gardenia 8-9-30+S (25 kg) | | 8,14 | 4,08 | 9,36 | 1 | 25,1 | 30,2 | | 2 | 10,1 | 0,09 | | 2.290 kr. | 2.340 kr. | 2.460 kr. |
| 10 | Völlur 17-15-15+Mg+S | | 17,2 | 6,7 | 15,3 | 0,75 | 12,2 | 14,7 | | 0,1 | 1 | | | 56.700 kr. | 57.840 kr. | 60.670 kr. |
| 11 | Völlur 20-9-9+Ca+Mg+S+Se | | 19,8 | 3,8 | 8,6 | 0,74 | 7,2 | 8,6 | 3,7 | 0,3 | 2 | | 0,0015 | 51.880 kr. | 52.920 kr. | 55.520 kr. |
| 12 | Völlur 22-10-10+Mg+S | Nýtt | 21,8 | 4,3 | 9,8 | 0,75 | 8,1 | 9,8 | | 0,3 | 2,2 | | | 52.550 kr. | 53.610 kr. | 56.230 kr. |
| 13 | Völlur 22-8-8+Mg+S+Se | | 21,6 | 3,4 | 7,9 | 0,76 | 6,5 | 7,9 | | 1,9 | 2,3 | | 0,0015 | 50.960 kr. | 51.980 kr. | 54.530 kr. |
| 14 | Völlur 23-4-4+Ca+Mg+S+Se | | 23 | 1,8 | 4,1 | 0,73 | 3,4 | 4,1 | 3,7 | 1,6 | 1,9 | | 0,0015 | 48.950 kr. | 49.930 kr. | 52.380 kr. |
| 15 | Völlur 22-7-12+Mg+S+Se | Nýtt | 22 | 2,9 | 6,6 | 0,76 | 9,8 | 11,8 | | 0,7 | 2 | | 0,0015 | 52.650 kr. | 53.710 kr. | 56.340 kr. |
| 16 | Völlur 26-6-6+Mg+S | Nýtt | 26 | 2,6 | 6 | 0,73 | 4,9 | 5,9 | | 0,3 | 2,2 | | | 50.750 kr. | 51.770 kr. | 54.310 kr. |
| 17 | Kornað kalk (1100 kg) | | | | | | | | 37,2 | 0,1 | | | | 27.900 kr. | 28.460 kr. | 29.860 kr. |

*** Verð á 25 kg. poka.**

**Öll verð eru án virðisaukaskatts.**

**Verðskráin er birt með fyrirvara um prentvillur.**

**Verð geta breyst án fyrirvara.**

*Úr jólanna klukknakliði*
*til krefjandi starfa vendum*
*Bændum og búandliði*
*blessunar óskir við sendum*
*B.G*

Búvís 2006-2016 · 10 ÁRA

Akureyri · Sími 465 1332

**www.buvis.is**

Framúrskarandi fyrirtæki 2013 · 2014 Framúrskarandi fyrirtæki · 2015 Framúrskarandi fyrirtæki

Fréttir



Samninginn undirrituðu fyrir Vör, Ólafur Sveinsson, stjórnarformaður og fyrir Hafrannsóknastofnun, Sigurður Guðjónsson forstjóri. Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, staðfesti samninginn. Með þeim á myndinni er Helga Guðjónsdóttir, forstöðumaður Varar.

## Hafrannsóknastofnun:

# Í samstarf við Vör í Breiðafirði og Selasetrið á Hvammstanga

**Hafrannsóknastofnun hefur nýverið gert tvo samstarfssamninga, annars vegar við Selasetur Íslands á Hvammstanga og hins vegar við Vör, sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð.**



Sigurður Líndal Þórisson, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands og Sigurður Guðjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, undirrita samninginn.

Samningur milli Selaseturs og Hafró, rannsókna- og ráðgjafarmiðstöð hafs og vatna er til þriggja ára og tekur gildi um næstu áramót. Samningurinn tryggir þrjú heilsársstörf líffræðinga Hafrannsóknastofnunar hjá Selasetrinu á Hvammstanga, í stað eins starfs áður.

Í samstarfssamningi milli Hafró og Varar, sjávarrannsóknaseturs við Breiðafjörð er kveðið á um samstarf um sjávarrannsóknir í Breiðafirði. Starfsstöð Hafrannsóknastofnunar í Ólafsvík og Vör mun sameinast og verða til húsa í húsnæði Varar í Ólafsvík. Á starfsstöðinni sem Hafrannsóknastofnun mun reka er gert ráð fyrir að minnsta kosti 5 starfsmönnum. Tilgangur samningsins er að efla rannsóknir í Breiðafirði. Samningurinn tekur gildi um næstu áramót. Núverandi starfsmönnum verður boðið áframhaldandi starf og innan tíðar verða auglýst þau störf sem þarf að manna. */MÞÞ*



Rafbíll aðstoðarskógarvarðarins á Vöglum í hleðslu við skemmuna í starfsstöð Skógræktarinnar. Mynd / Benjamín Örn Davíðsson

## Starfsstöðvar Skógræktarinnar á Norðurlandi:

# Tenglar fyrir rafbíla settar upp

**Tenglar fyrir rafbíla hafa verið settir upp á starfstöðvum Skógræktarinnar á Norðurlandi, annars vegar við Gömlu Gróðrarstöðina á Akureyri og hins vegar á Vöglum í Vaglaskógi í Fnjóskadal.**

Skógrækt er ein öflugasta leiðin sem Íslendingum standa til boða til að standa við skuldbindingar sínar í Parísarsáttmálanum. Koltvísýringsbinding með skógrækt er sérstaklega auðveld á Íslandi þar sem landrými er nægilegt og mikil tækifæri til að græða upp land með skógi og ná þar með mörgum umhverfismarkmiðum í einu, stöðva kolefnislosun frá auðnum, klæða land gróðri, búa til skógarauðlind og binda koltvísýring.

### *Bílafloti verður endurnýjaður*

Í frásögn á vef Skógræktarinnar þar sem greint er frá tenglunum kemur einnig fram að Skógræktin vilji gera fleira en binda koltvísýring. Hún vilji einnig gera sitt til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Í undirbúningi sé að endurnýja bílaflota stofnunarinnar og sérstaklega verður hugað að því að kaupa sparneytna bíla og vistorkubíla eftir því sem við verður komið.

Einn starfsmaður Skógræktarinnar á Norðurlandi, aðstoðarskógarvörðurinn Benjamín Örn Davíðsson, hefur nú þegar eignast rafbíl og notar hann til að komast til vinnu í Vaglaskógi frá heimili sínu í Eyjafjarðarsveit. Hann hefur nú færi á að stinga bíl sínum í samband á vinnustaðnum og hefur þannig ávallt næga raforku á geyminum.



Bergsveinn Þórsson að ganga frá rafmagnskaplinum frá húsinu í staurinn. Mynd / Pétur Halldórsson

### *Lerkistaur úr Vaglaskógi*

Benjamín kom á dögunum færandi hendi í Gömlu Gróðrarstöðina á Akureyri með myndarlegan lerkistaur úr Vaglaskógi. Í hann var búið að bora gat og saga rás fyrir rafmagnskapal. Staurnum var komið fyrir við bílastæði hússins. Rafmagnskapall var dreginn í ídráttarrör sem lagt var í jörð á liðnu sumri um leið og dren- og frárennslislagnir frá húsinu voru endurnýjaðar. */MÞÞ*



Nikola Zdenko Peros, veitingamaður á Bárunni á Þórshöfn, eða Nik eins og hann er yfirleitt kallaður, er fæddur í New York en foreldrar hans eru af evrópskum uppruna. Hann leggur áherslu á hráefni úr heimabyggð. Myndir / VH

## Báran á Þórshöfn:

# Áhersla á staðbundið hráefni

**Báran er notalegt veitingahús og bar á Þórshöfn sem leggur áherslu á staðbundið hráefni til matargerðar. Eigandi Bárunnar er Bandaríkjamaður sem hefur trú á Langanesbyggð sem ferðamannastað og ætlar að opna gistiheimili þar á næsta ári.**

Nikola Zdenko Peros, vert á Bárunni á Þórshöfn, eða Nik eins og hann er yfirleitt kallaður, er fæddur í New York en foreldrar hans eru af evrópskum uppruna.

„Faðir minn er frá Króatíu og fjölskyldan fór þangað á hverju sumri þegar ég var barn. Áhugi minn á Íslandi vaknaði í barnaskóla þegar ég skrifaði ritgerð um landið án þess að vita hvar það var í heiminum. Fimmtán ára kom ég fyrst til Íslands sem skiptinemi og bjó hjá frábærri fjölskyldu í Stykkishólmi.

Eftir að hafa lokið námi í félagsfræði starfaði ég í nokkur ár í Króatíu og í Bandaríkjunum sem kennari. Þaðan flutti ég til Eistlands og opnaði veitingahús á hóteli sem var opið á sumrin og ég kenndi á veturna.“

### *Kom fyrst til landsins sem skiptinemi*

Nik segir að hann hafi haldið sambandi við fjölskylduna í Stykkishólmi og þegar upp kom hugmynd í skólanum í Eistlandi að kanna möguleikann á skiptinámi nemenda var fljótlega farið að tala um möguleikann á að senda þá til Íslands.



Veitingahúsið Báran er til húsa steinsnar frá höfninni á Þórshöfn.



Báran býður upp á mat af matseðli og veigar með.

„Ég kannaði málið og komst í samband við grunnskólann á Þórshöfn sem ég hélt reyndar að væri skólinn í Þorlákshöfn. Við fengum styrk til ferðarinnar og það var ekki fyrr en ég var að panta flugið að ég komst að því að við værum að fara til Þórshafnar en ekki Þorlákshafnar. Skiptiverkefnið stóð í þrjú ár og ég kom á Þórshöfn tvisvar til þrisvar á ári meðan á því stóð. Ég kunni strax vel við fólkið og leist vel á svæðið. Ég starfaði líka sem kokkur á Bárunni í tvö sumur og að lokum keypti ég staðinn árið 2014 og sé ekki eftir því.“

Auk þess að reka Báruna kennir Nik tuttugu tíma á viku við grunnskólann á Þórshöfn. „Ég hafði hugsað mér að hafa opið á Bárunni seinni part dags og á kvöldin í vetur en vegna aukningar á fjölda ferðamanna erum við með opið í hádeginu líka.

### *Staðbundið hráefni*

Nik leggur áherslu á að nota staðbundið hráefni í matargerðina. „Við fáum fisk hjá sjómönnum á staðnum og lambakjöt frá bændunum í sveitinni og einnig geitakjöt. Ég fæ kryddjurtir frá konu í sveitinni sem ræktar þær sjálf í gróðurhúsi og svo auðvita kartöflur og rófur.

Að sjálfsögðu þurfum við að fá eitt og annað annars staðar frá eins og nauta- og svínakjöt sem við kaupum frá Kjarnafæði og er upprunnið á Norðurlandi.“

### *Opnar gistiheimili í vor*

„Ég hef mikla trú á Langanesbyggð sem ferðamannastað og er að gera upp hús sem á að vera gistiheimili og opnar vonandi næsta sumar. Húsið er gamalt og hefur staðið autt í tuttugu ár og hugmyndin er að halda upprunalegu útliti þess eins og hægt er.“ */VH*



# GLUGGALAUSNIR




*Við leysum málið með þér!*

- ÁLGLUGGAR
- TIMBURGLUGGAR
- ÁLKLÆDDIR TIMBURGLUGGAR
- PVC GLUGGAR
- STÁLGLUGGAR







byko.is

SERLAUSNIR@BYKO.IS

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Fréttir

# Elsta jólatré landsins til sýnis í Húsinu á Eyrarbakka

**Á jólasýningu Byggðasafns Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka má meðal annars finna elsta jólatré landsins. Þar er spýtujólatré frá 1873, smíðað fyrir hjónin í Hruna, þau frú Kamillu og sr. Steindór Briem af Jóni Jónssyni, bónda í Þverspyrnu.**



Árið 1955 gaf dóttir þeirra, Elín Steindórsdóttir í Oddgeirshólum, jólatréð til Byggðasafns Árnesinga og má segja að jólatréð sé einn helsti sýningargripur safnsins á þessum árstíma. Á sýningunni má sjá skauta og sleða í eigu safnsins, auk fallegra músastiga. Ávallt er hægt að panta séropnun fyrir hópa en sú nýjung verður þetta árið að almenn opnun verður á jólasýninguna þrjá sunnudaga í desember, næst sunnudaginn 18. desember frá kl. 13.00 til 17.00. Enginn aðgangseyrir. */MHH*

# Jólatrjáasala Skógræktarfélags Rangæinga 17. desember


**Jólatrjáasala Skógræktarfélags Rangæinga verður laugardaginn 17. desember frá kl. 13-16 í Bolholtsskógi á Rangárvöllum.**

Þá býðst fólki að koma í skóginn og höggva sitt eigið tré. Eingöngu verður í boði að höggva stafafuru á staðnum en einnig verður til sölu takmarkað magn af grenitrjám, en þau þarf að panta með fyrirvara. Að venju verður boðið upp á hressingu í skóginum. */MHH*

# Með Jesú á bakinu

**Sigurbjörn Jónasson (Bjössi) á Selfossi er áhugamaður um húðflúr.**

Hann hefur farið óhefðbundnar leiðir í þeim efnum því hann lét flúra mynd af Jesú á bakið sitt. Myndin vekur alltaf mikla athygli þegar Bjössi fer í sund eða skellir sér á sólarströnd. Konan hans segist byrja á því að kyssa Jesú á morgnana og síðan fær Bjössi sinn koss. */MHH*



**Húðflúrið á Bjössa, sem vinnur hjá Árvirkjanum á Selfossi sem sölumaður, en hann er af Suðurnesjunum, frá Sveitarfélaginu Vogum. Jesú er hans maður.**
Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson



**Kvenfélagskonur: Kvenfélagskonurnar úr Flóahreppi með rúmið og lyftuna, talið frá vinstri, Guðrún Gunnarsdóttir, Helga Baldursdóttir, Sólveig Þórðardóttir, Ingibjörg Einarsdóttir og Brynhildur Jónsdóttir, forstöðukona skammtímavistunarinnar.**
Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

## Kvenfélögin í Flóahreppi:

# Gáfu 1,1 milljón króna til skammtímavistunarinnar Álfarima 2 á Selfossi

**Kvenfélagskonur úr þremur kvenfélögum í Flóahreppi mættu nýlega færandi hendi með gjafabréf sem hljóðaði upp á 1.139.298 krónur og gáfu skammtímavistuninni við Álftarima 2 á Selfossi.**

Í þessa vistun koma fatlaðir einstaklingar til skamms tíma í senn. Hlutverk vistunarinnar er að létta á álagi af fjölskyldum og vera afþreying fatlaðra barna, ungmenna og fullorðinna sem búa í heimahúsum á Suðurlandi.

Peningurinn hefur verið notaður til að kaupa rafknúið rúm með harmonikkuhurð og til kaupa á segllyftu.

Peningarnir söfnuðust á basar sem kvenfélögin stóðu fyrir í félagsheimilinu Þingborg fyrr í vetur. */MHH*



**Jón Óskar Ísleifsson, starfsmaður hjá PBI, fór fimum höndum um rafmagnslokin.** Myndir / MÞÞ

# Mikil og vaxandi eftirspurn eftir búfjármerkjum

**„Það hefur verið stöðug aukning hjá okkur hin síðari ár," segir Rósa Björk Jósepsdóttirm verkstjóri hjá Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi (PBI) á Akureyri. Fyrirtækið er hið eina hér á landi sem prentar merkingar á búfjármerki, en merkin sjálf, sem eru úr gæðaplasti, koma frá gamalgrónu fjölskyldufyrirtæki í Noregi, OS-ID, sem fremst þykir í flokki þeirra sem þessari framleiðslu sinna.**

Norska fyrirtækið á sér sögu allt aftur til ársins 1936 og gott samstarf verið við það alla tíð að sögn Rósu Bjarkar.

Prentað er á merkin hjá PBI á Akureyri, en auk þess að framleiða lambamerki eru einnig útbúin þar merki fyrir annað búfé, nautgripi og svín og ásetningsmerki í sauðfé. Æ fleiri hafa svo séð kosti þessara merkja, grásleppukarlar merkja gjarnan net sín með þeim, félagar í Landsbjörg festa slík merki í galla sína sem og slökkviliðsmenn. Hægt er að prenta nöfn og símanúmer á merkin, þau eru úr efni sem kallast polyurethane sem hefur þann eiginleika að brotna ekki og endast þau því sérlega vel. Þá veðrast þau einnig vel og halda lit sínum árum saman.



**Rósa Björk Jósepsdóttir, verkstjóri hjá Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi á Akureyri. Hún segir að eftirspurn sé mikil og fari vaxandi.**

### *Álagstími um sauðburðinn*


PBI er ráðandi á markaði innanlands þegar að þessum merkjum kemur, hefur um 65% markaðshlutdeild í lambamerkjum og og nálega allan markað hvað önnur búfjármerki varðar.

Um það bil fjögur heil störf eru við framleiðsluna og er hún í gangi allan ársins hring. „Eftirspurnin er mikil og fer vaxandi, en við erum orðin nokkuð sjóuð í þessu og höldum dampi sama hvað á gengur," segir Rósa Björk og nefnir að helsti álagstíminn sé meðan á sauðburði stendur og í sláturtíð.

„Við vitum hvenær gusan kemur og erum vel undirbúin," segir hún. Gott samstarf er milli starfsmanna á PBI og bænda sem kaupa merkin og segir Rósa Björk að oft sé um margt að spjalla, þau heyri sögur af daglega lífinu í sveitinni og hafi gaman af. */MÞÞ*



**Baldvin Óli við störf sín.**



**Prentað er á merkin hjá PBI á Akureyri, en auk þess að framleiða lambamerki eru einnig útbúin þar merki fyrir annað búfé, nautgripi og svín og ásetningsmerki í sauðfé. Hér er María Valgerður Jónsdóttir að störfum.**



**Það er gaman í vinnunni hjá PBI.**

HIDROMEK®




# Við kynnum til leiks SUPRA traktorsgröfurnar frá Hidromek

HIDROMEK framleiðir traktorsgröfur í 5 útgáfum. Ein af þessum vélum er SUPRA, en hún hentar afar vel íslenskum aðstæðum. Þetta eru ríkulega útbúnar vélar, t.d. fjaðrandi framgálgi, vökvahliðarfærsla á backchoe, servo stjórnbúnaður, LED vinnuljós, Perkins mótor, Turner skipting og ZF hásingar ásamt mörgu fleiru.

*Hidromek Supra 102S eru búnar m.a.:*

- Mjög næmu og öflugu vökvakerfi
- Hraðtengjum að framan og aftan
- 40km keyrsluhraða
- Fjórhjóla- og krabba stýringu
- 100% driflæsingu
- Stóru og vönduðu ökumannshúsi
- Vönduð og vel búin vél í alla staði

Við bjóðum ykkur velkomin til okkar að Krókhálsi 16 og að kynna ykkur vélina nánar. Alltaf heitt á könnunni.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

# JÖKLAR

*Upplifun á Íslandi*

## ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU

***Forsniðin einingahús***
***Fljótleg í uppsetningu***





**Parhús (48 fm):** Verð kr. 3.980.000,- m/vsk



**Sumarhús (54 fm):** Verð kr. 4.695.000,- m/vsk



**Raðhús:** Hægt að raða mörgum saman
Verð á eitt hús (24,3 fm) kr. 1.990.000,- m/vsk

**Fyrsta sending 2017 - Vilt þú vera með?**

- Við opnum fyrstu pöntunarbók fyrir Jöklahúsin vegna ársins 2017.
- Húsin eru áætluð til afhendingar í **mars nk.** (takmarkað upplag)

***- Tryggðu þér hús í tæka tíð...***

***Styrkur - Hagkvæmni - Hönnun***

LANDSHÚS

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

Fréttir

Purity Herbs á Akureyri hyggur á ræktun jurta í Búlandi í Hörgársveit:

# Ræktun á Morgunfrú í bígerð í stað þess að flytja hana inn frá Evrópu

**Purity Herbs er að færa út kvíarnar í sinni starfsemi. Eigendur þess, hjónin Ásta Sýrusdóttir og Jón Bernharð Þorsteinsson, festu í fyrra kaup á jörðinni Búlandi í Hörgársveit, sem er um 100 hektarar að stærð og hyggjast nýta hana í þágu fyrirtækisins, bæði með því að rækta þar jurtir sem til framleiðslunnar þarf og einnig til ferðaþjónustu.**

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á íbúðarhúsi sem þar var fyrir og var í niðurníðslu þegar þau keyptu.

Purity Herbs hefur verið starfandi á Akureyri í ríflega tvo áratugi, var stofnað árið 1994 af Ástu og André Raes, en hún rekur fyrirtækið nú með manni sínum, Jóni Bernharði. Hjá fyrirtækinu eru framleiddar 44 tegundir af mismunandi snyrtivörum, m.a. kremum af ýmsu tagi sem eiga það sameiginlegt að í þau eru notuð íslenskar villtar jurtir. Kremin hafa reynst þeim vel sem glíma við húðvandamál, en þau mýkja einnig og næra húðina. Purity Herbs hefur á umliðnum áratugum skapað sér nafn og er þekkt hér á landi fyrir framleiðslu sína á hreinum og kraftmiklum snyrtivörum, en undanfarin ár hefur vaxandi gróska verið í útflutningi á vörum fyrirtækisins. Félagið er með sína aðstöðu í rúmgóðu húsnæði við Freyjunes, en bætir nú jörðinni Búland við.



„Við tínum nú þegar mikið af jurtum á Búlandsjörðinni og þær eru notaðar í okkar framleiðslu. Við teljum að það verði áhugavert fyrir okkar útlendu viðskiptavini að fá tækifæri til að sjá með eigin augum hvernig jurtatínslan fer fram og í hvaða umhverfi," segir Ásta sem hér er við jurtatínslu við Búland.

### *Fá að fylgjast með jurtatínslu*

Ásta segir að til standi að gera jörðina Búland að því sem þau kalla: „The Home of Purity Herbs". Þar verður í framtíðinni tekið á móti dreifingaraðilum félagsins sem og öðrum gestum.

„Við keyptum þessa jörð á síðastliðnu ári og höfum unnið að endurbótum á íbúðarhúsinu sem þar var. Þeim er nú að mestu lokið og í framhaldinu er ætlunin að útvíkka starfsemi fyrirtækisins, en hugmyndin er að nýta jörðina bæði til ræktunar jurta og einnig til ferðaþjónustu.

Við hlökkum til að taka á móti þeim sem dreifa okkar vörum víða um heim og leyfa þeim að upplifa ósvikna íslenska náttúru þar sem jurtirnar vaxa í villtu umhverfi. Við tínum nú þegar mikið af jurtum á Búlandsjörðinni og þær eru notaðar í okkar framleiðslu. Við teljum að það verði áhugavert fyrir okkar útlendu viðskiptavini að fá tækifæri til að sjá með eigin augum hvernig jurtatínslan fer fram og í hvaða umhverfi," segir Ásta.



### *Eigin ræktun í stað innflutnings*

Jörðin Búland hentar fyrirtækinu og fjölskyldunni sem að því stendur einkar vel, en mikill áhugi er innan hennar fyrir hestamennsku. Jón er bóndasonur og búfræðingur og veit ekkert skemmtilegra en að sýsla í sveitinni og það kemur sér auðvitað sérlega vel í þessum rekstri.

„Okkar markmið er að nýta þessa fínu jörð betur og því ætlum við strax næsta sumar að prófa okkur áfram með að rækta þar jurtir sem við notum í okkar framleiðslu," segir Ásta.

Ætlunin er að hefja ræktun á Morgunfrú (Calendula officinalis), jurt sem raunar vex ekki villt í náttúrunni en er notuð í miklum mæli í vörum fyrirtækisins. Hún segir að fram til þessa hafi fyrirtækið flutt inn lífrænt ræktaða morgunfrú frá Evrópu.

### *Morgunfrú eitt af undrum náttúrunnar*

Olían sem unnin er úr Morgunfrú er afar áhrifarík og hentar vel fyrir þurra húð, en hún er einnig þekkt fyrir að hafa ýmis önnur góð áhrif, hrindir bakteríum frá, hamlar sveppum og hefur einnig sérlega græðandi eiginleika.

„Rannsóknir hafa sýnt fram á að krem sem innihalda Morgunfrúarolíu stuðli að auknum raka í húðinni, en það er mikilvægur þáttur í baráttu gegn ótímabærri öldrun húðarinnar. Morgunfrúin er því klárlega eitt af undrum náttúrunnar og þess vert að nýta sér hana," segir Ásta.



Unnið hefur verið að endurbótum á íbúðarhúsinu í Búlandi og er þeim nú að mestu lokið.

Undirbúningur vegna ræktunar á Morgunfrú á Búlandsjörðinni er þegar hafinn en ræktun hefst næsta vor.

„Í framhaldinu munum við hefja ræktun á enn fleiri jurtum, það kemur sér vel ef við sækjum um lífræna vottun á fyrirtækinu. Það má kannski segja að við séum að hluta til að róa á önnur mið en við höfum áður verið á með þessari viðbót við okkar starfsemi," segir Ásta.

### *Kraftaverk gerir kraftaverk*

Kraftaverk (Viking Balm) er eitt þeirra krema sem framleidd eru hjá Purity Herbs og það sem selst hvað best.

„Þetta smyrsl var í upphafi þróað hér í fyrirtækinu fyrir íslenska hesta á erlendri grund. Þeir þurfa á stundum að glíma við ýmsa erfiða húðsjúkdóma eins og sólarexem, mikinn kláða og skallabletti auk þess sem sár á hestum er oft býsna þrálát og erfið viðureignar. Smyrslið reyndist það vel að undrun sætti og var það í framhaldinu einnig þróað og reynt á okkar mannlegu mein af svipuðum toga.

Árangurinn lét ekki á sér standa, smyrslið hefur þegar sannað sig, hefur gert þeim sem þjást af exemi gott, eins er reynslan góð þegar kemur að húðkláða, brunablöðrum, fótasveppum, frunsum, bólum, munnangri og erfiðum sárum, þannig að notagildið er margvíslegt," segir Ásta. */MÞÞ*




Alls starfa nú 6 manns hjá Purity Herbs, frá vinstri Jón Bernharð Þorsteinsson, Ásta Sýrusdóttir, Eydís Elva Þórarinsdóttir, Anna Ársælsdóttir, Ruben Raes og Ómar Dúason.

Mynd / Auðunn Níelsson

# Óskum bændum góðra og öruggra jóla

– Við erum alltaf á vaktinni



Stuðningur þinn er alltaf nauðsynlegur.
Flugeldamarkaðir björgunarsveitanna opna þann 28. desember um allt land.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG | Gleðileg jól!

# STEKKUR
# Jólageitin eldfima

**Hafrar Þórs Þrumuguðs, þeir Tanngrisnir og Tanngnjóstr, eru merkilegar skepnur. Þeir draga vagn hans þegar hann ferðast og nýtast einnig til matar. Þór getur slátrað þeim daglega og étið, svo safnar hann beinum þeirra saman, sveiflar hamri sínum yfir þá og þeir rísa til lífs á ný.**

Ólíkt kollega sínum í kristnidómi, honum Jesú, lifnuðu þeir strax við en ekki eftir þrjá daga. Þessir hafrar eru líklegast fyrirmynd skandínavískrar jólahefðar sem við þekkjum í dag sem jólageitina. Talið er að hefðin eigi sér rætur að rekja allt aftur fyrir Kristsburð.

Strágeitin er upprunnin í gamla sænska menningu. Undir lok uppskerutíðar að hausti tók sá sem batt síðustu hálmstráin saman knippið með sér heim og fékk í staðinn heiðurssæti við hátíðarborðið um jólahátíðirnar. Síðasta knippið var talið laða að sér anda uppskeru og krafta hans og því var hálmurinn bundinn saman að gömlum sið í annaðhvort líki manns eða geitar. Ganga átti um geitlíkið með virðingu svo uppskera næsta árs myndi fara að óskum.

Maður að nafni Stig Gavlén datt það í hug að útbúa risageit úr hálmi og setja upp á torgi í bænum Gävle í Svíþjóð. Úr varð að þáverandi slökkviliðsstjóri bæjarins og bróðir Stig, Jörgen Gavlén, var falið að hanna geitina. Slökkvilið bæjarins sá einnig um smíði hennar og á fyrsta í aðventu árið 1966 reis geit sem var þrettán metra há, sjö metra löng og um þrjú tonn að þyngd á torgi bæjarins. Geitin var fjármögnuð af manni að nafni Harry Ström sem betur fer hafði tryggt fjárfestingu sína því sagan endaði ekki fallega þetta árið. Á gamlárskvöld fór gleðskapur í bænum úr böndunum og endaði með því að geitin var brennd, gerandinn fannst og var ákærður fyrir skemmdarverk. Það vill geitinni til happs að í Gävle er slökkviliðið staðsett á torginu þar sem geitin er sett upp og slökkviliðið því fljótt á staðinn til að bjarga grindinni sem hún var byggð á.

Risageitin hefur heldur betur verið vinsæl hjá brennuvörgum síðan hún kom fyrst fram. En hún hefur verið brennd á torginu í Gävle alls þrjátíu sinnum á þeim fimmtíu árum sem hún hefur verið sett upp.

Skemmdarvargar hafa alloft sinnum sýnt af sér einstakan frumleika til skemmdarverka. Má þar nefna að eitt árið var hún felld með því að keyra á hana og hefur hún líka verið skemmd með því að brjóta hana í spað með öðrum aðferðum. Rétt er að halda því til haga að árið 1988 var fyrsta árið sem hægt var að veðja um afdrif geitarinnar hjá enskum veðbanka, hún fékk að standa óhreyfð það árið.

Ikea á Íslandi hefur undanfarin átta ár sett upp geit fyrir utan verslun sína. Eins og systurgeit hennar í Gävle hefur hún ekki alltaf fengið að standa, í tvígang hefur verið kveikt í henni, einu sinni hefur hún framið sjálfsíkveikju með jólaseríu og hún hefur orðið óveðri að bráð.

Björgunarsveitirnar gætu kannski litið á þetta sem viðskiptatækifæri og selt litlar hálmgeitur bundnar utan um sprengielda, sérhannað fyrir brennuvarga þessa lands.

*/Jóhannes F. Halldórsson*

*SKIPULAGSMÁL*

# Skipulag er ekki bara teikning

**Sigríður Kristjánsdóttir**
lektor – auðlinda- og umhverfisdeild LbhÍ
sigridur@lbhi.is



**Skipulag er stjórntæki fyrir sveitarfélögin til að stýra þróun og uppbyggingu sveitarfélagsins í gegnum breytingar. Sveitarstjórnarmenn líkt og almenningur í landinu virðast ekki alltaf átta sig á tilgangi og markmiðum skipulags.**

Það ber við að sveitarstjórnir sjái ekki tilgang í að vinna skipulag nema þegar á að byggja. Það eru jafnvel til dæmi um að unnið hafi verið skipulag fyrir eitt hús.

Skipulag er ekki bara teikning eða uppdráttur heldur myndar það umgjörð um líf fólks og á þannig þátt í mótun samfélags. Því má líkja við fótboltavöll. Fótboltavöllurinn er grænt tún, sem búið er að marka með línum. Línurnar hafa ákveðið gildi sem tengt er reglum fótboltaleiksins. Þær mynda í rauninni ramma utan um leikinn. Ef þær væru ekki til staðar væri bara um grænt tún að ræða. Eins er með skipulagsáætlanir. Í þeim eru dregnar línur sem ákvarða hvað má gera og hvar. Hvernig eigi að nota landið, t.d. hvar á að leggja vegi og stíga og byggja og móta útivistarsvæði í framtíðinni. Þessar línur eru ramminn utan um hið daglega líf íbúanna. Mikilvægt er að hafa í huga að í skipulaginu eru lögð fyrstu drög að rýmismyndun staðarins. Samspil byggingarmassa og rýmis mynda leiksvið íbúanna, þar sem hið daglega líf er leikið og ef vel tekst til verður til viðkunnanlegur andi staðarins (l. genius loci).

Þegar litið er um öxl má sjá að umhverfið er stöðugt að breytast. Allt er breytingum háð og á það við um samfélagsgerð, efnahagsmál, umhverfi o.fl. Frá degi til dags eru breytingarnar hægar og vart merkjanlegar, en þegar horft er lengra aftur í tímann, má sjá að í rauninni eru breytingarnar býsna örar í sögulegu samhengi.



*Skammgóður vermir*

Þessar breytingar urðu ekki bara til af slysni, heldur liggur að baki þeirra röð af ákvörðunum. Því eru engin skipulagsslys til, heldur einungis misgóðar ákvarðanir í skipulagsmálum. Góðar og vel ígrundaðar skipulagsáætlanir með skýr markmið um þróun og uppbyggingu geta því komið í veg fyrir svokölluð skipulagsslys, sem oft eru blásin upp í fjölmiðlum. Mun sjaldnar er fjallað um skipulag sem er vel heppnað.

### *Aðskilnaður skipulags og bygginga löggjafar*

Skipulagsstofnun hefur yfirumsjón og eftirlit með skipulagmálum á Íslandi. Stofnunin gefur út ýmiss konar leiðbeiningarit til þess að aðstoða sveitarfélög við skipulagsgerð (Skipulagstofnun 2016). Skipulagsgerð hefur þróast í gegnum tíðina á Íslandi. Lengi vel þótti ekki þörf á að vinna skipulag nema að mannvirkjagerð stæði til og að ráðast átti í framkvæmdir og uppbyggingu. Um árabil var mannvirkjagerð og skipulagsgerð undir sama hattinum. En þetta breyttist 2010 þegar að þessir málflokkar voru aðskildir.

Í skipulagsgerð eru miklir fjármunir í húfi. Þannig liggur oft aleiga einstaklings í húsnæðinu, sveitarfélögin veita miklum fjármunum í uppbyggingu innviða (lína og lagna), og skynsamleg nýting auðlinda er mikið hagsmunamál fyrir þjóðina alla.

Ákvarðanataka í skipulagsmálum þarf því að vera vel ígrunduð og byggð á nýjustu þekkingu. Mikil þörf er á fleiri menntuðum skipulagsfræðingum og skortur er á rannsóknum á þessu sviði hér á landi.

Til að draga úr kostnaði slá sveitarfélög gjarnan saman tveimur stöðum – byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa. En því miður eru fjölmjörg dæmi þess að þessi sparnaður sé mjög dýr fyrir sveitarfélögin – þegar dómar falla gegn sveitarfélögum geta þau lent í kostnaði upp á tugi milljóna króna. Með fullri virðingu fyrir öllum þeim ágætu byggingarfulltrúum sem starfa í landinu þá þarf að breyta þessu fyrirkomulagi.Það er því brýnt að hætt verði að gefa áslátt á kröfunum í starf skipulagsfulltrúa. Lausnin gæti verið að sveitarfélög væru áfram hvert með sinn byggingarfulltrúa en síðan gætu sveitarfélög á stærra svæði tekið sig saman og ráði sér sameiginlega skipulagsfulltrúa sem sér þá um skipulagsmálin fyrir svæðið.

Landgræðsluverðlaunin 2016 afhent:

# Landgræðslufélag Hrunamanna og hjónin Ingimundur og Valgerður verðlaunuð

**Landgræðsluverðlaunin 2016 voru afhent í Sagnagarði í Gunnarsholti í byrjun mánaðarins. Landgræðsluverðlaunin eru veitt árlega einstaklingum og félagasamtökum sem hafa unnið að landgræðslu og landbótum. Verðlaunahafar að þessu sinni eru annars vegar hjónin Ingimundur Sigfússon og Valgerður Valsdóttir og hins vegar Landgræðslufélag Hrunamanna.**

Í tilkynningu á vef Landgræðslunnar (land.is) kemur fram að með veitingu landgræðsluverðlaunanna vilji Landgræðslan vekja athygli á mikilvægu starfi margra áhugamanna að landgræðslumálum.

Verðlaunagripirnir, Fjöregg Landgræðslunnar, eru unnir af Eiklistiðju, Miðhúsum á Fljótsdalshéraði. Sigríður Auður Arnardóttir, ráðuneytisstjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, afhenti verðlaunin fyrir hönd umhverfis- og auðlindaráðherra. Í ræðu sinni sagði Sigríður Auður meðal annars: „Landgræðsluverðlaunin eru bæði viðurkenning fyrir frábært starf í þágu landgræðslu og einnig hvatning til að halda áfram á sömu braut. Verðlaunin hafa líka hvetjandi áhrif á okkur öll og þau vekja athygli á viðfangsefninu landgræðslu og mikilvægi hennar í landinu.“

Þetta var í 26. sinn sem Landgræðsla ríkisins veitir verðlaunin.

### *Hafa grætt upp stór svæði á Þingeyrum*

Í umsögn um Ingimund og Valgerði segir eftirfarandi á vef Landgræðslunnar:

„Hjónin Ingimundur Sigfússon og Valgerður Valsdóttir og fjölskylda þeirra, hafa um langt árabil stundað stórfellda uppgræðslu á jörðum sínum, Sigríðarstöðum í Vestur-Húnavatnssýslu og Þingeyrum í Austur-Húnavatnssýslu. Þessar jarðir liggja að sjó og á þeim eru stærstu sjávarsandar í Húnavatnssýslum. Sigríðarstaðir fóru í eyði vegna ágangs sands árið 1942 og árið 1958 var girt þar landgræðslugirðing og mestur hluti jarðarinnar gerður að landgræðslusvæði. Á yngri árum vann Ingimundur við að rækta stórt tún á örfoka og sandi orpnu landi á Sigríðarstöðum og þar hafa þau hjón staðið fyrir melgresis-, lúpínu og túnvingulssáningum og stundað trjárækt.



**Verðlaunahafar ásamt ráðuneytisstjóra (t.v.) og landgræðslustjóra.**
Mynd / Landgræðsla ríkisins

Á Þingeyrum hafa þau á sama hátt grætt upp stór landsvæði og unnið að skógrækt og munu uppgræðslusvæði á þessum tveimur jörðum vera vel á annað þúsund hektarar, misjafnlega langt á veg komin.

Nú í haust áttu þau frumkvæði að endurheimt votlendis á um 30 hekturum í landi Þingeyra. Þeim er mjög umhugað um fjölbreytt fuglalíf og er endurheimt votlendis m.a. liður í að bæta búsvæði fugla. Á Þingeyrum hafa þau einnig lagt áherslu á að jörðin væri nytjuð til búskapar með sjálfbærum hætti og staðið fyrir merkum rannsóknum á sögu og menningu þessa forna höfuðbóls.“

### *Landgræðslufélag Hrunamanna*

Um Landgræðslufélag Hrunamanna segir Landgræðslan meðal annars:

„Starfssvæði Landgræðslufélags Hrunamanna er Hrunamannaafréttur. Félagið var stofnað í upphafi árs 2008. Segja má að félagið hafi sprottið af áhuga manna á landbótum á afréttinum sem hafði staðið yfir um árabil. Þar komu við sögu sveitarfélagið, Kiwanisklúbburinn og sauðfjárbændur. Saga landgræðslu Hrunamanna er því mun eldri en landgræðslufélagið sjálft, en Landgræðslufélag Hrunamanna sameinaði þessa krafta.

Árið 1970 girti Landgræðslan af svæði fremst á afréttinum, rétt ofan Gullfoss og hefur síðan verið unnið þar að landgræðslu. Mikið rof var á þessu svæði, landið víða örfoka og stakar gróðurtorfur voru að blása upp.

Fyrstu áratugina var sáð og borið á innan girðingar með flugvél Landgræðslunnar í samstarfi við sveitarfélagið en upp úr 1990 var farið að vinna með dráttarvélum og handsá.

Svæðið hefur tekið miklum stakkaskiptum þó enn sé nokkuð í að land sé fullgróið. Ýmsar aðferðir hafa verið reyndar innan landgræðslugirðingarinnar auk sáningar grasfræja og áburðargjafar, s.s. sáning birkifræja, gróðurseting smárahnausa, víðisprota, lúpínu og heyþakning. Síðast en ekki síst var þar gerð tilraun með nýtingu seyru til landgræðslu með góðum árangri.

Árið 1992 hófu sauðfjárbændur uppgræðslu í Stóraveri en þar voru opin rofabörð og moldir sem tekist hefur að loka að mestu og er þar nú gróið land. Árið 2004 var farið að græða upp land við Svínárnes sem er innar á afréttinum.“ */smh*

# Ómissandi í jólamatinn




**Villijurtir**
Frábært á lambalærið um jólin.
Kryddleggið í 4 -5 daga.

**Eðal-kjúkllingakrydd**
Ein vinsælasta krydd-blanda Pottagaldra frá upphafi, hentar einnig á steiktan fisk.

**Kalkúnakrydd**
Þúsundir íslendinga nota Kalkúnakrydd í fyllinguna í kalkúninn um jólin, hentar einnig í kjúklingafyllingu.

**Eðalsteik- og grillkrydd**
Frábær á lambalundir, nautasteikina og margt fleira.
Húsið ilmar á meðan kjötið er marinerað.

**Arabískar nætur**
7 krydda blandan frá Líbanon. Notið á græn-meti, kjúkling, lambakjöt og svínakjöt.
Frábært á hnettusteikina

**Töfrakrydd**
Dásamleg kryddblanda í pottréttinn og á afganginn af lambalærinu.

Kryddin frá okkur eru ómissandi í eldhúsið hjá ykkur

# Fáðu LÍF í tún og akra

Líflandþakkar góðar viðtökur á nýrri vörulínu tilbúins áburðar frá Grassland Agro á Írlandi.
Breiðari vörulína er væntanleg fyrir komandi vor.
Söluráðgjafar Líflands veita nánari upplýsingar.




Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

www.lifland.is
lifland@lifland.is

Reykjavík
Lynghálsi

Akureyri
Óseyri

Borgarnes
Borgarbraut

Blönduós
Efstubraut

Hvolsvöllur
Stórólfsvelli

LÍFLAND

HROSS & HESTAMENNSKA

## Íslensk hrossarækt í 100 ár:

# Stefnumótun hrossaræktarinnar

**Laugardaginn 3. desember sl. var haldin ráðstefna í hrossarækt sem bar yfirskriftina Íslensk hrossarækt í 100 ár og fór hún fram í reiðhöll hestamannafélagsins Spretts í Kópavogi.**


Markmið ráðstefnunnar var í raun tvíþætt; annars vegar að fara yfir sögu og þróun hrossaræktarinnar og stöðuna í dag og hins vegar að líta fram á veginn; ræða þróun ræktunarmarkmiðsins og dómstarfa á kynbótasýningum. Ráðstefnan samanstóð af fyrirlestrum sem tengdust markmiðum dagsins og hópavinnu þar sem fundarfólk var virkjað til þátttöku. Það voru Félag hrossabænda, Háskólinn á Hólum, Matvælastofnun, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Sögusetur íslenska hestsins sem stóðu að ráðstefnunni.

Í ár eru tímamót í íslenskri hrossarækt í ýmsum skilningi. Það eru 110 ár frá því að fyrsta kynbótasýningin var haldin, 100 ár frá fæðingu Sörla 71 frá Svaðastöðum sem er einn helsti ættfaðir íslenska hestsins í dag, 30 ár frá upptöku BLUP-kerfisins, 25 ára afmæli nútíma skýrsluhalds og í ár er 100 ára afmælisár Gunnars Bjarnasonar, fyrrv. hrossaræktarráðunautar, brautryðjanda sýningarhalds og markaðssetningar á íslenska hestinum. Það var því vel við hæfi að halda upp á þessi tímamót. Dagurinn byrjaði með fyrirlestrum sem þóttust takast afar vel.

Kristinn Hugason, forstöðumaður Sögusetur íslenska hestsins, var fyrstur á mælendaskrá og fór yfir sögu íslenskrar hrossaræktar og notkunar hestsins í 100 ár í yfirgripsmiklum fyrirlestri. Þá steig Sveinn Ragnarsson, deildarstjóri hestafræðideildar Hólaskóla, á svið en yfirskriftin á hans fyrirlestri var Þekking í þágu hestsins. Hann fór yfir verðmæti rannsókna fyrir allt kynbótastarf og í raun hestamennskuna í heild sinni. Kynnti hann nýjustu rannsóknir í hrossarækt og vakti fundarfólk til umhugsunar um þá vegferð sem við viljum halda hvað velferð og ímynd íslenska hestsins varðar. Það er afar mikilvægt að við höfum velferð íslenska hestsins að leiðarljósi í öllu starfi í kringum hann og að fegurðarmat okkar sé byggt á því sem er hestvænt og uppbyggilegt fyrir líkamlega og andlega heilsu hans og endingu.




Fyrirlesarar á ráðstefnunni (frá vinstri): Þorvaldur Kristjánsson, Þorvaldur Árnason, Kristinn Hugason, Sigríður Björnsdóttir, Anton Páll Níelsson, Sveinn Ragnarsson, Olil Amble og Ágúst Sigurðsson, sem var ráðstefnustjóri.



Sörli 71 frá Svaðastöðum var fæddur 1916 og því 100 ár frá fæðingu hans. Sörli er einn helsti ættfaðir íslenska hestakynsins og nánast öll hross rekja ættir sínar til hans í dag.



Sveinn Ragnarsson, deildarstjóri við hestafræðideild Hólaskóla, hélt fyrirlestur sem hét Þekking í þágu hestsins.

### *Miklar framfarir*

Þá hélt Þorvaldur Árnason kynbótafræðingur fyrirlestur og fór yfir þróun stofnsins hvað erfðaframfarir og næstu skref í þekkingaröflun varðar. Ljóst er að miklar erfðaframfarir hafa átt sér stað á síðastliðnum árum. Mestar erfðaframfarir hafa verið í þeim eiginleikum sem hafa hæst vægi í kynbótadómi eins og við er að búast, s.s. hálsi, herðum og bógum og tölti en einnig í aðaleinkunn. Spennandi tímar eru í vændum hvað varðar nýtingu á erfðamengisúrvali í hrossarækt en það getur hraðað mjög erfðaframförum. Sú hröðun mun byggjast á meira öryggi í úrvali á undaneldisgripum, auknum úrvalsstyrkleika og styttra ættliðabili. Hvað það síðastnefnda varðar þá verður hægt með þessari aðferð að meta kynbótagildi gripa strax við fæðingu. Síðasta fyrirlestur fyrir hádegishlé flutti Anton Páll Níelsson, reiðkennari og hrossaræktandi, en hann velti fyrir sér þróun í notkun hestsins og keppnisgreinum. Einnig ræddi hann um þá eiginleika hestsins sem verðmætastir eru og hvernig mat á hrossum í kynbótadómi getur þróast til framtíðar.




Þorvaldur Árnason kynbótafræðingur hélt fyrirlestur sem hét Þróun kynbóta og næstu skref í þekkingaröflun.

Eftir hádegi voru fluttir þrír fyrirlestrar. Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma hjá Matvælastofnun, fjallaði um velferð hestsins, heilsu, endingu og frjósemi. Mikilvægt er að ná vel utan um þessa verðmætu eiginleika sem eru innifaldir í hinu almenna ræktunarmarkmiði og þá helst í gegnum aukna upplýsingaöflun eins og í tilviki frjóseminnar. Lykilatriði er fyrir framtíð hrossakynsins að ræktunin varðveiti og stuðli að heilsu þess. Þá kom Sigríður inn á áhugvert atriði en það er líkamsbeiting hestsins í reið og nauðsyn þess að rannsaka hana í íslenska hestinum, t.d. á tölti. Það er eitt mikilvægasta atriðið í þróun dóma á hrossum að horfa meira til og verðlauna rétta líkamsbeitingu og hestvæna framsetningu. Rétt líkamsbeiting hestsins undir manni hefur mikil áhrif á velferð hans og endingu. Þá fjallaði Olil Amble, hrossaræktandi og reiðkennari, um hrossaræktina og markaðinn í afar fróðlegum fyrirlestri. Hún ræddi tengsl keppniseiginleika við matið eins og það er framkvæmt og stöðu klárhestsins í kynbótakerfinu í dag. Hún vill auka veg bestu klárhrossanna; þetta séu afar verðmætar hestgerðir í sölu og ræktun. Einnig ræddi hún ýmis verkefni sem hægt væri að setja inn í kynbótadóminn til að gefa ræktendum auknar upplýsingar og stuðla að uppbyggilegum og hestvænum sýningum.

### *Þróun ræktunarmarkmiðsins*

Að lokum fjallaði Þorvaldur Kristjánsson um þróun ræktunarmarkmiðsins. Fyrir dyrum stendur vinna hjá fagráði í hrossarækt að fara yfir ræktunarmarkmiðið í hrossarækt, uppfæra dómskalann sem unnið er með í kynbótadómum og aðferðir við matið. Mikil þekking á hestinum hefur bæst við á síðastliðnum árum og kröfur markaðarins hafa breyst frá því dómsskalinn var síðast uppfærður og því nauðsynlegt að leggja í þessa vinnu.

Að fyrirlestrunum loknum fór fram hópavinna þar sem fundarfólk var virkjað til þátttöku til að ræða ræktunarmarkmiðið og þróun þess, dómskalann og matsaðferðir á hrossum í kynbótadómi. Tókst þessi vinna vel, margt áhugavert tekið til skoðunar og verðmæt sjónarmið reifuð. Hópstjórar voru í hverjum vinnuhópi sem héldu utan um vinnuna og kynntu umræðu hvers hóps í lok ráðstefnunnar. Ljóst var að fagráð fékk mikið og gott fóður frá fundarfólki inn í sína vinnu við þróun dómskalans og markmiðum dagsins því náð.

Miklar framfarir hafa átt sér stað í ræktun íslenska hestsins á undanförnum árum. Samhljómur er á milli hins opinbera ræktunarmarkmiðs fyrir hestakynið og markmiðs ræktenda í aðalatriðum og endurspeglast það í þeirri erfðaframför sem náðst hefur. Íslenski hesturinn sinnir fjölmörgum verðmætum hlutverkum eins og staðan er og þau þurfa að finna sér stað í hinu opinbera ræktunarmarkmiði. Ræktunarstarf síðastliðinna áratuga hefur stuðlað að miklum breytingum á hestinum, t.d. stærð, útliti og ganglagi. Markvisst ræktunarstarf getur lagað það búfé sem unnið er með mjög hratt að því markmiði sem stefnt er að. Þess vegna er ekki síður mikilvægt að ígrunda ræktunarmarkmiðið reglulega, tryggja að ræktunin skili unnendum hestsins verðmætum hestgerðum og stilla miðið vel.

Vel var mætt á ráðstefnuna en um 120 manns voru á staðnum þegar mest var enda margir sem hafa áhuga á málefninu. Það var mál manna að dagurinn hefði verið skemmtilegur og gagnlegur og nauðsynlegt að halda málþing sem þetta oftar, fræðast, skiptast á skoðunum og fá fram sjónarmið fólks á hverjum tíma.

DEKKJASALA AKUREYRAR

Úrval hjólbarða á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.



Vinnu- og dráttarvéladekk

20%

afsláttur af öllum dekkjum til 31. desember 2016

Double Star vörbíladekk





Double Star Jeppadekk 35x12,5x15

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4126

MOTUL Smurþjónusta

Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
(Jason ehf.) Njarðarnesi 1 sími 460 4350

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

HVOLPASVEIT
KÚLUGÚBBAR
SVAMPUR SVEINSSON
MÍNA MÚS
STAR WARS
FROZEN

PartyParty.is er netverslun sem sérhæfir sig í frábærum afmælisveislum fyrir börn á öllum aldri!

FJÖLDI ÞEMA Í BOÐI OG SENDUM UM ALLT LAND

ÞYRNIRÓS
SKÓSVEINAR
MONSTER HIGH
MIKKI MÚS
SPIDERMAN
BATMAN

Partý Partý.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 12. janúar 2017

VERKFÆRA SALAN



RYOBI



Tilboð
33.921
Áður 37.690.-
**Herslulykill 1/2" 18V**
Hámarks átak 400 Nm, 3 átaksstillingar
1,5 Ah rafhlaða og hleðslutæki fylgir ásamt lofttoppum 17, 19, 21mm. Kemur í tösku
**RB 5133002476**



Tilboð
10.990
Áður 16.900.-
**Topplyklasett 1/2" 10-36mm**
Vandað topplyklasett frá RedTex.
Toppar 10-36mm, skrall 1/2", framlengingar, átaksskaft og liður. Samtals 23 stk.
**RT MS423**

Verkfærasalan - Síðumúla 11 - Dalshrauni 13 - 560-8888 - www.vfs.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

Fréttaskýring

### ESB-ríkin flytja inn um eða yfir 900 þúsund tonn af kjúklingakjöti til fullvinnslu frá Asíu, Suður-Ameríku og Afríku:

# Oft framleitt við aðstæður sem standast hvorki aðbúnaðarreglur ESB né Íslands

–Sterkar líkur á að þetta kjöt sé víða að finna í pakkningum í íslenskum verslunum með evrópskum upprunamerkingum

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is





Úr kjúklingabúi í Taílandi.



Úr kjúklingabúi í Brasilíu.



Ef uppruninn er óljós, hvað vita menn þá um framleiðsluaðferðirnar?



Það má auðveldlega búa til fallega „heilsteypta“ vöru úr kjötafskurði.

**Enginn veit með vissu hvort kjúklingur frá Asíu, Suður-Ameríku eða Afríku er seldur hér á landi eða ekki. Innflytjendur hafa hins vegar margítrekað sagst treysta ESB-merkingum um uppruna sem stimplað sé á pakkningarnar.**

Samkvæmt frétt í breska blaðinu The Guardian er alls ekki hægt að treysta slíkum upprunavottorðum. Enda er innflutti kjúklingurinn frá Asíu fluttur hindrunarlaust yfir landamæri ESB-ríkjanna og fullunninn þar sem best þykir henta hverju sinni. Sams konar mál hafa komið upp hvað eftir annað varðandi aðrar kjöttegundir, eins og nauta- og hrossakjöt. Þar hefur m.a. verið upplýst um hrossakjöt sem var blandað nautakjöti í tilbúnum réttum stórverslana. Erfitt hefur reynst að rekja raunverulegt upprunaland sláturdýranna sem í sumum tilfellum hafa jafnvel reynst vera stolin.

#### *Innflutningur ESB á kjúklingakjöti að nálgast milljón tonn*

Samkvæmt tölum Thai Broiler Processing Exporters Association, voru flutt út 681.073 tonn af kjúklingi frá Taílandi á síðasta ári. Þar af voru 215.045 tonn af hráum kjúklingi og 455.928 tonn af hálfunnum kjúklingi. Af þessu fóru 280.345 tonn til ESB-landa, 325.442 tonn til Japans og 75.286 tonn til annarra landa. Er þetta 17,53% aukning á útflutningi á kjúklingi frá Taílandi til þessara markaðssvæða á milli ára. Útflutningurinn frá Taílandi til ESB-ríkjanna gæti farið yfir 290 þúsund tonn á yfirstandandi ári.

Virðist þetta í nokkuð góðu samræmi við innflutningstölur Eurostat fyrir Evrópusambandið. Þar kemur fram að á fyrstu níu mánuðum þessa árs var flutt inn kjúklingakjöt til 28 ESB-ríkja, reiknað í heilum skrokkum, sem nemur 682.907 tonnum. Hefur innflutningur ESB á kjúklingakjöti verið að aukast jafnt og þétt undanfarin ár. Líklegt má því telja að heildarinnflutningur ESB á kjúklingakjöti muni nema um 910 þúsund tonnum á þessu ári, en hann var um 872 þúsund tonn í fyrra.

#### *Stærsti hluti innflutta kjúklingakjötsins kemur frá Brasilíu og Taílandi*

Stærsti hlutinn af innfluttu kjúklingakjöti til ESB-landanna kemur frá Brasilíu, eða um 56%, um 32% frá Taílandi, um 11% frá Filippseyjum, um 10% frá Hong Kong, um 9,9% frá Benin, rúmlega 9,8% frá Sádi-Arabíu, um 8,9% frá Úkraínu og 6,3% frá Gana.

#### *ESB-ríkin með 4% offramleiðslu en bæta samt á offramboðið*

Þetta eru athyglisverðar tölur ef litið er til þess að ESB-lönd flytja út gríðarlegt magn af kjúklingakjöti, mest sem fullunna vöru og tilbúna rétti. Á árinu 2015 nam sá útflutningur 1.491.000 tonnum og var kominn í 1.193.000 tonn á fyrstu níu mánuðum ársins 2016. Kjúklingaframleiðslan í ESB-löndunum er vissulega mikil, eða nær 14 milljónir tonna á þessu ári. Samkvæmt tölum Eurostat er framleiðslan innan ESB-ríkjanna 4% meiri en neyslan. Með innflutningi á kjúklingakjöti frá Asíu, Suður-Ameríku og Afríku er verið að auka offramboðið enn frekar, eða um 6,5%. Það þýðir að offramboð á kjúklingakjöti nemur um 10,5% sem nýtt er í framleiðslu á tilbúnum kjúklingum og kjúklingaréttum í neytendaumbúðum til útflutnings.

#### *Líklega mest framlegð úr innflutta kjötinu*

Útilokað er að rekja raunverulegan uppruna á þessu kjúklingakjöti, en öruggt má telja að framlegðin sé mest úr fullvinnslu á innflutta „ódýra“ kjúklingakjötinu frá Asíu, Suður-Ameríku og Afríku. Þar gilda allt aðrar og léttvægari reglur um dýravelferð og greinilega um starfsmannavelferð líka ef marka má frétt The Guardian. Þar eru einnig lægri laun en í Evrópu. Því hlýtur að vera hagkvæmast að nýta þetta kjöt í framleiðslu á tilbúnum réttum af ýmsu tagi fyrir almenna neytendur og mötuneyti. Dýrara kjötið sem framleitt er í Vestur-Evrópu er þá frekar selt til þeirra neytenda innan ESB sem tilbúnir eru að borga hæsta verðið.

#### *Uppskrúfað offramboð notað til að hámarka hagnað*

Með því að búa til offramboð á kjúklingi í Evrópu með innflutningi geta innflytjendur búið til þrýsting á kjúklingabændur, einkum á jaðarsvæðum ESB-ríkjanna til að lækka hjá sér verð. Sömu aðferðarfræði hefur verið beitt á Íslandi á undanförnum árum ef marka má orð forsvarsmanna í kjúklinga- og svínarækt. Allt er þetta svo á kostnað frumframleiðendanna, þ.e. bænda.

Samkvæmt opinberum tölum er mikil aukning í innflutningi á svínakjöti á þessu ári til Íslands. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2016 voru flutt inn tæp 729 tonn af svínakjöti en allt árið 2015 nam innflutningurinn rúmlega 559 tonnum. Að hluta má þó örugglega skýra aukinn innflutning með aukinni eftirspurn vegna fjölgunar ferðamanna.

#### *Framleitt í ESB úr asískum, suður-amerískum og afrískum kjúklingum*

Ef haft er í huga lögmál markaðarins um framboð, eftirspurn og hámarks framlegð, má nær öruggt telja að kjúklingakjötið frá ESB-löndunum sem er á boðstólum í íslenskum verslunum eigi að verulegu leyti uppruna sinn að rekja til Asíu, Suður-Ameríku og Afríku. Merkingar á umbúðum sem segja að upprunalandið sé ESB-ríki vísa einungis til þess ríkis þar sem lokavinnslan fer fram.

#### *Krafa um sams konar framleiðsluhætti*

Neytendur ættu því að minnsta kosti að íhuga hver fyrir sig hvort framleiðsluaðferðir kjúklinganna sem í þessar vörur fara standist íslensk lög og reglur um slíka framleiðslu. Einnig reglur ESB um eigin framleiðslu sem Íslendingar hafa verið að innleiða á undanförnum árum. Væntanlega er því full ástæða til að hvetja fólk til að krefjast þess að sömu kröfur séu gerðar um dýravelferð og framleiðsluhætti á innfluttri kjötvöru og gerðar eru gagnvart íslenskri framleiðslu. Öðruvísi getur samanburður á erlendri og innlendri framleiðslu landbúnaðarafurða aldrei verið sanngjarn.

#### *Flottir kjötvöðvar búnir til úr samlímdum afskurði*

Reynt er að nýta allan kjúklinginn eins vel og hægt er. Í afskurð er t.d. hrært kjötlími, ýmist kallað „meat glue“ – pink slime“ eða „transglutamin” og hann síðan mótaður í hentugar stærðir í sérstökum vélum. Slíkar vélar hafa verið framleiddar í einni af verkmiðjum Marels (áður Stork) í Hollandi og eru mikið notaðar víða um Evrópu og reyndar allan heim. Með þessu samlímda kjöti geta veitingastaðir tryggt að „kjúklingabringurnar“ séu allaf eins í laginu og nákvæmlega jafn stórar. Þá er hráefniskostnaðurinn líka í lágmarki og mjög erfitt fyrir viðskiptavininn að greina hvort um raunverulega bringu er að ræða eða ekki. Vitað er að slíkur kjúklingaafskurður sem mótaður hafði verið sem kjúklingabringur var á boðstólum hérlendis um tíma, en ekki er þó ljóst hvort svo er enn.




Kjötlím sem framleitt er í Frakklandi.

Hvort samlímt kjöt er verra en gegnheilt er erfitt að fullyrða nokkuð um. Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna (FDA) hefur skilgreint kjötlím þannig að það sé almennt talið öruggt, eða „generally recognized as safe (GRAS)“. Aftur á móti hefur verið bent á að við steikingu eða suðu sé ekki víst að hægt sé að tryggja fulleldun á eðlilegum eldunartíma ef kjötlím er í hráefninu. Þar liggur hættan á að bakteríur drepist ekki við eldun.

Evrópusambandið bannaði notkun á kjötlími árið 2010, en ekki endilega á þeim forsendum að kjötlímið sjálft gæti verið hættulegt. Var það þá víða notað í ESB-ríkjunum og m.a. framleitt innan þeirra ríkja, m.a. í Frakklandi. Ýmislegt annað hefur líka verið bannað í landbúnaði og matvælaframleiðslu í ESB-ríkjunum á undanförnum árum sem enn er þó við lýði.

#### *Hundraðföld áhætta?*

Í grein á vefsíðu Mercola.com segir að með notkun á kjötlími sé verið að blekkja neytendur og selja þeim samlímda vöru á fullu verði sem er í raun úrkast. Þá séu hundrað sinnum meiri líkur á að fá í sig bakteríusmit og matareitrun við neyslu á samlímdu kjöti en af gegnheilum vöðva. Neysla á slíku kjöti sé í raun eins og að spila í rússneskri rúllettu. Við þetta bætist svo að vegna ofnotkunar sýklalyfja hafa orðið til ofurbakteríur sem aukin hætta er á að geti verið í slíku kjöti. Erfitt getur þá reynst að bjarga fólki sem lendir inni á sjúkrahúsum með slíkar sýkingar.

„Kjötlím“ sem er ensím sem kallað er „transglutaminase“ eða „Thrombin“ og var upphaflega unnið úr dýrablóði. Það hefur mikið verið notað við framleiðslu á nautakjötsafurðum m.a. í Bandaríkjunum og víða um heim. Einnig við framleiðslu á lambakjötsafurðum og fiskafurðum. Þetta er selt sem hvítt duft og mjög erfitt getur verið að greina hvort það hefur verið notað þegar maður skoðar vel mótaðan kjötbita.

Í Bandaríjunum hafa gilt reglur frá USDA frá 2001 sem skylda framleiðendur til að taka það fram á pakkningum hvort kjötið sé samanlímt eða ekki. Neytendur eiga þannig að geta séð það þegar verslað er á matvörumörkuðum. Erfitt hefur þó reynst að fylgja því eftir á veitingastöðum sem fullyrt hefur verið að framreiði samlímt kjöt í stórum stíl.

Í greininni í Mercola er síðan vísað í fjölda rannsókna, m.a. á vegum Alþjóða krabbameinsrannsóknasjóðsins „World Cancer Research Fund - WCRF“ sem gerði 7.000 klínískar prófanir á orsakasamhengi af neyslu á mikið unnum mat og krabbameini. Þar koma ýmsar mjög vinsælar vörutegundir afar illa út svo ekki sé meira sagt.

### Breska dagblaðið The Guardian og ABC News í Ástralíu:

# Segja þrælahald iðkað við framleiðslu á kjúklingi í Asíu fyrir Evrópumarkað

**Það er víða pottur brotinn í framleiðslu matvæla í heiminum. Greinilega er full þörf á að neytendur fylgist vel með hvernig framleiðslan fer fram.**

Ill meðferð dýra, óhófleg lyfjanotkun sem og ómæld notkun eiturefna eru allt óafsakanlegir þættir. Þá greindi breskur fjölmiðill frá því fyrir nokkru að þrælahald og ill meðferð væri á starfsfólki við framleiðslu kjúklinga í Asíu fyrir Evrópumarkað.

Taíland er eitt af stærstu útflutningslöndum heims á kjúklingakjöti. Um 41% af útflutningnum fer til Evrópu, þar sem kjúklingnum er dreift vítt og breitt þvert á landamæri Evrópusambandslanda og pakkað í neytendaumbúðir. Þrálátur orðrómur hefur verið uppi um að kjúklingur sem fluttur hefur verið til Íslands og seldur hér sem dönsk vara sé að hluta taílenskur kjúklingur. Engar sönnur hefur þó tekist að leggja á það.

Í breska dagblaðinu The Guardian er umfjöllun um taílensku kjúklingaframleiðsluna. Þar segir að nú hrikti í þeirri framleiðslu vegna ásakana um illa meðferð á fuglum, falsaða pappíra og illa meðferð á illa launuðu starfsfólki. Það vinni jafnvel á 22 tíma vöktum og þurfi að láta sig hafa það að sofa á gólfinu innan um þúsundir alifugla.

Nefnt er dæmi af kjúklingabúinu Thammakaset Farm 2 sem framleiði kjúkling fyrir Betagro, sem er einn af fimm stærstu kjúklingaútflytjendum ásamt Charoen Pokphand Foods (CP Foods), Cargill, GFPT og Leamthong. Saman standi þessi fyrirtæki fyrir um 70–75% af öllum kjúklingaútflutningi Taílands.




Segir í frétt The Guardian að erfitt sé að meta nákvæmlega hversu mikið af taílenskum kjúklingi endi á markaði í Bretlandi. Hins vegar sýni opinberar skýrslur að 40% af öllum unnum kjúklingi sem fluttur er til Bretlands komi beint frá Taílandi. Hlutfallið sé þó mjög líklega mun hærra þar sem mikið sé flutt inn af tilbúnum kjúklingamáltíðum, sem og gæludýrafóðri úr kjúklingakjöti sem fullunnið er í öðrum Evrópusambandslöndum. Uppruni framleiðslunnar er því sagður frá ESB-löndum, eins og reyndar er líka sagt um danska kjúklinginn sem hér hefur fengist í verslunum.

Í frétt Guardian er rætt við fimmtugan starfsmann Thammakaset Farm 2, Myint að nafni. Hann segist hafa unnið á kjúklingabúinu í fjögur og hálft ár og allan tímann á 22 tíma vöktum. Þar hafi hann og samstarfsmenn hans sofið á gólfinu innan um 28 þúsund fugla. Ef fuglarnir hafi veikst hafi starfsmönnum verið kennt um. Þá hafi þeirra laun, sem voru langt undir lágmarkslaunum í Taílandi, verið haldið af vinnuveitanda. Ef þeir hafi viljað hætta hafi það ekki verið hægt þar sem vegabréfin höfðu verið tekin af þeim. Einu sinni í viku hafi þeim verið leyft að fara í matvöruverslun í fylgd eftirlitsmanna. Það hafi verið þeirra eina tækifæri til að sjá eitthvað af veröldinni utan búsins.

„Það var farið með okkur eins og þræla," sagði Nayoto, yngri samstarfsmaður Myint, eftir að hann komst í athvarfið NGO. Þar var hann ásamt 14 öðrum starfsmönnum frá Mynamar sem höfðu flúið og biðu eftir að fá einhverjar úrbætur á sínum málum. Þar er það Migrant Workers Rights Network (MWRN) sem fer með þeirra mál. Segjast starfsmennirnir hafa verið hlunnfarnir um 11.000 dollara hver um sig.

Samkvæmt frétt ABS News um sama mál segir að 1,4 milljónir erlendra verkamanna starfi í Taílandi. Þeir séu aðallega frá Myanmar og Kambódíu. Þar fyrir utan er áætlað að 4 milljónir manna séu í svartri vinnu í Taílandi.

Það er þó ekki bara slæmur aðbúnaður og meðferð starfsmanna í kjúklingabúum sem til umræðu er. Um árabil hefur að sögn ABC verið rætt um óþverraskap gagnvart starfsmönnum í fiskirækt og sjávarútvegi þar í landi. Er þar talað um starfsmenn sem hafa verið fórnarlömb mansals. Allt er þetta þó gert undir því „göfuga" yfirskini að verið sé að framleiða ódýrari matvæli fyrir íbúa Vesturlanda, Á Íslandi heitir það að bera hag neytenda fyrir brjósti. */HKr.*

Varahlutir í flestar tegundir dráttarvéla
New Holland - Fiat - Ford - Case - Steyr - Zetor - Fendt
Eigum fyrirliggjandi síur í flestar gerðir þessara véla og mikið úrval varahluta. Einnig sérpantanir.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is

NETFLUGELDAR.IS
PANTAÐU ÞÍNA FLUGELDA NÚNA!
Sendum HVERT Á LAND SEM ER*
*Nema til Vestmannaeyja
Í FYRRA SELDIST ALLT UPP!
Fjölskyldu TILBOÐ
Aðeins 11.970kr
106 stk í fjöskyldu-pakkanum!
4x100 Tertupakkinn
Mjög flottur pakki sem sæmir sér vel í öllum áramótaveislum.
VERÐ 18.900
NÝTT
Þriggja tertu pakkinn
Hrikalega nettur og þéttur pakki.
VERÐ 8.900
Krakkapakkinn
Stútfullur pakki af skemmtilegum flugeldum.
VERÐ 5.500
Risatertan
Ein flottasta skottertan á markaðnum í dag!
VERÐ 12.900
ATH! Pantanir sem á að senda út á land verða að hafa borist okkur fyrir lok dags 26. desember.
Það er auðvelt að panta - prófaðu núna! www.netflugeldar.is

Landsvirkjun

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk fyrirtækisins er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

# Orka til framtíðar

Fyrir 80 árum var raflýsing nýlunda í Reykjavík og jólasteikin elduð á gas- eða kolaeldavélum. Með gangsetningu Ljósafossstöðvar árið 1937 var framboð á rafmagni á höfuðborgarsvæðinu fjórfaldað. Nú var til næg orka og borgarbúar gátu fengið Rafha rafmagnseldavél með rafmagnsáskriftinni. Nýtt tímabil í orkuvinnslu var hafið.

Framundan var krefjandi verkefni við að beisla orku náttúrunnar. Markmiðið var að skapa hagsæld og tryggja orkuöryggi fyrir stækkandi þjóð. Samhliða uppbyggingu iðnaðar í landinu varð atvinnulíf fjölbreyttara. Framsækin nýsköpunarverkefni tóku að spretta upp úr íslensku hugviti.

Í heimi þar sem krafan um nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa verður sífellt meiri er slík reynsla verðmæt auðlind. Landsvirkjun styður við þróun nýrra leiða til orkuvinnslu. Með þekkingu okkar og reynslu viljum við tryggja að endurnýjanleg orka og sjálfbær nýting færi Íslendingum orku til framtíðar.

**Við óskum landsmönnum öllum gæfu á nýju ári og þökkum farsælt samstarf á liðnum árum.**



**Gagnvirka orkusýningin, Orka til framtíðar, er í Ljósafossstöð.**
**Opnunartíma og leiðarlýsingar má finna á landsvirkjun.is/heimsoknir.**


JÖNSSON & LE'MACKS • JLIS • SÍA



Hjónin í Fagradal, Jónas Erlendsson og Ragnhildur Jónsdóttir í fiskeldisstöð Fagradals bleikju. Þau eru öflug í matvælaframleiðslunni og eru m.a. þátttakendur í „Beint frá Býli“ og „Opnum landbúnaði“.
Mynd / Hörður Kristjánsson.

### Fagradalsbændur í Mýrdalshreppi njóta fjölgunar ferðamanna við sölu eigin afurða:

# Með 300 fjár á fóðrum og stunda fiskirækt og loftþurrka kjöt

## – Þekkja sumarfrí helst af afspurn en njóta tilverunnar í ægifögru umhverfi í nágrenni við Kötlu

**Jónas Erlendsson og Ragnhildur Jónsdóttir reka sauðfjárbú í Fagradal í Mýrdalshreppi og fiskirækt undir nafninu Fagradals bleikja. Þau segja verulegan hag vera af vaxandi ferðamannastraumi fyrir búreksturinn.**

Þegar tekið var hús á þeim hjónum um fyrri helgi var veðurlag harla óvenjulegt miðað við byrjun desembermánaðar. Þá lá dimm þoka yfir allri suðurströndinni og hitastigið var um 10 gráður. Skyggni var því lítið sem ekkert í þessari miklu náttúruparadís, en straumur ferðamanna samt með hreinum ólíkindum.

Hjá sveitarfélaginu liggur nú fyrir umsókn um lóð fyrir 100 herbergja hótel og munu fjórar umsóknir til viðbótar um byggingu gistirýmis vera til skoðunar.

Í lauslegri könnun Bændablaðsins um ásetningu gistirýmis á Suðurlandi, var verulegur hluti þess sem í boði var þegar upptekinn. Í Mýrdalshreppi voru í upphafi árs 2016 alls 1.037 gistirými sem eru orðin meira og minna upptekin allt árið um kring. Þá voru tvö hótel í byggingu með um 120 gistirýmum. Ferðamannastraumur með viðkomu í Vík hefur líka vaxið hröðum skrefum. Þar komu um 280 þúsund ferðamenn árið 2002 en voru vel yfir 600 þúsund á síðasta ári. Þá er búist við að fjöldi ferðamanna fari yfir 800 þúsund á árinu 2018.

Er þetta mikil breyting því ekki er lengra síðan en 2012 að fólk var með verulegar áhyggjur út af fólksfækkun í hreppnum. Þá var íbúatalan komin undir 460 manns. Eftir 2013 tók þróunin stökk og var íbúatalan komin yfir 520 manns árið 2015 og búast má við að talan fari að nálgast 600 áður en árið 2016 rennur sitt skeið.



Fagridalur í Mýrdalshreppi.
Mynd / Jónas Erlendsson




Fagridalur er á ægifögru svæði með eldfjallið Kötlu í bakgarðinum.

### *Með 300 kindur á fóðrum*

Jónas og Ragnhildur eru með um 300 kindur á fóðrum, fáeinar varphænur fyrir heimilið, auk bleikjueldisins sem skapar þeim líka umtalsverða vinnu. Hafa þau komið sér upp eigin reykhúsi þar sem þau sjá um að reykja bleikju og lax, bæði reykja þau eigin framleiðslu og fyrir aðra. Hjá Fagradals bleikju er boðið upp á reykt bleikjuflök og reykt fersk og grafin laxaflök. Þá hafa þau verið að þróa framleiðslu á loftþurrkuðu lambalæri í samvinnu við Matís sem er eins konar sérískensk „lambaparmaskinka.“

Jónas, sem er uppalinn í Breiðholtinu í Reykjavík, þurfti reyndar ekki að leita langt til að smitast af áhuga fyrir matvinnslu. Faðir hans er Erlendur Sigurþórsson kjötiðnaðarmeistari. Hann er nú með elstu kjötiðnaðarmeisturum landsins og hefur unnið náið með Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna. Það gerir hann enn þótt hann sé hættur fastri vinnu í faginu sökum aldurs eftir meira en hálfrar aldar störf í þessari grein.

Erlendur lærði sitt fag hjá Þorvaldi Guðmundssyni í Síld og fiski og starfaði þar í áratugi. Þá stýrði hann m.a. kjötvinnslu KS á Sauðárkróki um tíma. Jónas var því ekki fráhverfur þessu fagi þótt örlögin höguðu því svo að hann gerðist bóndi í Fagradal eftir að afi hans og amma hættu þar búskap.

### *Þróa vinnslu á loftþurrkuðu kjöti*

„Við höfum verið að þróa aðferð við loftþurrkun á kindakjöti í samvinnu við Matís. Ég fékk hjá þeim uppskriftir, en markaðurinn fyrir þetta hér á landi er mjög takmarkaður þar sem Íslendingar þekkja lítt þessa verkunaraðferð. Þetta er víða þekkt í útlöndum, en þurrkun Færeyinga á skerpukjöti er þó allt annars eðlis.

Það er því lítið um að Íslendingar séu að sækjast eftir þessu, en talsvert af Rússum hafa verið að koma hingað á sumrin tvö síðustu ár til að fá loftþurrkað kjöt. Þeir þekkja þessa verkun vel að heiman og hafa fundið eitthvað um okkar framleiðslu á netinu, þótt við höfum ekki auglýst þetta mikið.

Ég byrjaði á því að fá uppskrift frá Noregi og kryddblöndu frá fyrirtæki sem heitir Nokk sem flytur inn vörur fyrir matvælaiðnaðinn. Síðan fékk ég

uppskrift af þessari verkunaraðferð hjá Ólafi Þór Hilmarssyni hjá Matís. Þar sem það var uppskrift sem öllum var aðgengileg, þá langaði mig að prófa mig áfram með eigin kryddblöndu.“

### *Tímafrek verkun*

„Þetta er þannig gert að kjötið er fyrst saltað og kryddað og fer kryddmagnið og tíminn sem það er látið liggja í því eftir þyngd lærisins eða kjötbitans sem ætlunin er að þurrka.

Það er mikil kúnst að þurrka þetta og þar skiptir rakastigið miklu máli. Hefja þarf þurrkunina við mikinn raka, því ef rakinn í upphafi er of lítill er hætt við að þurr skel myndist á yfirborðinu og kjötið þráni þar undir. Það þarf að nást að þurrka kjötið alveg inn að beini, því ef það tekst ekki er kjötið ónýtt.

Ég prófaði það reyndar líka með pabba að skera beinið úr án þess að opna kjötið mikið og stráði þá kryddblöndunni í sárið bæði inni í vöðvanum og utan á.

Þessi ferill getur tekið marga mánuði eða upp undir ár. Ég nota til þess kæliskáp og byrja á því að vera með stóra skál í botni kælisins fulla af vatni. Þegar kjötið hefur náð því að rýrna um ákveðið prósentuhlutfall og léttast um ca 30%, þá er vatnsvirknin í kjötinu orðin það lítil að gerlarnir eru hættir að fjölga sér í kjötinu. Þá getur maður stungið þessu í rassvasann og nartað í bitann þegar manni dettur í hug. Svo geymist kjötið von úr viti.

Maður verður þó að hafa í huga að ef kjötið þornar of mikið og rýrnar kannski um 40 til 50%, þá verða áhrifin af saltinu og kryddinu meiri og bragðið af kjötinu því mun sterkara.

Þessi framleiðsla okkar er þó í litlum mæli enn sem komið er og nánast bara í tilraunaskyni.“

### *Selja alla bleikjuframleiðsluna og kaupa lax að auki*

„Annars gengur búskapurinn ágætlega,“ segir Jónas. „Við seljum allan þann fisk sem við framleiðum og rúmlega það. Við verðum einnig að kaupa inn hráefni til að anna eftirspurn. Samt erum  við bara að selja til gististaða hér í sveitinni í kringum okkur.

Við eru sjálfsagt með þeim elstu í þessari grein og rekum þetta fiskeldi á upphaflegri kennitölu, eða frá árinu 1989.

Heildarframleiðslan er svo sem engin ósköp, en það nær svona tíu tonnum eða svo. Það er svo sem ágætt þar sem við erum bara tvö í þessu hjónin. Augnhrognin  fáum við svo frá fiskeldisstöð Háskólans á Hólum í Hjaltadal.“

Jónas segir að bleikjueldi og fiskvinnslan sé orðin sá þáttur í rekstrinum sem skili mestum pening. Þá njóta þau þess að vera með eigin rafstöð sem sparar þeim drjúgan pening við rekstur eldisstöðvarinnar og býlisins.

Hann hafi um tíma selt mest alla framleiðsluna til Reykjavíkur. Nú sé orðið jöfn og stöðug eftirspurn eftir framleiðslunni heima í héraði og fari allar fiskafurðir því á veitinga- og gististaði í nágrenninu. Það sé því mun auðveldara að eiga við þetta núna og minna umstang og kostnaður við dreifingu.

### *Sauðfjárbúskapur þarf að ná ákveðinni stærð til að borga sig*

Fiskeldið og vinnslan er orðin okkar aðalbúgrein og rollubúskapurinn kannski orðið meira sem tómstundagaman. Sumir segja að fjárbúskapur sé reyndar að verða svolítið dýrt „hobbý“,“ segir Jónas og hlær.

Hann viðurkennir þó að aðstæður séu æði misjafnar hjá bændum. Til að sauðfjárbúskapur geti staðið sæmilega undir búrekstri þurfi fjöldi ásetts fjár helst að vera 700 eða meira.

„Það er nú svo með þennan rollubúskap að það eru miklir vinnutoppar sem geta verið erfiðir, en rólegt þess á milli. Það er þá mest að gera í kringum sauðburð á vorin, heyöflun á sumrin og leitir á haustin.“




**Eldisstöð Fagradals bleikju er skammt frá bænum.** Mynd / Jónas Erlendsson



**Loftþurrkað ærkjöt frá Fagradal. Þótt Íslendingar séu ekki vanir slíku kjöti þá er þessi verkunaraðferð vel þekkt í Rússlandi. Undanfarin tvö ár hafa rússneskir ferðamenn farið að venja komur sínar í Fagradal til að fá bita af loftþurrkuðu kjöti.** Mynd / Jónas Erlendsson.



**Ragnhildur þekkir allar 300 kindurnar í fjárhúsinu með nafni.** Mynd / HKr.

### *Alls ekkert „hobbý“ segir frúin*

Ragnhildur er síður en svo sammála Jónasi um að sauðfjárbúskapurinn í Fagradal sé eitthvert „hobbý“. „Bara alls ekki,“ segir Ragnhildur, „ef kindurnar fara þá hætti ég,“ segir hún brosandi.

„Þá má líka segja að ef engar væru kindurnar þá hefði Jónas engin ærlæri til að þurrka, svo hér styður hvað annað.“

### *Þekkir allar kindurnar með nafni*

Ragnhildur er fædd og uppalin  í sveit, nánar tiltekið í Götum vestan við Vík. Hún er aðal sauðfjármanneskjan á bænum og þekkir allar 300 kindurnar í húsinu með nafni. Hún segir það aldrei hafa verið vandamál að finna nöfn á allan þennan fjölda, en um 40 til 50 nýjar kindur eru settar á hvert haust sem þarf þá að gefa nöfn. Svipaður fjöldi af eldra fé fer þá jafnframt í sláturhús sem gefur væntanlega færi á endurnýtingu nafna.

Hafa þau hjón talsvert lagt upp úr að skapa ættir með nöfnum. Þannig hét ein ættmóðirin Írafár og var því sjálfgefið að ein dóttirin fengi nafnið Birgitta.

### *Ótrúlegt tíðarfar*

Ragnhildur segir ekki bagalegt að stunda sauðfjárrækt í tíðarfari eins og ríkt hefur allt þetta ár.

„Þetta var ótrúlegt sumar og kannski helst að það væri of þurrt, sem sjaldan gerist hér um slóðir. Þetta bjargaðist þó allt saman og heyin voru mjög góð.“

Staðhættir undir Eyjafjöllum og í Mýrdal eru með þeim hætti að þar geta myndast miklir vindstrengir, ekki síst í norðanáttum. Í sumar var óvenju lítið um slíkt og langir kaflar með litlum vindstyrk. Jónas segir að það hafi helst verið rigningarnar í haust sem hafi verið til ama.

„Á þessum tíma í fyrrahaust var hér vitlaust veður dag eftir dag svo tíðarfarið nú er allt annað.“

### *Þekkja frí helst af afspurn*

Þau hjón eru svo sem ekkert að fara mikið í frí frá búskapnum og sumarfrí þekkja þau varla nema af afspurn. Enda eru þau bæði allt í öllu og standa vaktina ein í sauðburði svo nokkuð sé nefnt. Þá sofa þau lítið sem ekkert sólarhringum saman.

„Við erum ekkert að fara í sumarfrí eða svoleiðis,“ segir Jónas.

„Jú, að vísu fórum við í frí í fyrra eina helgi. Þá fórum við á góugleðina í Öræfum og gistum eina nótt í Freysnesi. Þá kom sonur okkar að leysa okkur af, en við erum svo sem ekkert stressuð yfir að komast ekki frá. Það er okkar val að fást við þessa grein.“

Ragnhildur tekur undir þetta og segist ekki geta séð að fólk sé neitt hamingjusamara með að mæla malbikið í Reykjavík. Í sveitinni hafi fólk frelsið og fallegt umhverfi sem sannarlega umvefur þau í Fagradal.



**Jónas segir að verkun á loftþurrkuðu kjöti sé mikið nákvæmnisverk og geti tekið marga mánuði og allt upp í eitt ár.** Mynd / HKr.

### *Með netvætt fjárhús og eftirlitsmyndavélar*

Þegar lagður var ljósleiðari að bænum lögðu þau einnig streng í fjárhúsin. Þar hafa þau komið upp myndavélum og geta með þeirra aðstoð fylgst með öllu sem fram fer í fjárhúsunum. Tilkoma myndavélanna létti þeim t.d. mikið störfin við yfirlegu á meðan sauðburður stóð yfir. Þannig gátu þau fylgst með framvindunni í húsunum í tölvunni heima eða í gegnum síma og stokkið til þegar á þurfti að halda.

### *Nábýlið við Kötlu truflar þau ekki mikið*

Þegar smalað var í haust var farið alveg inn undir Kötlujökul þar sem er einstök náttúrufegurð. Sama dag og farið var í leitir var Katla með órólegasta móti og vildu yfirvöld að smalarnir yrði kallaðir til baka. Þótti mönnum það fullseint og ákváðu að klára leitir.

Fjallkóngur sagði smölunum samt að þegar og ef þeir sæju rauða merkið standa upp úr jöklinum, þá mættu þeir fara heim.

Jónas segir að það stoði lítt að vera stöðugt að hugsa um möguleikana á því að Katla gjósi. Það verði bara að taka á því þegar og ef það gerist. Enginn viti hvar flóð komi niður úr jöklinum þegar Katla gýs. Telur hann ólíklegt að það muni takast að vara alla þá ferðamenn við sem eru á svæðinu í kringum Kötlu í tíma. Um suma sé vitað á hverjum tíma en aðra ekki sem eru jafnvel fótgangandi á eigin vegum. Mikilvægt sé því að ferðafólk sé vel upplýst og meðvitað um hættuna.

Nefnir Jónas sem dæmi að þegar flóðið kom í Múlakvísl snemma morguns laugardaginn 9. júlí 2011, þá hafi láðst að láta ferðaþjónustufólk sem var inni í Þakgili við Kötlurætur vita. Þau sem þar voru vissu ekkert um málið þegar Jónas hafði samband við þau um morguninn. Þá var vegurinn inneftir þegar kominn í sundur og flóðið búið að hrifsa með sér brúna yfir Afréttisá.

### *Flóð úr Mýrdalsjökli geta verið hættuleg*

„Hættan er mest út af flóðum þótt bærinn hjá okkur sé ekki á hættusvæði hvað það varðar,“ segir Jónas. „Kötluaskjan er 110 ferkílómetrar að stærð og full af ís. Þar getur því losnað um gríðarlegt vatnsmagn í eldgosi.“

Hann segir að sumir vísindamenn séu farnir að hafa áhyggjur af hvað geti gerst ef stórflóð hlaupi niður Múlakvísl. Þar geti ruðst fram um 100.000 rúmetrar af vatni og aur á sekúndur eða meira. Sem dæmi var hlaupið í Múlakvísl sem hreif með sér brúna á þjóðvegi 1 „aðeins“ um 5.000 rúmmetrar á sekúndu.

Stórflóð sem steypist fram af háum sjávarbakkanum, sem er tiltölulega skammt frá landi við Mýrdalsjökul, getur orsakað mikla flóðbylgju. Þannig eru dæmi um að sog sem við slíkan atburð myndast hafi tæmt höfnina í Vestmannaeyjum, sem í kjölfarið fylltist þannig að það flaut yfir allar bryggjur. Flóðbylgja gæti líka orðið enn áhrifaríkari og orsakað neðansjávarskriður og haft áhrif í nálægum löndum. Ljóst er að viðbragðstíminn fyrir fólk á svæðinu verður ekki mikill.

Afi Jónasar, sem bjó í Fagradal, var fæddur 1912 og mundi vel Kötlugosið 1918. Segir Jónas að hann hafi sagt að þá hafi verið búið í Hjörleifshöfða og fólkið þar hafi séð þegar vatnið hljóp undan skriðjöklinum. Reiknaðist þeim til að tíminn þar til flóðvatnið náði niður að sjó með miklum jakaburði og látum, hafi verið um hálf klukkustund. Jakar í slíku flóði geti auk þess rutt á undan sér miklum jarðvegi og myndað stíflur þannig að hlaupið breyti um stefnu.

„Ef Katla gýs þá er þetta besti árstíminn og minnstar líkur á að fólk sé þar á hættusvæði,“ segir Jónas. Hann segir að gos í Kötlu geti staðið yfir í þrjá mánuði og á meðan megi stöðugt búast við flóðum úr Kötluöskjunni. Því verði ekkert hægt að eiga við viðgerðir á brúm og vegum á meðan. Eina leiðin sé því að fara um Syðri- eða Nyrðri-Fjallabaksleið. */HKr.*



Fréttaskýring

# Landbúnaðar á nútíma vísu

## – Hvað er fjölskyldubú? - Hvað er verksmiðjubúskapur „factory farming“? - Hvar standa íslensk býli í slíkum samanburði við erlend?

Erna Bjarnadóttir
eb@bondi.is



**Landbúnaðar líkt og aðrar atvinnugreinar hefur þróast og tekið miklum breytingum síðustu 50-60 árin eftir að vélvæðing hófst fyrir alvöru hér á landi. Fyrst með því að dráttarvélar urðu almennt í eigu bænda og síðan frekari tæknivæðingu jafnt utan dyra sem innan. Þróun húsakostar og bættur aðbúnaður búfjár er ekki síður hluti af þessari þróun en stækkun dráttarvéla og aukins tækjakostar sem sjá má á bæjarhlöðum um landið.**

Þessi þróun hefur leitt til stækkunar búa og ekki síður þess að létta störf bænda líkamlega. Stækkun búanna hefur hins vegar kallað á ný viðfangsefni, ekki síst varðandi umhverfismál. Lífræn ræktun hefur sérstaka stöðu innan landbúnaðar og vottun hennar byggir á reglum sem eru samræmdar innan EES-svæðisins en aðrar reglur geta gilt um hana í öðrum löndum. Þar eru sjálfbærni og dýravelferð í forgrunni. Sameiginlega stendur landbúnaður frammi fyrir þeirri áskorun að framleiða mat handa jarðarbúum sem fer hratt fjölgandi. Þetta þarf að gera með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi sem og að tryggja góða meðferð á búfé og bændum sanngjarnt hlutskipti fyrir vinnu sína.

En vaxandi hlutur landbúnaðar er rekinn með stóru sniði og það hefur vakið upp miklar umræður. Þær eru hins vegar oft á tíðum frekar tilfinningaþrungnar fremur en að fjalla um staðreyndir. Ekki er t.d. alltaf ljóst hver skilin eru á milli þess sem margir nefna fjölskyldubúskap, annars vegar, og stórbúskapar hins vegar. Í íslenskri löggjöf og reglugerðum er talað um þauleldi. Með þauleldi er þar átt við búskap eða bústærð sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Nánar er átt við bú (stöðvar) þar sem fram fer þauleldi alifugla og svína með:

i. 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 fyrir hænur,
ii. 3.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða
iii. 900 stæði fyrir gyltur eða fleiri.

(Lög um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000)

Á Íslandi eru búin almennt ekki svo stór að þau falli undir þetta þótt vissulega séu á því undantekningar. Árið 2015 var t.d. kjúklingaeldi á 28 búum. Alls var slátrað um 5 milljón fuglum samkvæmt tölum Hagstofu Íslands og er þá allt meðtalið. Þetta gera um 178.000 fuglar á bú eða um 18.000 stæði fyrir kjúklinga. Eggjabú voru 13 talsins og samtals um 220 þúsund varphænur í landinu sem gerir 17.000 hænur á bú. Svínaframleiðendur voru 12 en starfsstöðvar voru 21. Alls voru 2.877 gyltur í landinu og slátrað var 80.342 svínum.

Í nágrannalöndum okkar eins og Danmörku, Bretlandi, Hollandi og víðar eru bú almennt mun stærri en hér á landi. Meðalfjöldi svína á búi í Danmörku er t.d um 3.400 dýr. Það liggur nærri að vera sem nemur heildarfjölda gylta á Íslandi. Um 60% af svínum í Danmörku eru á búum með meira en 5.000 svín. Flest kjúklingabú i Danmörku eru með pláss fyrir meira en 25.000 kjúklinga í eldi í senn. Miðað við 34 daga eldi má ætla að um 250.000 fuglar fari í gegnum slíkt bú á ári. Vorið 2012 var gefið út leiðbeiningarit af umhverfis- og matvælaráðuneytinu (Naturstyrelsen) til sveitarfélaga í Danmörku um heildstæða áætlanagerð í landbúnaði. Ritið fjallar um hvernig hægt sé að beita þeim verkfærum sem stjórnsýslan býður upp á til að vinna að skipulagi landbúnaðar. Sérstaklega á að gera grein fyrir stórum búum í aðalskipulagsáætlunum, þ.e. búum sem eru stærri en 500 dýraeiningar. Á mannamáli þýðir það að gera á sérstaklega grein fyrir búum sem eru t.d. með 83.000 hænur (ein dýraeining er 166 hænur) 1,5 milljónir kjúklinga slátraðir á ári (um það bil ársframleiðsla á Íslandi) eða 2.150 gyltur (ein dýraeining er 4,3 gyltur með smágrísum) sem stappar nærri að vera 2/3 af öllum íslenskum gyltum.

Í Svíþjóð eru búin heldur minni en í Danmörku en nokkuð stærri en hér á landi. Að meðaltali eru þar 80 kýr á kúabúum, 70 gyltur á gyltubúum og 2.500 sláturs vín á ári á svínabúum en erlendis er framleiðslunni víðast hvar hagað þannig að sumir bændur sérhæfa sig í smágrísaframleiðslu og aðrir í eldi grísa. Á alifuglabúum eru að meðaltali 23.000 hænur í eggjaframleiðslu og 500.000 kjúklingar slátraðir á ári.

Ein hlið á landbúnaði er notkun plöntuverndarvara, (efnum eða efnablöndum til að hefta vöxt,varna sýkingum eða skemmdum af völdum hvers kyns lífvera illgresiseyðar o.s.frv.) Notkun í kg af virku efni á 1000 ha ræktarlands, á Íslandi nam að meðaltali 40 kg á ári árin 1993–2010. Sambærilega tala fyrir Danmörku er 1,5 tonn, Svíþjóð 680 kg, Noregur 800 kg og Finnland 200 kg.



Í Bandaríkjunum, Kína og víðar um heim má víða sjá sannkölluð verksmiðjubú með tugum þúsunda gripa. Eitthvað sem þekkist alls ekki á Íslandi.



Hér sést aðeins yfir hluta af kínversku kúabúi sem er með um 40 þúsund kýr undir þaki.



Á Íslandi hefur verið mikil umræða um þéttleika alifugla í lausagöngubúum. Hvað skyldu vera margir fuglar á fermetra á þessari mynd sem tekin er í einu af kjúklingabúum KFC erlendis? Mynd /Farm Sanctuary/trehugger.com

### *Stórar einingar hafa líka kosti*

Breska búfjárfræðafélagið (British Society of Animal Science – BSAS) hefur fjallað um stórbúskap á ráðstefnum. Rannsóknir hafa verið gerðar á honum og möguleikum hans til að leggja fram sinn skerf í því að framleiða örugg og holl matvæli á viðráðanlegu verði, sem jafnframt uppfyllir kröfur um sjálfbærni bæði með tilliti til velferðar búfjár og umhverfissjónarmiða.

Margir hafa áhyggjur af því að ekki sé hægt að hugsa vel um dýr innan dyra í stórum hópum. Framkvæmdastjóri Breska búfjárfræðifélagsins segir að rannsóknir hafi sýnt að góð umhirða búfjár sé ekki tengd bústærð. Í reynd eru stórar einingar oft betur í stakk búnar til að tryggja góða umönnun allan sólarhringinn og tryggja greiðara aðgengi að sérfræðingum eins og t.d. dýralæknum. Mikið af þeirri athygli sem stórbúskapur fær byggir á umhverfissjónarmiðum. En hagkvæmni stærðarinnar auðveldar fremur fjárfestingar í tæknibúnaði bæði til að bæta líðan búfjár (loftræstingu og annan aðbúnað) og ekki síður fjárfestingar til að takast á við mengun s.s. meðhöndlun búfjáráburðar þar með talið að nýta gas úr búfjáráburði sem orkugjafa. Þetta breytir auðvitað ekki því að búfjáráburðinn þarf að umgangast og nýta með ábyrgum hætti í samræmi við lög og reglur og nægilegt landrými þarf að vera til staðar. Þetta er alls ekki sjálfgefið í þéttbýlum löndum eins og Hollandi og Danmörku og þarf jafnvel að flytja búfjáráburðinn til annarra landa. Segir framkvæmdastjórinn að lokum að: „Út frá þekkingu okkar í dag er engin ástæða til að útiloka eigi frá matvælaframleiðslu, bú sem eru tæknilega vel út búin og stjórnað af þekkingu.“

Hugtakið verksmiðjubúskapur skýtur æ oftar upp kollinum í umræðu um íslenskan landbúnað, oftast án frekari skilgreiningar á því hvað nákvæmlega er átt við. Undirliggjandi er þó að átt er við allan landbúnað þar sem búfé er alið innan dyra allan líftímann í stöðluðu umhverfi, oft mörg dýr saman í einu rými ekki algilt samt. Með því að fella starfsemina undir þetta hugtak er oft verið að reyna að varpa neikvæðri ímynd á starfsemina, jafnvel gefa til kynna að reglur um meðferð dýranna séu fyrir borð bornar.

Hluti íslensks landbúnaðar er vissulega stundaður í hátæknivæddum rekstrareiningum. Eins og sjá má af umfjölluninni hér að ofan eru íslensk bú í alifugla- og svínarækt langt frá því að jafna megi stærð þeirra við bú í nágrannalöndum okkar sem eru stórútflytjendur á búvörum. Með þessum málflutningi er hins vegar verið grafa undan þessum þætti íslensks landbúnaðar með því að líkja honum við það sem lengst er gengið í þessum efnum, er beinlínis verið að stuðla að því að færa þessa framleiðslu úr landi til búa í nálægum löndum, sem eru enn stærri en íslensku búin. Íslenskur búskapur hvorki í þessum búgreinum eða öðrum á neitt skylt við hugtakið verksmiðjubúskap.

### *Verksmiðjubúskapur er ekki stundaður á Íslandi*

Landbúnaður lýtur ákveðinni lagaumgjörð varðandi fjölmarga þætti s.s. velferð búfjár, umhverfismál, skipulagsmál o.s.frv. Markmið löggjafarinnar eru margvísleg en undirliggjandi er að landbúnaður sé stundaður með siðlegum hætti í sátt við umhverfið. Íslensk löggjöf um landbúnað er byggð á Evrópulöggjöf varðandi flesta þætti. Í sumum tilfellum er jafnvel gengið lengra í kröfum til framleiðsluhátta.

Hér að framan hefur stærð íslenskra búa verið sett í samhengi við landbúnað í nálægum löndum sem stunda útflutning á búvörum. Sanngjarnt er að kafa aðeins dýpra ofan í uppruna hugtaksins verksmiðjubúskapar og setja það í samhengi við framleiðsluhætti í landbúnaði hér á landi og reglur um aðbúnað og umhirðu búfjár.

Fyrst og fremst á landbúnaður á ekkert skylt við verksmiðjuframleiðslu. Í verksmiðjum er ekki fengist við lifandi verur. Þar er hægt að slökkva ljósin, setja í lás og labba út án þess að valda neinu nema þá í mesta lagi fjárhagslegum skaða. Ef loka á fyrirtæki í búfjárrækt tekur það marga daga eða vikur.

Verksmiðjubúskapur er íslenska þýðingin á enska hugtakinu „factory farming“. Hugtakið kemur frá Bandaríkjunum og verður að segjast að íslenskur landbúnaður er langt frá því að líkjast bandarískum verksmiðjubúskap. Fyrir utan mun á bústærð er t.d. engar kröfur að finna um lágmarks stærð á stíum fyrir gyltur með grísi í Bandaríkjunum né takmarkanir á sýklalyfjanotkun.

### *Hvað er fjölskyldubú?*

Íslenskir bændur sjá almennt um alla þætti framleiðslunnar, eiga sjálfir búin og bústofninn í flestum tilfellum. Eignarform getur verið mismunandi og einkahlutafélagsformið ryður sér í vaxandi mæli til rúms til að skilja að fjárhag fjölskyldu og bús. Erlendis er oft meiri verkaskipting milli búa eða verktakastarfsemi af ýmsu tagi. Einnig er þar mun algengara að stór fyrirtæki eigi búreksturinn og séu með ráðna stjórnendur sem annast búreksturinn. Nær undantekningalaust eru eigendur búa hér jafnframt stjórnendur þeirra. Oft er búseta fjölskyldunnar sem stundar reksturinn á sömu jörð og búið. Stundum hagar þó þannig til að bændur hafa búsetu t.d. í næsta þéttbýli eða nærliggjandi jörð þegar íbúðarhús er ekki til staðar á bújörðinni. Garðyrkja er einnig dæmi um starfsemi sem byggist upp í kringum jarðhitasvæði og þá eru gróðurhúsin ekkert endilega á sama stað og híbýli eigenda.


Bú sem byggja að einhverju leyti á aðkeyptu vinnuafli eða samstarfi margra fjölskyldna hafa meiri möguleika til að takast á við áföll t.d. veikindi eða dauðsföll. Auðveldara verður að tryggja hnökralausa umhirðu búfjárins eftir því sem aðgengi að starfsfólki er greiðara. Fjölskyldubúið svokallaða hefur líka sína kosti og búin verða vissulega fleiri því minni sem þau eru en möguleikinn til að geta haft aðkeypt vinnuafl eða samstarf við fleiri um reksturinn, býður líka upp á sveigjanleika eins og að fara í sumarfrí og takast á við áföll sem sjaldnast gera boð á undan sér.

### *Lokaorð*

Hvað sem líður löggjöf og eftirliti þá er meðferð og aðbúnaður dýra fyrst og síðast á ábyrgð bænda sjálfra. Nálægð íslensks landbúnaðar við neytendur ætti einmitt að fela í sér tækifæri fyrir íslenskan landbúnað. Enn er það svo t.d. að stór hluti þéttbýlisbúa hefur tengsl við sveit með einum eða öðrum hætti eða heldur jafnvel sjálfur dýr eins og hross eða hænur sér til gamans. Bændur bjóða líka neytendum heim t.d. í gegnum verkefnið opinn landbúnað og ferðaþjónustuaðilar tengja starfsemi sína víða við búskap, bjóða gestum að fylgjast með bústörfum, koma í réttir o.s.frv. Íslenskur landbúnaður hefur margt fram að færa og hann er fjölbreyttur rétt eins og fólkið sem stundar hann.

http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/landb_land_skipulagsaaetlunum_sj_2011.pdf
http://www.nfuonline.com/archived--content/more-news/the-role-of-large-scale--agriculture/
http://www.lrf.se/om-lrf/organisation/branschavdelningar/lrf-kott/grisnaringen/mal-gris/

















## Skilyrði fyrir stuðningsgreiðslum árið 2017 í sauðfjár- og nautgriparækt

Matvælastofnun vekur athygli framleiðenda í sauðfjár- og nautgriparækt sem eru ekki þátttakendur í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands en hyggjast hefja þátttöku frá og með 1. janúar 2017, að sækja þarf um þátttöku til þess að uppfylla skilyrði um stuðningsgreiðslur verðlagsárið 2017. Matvælastofnun skal fresta stuðningsgreiðslum ef tilkynningu um þátttöku í skýrsluhaldi er ekki skilað á tilsettum tíma.

Tilkynna þarf um þátttöku í afurðaskýrsluhaldi vegna ársins 2017 í þjónustugátt Matvælastofnunar, sem er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar www.mast.is, eigi síðar en 27. desember næstkomandi.



Samstarfsaðilar á fyrsta fundi verkefnisins. Ásdís er þriðja frá vinstri og Guðrún Stella fjórða frá vinstri. Anna Lea Gestsdóttir frá Byggðastofnun er önnur frá vinstri.

Tækifæri fyrir konur í dreifbýli:

# Fræðsla fyrir frumkvöðlakonur

**Aðalmarkmið Free-verkefnisins (Female Rural Enterprise Empowerment) sem hlotið hefur styrk úr Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins, er að aðstoða frumkvöðlakonur á landsbyggðinni til að koma hugmyndum sínum og fyrirtækjum á framfæri með fræðslu og hvatningu auk þess að efla tengslanet þeirra.**

Markhópur verkefnisins eru frumkvöðlakonur sem hafa nú þegar viðskiptahugmynd sem þær vilja hrinda í framkvæmd eða hafa nýlega stofnað fyrirtæki. Sjónum er einkum beint að landsvæðum sem hafa glímt við fábreytni í atvinnulífi og búið við neikvæða byggðaþróun og mun fræðslan á Íslandi verða í boði á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi.

Vinnumálastofnun stýrir verkefninu hér á landi en auk þess er Byggðastofnun samstarfsaðili en aðrir samstarfsaðilar koma frá Bretlandi, Króatíu, Litháen og Búlgaríu.

### *Nám og þjálfun á netinu*

Mikilvægur hluti verkefnisins snýst um að bjóða upp á nám/þjálfun á netinu þar sem áherslan er lögð á færni sem tengist fyrirtækjarekstri, en auk þess verður boðið upp á þjálfunarhringi á netinu sem byggja á hugmyndafræði sem samstarfsaðilinn Inova á Bretlandi hefur þróað á síðustu árum. Notast er við aðferðir aðgerðarnáms við lausn vandamála og unnið með markmiðasetningu og sjálfsskoðun í því skyni að efla persónulega hæfni. Nú er verið að leggja síðustu hönd á námsefnið og er miðað við að fræðslan hefjist í janúar á næsta ári.

### *Tengslanet*

Tengslanet frumkvöðlakvenna verða sett upp á þessum þremur svæðum og munu sjálfboðaliðar stýra þeim. Gert er ráð fyrir því að tengslanetið



Tengslanetsnámskeið í Sheffield. Bryndís er fyrsta frá vinstri í fremstu röð, Anna Katrín önnur frá vinstri í aftari röð og Lilja önnur frá hægri í aftari röð. Anna Lea Gestdóttir er fyrsta frá hægri í aftari röð.



Skoðunarferð í litla ostagerð á bændabýli í Peak District, Sheffield.

starfi í 10 mánuði að lágmarki á tilraunatímabilinu og að a.m.k. sex fundir verði haldnir á tímabilinu. Þróun og efnistök hvers tengslanets er í höndum leiðtoganna sjálfra og netsins sem myndað verður og mun dagskrá tengslanetsfundanna taka mið af áhugasviði þátttakenda. Einnig verður leitað eftir samstarfi við þau tengslanet sem nú þegar eru starfandi á svæðunum.

### *Fræðsla fyrir tengslanetsleiðtoga*

Dagana 26.–30. september síðastliðinn var haldin fræðsla í Sheffield fyrir tengslanetsráðgjafa allra samstarfsaðila. Frá Íslandi komu þær Bryndís Sigurðardóttir, Ísafirði, Lilja Gunnlaugsdóttir, Sauðárkróki og Anna Katrín Svavarsdóttir, Egilsstöðum en þær munu stýra tengslanetum á sínum svæðum.

Á námskeiðinu fengu leiðtogarnir fræðslu um tengslanet sem sett hafa verið upp í dreifðum byggðum á Bretlandi, fræðslu um þjálfun og kennslu (coaching and mentoring) en auk þess var farið í fyrirtækjaheimsóknir í Peak District héraðið þar sem fyrirtæki kvenna á svæðinu voru heimsótt. Einnig fengu leiðtogarnir tækifæri til að kynnast og mynda tengsl sín á milli en skemmtilegur andi myndaðist milli þeirra níu leiðtoga sem sóttu fræðsluna.

### *Tengslanet mikilvæg*

Við spurðum tengslanetsleiðtogana hvernig til hefði tekist með fræðsluna og hvaða væntingar þær hafi til tengslanetanna en nú þegar hafa fundir verið haldnir á Austurlandi og á Norðurlandi vestra.

Lilja: „Námskeiðið úti var virkilega lærdómsríkt og opnaði augu mín enn fremur fyrir því hve mikilvægt það er að eiga gott tengslanet fólks í sömu sporum og maður sjálfur. Með því að nýta styrk hver annars og þekkingu kemur út sterk heild sem allir græða á.

Ég vonast til að tengslanetið á mínu svæði styrki þá sem eru fyrir með fyrirtækjarekstur og gefi þeim sem eru í startholunum eða með hugmynd kjark til að taka stökkið og framkvæma, sem bætir atvinnulíf og þar af leiðandi mannlífið á svæðinu.

Fyrsti fundurinn var haldinn á Sauðárkróki og á hann mættu sex konur. Á honum var rætt um umsóknarferli uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra og um framhaldið og hvað konur hefðu áhuga á að fræðast um.

Bryndís: „Það er grundvallaratriði í atvinnurekstri að hafa gott tengslanet, bæði til að koma vöru eða þjónustu á framfæri og til að draga að sér þekkingu og reynslu annarra. Sérstaklega er mikilvægt fyrir einyrkja að hafa gott tengslanet, til að sækja sér félagsskap og til að deila reynslusögum. Öll ferðalög hefjast á fyrsta skrefinu og flestur rekstur hefst á frumkvöðlinum eða einyrkjanum og þar sé ég tækifæri fyrir þetta nýja tengslanet, til að styðja og styrkja konur sem eru að taka sín fyrstu skref í rekstri.“

Anna Katrín: „Mér fannst afar fróðlegt og skemmtilegt að kynnast konum í atvinnurekstri frá öðrum löndum, finna út hvað var líkt og ólíkt. Ég sé fyrir mér að tengslanet kvenna í atvinnurekstri hér fyrir austan verði vettvangur kvenna til fræðslu, stuðnings, nýrra tækifæra og tengslamyndunar.

Hér var fyrsti fyrsti fundurinn haldinn á Egilsstöðum og gekk hann virkilega vel. Á hann mættu 15 konur, þar af fimm sem tóku þátt á netinu. Á fundinum sagði ég stuttlega frá Free-verkefninu en síðan kom Lára Vilbergsdóttir frá Austurbrú til að ræða um uppbyggingarsjóðinn en opið er fyrir umsóknir í sjóðinn um þessar mundir. Að lokum var rætt um framhald netsins og hvaða fræðslu þátttakendur hafa áhuga á.“

Allar nánari upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu þess, www.ruralwomeninbusiness.eu, en einnig má slá á þráðinn til Ásdísar Guðmundsdóttur verkefnastjóra eða Guðrúnar Stellu, forstöðukonu Vinnumálastofnunar á Vestfjörðum, í síma 515-4800.

***Nánari upplýsingar um tengslanetin:***

***Vestfirðir***
*Bryndís Sigurðardóttir*
*– bs@bb.is*

***Norðurland vestra***
*Lilja Gunnlaugsdóttir*
*skrautmen@gmail.com*

***Austurland***
*Anna Katrín Svavarsdóttir*
*anna.katrin.85@gmail.com*



MENNING & LISTIR

# Væri ég fuglinn frjáls – fyrstu skrefin í fuglaskoðun

**Fuglavernd gefur út bókina: Væri ég fuglinn frjáls - fyrstu skrefin í fuglaskoðun.**

Fuglavernd hefur gefið út fræðslurit um fuglaskoðun sem ber heitið: Væri ég fuglinn frjáls – fyrstu skrefin í fuglaskoðun.

Bókin er skrifað fyrir 4.-5. bekkinga, en höfðar þó til allra sem eru að stíga sín fyrstu skref í þessu skemmtilega og fræðandi áhugamáli, jafnt heima sem í skóla. Á kápusíðum bókarinnar eru myndir af algengustu fuglum á Íslandi. Þeim er skipt niður í sex flokka eftir búsvæðum,




skyldleika og lífsháttum: sjófuglar, vaðfuglar, máffuglar, landfuglar, vatnafuglar og spörfuglar. Þessi flokkun gerir ungum og áhugasömum fuglaskoðurum kleift að greina flesta þá fugla sem þeir sjá á förnum vegi.

Í bókinni er að finna verkefni eftir árstíðum t.d. að fylgjast með farfuglum á vorin því koma farfuglanna er stór hluti vorkomunnar. Þá er fjallað um hvað þarf til fuglaskoðunar, hvert er hægt að fara, fóðrun fugla til að laða þá að görðum og fuglavernd.

Höfundur er Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur sem jafnframt tók ljósmyndir í bókina.


Heyrðu nú!

Heyrnarhlífar með útvarpi og bluetooth tengingu við síma.

Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.




DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

Gólf - Einstök hönnun
léttari - sterkari -
hreinsa sig betur - hálkuvörn
Þolir 4000kg öxulþunga




Gleðileg jól og farsælt nýtt ár
Þökkum viðskiðtin á árinu sem er að líða

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020
gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurlandi: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

OLYMPIA
MERINO ULLARNÆRFÖT
Mjúk og hlý nærföt í störf og leik

Merino ullarbuxur
kr. 6.490
Merino ullarbolur
kr. 6.990




100% merino ull allar stærðir


Bushnell HANDSJÓNAUKAR
frá Bushnell mikið úrval



FRÍ HEIMSENDING Á ÖLLUM VÖRUM FRAM AÐ JÓLUM

Vesturröst www.vesturrost.is
Sérverslun veiðimannsins - Laugarveg 178 - Sími: 551 6770 -www.vesturrost.is

Vogue
fyrir heimilið
bíður uppá alhliðalausn fyrir hótelherbergið eða gistiheimilið.



Vogue FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

# Spunnið í öllum regnbogans litum

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is

**Í Svartdal í Þelamörk í Noregi stofnaði frumkvöðullinn Bjørg Minnesjord Solheim, litlu spunaverksmiðuna sína, Telespinn, fyrir átta árum. Sjálf átti hún þá og á enn mohair-geitur og langaði til að geta fullunnið ullina á hlaðinu hjá sér.**

Enginn aðili í Norður-Evrópu gat unnið úr mohair-þráðunum svo úr varð að Bjørg fann kanadíska framleiðendur, Belfast Mini Mills, sem höfðu vélarnar sem hún þurfti til að geta unnið úr ullinni.

Í dag er Telespinn hlutafélag þar sem hluthafar eru að mestu mohairbændur og aðrir sem eru uppteknir af menningarlandslagi. Nú eru þrír starfsmenn sem hafa atvinnu af spunaverksmiðjunni.

„Þetta byrjaði eingöngu með geitaull en síðan fór fólk að hringja með alls kyns fyrirspurnir, sauðfjárbændur og alpakka-bændur urðu fljótt áhugasamir um starfsemina. Nú er það þannig að bændur víðs vegar í Noregi eru í viðskiptum við okkur og það kom í raun fljótt í ljós að það er sannarlega grundvöllur fyrir því starfi sem við erum að gera,“ útskýrir Bjørg sem segir jafnframt að fleiri litlar spunaverksmiðjur hafi verið settar upp í Noregi eftir að hún byrjaði með Telespinn.



Bjørg Minnesjord Solheim stofnaði spunaverksmiðjuna Telespinn árið 2008 sem hefur vaxið jafnt og þétt frá opnun. Myndir / Erla Hjördís Gunnarsdóttir

### *Flétta saman við menningarlandslagið*

Fram til haustsins 2011 var vélbúnaður og spunastarfsemin staðsett í geitafjósinu hjá Bjørg en árið 2012 var opnuð ný og nútímaleg spunaverksmiðja á bænum.

„Þetta varð bylting fyrir okkur að komast í nýtt húsnæði. Hér áður fyrr, áður en ég stofnaði Telespinn, þurfti ég að senda ullina mína til Danmerkur sem þaðan var send til Suður-Afríku í hreinsun svo þegar garnið kom til baka til mín var það ekki beinlínis umhverfisvænt. Þess vegna snýst þetta mikið til um hjá mér að vinna þráðinn eins og við hugsum um menningarlandslagið hér í Svartdal, með umhverfisvernd að leiðarljósi. Með því að opna verksmiðjuna í nýju húsnæði gátum við aukið framleiðsluna og opnað eigin garnbúð í sama húsnæði og geiturnar fengu til baka fjósið sitt að fullu!“ segir Bjørg og hlær við en hún flutti á sveitabæinn í Svartdal árið 2002 frá Osló.

„Þetta var ansi harður skóli til að byrja með en ég fékk einungis einn dag í kennslustund á tækin í Kanada áður en ákvörðunin var tekin um að kaupa þau en síðan dvöldu aðilar frá verksmiðjunni hér í eina viku til að kenna mér enn frekar. Nú spinnum við allt sem hægt er að spinna, til dæmis angóru-, moskus- og hundahársþræði.“

### *Ullarþræðir og kvennasagan*

Sjálf er Bjørg með 26 mohair-geitur á bænum hjá sér og klippir þær tvisvar sinnum á ári. Hráefnið sem úr því kemur getur verið mismunandi, allt frá tvö og upp í sex kíló af ull á hverja geit.

„Ég myndi segja að þessi starfsemi eigi einkar vel við úti á landi því rafmagnskostnaðurinn er ekki mikill við framleiðsluna. Hér í Noregi hefur verið mikil umræða undanfarin ár um norska ull og meðhöndlun á henni. Öll norsk ull hefur verið send í gegnum England og er ekki eins mjúk og alpakka og merino en er að verða vinsælli aftur. Litið var á ull gamla norska stofnsins, norsk spelsau, nánast sem úrgang hér áður fyrr, en það er eitt af því sem við höfum mikla ánægju af að vinna með hér á bænum, það er, þessir gömlu stofnar, sem verður að viðhalda og



Bjørg sér ekki eftir því að hafa flutt frá Osló í sveitina fyrir hartnær 15 árum þar sem starf geitabóndans spannst yfir í allt aðra og stærri hluti. Skemmtilegt er frá því að segja að Bjørg hefur spunnið fyrir nokkra íslenska bændur.




Þegar blaðamann Bændablaðsins bar að garði komu viðskiptavinir til Telespinn með ull af alpakka-fé og höfðu keyrt langa leið til spunaverksmiðjunnar. Spunnið er alla virka daga í verksmiðjunni á bilinu 3-5 þúsund kíló af alls kyns ull árlega.





Sýnishorn innan úr verksmiðjunni en tækjabúnaðurinn kemur frá Kanada. Hér bíður lituð ull í pokum eftir að komast í spunavélarnar.



Ullin er af ýmsum gerðum sem spunnin er hjá Telespinn, hér má sjá girnilega húfu og sokka prjónaða úr hundahári.



Sýnishorn innan úr garnversluninni í spunaverksmiðjunni þar sem litaúrvalið er skemmtilega fjölbreytt.



**Fram til ársins 2012 var spunaverksmiðjan í geitafjósinu en fyrir fjórum árum opnaði starfsemin í nýju og nútímalegu húsnæði sem Bjørg segir hafa verið algjöra byltingu.**

kenna komandi kynslóðum," útskýrir Bjørg og segir jafnframt:

„Ég og mitt starfsfólk þurftum til dæmis að læra allt um mohair-þræði því kunnáttan um þessa tegund ullar glataðist nánast eftir seinni heimsstyrjöldina. Þetta er hluti af kvennasögunni því þetta var kunnátta sem gekk frá móður til dóttur og hélst þannig lifandi kynslóð eftir kynslóð."

### *Lifandi garn í mörgum litum*

Öll framleiðslan fer fram á bænum og eru engin skaðleg efni notuð í spunaverksmiðjunni. Markmiðið hjá Bjørg er jú að framleiða umhverfisvæna og staðbundna vöru.

„Í staðinn fyrir að nota sterk efni við framleiðsluna er þetta viðkvæmt vélrænt ferli sem krefst meiri vinnu og tekur lengri tíma en gefur okkur á móti lifandi garn með náttúrulegum tilbrigðum. Við erum með um 45 mismunandi liti og það er alltaf áskorun og skemmtilegt að vinna með litina," segir Bjørg sem er hjúkrunarfræðingur í grunninn en lauk nýlega námi í hugmyndasagnfræði með áherslu á hefðir.

„Ég er alin upp við miklar vefnaðarvöruhefðir svo ég á svo sem ekki langt að sækja áhugann. Ég er mjög upptekin af umhverfinu og að við hugsum vel um umhverfið. Eftir að ég opnaði spunaverksmiðjuna hefur verið töluverð eftirspurn eftir því að ég haldi fyrirlestra hjá handverksfélögum og kvenfélögum til að fræða um ull og framleiðsluna. Það er mjög gefandi og skemmtileg viðbót við starfsemina," segir Bjørg.








www.n1.is facebook.com/enneinn




# Vertu klár í kuldann!



**K2 Kuldagalli**
Vnr. 9616 K2 2009
Vatteraður með cordura efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum. Hettu má renna af.
Stærðir: XS-5XL
Litir: gulur/appelsínugulur



**K2 Kuldabuxur með smekk**
Vnr. 9616 K2 BX6023
Kuldabuxur með smekk og axlaböndum Vatteraðar.
Stærðir: XS-5XL
Litur: gulur/appelsínugulur



**K2 Kuldajakki**
Vnr. 9616 K2 2005
Kuldajakki, vatteraður með hettu sem hægt er að smella af.
Stærðir: S-4XL
Litur: gulur/appelsínugulur



**Kuldagalli**
Vnr. 9616 K2 2001
Vatteraður með cordura efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum. Hettu má renna af.
Stærðir: XS-5XL
Litur: grár/svartur



**K2 Kuldabuxur**
Vnr. 9616 K2 2006K
K2 Kuldabuxur með smekk og axlaböndum. Vatteraðar.
Stærðir: S-4XL
Litur: grár/svartur



**K2 Kuldajakki**
Vnr. 9616 K2 2005
K2 Kuldajakki, vatteraður með hettu sem hægt er að smella af.
Stærðir: S-4XL
Litur: grár/svartur



**Lambhúshetta**
Vnr. A421 2
Lambhúshetta úr flísefni, fóðruð með bómull. Ein stærð.



**SHOWA hanskar thermo grip**
Vnr. A414 691777*
Showa hanskar, latexdýfður, fóðraður vetrarhanski.



**Vinnuvettlingar**
Vnr. A108 VV101
Prjónaðir vinnuvettlingar, þykkir. Ull/nylon.

**Verslanir N1 um land allt**
**Akureyri** s. 440 1420 • **Grindavík** s. 426 8290 • **Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574
**Klettagarðar** s. 440 1330 • **Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Blönduós** s. 467 1010
**Reyðarfjörður** s. 474 1293 • **Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127 • **Húsavík** s. 440 1448

Hluti af vetrarverkunum N1






Bændablaðið
Kemur næst út
12. janúar 2017



Ingebjørg Helkås á Reykjum (Suður-Reykjum í Mosfellssveit) haustið 1958. Hún situr hest Jóns M. Guðmundssonar, Kirkjubæjar-Blesa, og er með í taumi Glámu, fyrsta hestinn sem hún keypti. Gláma var langt frá því að vera gæðingur og var ekki lengi í eigu Ingibjargar.

## Ingebjørg Helkås var fyrst til þess að flytja íslenska hesta til Noregs á seinni tímum:

# Brautryðjandi í búskap með íslenska hesta í Noregi

**Ingebjørg Helkås Vaa fæddist í Noregi 14. júlí 1933, yngst fimm systkina. Hún var mikill Íslandsvinur og hestakona og átti hér fjölmarga vini og kunningja, ekki síst meðal hestafólks.**

Foreldrar hennar voru Knut Helkås, fæddur og uppalinn á Hørte í Sauheradsveit, og Hilda Wærstad, fædd og uppalin í sveitinni Helgja, einnig nefnd Helgen, í Telemark. Knut var bóndi en Hilda tók kennarapróf og kenndi lengi í barnaskólanum í Helgja.

Þau hjón keyptu bæinn Storebø í Helgja árið 1928 og þar ólst Ingebjørg upp með systrum sínum, Aslaugu og Signe, en tvö systkina hennar létust í æsku. Á Storebø voru brúkunarhestar og Ingebjørg hóf ung að fást við aktygi og hesta og taka í tauma við hin ýmsu verk á bænum. Það var ýmist við heyskap eða þreskingu korns og tilheyrandi verk, ásamt flutningum aðfanga heim og heiman og stöku fólksflutningum. Svo skrapp hún ein í reiðtúr á sunnudögum ef færi gafst, í gömlum lánshnakki eða bara berbakt. Neistinn var vakinn.

Ingebjørg flutti í heimavist í Bø í Telemark þar sem hún lauk gagnfræðaprófi. Síðar gekk hún í Valle hagebruksskole í Lena og vann nokkur ár á Dømmesmoen við Grimstad.

Ingebjørg lést á Sjukheimen í Vinje, Telemark, hinn 22. september 2016. Þar höfðu þau hjón, hún og Jon Vaa, dvalið nokkur ár eftir að heilsan brást. Árið 1974 fæddist einkadóttir þeirra sem hlaut nafn móðurömmu sinnar, Hilda.

### *Var fyrst til þess að flytja íslenska hesta til Noregs á seinni tímum*

Ingebjørg Helkås var, eins og fyrr segir, mikill Íslandsvinur og hestakona og átti hér fjölmarga vini og kunningja, ekki síst meðal hestafólks. Hún varð fyrst til þess að flytja íslenska hesta til Noregs á seinni tímum, og eru til af því skemmtilegar sögur í norskum blöðum og tímaritum.



Hryssur Ingibjargar komnar „heim“ til Storebø í Helgja 1959. Trinsa til vinstri, Skjóna til hægri.

Áhugi hennar á Íslandi var vakinn þegar hún var í barnaskóla, eins og hún segir sjálf frá:

„Ég var ekki neinn afburðanemandi sem barn. En ein mynd, úr Landafræði barnaskóla eftir Horn, sat í mér. Hún var af íslenskum hestum á opnu svæði með eldfjallið Heklu í baksýn. Kannski tekin á Kirkjubæ í Rangárvallasýslu?“

Vera má að þessi mynd hafi markað upphafið að hestadellu Ingebjargar og Íslandsdraumi. Hún kom hingað til lands í fyrsta sinn 1952 nítján ára gömul; þá sem sjálfboðaliði í skógræktarvinnu. Hún komst á hestbak og þar með varð ekki aftur snúið.

Árið 1958 kom hún aftur og vann nokkra mánuði í garðyrkjunni hjá Ásgeiri Bjarnasyni og Titiu Bjarnason, konu hans, á Suður-Reykjum 2 í Mosfellssveit. Síðar flutti hún sig um set á lóðinni og hóf störf hjá frænda Ásgeirs að Suður-Reykjum 1, Jóni M. Guðmundssyni, og konu hans, Málfríði Bjarnadóttur. Þar var meiri möguleiki á að sinna aðaláhugamálinu; hestamennsku. Hún vann sem fjósamaður og hænsnahirðir þann vetur ásamt dönsku vinnufólki, sem urðu góðir vinir hennar.



Á tröppunum að Kåsa

### *Keypti tvær skjóttar hryssur*

Ingebjørg keypti 2 skjóttar hryssur, Skjónu frá Hofsstöðum og Skjónu frá Valdastöðum í Kjós – sem hún gaf nafnið Trinsa. Hjónin á Blikastöðum, Helga og Sigsteinn, veittu hryssunum ókeypis vist hjá stóðhesti og þær voru báðar fylfullar þegar Ingebjørg áformaði að flytja þær á skipi til Noregs.

Erfiðlega tókst henni þó að fá pláss fyrir hrossin. Það var ekki fyrr en nafna hennar og velgjörðarkona, Ingibjörg Pétursdóttir, móðir Jóns á Reykjum, klæddi sig upp á íslenskan búning, eins og hún var vön þegar hún fór í kaupstaðinn, mætti hjá skipafyrirtækinu og lét sig ekki fyrr en samningar höfðu tekist. Eða eins og Ingebjørg segir í viðtali:

Það var eiginlega ómögulegt að koma þeim [hestunum] heim. Ekkert flug var og engin skip vildu taka hesta til flutnings, nema til Þýskalands. Að lokum tókst gamla frúin á bænum á hendur ferðalag til skipafyrirtækisins í Reykjavík og þar sat hún þar til þeir lofuðu að taka hestana mína með. Hún var ákveðin kona. Þannig komu fyrstu íslensku hestarnir til Noregs eftir stríð, árið 1959.

### *Með Heklunni til Noregs*

Strandferðaskipið Hekla lagði af stað 13. júní með fylfullar hryssurnar um borð ásamt eigandanum; Ingebjørg Helkås. 55 árum síðar eru rúmlega 10.000 íslenskir hestar í Noregi og umfangsmikil starfsemi kringum þá; hestamannafélög um allt landið, ræktun, tamningar og mót.

Hekla kom að landi í Bergen. Þar voru gerðar kröfur um tollgreiðslur og sóttkví. Hestarnir voru því fluttir á bát til Stavanger og voru í sóttkví á prestssetrinu Sola, en þar átti Ingibjørg ættingja. Hún fékk gistingu og vinnu hjá ráðsmanninum á meðan hún beið. Þegar dýralæknar gáfu grænt ljós reið hún einsömul



**Brugðið á leik við Nome-vatn í Eidsbygda 1969; Ambjörg, systurdóttir Ingibjargar, á Glettu undan Skjónu, Helga Jónsdóttir og Sigríður Jóhannsdóttir tvímenna á Brúnku.** Mynd / Roald Haraldsen

alla leið heim um heiðar og dali til Storebø í Helgja. Ferðin tók 14 daga og var söguleg á allan hátt. Hestarnir og hún vöktu mikla athygli hvar sem hún kom, því skjóttir hestar voru ekki algeng sjón í Noregi á þeim tíma. Hún mætti m.a. mæðginum á götu, og gall í stráknum:

„Sjáðu mamma þarna er kellíng ríðandi á kú!“

Þegar hún kom í hlað heima á Storebø voru liðnir 2 mánuðir frá því hún og hestarnir stigu á land í Bergen. Í dag er ekkert vandamál að flytja hesta til Noregs, engir tollar og engin sóttkví.

Hryssurnar köstuðu báðar hryssum. Ingibjörg vann á ýmsum stöðum og alltaf fékk hún að hafa hestana með. En það var eitt vandamál; nálægasti íslenski stóðhestur var í Þýskalandi. „Jón á Reykjum gaf mér ársgamlan stóðhest og frú Ingibjörg heimsótti skipaútgerðina í annað sinn. Nú sagðist hún lofa því að koma aldrei aftur, ef þeir lofuðu að taka þennan hest með til Noregs. Það gekk eftir, en flutningskostnaður var ekki lítill, og enn var krafist sóttkvíar.“ Svo segist Ingebjørgu frá í minningablöðum sínum.

Síðan þá hefur Ingebjørg Helkås Vaa átt íslenska hesta; keppt á þeim og notað þá til reiðar og undaneldis, en ekki síður til dráttar og landbúnaðarvinnu. Ingebjørg var eins lengi og heilsan leyfði á fullu í hestamennskunni og mætti á öll mót sem hún hafði tök á að sækja, var ýmist dómari eða keppandi og vann þá oft til verðlauna. Meðal annars vann hún þrívegis til verðlauna á Glettu sinni í skeiði og fékk í öll skiptin forláta svipu sem gefin var af íslenska landbúnaðarráðuneytinu.

### *Keppti í Norgesmesterskap 77 ára*

Hún var 77 ára þegar hún keppti á hesti sínum Salka í Norgesmesterskap i bruksheistridning og -kjöring árið 2010 í Hove rétt hjá Arendal, og var elsti keppandinn.

### *Ein af stofnfélögum Norsk Islandshestforening*

Ingebjørg var brautryðjandi og ein af stofnfélögum Norsk Islandshestforening árið 1970. Hún hefur skrifað greinargott yfirlit um innflutning hesta frá Íslandi til Noregs fyrstu áratugina eftir að hún kom heim með sína hesta. Hún vildi hafa allar staðreyndir á hreinu og færði m.a. ættbók um íslenska hesta í meira en 30 ár. Í bréfi segist hún vakna snemma á morgnana til að sinna ættbókarfærslum áður en hún fer í fjósið – það var hennar prívat tími. Ingebjørg var heiðursfélagi í Norsk Islandshestforening og Telemark hesteavlslag – og kölluð upp á norsku „mor islandshest“ (sbr. heftið „På tur med islandshest“). Hún hafði það að markmiði að stuðla að ræktun og varðveislu eldri kynja húsdýra. Hún hafði óbilandi áhuga á varðveislu kúastofnsins Telemarkskyri, og er sú barátta hennar skjalfest. Hún vildi einnig sýna og sanna að íslenskir hestar væru ekki síðri brúkunarhestar en norskir – og að auki væru þeir prýðis reiðhestar; betri en þeir norsku. Henni tókst þetta.

### *Með sex Telemarkskýr og íslenska hesta*

Á sjöunda áratugnum tók Ingebjørg við ráðsmennsku á litlu býli í Eidsbygda við Ulefoss, Kåsa. Eigendur bjuggu í bænum Skien, ráku þar gosdrykkjaverksmiðjuna Trio og notuðu Kåsa sem sumarhús, en býlið hafði verið eign fjölskyldu þeirra.

Þarna fékk Ingebjørg tækifæri til að vera bóndi í níu ár, með sex Telemarkskýr og íslenska hesta. Hún notaði hestana við dagleg störf; plægja akra, hirða hey, draga kerrur og hvað eina annað sem til féll. Einnig var skroppið ríðandi í búðina að sækja vistir og aðrar nauðsynjar; um 20 km leið, eða bara í venjulegan útreiðartúr. Hún var reyndar með dráttarvél líka, en notaði hestana frekar.

### *Fékk til sín íslenska hjálparkonu á sumrin*

Meðan hún var á Kåsa fékk hún til sín íslenska hjálparkonu á sumrin, og var undirrituð ein af þeim árið 1969, á fimmtánda ári. Við vorum bara tvær í heimili – nema um helgar þegar fjölskyldan frá Skien kom til dvalar.

Ingebjørg var að eðlisfari afskaplega nægjusöm manneskja að öllu leyti og praktísk. Hún eldaði einu sinni í viku og síðan var sami maturinn alla vikuna. Hún bakaði allt brauð, mikið hollustubrauð með alls konar kornum, og var ekki að bruðla mikið með aðkeypt álegg annað en ost. Hana dreymdi um að búa til skyr – en það lukkaðist einhvern veginn ekki, þrátt fyrir margar tilraunir.

Þveginn var stórþvottur í suðupotti einu sinni í mánuði og þvotturinn fluttur drjúga leið að Nome-ánni til skolunar. Hún fékk enga utanaðkomandi hjálp nema ef til vill til að laga vélar. Mjólkað var í höndum og engin sjálfvirkni eða verksmiðjubúskapur þar á ferðinni. Ekki var mikið verið að fara í bað og ekki var þarna vatnsklósett, heldur útikamar með dagblöðum til lestrar og þerrunar.

Gott samband var við alla nágranna, enda Ingebjørg rækileg, hjálpsöm og heiðarleg og aldrei neitt vesen. Hún var auk þess mannasættir. Svo hafði hún gaman af að syngja og dansa; spjalla og spekúlera.

Þarna lærðum við unglingsstelpurnar ótrúlega mikið – um leið og við vorum hjálparhönd við búskapinn. Við lærðum að mjólka, keyra traktor, bakka með kerru, hirða hey upp á norsku, kalla á kýrnar, girða, róa báti; við lærðum á nýjar plöntur og tré; við kynntumst góðu fólki og síðast en ekki síst lærðum við norsku. Frá fyrsta degi talaði Ingebjørg norsku og það



**Ingebjørg með Fagurkoll undan Venus frá Reykjum í Seljord 1973.**



**Ingebjørg sýnir Fagurkoll undan Venus frá Reykjum í Seljord 1977.**




**Ingebjørg, Jon Vaa og Hilda heima á Vehus 1988.**



**Ingebjørg leggur aktygi á Glettu heima á Vehus 1988.**

enga venjulega ríkisnorsku. En þegar skilningurinn var enginn þá nefndi hún íslenska orðið – sem hún kunni auðvitað.

Ég á Ingebjørg margt að þakka, og ekki síst þolinmæðina sem hún sýndi unglingi sem vildi frekar fara á útidansleik í næstu sveit heldur en á fyrirlestur hjá byggðasögufélaginu, og frekar skreppa 20 km í sjoppuna en fara á bæi að spjalla og þiggja kaffiveitingar. Fyrir mína parta þá lagði dvölin á Kåsa hjá Ingebjørgu grundvöll að ástfóstri og áhuga á norrænum nágrönnum okkar og hafa leiðir mínar margsinnis legið á fornar slóðir í Eidsbygda, Ulefoss, Lunde og Skien. Þar á ég hjartkæra vini.

Ingebjørg hitti sinn tilvonandi eiginmann, Jon Vaa frá Vinje, giftist honum og fluttist þangað. Ingibjörg og Jon voru fyrstu 11 búskaparárin ráðsmenn á bænum Øye í Vinje, en tóku þá við búskap á Vehus, æskuheimili Jons. Dóttir þeirra, Hilda, hefur nú tekið við búinu ásamt manni sínum, Hans Martin Huse, og tveimur sonum, Hilmari og Jon Toralv. Hún heldur uppi merki móður sinnar, enda umgengist hesta og verið með í félagsskap eigenda íslenskra hesta frá því hún fæddist.

### *Hélt tryggð við íslenska vini*

Ingebjørg kom oftsinnis til Íslands og hélt mikilli tryggð og vináttu við sína gömlu húsbændur á Reykjum og þeirra fjölskyldur, sem og fjölmarga aðra vini. Síðast komu þau Jon árið 2013, og þá var með þeim í för annar dóttursonurinn.

Ingebjørg Helkås er kvödd með virðingu og þakklæti fyrir vináttu og tryggð. Ævistarf hennar snerist um íslenska hestinn og hefur skilað ríkulegum árangri.

*Helga Jónsdóttir*

ÞORRATILBOÐ 2017

Tilboð á sérmerktum glösum fyrir þorrablót



BROS AUGLÝSINGAVÖRUR

Norðlingabraut 14 - 110 Reykjavík
Sími 569 9000 - sala@bros.is - www.bros.is

## Frauðplast algengt einangrunarefni í gripahúsum:

# „Fjarlægja þarf þetta skaðræðisefni“

## – segir slökkviliðsstjóri Brunavarna á Austurlandi

**Þegar gripahús fuðruðu upp í eldsvoða í Fögruhlíð í Jökulsárhlíð á Héraði um miðjan nóvember síðastliðinn varð mörgum brugðið. Bæði vegna eldsvoðans sjálfs en einnig vegna ummæla Baldurs Pálssonar, slökkviliðsstjóra Brunavarna á Austurlandi, þess efnis að reikna mætti með að 70–80 prósent af gripahúsum á landinu væru einangruð með frauðplasti, eins og raunin var með húsin í Fögruhlíð.**

Baldur segir að um 35 mínútur hafi liðið frá því að slökkviliðið á Egilsstöðum var boðað út vegna elds í gripahúsunum í Fögruhlíð og þangað til slökkvibíll kom á staðinn. Þá var ljóst að meginhluti fjárhúsanna var fallinn og ljóst að engu varð bjargað. „Um 20 mínútum eftir að hringt er í neyðarlínu er miðjuhluti fjárhúsanna að falla og 10 mínútum síðar voru þau fallin. Menn spyrja sig auðvitað hvað hafi ráðið þessum óskaplega hraða bruna. Sumarið 2009 fengu Brunavarnir á Austurlandi að æfa slökkviliðið við að brenna gamalt íbúðarhús með áföstu fjósi sem var með óvörðu frauðplasti í þaki. Eftir að æfingunni í íbúðarhúsinu lauk létum við eldinn ná fjósinu og skipti engum togum að um leið og eldurinn náði plastinu í þakinu hófst hraður bruni og hitamyndun svo hröð að við trúðum vart okkar eigin augum og um leið hófst eldrigning frá plastinu sem eins og myndaði eldvegg þvert yfir húsið og fór eldveggurinn hratt eftir endilöngu húsinu og kveikti í öllu sem niðri var.

Það liðu aðeins 10 mínútur þar til allir gluggar voru sprungnir út og eldsúlan sem þá myndaðist upp um strompinn náði alveg tveimur til þremur metrum og eftir 20 mínútur var allt brunnið sem brunnið gat í húsinu en glóðarbruni var þá mikill.

Reykur frá frauðplasti er baneitraður og mjög hættulegur mönnum og skepnum langt út fyrir brunastað og því þarf alltaf að nota reykköfunartæki jafnt innan sem utanhúss við að slökkva. Það er því alveg ljóst að mjög líklegt er að slökkvilið komi alltaf of seint þar sem plastbruni í þökum á sér stað,“ segir Baldur.



Frá eldsvoðanum í Fögruhlíð í nóvember. Mynd / Ásgeir Páll Baldursson

### *Óvarið frauðplast aldrei verið leyft*

Óvarið frauðplast hefur aldrei verið leyft sem einangrunarefni í gripahúsum, að sögn Baldurs. „Það er staðreynd að frauðplast er í mjög mörgum gripahúsum hér á landi og ekki síst á Austurlandi, því á Héraði hóf plastverksmiðja starfsemi fljótlega eftir að framleiðsla á slíkri einangrun hófst,“ segir Baldur.

„Þegar farið er yfir úttektir á þeim svæðum sem Eldstoðir ehf. sjá um, það er Snæfellsnes, Dalabyggð, Reykhólasveit og Austur-Húnavatnssýsla, hefur komið í ljós að um 70 prósent af gripahúsum þar hafa verið einagruð með plasti neðan í loft eða gafla húsanna innanhúss. Sama gildir örugglega um fleiri sveitarfélög vítt og breitt um landið. Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga eru einu aðilarnir sem geta krafist þess að plasteinangrun sé fjarlægð úr gripahúsum og hafa til þess tiltæk þvingunarúrræði en hafa ekki látið á þau úrræði reyna og ástæðan er líklega sú að menn eru alltaf að lempa menn til að fjarlægja plastið án þess að beita þvingunarúrræðum, en það gengur hægt.

Margir sauðfjárbændur hafa ekki einangrað sín hús og þeir virðast búa alveg jafn vel og hinir. Þá er það þekkt að frauðplast tekur til sín raka og við það daprast einagrunargildi þess verulega.

Að sögn Baldurs hafa miklar breytingar átt sér stað í landbúnaði á undanförnum árum sem ekki séu allar af hinu góða. „Hlöður sem eiga að vera eldhólfaðar frá gripahúsum, hafa breyst í vélageymslur og viðgerðaraðstöðu og jafnvel hleðsluaðstöðu fyrir rafknúin verkfæri eins og lyftara. Ekki er óalgengt að þar safnist upp mikið magn af rúlluplasti og alls konar öðru eldfimu efni, jafnvel olíu. Allt stangast þetta á við byggingareglugerð.

Þá er mikilvægt að fylgst sé grannt með ástandi rafmagns og allur frágangur þess sé vandaður. Alltaf er best að hafa einn aðalrofa sem slegið er út um leið og gripahús eru yfirgefin.

Bændasamtökin í landinu þurfa að beiti sér fyrir því að koma eldvarnareftirlitinu til aðstoðar og gangast fyrir landsátaki til þess að fjarlægja þetta skaðræðisefni úr öllum gripahúsum í landinu,“ segir Baldur.

### *Brunarvarnarátak í dreifbýli*

Á árunum 2006–2012 vann Guðmundur Hallgrímsson að verkefni með Búnaðarsambandi Vesturlands (BúVest) sem hét Brunavarnarátak í dreifbýli. „BúVest gerði samkomulag við þau sveitarfélög sem vildu taka þátt í verkefninu.



Guðmundur Hallgrímsson.

Sveitarfélögin greiddu fasta upphæð fyrir hvert lögbýli í sveitarfélaginu, akstur og einnig vinnu við frágang á upplýsingamöppu.

Eðli verksins var að heimsækja bændur, skrá niður allar nauðsynlegar upplýsingar, eins og byggingarefni í húsum og aðkomu að bænum; hvar væri hægt að komast í vatn til dælingar, vegalengd og hæðarmun. Ef ekki væri vatn fyrir hendi, hvert væri styst að sækja vatn með tankbíl eða haugsugu. Farið var yfir flóttaleiðir, bæði í íbúðarhúsum og gripahúsum. Einnig hvað fólkið á bænum gæti gert á meðan beðið væri eftir slökkviliðinu.

Útbúin var mappa, með loftmynd af bænum, öll hús merkt og skráðar allar upplýsingar um hvert fyrir sig og hvað bæri að varast fyrir slökkviliðsmenn; tvílyft íbúðarhús, úr hvaða efni eru milliloft og stigar, steinsteypt eða timbur. Eru gas og súr í verkfærahúsum og eru flóttaleiðir í gripahúsum nægar og greiðfærar.

Eg heimsótti um 500 lögbýli á Vesturlandi og tóku sex sveitarfélög þátt í verkefninu. Mappa var útbúin fyrir hvert sveitarfélag og eru þær í slökkviliðsbílunum. Þau slökkvilið sem eru með tölvu í bílunum fengu upplýsingarnar á disk og geta menn skoðað aðstæður á leiðinni á brunastað.

Vissulega væri gott ef slíkt verkefni væri unnið á landsvísu, þetta bjargar ekkert öllu en gæti vissulega flýtt verulega fyrir björgunaraðgerðum.

Ekki skal ég segja um hversu mikið af útihúsum eru einangruð með frauðplasti, en þau eru vissulega of mörg. Bændur eru meðvitaðir um hættuna sem af því stafar, en það er mikil vinna að skipta um einangrun og kosnaðarsamt að auki.

Í þessum heimsóknum er haft meðferðis brunaviðvörunarkerfi fyrir útihús til skoðunar fyrir bændur. Vissulega er mikið öryggi í að hafa viðvörunarkerfi vegna þess að það er frumskilyrði að komast að því sem allra fyrst ef eldur verður laus,“ segir Guðmundur.




### *Öryggi og vinnuvernd í landbúnaði*

Nú er í gangi verkefni hjá Bændasamtökum Íslands í samvinnu við nokkur búnaðarsambönd og hefur í tengslum við þá vinnu verið starfrækt vinnuverndarverkefnið Búum vel. Markmið þess er að bæta öryggis- og vinnuverndarmenningu í sveitum, fækka slysum í landbúnaði og stuðla að góðu vinnuumhverfi og bættri ásýnd bæja. Starfið hefur meðal annars falist í heimsóknum til bænda, fræðslu og fundahöldum.

Fræðslubæklingurinn Öryggi og vinnuvernd í landbúnaði var gefinn út í tengslum við verkefnið en hann var sendur til allra lögbýla á landinu í janúar 2016. Sótt var í smiðju Norðmanna sem hafa rekið árangursríkt vinnuverndarstarf um árabil. Bæklingurinn er þýddur úr norsku og staðfærður.

Framleiðnisjóður og Vátryggingafélag Íslands hafa stutt við vinnuverndarstarf bænda.

### *Bændafulltrúar VÍS í öllum fjórðungum*

Að sögn Auðar Bjargar Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs hjá VÍS, hefur VÍS átt langa og farsæla samleið með bændum í hartnær heila öld og býr vel að því hvað markaðshlutdeild snertir í sveitum landsins. „Okkur er mjög umhugað um að bændur séu bæði rétt og vel tryggðir. Til að fylgja því eftir hefur VÍS sérstökum bændafulltrúum á að skipa í öllum fjórðungum landsins. Þeir veita bændum faglega ráðgjöf og taka út ýmiss konar forvarnir í heimsóknum sínum á bæi, þar á meðal brunavarnir.

Þó ekki sé unnt að vísa í nákvæmar tölur þá er ljóst að eldvörnum er ábótavant í of mörgum tilfellum. Á það einkum við í útihúsum sem komin eru til ára sinna. Það getur reynst kostnaðarsamt að bæta þar úr svo vel sé, en þá er gott að nýta sérþekkingu bændafulltrúa VÍS. Þeir sækja fjölmarga bændur heim á ári hverju og luma á ýmsum heilræðum sem, í það minnsta, draga umtalsvert úr eldhættu sé farið eftir þeim.

Í upphafi þessa árs gáfu Bændasamtök Íslands bækling um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði, með stuðningi VÍS. Þar getur meðal annars að líta góðar leiðbeiningar um brunavarnir í gripa- og útihúsum sem allir bændur ættu að kynna sér og skoða með hliðsjón af því hvernig þeirra eldvörnum er háttað. Svo má velta fyrir sér hvort ekki sé orðið tímabært að grípa til sambærilegra ráðstafana og í Noregi; en þar er skylt að setja upp brunavarnakerfi í útihúsum þegar fjöldi dýra fer yfir ákveðið viðmið.

Í öllu falli er ljóst að tækifærin til úrbóta eru margvísleg en það er fyrst og fremst undir hverjum og einum bónda komið að tryggja sem best öryggi sinna skepna,“ segir Auður.

*/smh*



SAMSUNG

# Jólagjafir heimilisins

## KU6175




UHD - 4K • Bogið • 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • • Nýtt Smart viðmót • LED • PQI: 1400

**40“ kr. 109.900.- / 49“ kr. 129.900,- / 55“ kr. 149.900.-**

**Samsung** HW-K661
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. **Verð 99.900,-**



**Samsung** HW-J6510
300w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. **Verð 99.900,-**



**Samsung** HW-J7511-R
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. **Verð 149.900,-**





**Samsung**
**R-1** MultiRoom
WiFi eða Bluetooth þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu.
**Verð 32.900,-**



**Samsung**
**R-3** MultiRoom
WiFi eða Bluetooth þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
**Verð 47.900,-**



**Samsung**
**R-6** MultiRoom
WiFi eða Bluetooth þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
**Verð 64.900,-**

## SAMSUNG K5505




LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót

**32“ kr. 64.900.- / 40“ kr. 89.900.- / 49“ kr. 119.900,- / 55“ kr. 149.900.-**

## SAMSUNG KU6405/6475




UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**43“ kr. 119.900.- / 49“ kr. 149.900.- / 55“ kr. 179.900.- / 65“ kr. 309.900.-**

## SAMSUNG KU6655/6505




UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1600 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**43“ kr. 129.900.- / 49“ kr. 159.900.- / 55“ kr. 189.900.- / 65“ kr. 309.900.-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | **ORMSSON** ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | **KS** SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | **SR BYGG** SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | **ORMSSON** AKUREYRI SÍMI 461 5000 | **PENNINN** HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | **ORMSSON** VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038 | **ORMSSON** PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | **ORMSSON** ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | **GEISLI** VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | **TÆKNIBORG** BORGARNESI SÍMI 422 2211 | **OMNIS** AKRANESI SÍMI 433 0300 | **BLÓMSTURVELLIR** HELLISSANDI SÍMI 436 6655 |

# –Hollandshjálp 1953–

**Fyrir nær hálfri öld og sex árum betur, urðu mikil flóð við Norðursjó og urðu Hollendingar þar verst úti, um tvö þúsund manns fórust í Hollandi og gríðarlegt tjón varð á mannvirkjum þar. Fleiri þjóðir urðu fyrir manntjóni og búsifjum, en það fór ekki eins hátt í fréttum.**

En víkjum nú aftur í tímann á þessum hörmungartímum Hollendinga. Vestur á fjörðum á Íslandi var lítill níu ára drengur sem gat ekki á heilum sér tekið út af þessum hörmungum sem gengu yfir þessa túlípanaþjóð, en auraráðin voru engin hjá honum og auðsjáanlega ekki nokkra hjálp frá honum að fá. Síðan fór söfnun í gang á Íslandi og eitt af því var að kaupa frímerki með yfirstimplun á og þar stóð: „Hollandshjálp 1953“ . Þessi drengur var sonur fátæks sjómanns sem síðan gerðist boginn eyrarkarl.

En karl faðir hans átti forláta leðurpeningaveski, svart og digurt, og að þar hlyti að vera, hugsaði drengurinn, eitthvað af peningum. – „Það gengur enginn með svona veski nema að þar séu mikil auðæfi í,“ sagði hann við sjálfan sig.

Eitt laugardagskvöldið þegar vinnuvikunni var lokið í bili hjá karli föður hans, var hann að ljúka við skeggraksturinn. Ákvað stráksi að nota tækifærið og renna í kallinn og biðja hann um pening fyrir kaup á frímerkjum.

„Pabbi, getur þú gefið mér pening fyrir kaup á nokkrum frímerkjum?“ sagði stráksi og ók sér til og tvísteig, svipað eins og hann væri með njálg. Karlinn horfði á stráksa, tók síðan handklæði og þurrkaði af sér raksápuna, sneri sér síðan að drengnum og spurði í góðlátlegum tón.

„Hvað hefur þú með frímerki að gera?“

„Ég ætla að styðja „Hollandshjálpina“ með því að kaupa nokkur yfirstimpluð frímerki,“ sagði stráksi.



**Guðmundur Kr. Kristjánsson um 10 ára aldur.** Mynd / Loftur

„Jæja, svo þú ætlar að hjálpa þessum Hollendingum í þeirra neyð, þegar allur norðursjórinn tekur upp á því að flæða yfir lendur þeirra. – Sér er nú hver fyrirhyggjan að reisa ekki nógu háa flóðgarða. Þeir ættu nú að þekkja Norðursjóinn, hann er nú ekki alltaf lygn, ef ég þekki hann rétt frá mínum siglingum hér áður fyrr,“ sagði faðir hans og dæsti.


„Ekki er alltaf nóg af peningum hér á þessu heimili, en smávegis aura færð þú til að hjálpa þessari þjóð í þeirra neyð. En heldur þú að þeir myndu safna fyrir okkur, ef okkar þjóð lenti einhvern tímann í hörmungum, – mér er spurn,“ sagði faðir minn og lét mig hafa fimm krónur til að kaupa frímerkin.

*Skrifað árið 2009*
***Guðmundur Kr. Kristjánsson***






**Þessi mynd var tekin úr bandarískri herþyrlu af þorpi í Bevelamnd Zuid Beveland í Hollandi í febrúar 1953. Að kvöldi laugardagsins 31. janúar skall á mikið óveður sem blés af Norðursjónum og buldi látlaus öldugangur á sjóvarnargörðum Hollendinga. Þeir gáfu sig snemma að morgni 1. febrúar. Hækkun sjávar vegna vindálags nam þá um 2,5 metrum við Sjáland í Suður-Hollandi. Mikil flóð urðu einnig í strandhéruðum Belgíu, Englands og Skotlands. Alls létust 2.551 í þessu óveðri, þar af 1.836 í Hollandi, 307 í Englandi, 28 í Belgíu og 19 í Skotlandi. Um 9% af öllu ræktarlandi í Hollandi fór á kaf. Um 30.000 húsdýr drukknuðu, 10.000 byggingar eyðilögðust með öllu og 47.300 til viðbótar urðu fyrir miklum skemmdum. Hollenska fólkinu sem þarna átti um sárt að binda vildi litli drengurinn vestur á fjörðum koma til hjálpar með kaupum á frímerkjum. Á kortinu sjást vel svæðin sem fóru á kaf.**



**Hér sést vel hvar álag sjávar var mest um nóttina 1. febrúar 1953.**
















**Hollenskur almenningur berst við að hlaða í skarð sjóvarnargarðs.**

MENNING & LISTIR

# Konan í myrkrinu

**Á glæpasagnahátíðinni Iceland Noir voru í dag voru veitt verðlaun fyrir bestu þýddu glæpasöguna á Íslandi árið 2016, Ísnálin, og hlaut hollenska glæpasagan Konan í myrkrinu eftir Marion Pauw í þýðingu Rögnu Sigurðardóttur verðlaunin.**



Þær bækur sem tilnefndar voru til verðlaunanna, auk Konunnar í myrkrinu, voru Hin myrku djúp eftir Ann Cleeves í þýðingu Þórdísar Bachmann, Kólibrímorðin eftir Kati Hiekkapelto í þýðingu Sigurðar Karlssonar, Meira blóð eftir Jo Nesbø í þýðingu Bjarna Gunnarssonar og Sjöunda barnið eftir Erik Valeur í þýðingu Eiríks Brynjólfssonar.

Konan í myrkrinu fjallar um Írisi og Ray. Íris er ungur lögfræðingur og einstæð móðir sem reynir að fóta sig á framabrautinni samhliða því að sjá um erfiðan son sinn. Ray, sem er ekki eins og fólk er flest, er lokaður inni á stofnun eftir að hafa verið dæmdur fyrir hrottalegt morð á ungri konu og dóttur hennar. Leiðir Írisar og Rays liggja óvænt saman sem verður til þess að af stað fer atburðarás sem gjörbreytir lífi þeirra.

Marion Pauw er drottning hollenskra spennusagna og hlaut hin virtu spennusagnaverðlaun Gullnu snöruna fyrir bókina. Nú þegar hefur verið gerð kvikmynd eftir sögunni sem hlotið hefur fjölda verðlauna og bandarísk stórmynd byggð á bókinni er í burðarliðnum.






# Skegg Raspútíns

**Út er komin hjá Bjarti skáldsagan Skegg Raspútíns eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur.**

Eva og Matti hafa nýlega umbylt lífi sínu og flutt úr miðborginni til smábæjar utan borgarmarkanna, en sitja samt uppi með sjálf sig og hvort annað. Vandamálin vaxa og óveðurský hrannast upp. Þá kynnist Eva rússneskumælandi garðyrkjubónda, Ljúbu, sem segir henni litríka sögu sína og fjölskyldunnar.

Sögur kvennanna tveggja spegla hvor aðra og vinátta þeirra hefur mikil áhrif á líf beggja. Úr verður einstök frásögn, skrifuð af þeim hlýja mannskilningi sem einkennir verk Guðrúnar Evu – um hlutskipti kvenna, samskipti kynjanna, örlög, frumkvæði, nánd og þau sannindi sem draumar geyma.

Guðrún Eva Mínervudóttir hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2011 fyrir Allt með kossi vekur, og Menningarverðlaun DV í bókmenntum fyrir Yosoy árið 2006 og Englaryk árið 2014.






Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300












Á faglegum nótum

# Feldfjárrækt–sauðfjárrækt

**Frá árinu 1980 hefur verið stunduð feldfjárrækt í Meðallandi og frá 2010 í Álftaverinu.**

Við erum ekki mörg sem stöndum að þessari ræktun en við finnum vissulega fyrir auknum áhuga á ræktun feldfjár. Nokkrir bændur í Rangárþingi ytra og Ásahreppi hafa verið sérstaklega áhugasamir og notað feldhrút með áhugaverðum árangri. Árni Brynjar Bragason ráðunautur skrifaði góða grein í Bændablaðið í byrjun september þar sem hann fer yfir ræktun feldfjár.

Feldfjárrækt er eflaust fyrir mörgum nýtt og framandi hugtak í sauðfjárrækt. Nú fyrir fengitíð hafa bændur fengið í hendurnar hrútaskrána 2016. Þar má finna feldhrútinn Lobba 09-839 frá Guðna Már Sveinssyni Melhól í Meðallandi. Lobbi getur gefið mjög áhugaverða einstaklinga til feldræktunar. Það má segja að í gegnum árin hafi Meðalland verið vagga feldfjárræktunar.

***–Hvað græðum við á feldræktun?***

Það er alveg sjáanlegur möguleiki að verðmætasköpun í sauðfjárrækt geti aukist með auknum verðmætum í allar afurðir kindarinnar. Líkt og við erum að gera í dag í kjötframleiðslunni að meta lambið lifandi til að auka þannig líkur á að við séum að rækta sem besta kjöteiginleika. Í feldfjárræktinni leggjum við mat á lambið lifandi til að tryggja sem bestan árangur í að hámarka gæði feldeiginleika.

Bestu einstaklingar veljast í ásetning, afurðin, skinnin verða fallegust og verðmætust ef unnið er vel að ræktunarmarkmiðum feldsins. Tilgangurinn með því að lágmarka magn þels í feldrækt er það að gæran verður fallegri og hún þófnar ekki við notkun.

Einn vandi er til staðar í allri íslenskri gæruframleiðslu, það er svo kallaður tvískinnungur en hann er í holdrosanum á gærunni, helst að finna á aftanverðum lærum. Þetta er erfðagalli sem verulega vont er að komast fyrir nema með öflugum rannsóknum, sem eru bæði dýrar og tímafrekar. Þær krefjast þess að gærur, sem rannsakaðar verða, séu einstaklingsmerktar þannig að hægt sé að rekja erfðagallann til foreldra og þannig að byggja gæruræktun á gallalausum einstaklingum.

***Ullarræktun mikilvægur þáttur***

Ullarræktun er líka mikilvægur þáttur og ber að varðveita sem best þá eiginleika ullarinnar til ullarframleiðslu. Í feldfjárrækt viljum við sjá sem minnst þel í ullinni en fíngert langt og lokkað tog skemmtilegt efni til vinnslu á ullarbandi/togbandi.

Almennt í ull til ullarframleiðslu viljum við sjá dúnmjúkt þykkt þel og fíngert lokkað tog. Allt of algengt er að sjá í dag á sauðfé gróf slétt toghár og gróf allt að því plastkennt þel. Svoleiðis ull er óhæf til allrar vinnslu ullar í flíkur.

Við bændur þekkjum það vel að þegar lömbin koma að á haustin er togið ríkjandi á lambinu og þelið með minna móti en þegar líður á haustið vex þelið og kindinn verður tilbúin til að standa af sér öll heimsins óveður í þykkri hlýrri ullarkápu.

Eitt af ræktunarmarkmiðum á feldfé er að seinka vexti á þeli í ullinni þannig að feldfé er í raun seinna tilbúið undir veturinn ef það á að vera við opið, með aðgang að húsi.

Er það þess virði ef krónunum fjölgar fyrir aðrar afurðir en kjötið, með feldrækt og vandaðri ullarræktun að huga að nýjum vinnuaðferðum heima á búunum í sauðfjárræktinni? Sú vinnuaðferð sem tíðkast við að meta feldeiginleika getur líka komið að góðum notum við mat á gæðaullarframleiðslu.





Í feldfjárræktinni leggjum við mat á lambið lifandi til að tryggja sem bestan árangur í að hámarka gæði feldeiginleika.





Myndir úr smiðju feldfjárbænda í Skaftárhreppi.

***Rúningsaðstaða þarf að vera laus við hey og moð***

Þegar haustrúningur byrjar er mikilvægt að aðstaða til rúnings sé hrein, laus við allt hey, heymoð og allt sem fest getur í ullinni eftir að hún kemur af kindinni. Lykilatriði þess að við séum með góða vöru til ullarvinnslu er að kindin sé alveg þurr þegar hún er klippt, rúningsmaður hafi auga fyrir því að taka frá strax hnakkaull, kviðull, hár við dindil og neðst á fótum.

Ef þessi ull fer aldrei saman við reyfið tryggjum við betri gæði í þeirri vöru sem við erum að framleiða. Vandaður frágangur og vönduð vinnubrögð skila betri tekjum á endanum til okkar bænda.

***Vandi vegna ofsetinna rúningsmanna***

Eitt stórt vandamál á haustin er það að allir bændur vilja taka á hús féð á sama tíma, þá eru allir rúningsmenn yfirbókaðir og veðráttan er ekki alltaf eins og best er á kosið. Þá lenda margir bændur í því að taka inn blautt fé og ekki tekst að þurrka ullina nægilega vel áður en hún er tekin af kindinni og sett í poka. Þetta þýðir bara eitt, ullin/varan sem við erum að framleiða verður fyrir óbætanlegum skemmdum.

***– Hvernig getum við brugðist við til að hámarka verðmæti þessarar vöru sem við bændur erum að framleiða? Taka féð fyrr á hús?***

***– Koma okkur upp betri aðstöðu með blásurum til að þurrka kindina/ullina fyrir rúning?***

***– Róm var ekki byggð á einum degi ... við þurfum kannski ekki að rýja allar kindurnar okkar á einum degi eða hvað?***

Feldfjárræktunin byggist á mjög litlum stofni. En í dag er til kraftmikill hópur fólks með mikinn áhuga fyrir eflingu þessarar óhefðbundnu sauðfjárræktar vegna þeirra eiginleika sem feldræktun gefur til vinnslu ullar og gæru.

Vegna fínleika togsins í feldfjárræktinni er sá möguleiki fyrir hendi að framleiða mjög mjúkt sterkt togband. Við feldfjárbændur höfum þegar látið framleiða fyrir okkur band úr feldfjárull sem er bæði mjúkt, sterkt, gljáandi og skemmtilegt að vinna úr.

Handverksfólk og hönnuðir sýna feldfjárafurðunum mikinn áhuga. Erlendis er feldfjárrækt skilgreind sem ákveðin ræktun líkt og kjötframleiðsla og eru afurðir feldfjár t.d. Gotlandsfjárins, dýr og vönduð gæðaframleiðsla sem er rekjanleg til framleiðanda og einstaklingsmerking er á gærunum þannig að bús- og lambanúmer er sjáanlegt eftir að gæran kemur úr sútun.

***– Hvernig má velja ær sem eru efnilegar til feldfjárræktar?***

Besti kosturinn er að velja ærnar um leið og haustrúningur er framkvæmdur. Þá er gott að sjá hvernig ullarvöxturinn og hreinleiki litar er. Toghárin skulu vera fíngerð og lokkuð, þel sem minnst, áferðin silkimjúk og gljáandi.

Við sem ræktum feldfé á Íslandi erum full eftirvæntingar og vonir okkar eru miklar um að fleiri bætist í ræktendahópinn og leggi í það prufa feldhrútinn Lobba á valdar gráar ær á fengitíð. Ekki er víst að árangurinn verði efnilegt feldlamb, rétt eins og í annari ræktun er ekki gulltryggt að einstaklingarnir passi það vel saman að útkoman verði toppeintak en það er þess virði að prófa.

Erlendir feldfjárdómarar. Í haust sem leið fengum við til okkar í feldfjárskoðun danskan feldfjárdómara og feldfjárbónda Mailis Jepsen. Hún hefur dæmt feldfé í Danmörku og Svíþjóð í 40 ár og var hún bjartsýn hvað varðar okkar ræktun og var ánægð með þann árangur sem náðst hefur í íslenskri feldfjárrækt. Með Mailis var Anne Hjelm, varaformaður dönsku feldfjársamtakanna – Gotlam forening – og feldfjárbóndi. Það var virkilega gaman að sjá hvernig þær dæmdu feldeiginleikana og einnig voru þær ósparar á leiðbeiningar og ábendingar til okkar. Það er einlæg von okkar sem stöndum að þessari ræktun að bændur komi að þessu verkefni með opnum huga því við þurfum að leita fleiri leiða til tekjuöflunar í sauðfjárræktinni.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafa styrkt verkefnið Feldfé – þróunarverkefni. Það hefur gert okkur kleift að fá til okkar felddómara erlendis frá og fara í skoðunarferðir á feldfjárbú í Danmörku. Við erum virkilega þakklát fyrir þennan stuðning því án hans hefði þetta verkefni ekki farið á það flug sem það hefur náð í dag.

***Bestu kveðjur frá feldfjárbændum í Skaftárhreppi.***



Eydís Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps.

# Flóahreppur selur þrjú hús

## – og jafnvel félagsheimili

**„Það er ekki stefna Flóahrepps eða skylduverkefni sveitarfélaga að reka leiguíbúðir á almennum markaði. Brandshús 4 og 5 hafa verið leigð til fjölskyldna þar sem annar aðilinn hefur verið starfsmaður Flóahrepps," segir Eydís Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps.**

Sveitarstjórn hefur samþykkt að setja a.m.k. þrjár húseignir í verðmat og sölumeðferð á allra næstu dögum. Til stendur líka að selja Skólatún en það hefur verið í útleigu í gegnum árin, oftast til kennara við Flóaskóla. „Þörfin fyrir kennaraíbúðir hefur minnkað með árunum og staðsetning hússins er óhentug með tilliti til þess að leigja það út. Það stendur á sjálfri skólalóðinni við hliðina á Flóaskóla og þurfa íbúar þess að samnýta bílaplan sem bæði starfsmenn og skólabílar þurfa að nota. Það er óhentugt bæði fyrir íbúa hússins og skólann. Fyrir liggur að það þarf að setja töluvert fjármagn í viðhald og endurbætur á húsinu og staðsetning þess er einnig mjög óhentug. Þess vegna var tekin ákvörðun um að auglýsa það til brottflutnings," segir Eydís

***Félagslundur líka seldur?***

Rætt er um það innan sveitarstjórnar að selja einnig Félagsheimilið Félagslund.

„Ákvörðun hefur ekki verið tekin um að selja Félagslund en sveitarfélagið á og rekur þrjú félagsheimili í dag. Því fylgir umtalsverður kostnaður og skoða þarf vandlega hvernig fjármunum sveitarfélagsins er best varið.

Í Þjórsárveri er félagsmiðstöðin Zone til húsa ásamt mötuneyti Flóaskóla. Í Þingborg fer fram öll íþróttakennsla Flóaskóla og leikskólans Krakkaborgar. Félagslundur hefur ekki fengið eins mikla nýtingu til þessa og hin félagsheimilin og sveitarstjórn vill skoða alla möguleika í stöðunni. En það þarf að fara fram samtal við íbúana varðandi þetta mál og hugsanlega er ekki búið að kanna hvort hægt sé að auka notkun á húsinu til þess að bæta reksturinn á því," segir sveitarstjóri Flóahrepps.

*/MHH*




B&B Guesthouse
Á leiðinni til útlanda?
Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu
2 manna herbergi 10.500 kr
Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 12. janúar 2017

VÉLFANG – Notaðar vélar
Vegna styrkingar íslensku krónunnar leiðréttum við verð á notuðum vélum
Allar vélar á tilboði til áramóta eða á meðan birgðir endast


CLAAS Arion 430 dráttarvél m/tækjum
Árgerð 2011 Notkun: 4.600
Án VSK 7.700.000
**TILBOÐSVERÐ: 6.800.000**


Claas Disco 3450 diskasláttuvél
Árgerð 2015
Án VSK 1.190.000
**TILBOÐSVERÐ: 990.000**


CLAAS CELTIS 456 dráttarvél m/tækjum
Árgerð 2005 Notkun: 5.600
Án VSK 4.500.000
**TILBOÐSVERÐ: 3.800.000**


Claas Uniwrap 455 rúllusamstæða
Árgerð 2011 Notkun: 24.200
Án VSK 5.950.000
**TILBOÐSVERÐ: 4.800.000**


Kubota M108S dráttarvél m/tækjum
Árgerð 2012 Notkun 2.200
Án VSK 6.200.000
**TILBOÐSVERÐ: 5.800.000**


Kuhn Primor 3570 rúllusaxari
Árgerð 2007 Notkun lítil
Án VSK 1.200.000
**TILBOÐSVERÐ: 800.000**


Kverneland 7515 pökkunarvél

Án VSK 450.000
**TILBOÐSVERÐ: 390.000**


Kverneland AD 5 skera plógur
Ágerð 2013
Án VSK 1.900.000
**TILBOÐSVERÐ: 1.490.000**


Lely sláttuvélasett, 3 vélar
Árgerð 2008
Án VSK 1.950.000
**TILBOÐSVERÐ: 1.600.000**


McHale 991 C pökkunarvél
Árgerð 1999
Án VSK 840.000
**TILBOÐSVERÐ: 540.000**


McHale rúlluhnífur

Án VSK 140.000
**TILBOÐSVERÐ: 120.000**


New Holland TL 100 dráttarvél m/tækjum
Árgerð 2007 Notkun 7.700
Án VSK 4.490.000
**TILBOÐSVERÐ: 3.800.000**


Vökvaknúin Kornvals Vélsmiðja Suðurlands

Án VSK 460.000
**TILBOÐSVERÐ: 250.000**


Vicon RF 135 Opticut rúllusamstæða
Árgerð 2007 Notkun 12.000
Án VSK 3.400.000
**TILBOÐSVERÐ: 2.900.000**


Welger RP Profi 220 rúllusamstæða
Árgerð 2004 Notkun 22.000
Án VSK 3.500.000
**TILBOÐSVERÐ: 2.800.000**

**Verð miðast við staðgreiðslu og gildir til 31. desember. Tæki afhendast þar sem þau eru staðsett á landinu. Miðað er við núverandi ástand tækja.**

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is
VÉLFANG


MENNING & LISTIR

## Ábúendatal, jarðalýsingar og saga Fljótsdalshrepps:

# Fljótsdæla – Náttúra og mannlíf

**Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur sendi nýlega frá sér bókina Fljótsdæla - Náttúra og mannlíf í Fljótsdalshreppi. Í bókinni segir Helgi frá landslagi og náttúrufari í Fljótsdal og rekur ábúendasögu hreppsins frá því um 1800.**

Í bókinni, sem er í stóru broti, er lýst landslagi og náttúrufari í hreppnum og getið ábúenda á hverri jörð frá um 1800 til vorra daga og lengra aftur í tímann á sumum býlum. Því næst er saga hreppsins rakin í nokkrum köflum frá landnámi til nútíma.



Helgi Hallgrímsson. Mynd / HKr.

### *Þrír atburðir gerbreyttu mannlífinu*

Helgir segir að tilefni bókarinnar séu þrír atburðir sem gerbreyttu mannlífinu á Fljótsdalshreppi. „Tveir þeirra gerðust á síðasta áratug síðustu aldar. Í fyrsta lagi ákvörðunin um Kárahnjúkavirkjun. Í öðru lagi niðurskurður á sauðfé vegna riðuveiki árið 1990 en niðurskurðurinn er líklega mesta áfall sem dunið hefur á sveitinni frá landnámi. Í þriðja lagi er svo þegar í framhaldi af niðurskurðinum var farið út í stórfellda skógrækt á Fljótsdal og í dag er það nýr atvinnuvegur í sveitinni sem gengur ágætlega.

Í seinni tíð hefur svo orðið talsferð aukning á ferðamönnum í sveitina.

Grunnurinn að bókinni er sextán blaðsíðna bæklingur sem ég skrifaði um Fljótsdal árið 1991 og blaðagreinar um sveitina sem ég hef skrifað í gegnum tíðina. Það var aldrei ætlun mín að bókin yrði eins stór og raun ber vitni en stundum ráða bækur sér sjálfar og þannig er það með Fljótsdælu.“

### *Kostarík sveit*

Í kynningu með bókinni segir að Fljótsdalur sé ein fegursta og kostaríkasta sveit landsins og þar sé vettvangur helstu fornsagna Austurlands.

Yfir dalnum gnæfir Snæfell, hæsta fjall landsins utan jökla. Á 19. öld voru Fljótsdælir í fararbroddi í félagslífi og framförum, settu upp strengi til að flytja hey af fjöllum, byggðu kláfa, hengibrýr og straumferju. Ýmsar listir hafa blómstrað í Fljótsdal. Gunnar Gunnarsson rithöfundur er fæddur þar og uppalinn, og síðar bóndi á Skriðuklaustri um tíma.

### *Efnið skarast við bók um Lagarfljót*

„Ég hef unnið nokkuð markvisst að bókinni síðastliðin fimm ár en ég átti talsvert efni fyrir sem ég gat unnið úr. Árið 2005 sendi ég frá mér bók um Lagarfljót og efni Fljótsdælu skarast við hana og ég hef notfært mér það.“

Auk bókarinnar um Lagarfljót hefur Helgi samið Sveppabókina sem er undirstöðurit um íslenska sveppi og sveppafræði og bókina Veröldin í vatninu, handbók um vatnalíf á Íslandi. Helgi hefur einnig skrifað fjölda greina um náttúrufræði og þjóðtrú sem birst hafa í blöðum og tímaritum.

### *Uppalinn í Fljótsdalshreppi*

Helgi er fæddur 1935 og fluttist eins árs gamall í Fljótsdalshrepp og ólst þar upp til fullorðinsaldurs. Hann nam náttúrufræði í Þýskalandi með áherslu á grasafræði.

„Eftir að ég kom heim frá Þýskalandi starfaði ég sem kennari við Menntaskólann á Akureyri í tíu ár. Síðar var ég forstöðumaður Náttúrugripasafnsins á Akureyri í aldarfjórðung og starfaði í áratug við rannsóknarstöð í náttúrufræði á Árskógsströnd. Í dag bý ég á Egilsstöðum og hef gert frá 1987.“

### *Ábúendatal og jarðalýsingar*

Að sögn Helga er meginhluti Fljótsdælu ábúendatal Fljótdalshrepps. „Ábúendur er raktir eftir bæjum aftur til 1800 en stundum ein til tvær aldir lengra sérstaklega ef á bæjunum bjuggu embættismenn auk þess sem landslagi og jörðum er lýst. Í bókinni er einnig að finna sögukafla þar sem fjallað er um sögu hreppsins og fólks sem þar hefur búið.“

Fljótsdæla er 543 blaðsíður, með nærri 700 myndum og þar af yfir 400 í lit. Útgefandi er Skrudda. */VH*

## Hreindýrasmölun

**Það mun hafa verið nálægt 1860, að Fljótsdælir réðu með sér að freista þess að smala hreindýrum til byggða, eða í öruggt áheldi, og handsama þau til búnytja, lifandi eða dauð.**

Að liðnum fyrstu fjárleitum eitt haustið hafði sézt margt af hreindýrum á afréttarsvæðinu umhverfis Snæfell. Á þær stöðvar var nú snúið leiðangri á hendur hreindýrunum, og komið vestan og sunnan að veiðisvæðinu, en Jökulsá í Fljótsdal var ætlað að halda að dýrunum að austan. Þetta tókst vel. Hreindýrin á leitarsvæðinu hröktust undan mannsafnaðinum og rákust út með Jökulsá, með því að forðast var að sækja svo nærri ánni frá vestri, að dýrin leituðu í ána, austur á Múlaafrétt. Smölunin gekk þó seinna en ætlað var. Áætlunin var að smala dýrunum saman undir Kleifarbjargi, og kreppa þar að þeim, en undir rökkur um kvöldið voru dýrin komin aðeins út að



Laugará, er fellur í Jöklu vestan af heiðinni. Bót var það í máli að þar voru dýrin í aðhaldi, er torfær gil og gljúfur eru að báðum ánum. Of seint var að freista þess að sigra dýrin í þessu áheldi, vegna áfallandi myrkurs; var þá ekki annars úrkosta en freista þess að halda dýrunum þarna til birtingar næsta morguns. Var nú sett varðlína þvert yfir tungusporðinn, en fyrirliðar leiðangursins gengu til náða í Laugarkofa. Menn og hestar voru orðnir þreyttir, og svo virtist sem dýrin væru það einnig, því að lögst voru þau fyrir er til sást síðast, og væntu menn að þau myndu halda náðum sínum til birtingar. En hér fór á aðra leið. Í birtingu um morguninn urðu leiðangursmenn þess varir, að dýrin voru öll á bak og burt. Var álitið að þau hefðu sloppið í gegnum varðlínuna. Hvergi voru þau þó sjáanleg af næstu leitum. Treystust menn ekki til að leggja til við dýrin á ný, og lauk leiðangrinum því án árangurs. Önnur saga er það, að Fljótsdælir hefðu gert aðra tilraun með hreindýrasmölun á Múlaafrétt. Hefði þeim þá tekizt að smala dýrunum út af Múlakollinum niður í byggð í Fljótsdal, en þar hafi þau sloppið úr höndum þeirra. (Helgi Valtýsson: Á hreindýraslóðum, 1945, bls. 150–151 „eftir minni og frásögn ýmissa“.)

## Á faglegum nótum

# Þjórsá varnarlína gegn smitsjúkdómum í búfé

***Þjórsá lengst af Íslands ám Arnarfells úr jökli hám rennur fyrst um svalan sand, síðan kemur betra land.***


**Þjórsá hefur verið örugg varnarlína gegn útbreiðslu smitsjúkdóma. Þar er m.a. hugsað til riðuveiki í sauðfé og garnaveiki í jórturdýrum.**

Rangæingar hafa staðið saman og varið sitt svæði með því að virða það öryggi, sem þessi lína gefur með banni við flutningi austur í sýsluna á sauðfé og geitum og að sérstakt leyfi þurfi til að flytja nautgripi austur í Rangárvallasýslu og sömuleiðis algjöru banni við að flytja hey austur í sýsluna.

Ég frétti að út af þessu hafi nú verið brugðið og að Matvælastofnun hefði leyft að flytja hey frá Ósabakka á Skeiðum að Köldukinn í Holtum. Margir bændur hafa talað við mig og beðið mig um að átelja þetta leyfi. Þetta er alls ekki hættulaust og afleitt fordæmi, kallar á meiri flutninga,


Sigurður Sigurðarson.

ef ekki verður tekið í taumana. Það er heldur ekki nein þörf að flytja hey þessa leið í mestu heykistu landsins. Sumir bændanna, sem hringdu til mín, hafa beðið mig að nefna ekki nafnið sitt. Þeir virðast vera hræddir við þessa stofnun og



Sigurður dýralæknir gagnrýnir MAST fyrir að heimila heyflutninga af Skeiðum austur yfir Þjórsá (á milli rauðu deplanna á kortinu).

halda að á þeim verði níðst, ef þeir kvarta. Það þykir mér sárt. Eitt sinn var þetta stofnunin mín, vinnustaður um árabil.

Leyfið ekki meiri flutninga af þessu tagi þessa leið, góðir samverkamenn fyrrum. Sá sem ber ábyrgð á leyfi Matvælastofnunar ætti að hugsa sinn gang og það sakar ekki að hann reyni að skammast sín svolítið. „Verkferlar stofnunarinnar" þurfa athugunar við á þessu sviði.

Standið saman Rangæingar og þegið ekki yfir því sem ykkur finnst auka hættu fyrir sýsluna ykkar. Þessi áskorun á reyndar við um fleiri svæði á landinu. Við sjáum og heyrum að riðuveiki er ennþá í landinu og gæti breiðst út að nýju. Sama gildir um garnaveikina. það er auðvelt með kæruleysi að spilla þeim árangri sem náðst hefur.

***Sigurður Sigurðarson***
*dýralæknir*
*Suðurengi 31, 800 Selfoss*
*s. 892 1644,*
*Emill: sigsig@hi.is*



# Íslensk sjónabók

**Sjónabók er handrit með munstrum sem notuð voru í útsaumi, vefnaði og til ýmissa hannyrða áður fyrr. Heimilisiðnaðarfélag Íslands í samvinnu við Þjóðminjasafnið og Listaháskólann gáfu út myndarlega Íslenska sjónabók vorið 2009. Bókin hefur verið uppseld um langt skeið en er nú loksins aftur fáanleg í fjórðu prentun.**

Sjónabókin er mikil að vöxtum, hátt í átta hundrað blaðsíður, enda eru þar saman komin íslensk munstur frá 17., 18. og 19. öld úr tíu handritum á Þjóðminjasafninu og Þjóðminjasafni Dana. Þetta eru allar íslenskar sjónabækur sem varðveittar eru í söfnum en með útgáfu þeirra í einni bók opnast ómetanlegur munsturarfur til notkunar fyrir almenning. Sjónabókinni fylgir geisladiskur með öllum munstrunum sem hægt er að prenta út að vild til frjálsrar notkunar í hönnun, handverk og kennslu.

Fjöldi fólks hefur nýtt sér munstur úr sjónabókinni til að skapa sér einstaka prjónaflík auk þess sem fjölmargar prjónauppskriftir hafa verið gefnar út þar bókin kemur við sögu. Áprentun á textíl, munstur í prjónaefni, laserskorið járn, plexígler í skartgripum eru aðeins nokkur dæmi um hvernig bókin hefur nýst hönnuðum í margskonar framleiðslu.


# SaMASZ á áramótaverði



Samasz rakstravél
DUO680 Vinnslubreidd: 6,80 metrar
~~Kr. 2.315,000 án vsk~~
Kr. 1.850.000.- án vsk



Samasz heyþyrla P6-771
Vinnslubreidd: 7,7 metrar
~~Kr. 1,388,000,- án vsk~~
Kr. 1.090.000.- án vsk



Samasz rakstravél
Z-780 Vinnslubreidd: 7,8 metrar
~~Kr. 2,562,000,- án vsk~~
Kr. 2.050.000.- án vsk



Samasz diskasláttuvélar KDT341
Vinnslubreidd; 3,4 metrar
~~Kr. 1,176,000.- án vsk~~
Kr. 990.000.- án vsk



Samasz framsláttuvél
KDF340: Vinnslubreidd: 3,4 metrar
~~Kr. 1,352,250,- án vsk~~
Kr. 1.080.000.- án vsk

## Heimsmet í slætti
## SaMASZ sló 96,2 hektara á 8 tímum



Samasz diskasláttuvél
KT341: Vinnslubreidd; 3,4 metrar
Miðjuhangandi
~~Kr. 1,499,000,- án vsk~~
Kr. 1.190.000.- án vsk



Samasz rakstravélar
Z410 Vinnslubreidd: 4,1 metrar ~~Kr. 721,000,- án vsk~~
Kr. 570.000.- án vsk
Z740 Vinnslubreidd: 4,7 metrar ~~Kr.1,044,00,- án vsk~~
Kr. 790.000.- án vsk



Samasz tromlusláttuvélar
Vinnslubreidd: 1,35 metrar ~~Kr. 275,000,- án vsk~~
Kr. 220.000.- án vsk
Vinnslubreidd: 1,65 metrar ~~Kr. 307,000,- án vsk~~
Kr. 245.000.- án vsk
Vinnslubreidd: 1,85 metrar ~~Kr. 427,000,- án vsk~~
Kr. 341.000.- án vsk



Samasz sláttusamstæða
Samasz disksláttuvél 2xKDD861 KDF300 framsláttuvél MegaCUT
Vinnslubreidd: 8,6 metrar
~~Kr. 3,833,000.- án vsk~~
Kr. 2.900.000.- án vsk

SaMASZ slær í gegn

Búvís 2006-2016 · 10 ÁRA
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvis.is






Tímarit Bændablaðsins 2017 í sjónmáli

# Tryggðu þér pláss í tíma

Tímarit Bændablaðsins vakti mikla lukku í fyrravetur. Við ætlum að endurtaka leikinn og gefa blaðið út 3. mars nk. Tímaritið verður yfir 100 síður og prentað á glanstímaritapappír í stærðinni A4.

Tímaritið tekur á helstu málefnum landbúnaðarins og verða efnistökin fjölbreytt.

Tímarit Bændablaðsins er prentað í 8 þúsund eintökum og dreift til allra áskrifenda, á öll lögbýli landsins og í fyrirtæki sem tengjast landbúnaðinum.

Boðið er upp á hefðbundnar auglýsingar í ritinu en í seinni hluta þess verður pláss fyrir kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn.

**Verðskrá auglýsinga**
Heilsíða: 160.000 kr. án vsk.
Hálfsíða: 95.000 kr. án vsk.
Opna: 230.000 kr. án vsk.
Baksíða: 230.000 kr. án vsk.
Lógó/styrktarlína (hámark 10 lógó á síðu) = 25.000 kr. án vsk.

**Verðskrá kynninga**
Heilsíða: 130.000 kr. án vsk.
Hálfsíða: 85.000 kr. án vsk.
Opna: 210.000 kr. án vsk.

Nánari upplýsingar veittar í síma **563-0300** og netfangið **augl@bondi.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

*Hægt er að skoða* **Tímarit Bændablaðsins** *2016 á* **bbl.is**

# Ölfusréttir – ný rétt var vígð í haust

**Það þykir gjarnan fréttnæmt þegar ný og vönduð mannvirki eru tekin í notkun, ekki síst lögréttir sveitarfélaga, svo sem öðru hvoru er greint frá hér í Bændablaðinu og öðrum fjölmiðlum.**



Nýja Ölfusréttin var vígð 18. september 2016. Hún er hringrétt með 18 misstórum dilkum. Hún er hönnuð af dr. Ólafi R. Dýrmundssyni, búvísindamanni og borgarbónda. Myndir / Ólafur R. Dýrmundsson



Allir dilkar eru vel merktir með bæjaheitum og bæjanúmerum. Réttin stendur á Hofmannaflöt, í baksýn eru Rjúpnabrekkur og Dalafell.



Halldór réttarstjóri og Gunnsteinn sveitarstjóri fluttu ávörp við vígsluna.



Til hagræðis er lokaður gangvegur hafður utan með öllum dilkunum.



Vandað var til verka við frágang jarðvegs undir réttina. Var sérstakur staurabor notaður til að grafa holurnar fyrir staurana í gegnum þjappað malarlag.



Flaggað við vígslu réttarinnar 18. september. Gott aðgengi fyrir gesti. Annar upprekstargangurinn sést til vinstri.

### *Gamlir siðir og hefðir*

Íslenska fjallskilakerfið sem felur í sér nýtingu víðáttumikilla sumarbeitilanda, göngur og réttir á haustin og notkun eyrnamarka fyrir allt sauðfé, er eitt af því fáa sem lítið hefur breyst frá upphafi byggðar í landinu. Allt er þetta hluti af menningararfinum. Sömuleiðis sauðkindin sjálf sem þekkt er fyrir mikla erfðafjölbreytni, svo sem í litum, fyrir verðmætar afurðir, og síðast en ekki síst, fyrir veigamikið hlutverk í viðhaldi búsetu og mannlífs þjóðarinnar um aldir.

Það er í sjálfu sér verðugt verkefni að skoða til dæmis hvar og hvernig réttir voru reistar um land allt, allt frá litlum sundurdráttarréttum heima við bæi til stórra lögskilarétta sveitarfélaga í samræmi við ákvæði afréttarlaga og fjallskilasamþykkta á hverjum tíma. Enn er þessum gömlu siðum og hefðum haldið við, að mestu óbreyttum, en þó í takti við nýja tíma.

### *Ölfusið var fjármargt*

Sveitarfélagið Ölfus, sem var myndað við sameiningu Ölfus- og Selvogshreppa 1988, hafði innan sinna marka Grafning allt til 1785 og höfðu sveitirnar sameiginlegar lögréttir allt til 1910 þegar Selflatarétt í landi Úlfljótsvatns var vígð. Hún gegnir enn hlutverki sínu og er ein af elstu réttum í Landnámi Ingólfs Arnarsonar.

Um langt skeið á meðan réttarhaldið var enn sameiginlegt með Ölfusi og Grafningi, eða allt til 1845, stóðu Ölfusréttir skammt fyrir austan bæinn Hvamm, vestan við innanvert Ingólfsfjall. Í fornöld er talið að Ölfusingar og Suðurnesjamenn hafi réttað sameiginlega við Orrustuhól á Hellisheiði.

Hin víðáttumiklu og góðu engjalönd í Ölfusinu tryggðu heyskap í öllum árum, einnig fyrir bændur úr öðrum sveitum. Þar var því löngum fjármargt og vetrarbeit nýttist einnig vel.

Síðustu áratugina hafa þó orðið miklar breytingar á fjárbúskapnum. Þannig var ásett sauðfé í Ölfusi og Selvogi samtals 8.200 kindur haustið 1965, 7.000 haustið 1982, fækkaði hratt á þeim áratug niður í 4.750 haustið 1989 en um árabil hefur fjártalan í sveitarfélaginu Ölfusi verið tæplega 2.000 vetrarfóðraðar kindur.

Fjárbúum fækkaði einnig fyrir og um aldamótin en fjöldi þeirra hefur haldist svipaður í seinni tíð. Þess ber að geta að fyrir 50 árum voru rúmlega 500 vetrarfóðraðar kindur í Hverageðri sem gengu með Ölfusfénu í afrétti en þar er nú fjárlaust.

### *Lögréttir í Ölfusi og Selvogi*

Rétt er að geta þess að í Sveitarfélaginu Ölfusi eru tvennar lögréttir, annars vegar Selvogsrétt sem lengi hefur staðið við Hlíðarvatn og Ölfusrétt sem nánar verður greint frá hér á eftir.

Sundurdráttarrétt fyrir norðurhluta sveitarfélagsins er og hefur lengi verið við Húsmúla á Hvannavöllum vestur af Kolviðarhóli en þangað var hún flutt frá Draugatjörn nokkru neðar 1967 og endurbyggð 2006. Þar kemur margt Ölfusfé fyrir eftir fyrri gangnadaginn, vestan Hengils, auk fjár frá nærliggjandi sveitarfélögum, einkum úr Reykjavík og Þingvallasveit. Þá kemur töluvert af fé úr Ölfusi fyrir í útréttum, einkum í Selflatarétt í Grafningi og Fossvallarétt í Kópavogi. Féð úr þeim hluta Ingólfsfjalls sem ekki er beitarfriðaður er rekið að og dregið sundur í Hvammi. Leitir eru tvennar með tveggja vikna millibili, að mestu leyti á hestum, og síðan er farið í eftirleitir eftir þörfum. Í Ölfusrétt er réttað í lok seinni gangnadagsins.

### *Nýja Ölfusréttin*

Svo sem áður var vikið að stóð lögrétt fyrir Ölfus í Hvammi fram undir miðja 19. öld þegar hún var flutt vestur í Hverageðri. Sú rétt, stór og hlaðin úr hraungrýti, stóð sunnan við gamla Suðurlandsveginn, skammt frá býlinu Hraunbæ, nokkurn veginn þar sem Hótel Örk stendur.

Mörgum er sú rétt enn minnisstæð og mér vissulega því að ég kom fyrst þangað sem einn skilamanna fyrir Kópavog, Seltjarnarnes og Reykjavík um miðjan 6. áratug liðinnar aldar, rétt tvítugur en þó búinn að stunda fjárbúskap í Reykjavík frá fermingaraldri.

Mér eru enn minnisstæðir ýmsir bændur þess tíma úr Ölfusi og Grafningi sem þar voru, sumir fjármargir. Ýmsum þeirra átti ég eftir að kynnast síðar. Hvergi hef ég fyrr né síðar séð jafn marga ómerkinga í haustrétt.

Næsta Ölfusrétt var byggð töluvert sunnar, niður undir Núpum, vönduð hringrétt með steyptum undirstöðum og timburklæðningu á stálrörum, vígð haustið 1977. Þangað var ánægjulegt að koma sem skilamaður um áratuga skeið.

Eftir að girt var norðan Suðurlandsvegar um og uppúr aldamótunum, og landið sunnan hans var beitarfriðað, lokuðust hefðbundnar rekstrarleiðir til réttarinnar. Einnig var hún farin að láta á sjá. Því var ákveðið að byggja nýja Ölfusrétt norðan við Kamba, við mynni Reykjadals þar sem gott er að reka að í lok seinni gangnadags.

Á þessum stað hafði fé reyndar verið rekið saman um árabil og hægt var að nota safngirðinguna með minni háttar breytingum. Nýja réttin var smíðuð frá grunni úr timbri í fögrum hvammi vinstra megin við hinn vinsæla göngustíg og reiðleið inn í Reykjadal sem tugir þúsundir ferðamanna fara um á öllum árstímum. Hún var vígð í haust, nánar tiltekið sunnudaginn 18. september 2016, í blíðskaparveðri að viðstöddu fjölmenni, þar með erlendum ferðamönnum á leið upp í dalinn. Þar var einnig dregið í sundur útréttafé og seinni rétt var hálfum mánuði síðar. Áætlað er að þarna hafi komið til réttar um 1.000 kindur í haust. Reyndist nýja réttin vel í alla staði.

Um er að ræða hringrétt með 18 dilkum af ýmsum stærðum auk tveggja upprekstrardilka með stillanlegum upprekstrargöngum fyrir flutningatæki af ýmsu tagi því að allt fé er bílflutt úr réttinni. Bílastæði eru mjög rúm og aðkoma með flutningatæki góð að öðru leyti en því að fara þarf á vaði yfir Hengladalaá sem aðeins er brúuð með göngubrú.

### *Gleði og góð stemning*

Við vígsluathöfnina fluttu ávörp þeir Halldór Guðmundsson, réttarstjóri og fjárbóndi í Hvammi, Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri Ölfuss, og Sveinn Steinarsson, forseti bæjarstjórnar Ölfuss. Halldór greindi í stuttu máli frá breytingum í réttahaldi í Ölfusi undanfarna áratugi og minntist þess þegar hann fór drengur í sínar fyrstu göngur haustið 1953. Þá var fé mjög fátt eftir fjárskipti til útrýmingar mæðiveiki og fleiri sauðfjársjúkdómum. Gunnsteinn benti m.a. á menningarlegt gildi sauðfjárbúskaparins í sveitarfélaginu og það verðmæta tækifæri sem þéttbýlisbörn o.fl. fengju til að kynnast réttastörfunum á haustin. Bæði hann og Sveinn lýstu yfir ánægju með nýju réttina og þá stemningu og gleði sem fylgdi réttahaldinu.

### *Barnvæn rétt*

Nýja Ölfusréttin er nokkuð sérstæð. Auk þess að vera þægileg við innrekstur og til sundurdráttar er hún mjög aðgengileg gestum og gangandi. Það á ekki síst við um börnin sem eiga greiða leið að almenningnum, jafnvel án þess að fara inn í hann, því að engir dilkar eru þar sem fólk kemur að réttinni. Þá er utan með réttinni gangur sem kemur sér mjög vel, sérstaklega þegar verið er að reka fé úr dilkum að upprekstrargöngunum. Allir dilkar eru vel merktir með bæjaheitum og bæjanúmerum.

Réttina teiknaði sá sem þetta hefur ritað, í samráði við Fjallskilanefnd Ölfuss og Sigurð Jónsson, byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss, en það kostaði bygginguna. Verkfræðistofa Suðurlands fullgerði vinnuteikninguna, hugmyndina að hringganginum átti Magnea Jónasdóttir í Reykjakoti, verktaki var Þorsteinn Hannibalsson í Reykjakoti og yfirsmiður var Baldur Guðmundsson á Kirkjuferju, báðir fjárbændur í Ölfusi. Þarna var ég enn mættur sem skilamaður, ekki aðeins sem hönnuður réttarinnar, í þriðju Ölfusréttina, hálfri öld frá því að ég kom sællar minningar í þá gömlu við Hverageðri. Vissulega gladdist ég innilega yfir því hve verktaki og smiðir höfðu skilað vönduðu verki. Hér fylgja nokkrar myndir frá vígsludeginum en sjón er sögu ríkari.

***Höfundur:***
***Dr. Ólafur R. Dýrmundsson**, fyrrverandi landsráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands, nú sjálfstætt starfandi búvísindamaður. Hann hefur verið borgarbóndi með sauðfé o.fl. síðan 1957.*

# Heimsókn í Langanesbyggð



Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, segir að Langanes og sveitirnar í kring henti vel til sauðfjárframleiðslu þar sem bændur geta sleppt fénu út á beit á vorin á stóra haga og heimt það aftur á hausti.
Myndir / VH

## Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar:

# Sauðfjárbúskapur, sjávarútvegur og vaxandi ferðaþjónusta

**Íbúar Langanesbyggðar eru ríflega 500. Sjávarútvegur er undirstaða atvinnulífs í sveitarfélaginu og sauðfjárrækt ríkjandi í landbúnaði. Náttúra Langanesbyggðar er falleg og mikil saga tengd byggð þar. Langnesingar binda því vonir við að ferðamennska eigi eftir að aukast í sveitinni á næstu árum.**

Elías Pétursson, sveitarstjóri í Langanesbyggð, segir að sveitarfélagið afmarkist af Svalbarðshreppi í vestri og Vopnafjarðarhreppi í austri. „Langanesbyggð er tiltölulega stórt sveitarfélag að flatarmáli og nær töluvert langt inn á hálendið. Síðast þegar ég athugaði voru skráðir íbúar 505 í Langaneshreppi og þar af rétt rúmir 400 á Þórshöfn og sá fjöldi hefur verið stöðugur undanfarin ár. Af heildarfjöldanum eru um 15% útlendingar sem hafa flutt hingað, flestir þeirra koma frá Austur-Evrópu og starfa í fiski en hér er líka fólk frá Hollandi, Bandaríkjunum og Írlandi. Það er því talsvert af tvítyngdum börnum í skólanum.

Við sjáum einnig íbúum Svalbarðshrepps, sem eru um 100, fyrir nánast allri þjónustu eins og skóla, leikskóla, hjúkrunarheimili og í sameiningu eigum við íbúðir fyrir aldraða svo eitthvað sé nefnt. Það er því talsverð samvinna milli þessara sveitarfélaga þrátt fyrir að þeir séu ekki sameinaðir.“

### *Sjávarútvegur stærsti atvinnuvegurinn*

Sjávarútvegur er stærsta atvinnugreinin í Langanesbyggð og að sögn Elíasar ber hann höfuð og herðar yfir aðrar atvinnugreinar. „Hér er frystihús sem vinnur bæði bol- og uppsjávarfisk og loðnubræðsla. Hér er líka einn stærsti lausfrystir í Evrópu enda framleiðslugetan hjá Ísfélaginu mikil og reksturinn á fyrirtækinu góður. Frystihúsið hér er hluti af Ísfélaginu í Vestmannaeyjum en hátt í 30% af afla fyrirtækisins er landað hér og stór hluti þess líka unninn hér. Uppsjávarfiskurinn er allur unninn á Þórshöfn og eitthvað af bolfiski en svo er ekið með hann til Þorlákshafnar og hann unninn þar.“

### *Fjárbúskapur ríkjandi í landbúnaði*

„Sveitabæir í Langanesbyggð eru ekki margir og fjárbúskapur er ríkjandi á þeim flestum. Í Svalbarðshreppi, sem er hér við hliðina á okkur, hefur orðið mikil endurnýjun undanfarin ár og sauðfjárbændur þar með þeim yngstu sem gerist á landinu. Hér eru bændur líka með talsvert af hrossum og dæmi um tilraunir í kartöflurækt.“

Sláturhúsinu á Þórshöfn var lokað fyrir nokkrum árum og í dag er fénu slátrað á Kópaskeri eða Vopnafirði. Á nokkrum bæjum er reykt hangikjöt sem Elías segir að sé einstaklega gott. Enn sem komið er það aðallega selt í héraði enda fáir með aðstöðu til heimavinnslu og lítið verið markaðssett. „Ég tel reyndar að þar liggi tækifæri fyrir bændur til að auka tekjur sínar með framleiðslu á gæðavörum og fá þannig fleiri krónur fyrir hvert kíló.“

Elías segir að Langanes og sveitirnar í kring henti vel til sauðfjárframleiðslu þar sem bændur geta sleppt fénu út á beit á vorin á stóra haga og heimt það aftur á hausti. „Slíkt hlýtur að vera hagkvæmt peningalega.“

### *Horft til ferðamennsku*

Elías segir að meðal hugmynda um atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu sé uppbygging umskipunarhafnar í Finnafirði, aukin uppbygging í ferðaþjónustu og mögulega fullvinnsla sjávar- og landbúnaðarafurða.

„Eins og verða vill eru ekki allir á sama máli þegar kemur að höfninni í Finnafirði og það mál reyndar enn á hugmyndastigi. Í dag erum við því einna helst að horfa til uppbyggingar í ferðaþjónustu.

Uppbygging í ferðaþjónustu gengur hægar hér en víðast annarsstaðar á landinu og að mínu viti hangir það á stórum hluta á samgöngum og vegakerfinu sem okkur er boðið upp á. Frá Bakkafirði og hingað er gamall og holóttur malarvegur sem er algerlega óásættanlegur og kemur niður á samskiptum íbúa í sameinuðu sveitarfélagi. Í mínum huga er ekki mikið mál að koma þessu í lag þrátt fyrir að það kosti einhverjar hundruð milljóna enda á fólk rétt á að samgöngur í sveitarfélaginu séu í lagi. Úrbótum á þessum vegakafla var lofað 2007 en það hefur ekkert gerst.“

Elías segir að sagan um manninn sem var að mæla veginn um Langanesströnd fyrir Vegagerðina sé lýsandi fyrir hægagang í vegamálum í sveitarfélaginu. „Mælingamaðurinn er að ljúka starfsævinni á þessu ári og var í sumar að mæla sama vegakafla og var hans fyrsta verk þegar hann hóf störf sem ungur maður hjá Vegagerðinni. Upphaf og endir starfsævi mannsins er því þessi vegakafli og í mínum huga er það hreint galið og sýnir að það skortir alla langtímasýn.“

### *Óásættanleg aðstaða*

Elías hefur verið sveitarstjóri í Langanesbyggð í tvö og hálft ár. „Ég er ættaður héðan en kem hingað úr Mosfellsbæ með allar mínar skoðanir og hugmyndir um landsbyggðina sem höfðu aðallega mótast af ferðalögum mínum um sveitir landsins. Eins og margir taldi ég mig vita heilmikið um landsbyggðina af því ég hafði verið í sveit sem barn og á sjó fyrir þrjátíu árum en vissi í raun ekki og hef ekki tölu á þeim skoðunum sem ég hef skipt um frá því að ég flutti hingað.

Eftir að ég flutti hingað kom aðstaðan sem samneyslan eða ríkið býður fólkinu sem býr hér upp á mjög á óvart. Það er nánast sama hvert er litið. Ríkið, samneyslan, er ekki að standa sig hvað varðar grunnstoðir og -þjónustu. Ég geri mér vel grein fyrir því að ekki er hægt að halda uppi sömu þjónustu hér á Þórshöfn og er í Reykjavík. Við verðum bara að viðurkenna það og veita fólki á landsbyggðinni tækifæri til að sækja þjónustu til stærri staða.

Þetta á við fleiri staði á landinu og sérstaklega útjaðrabyggðir. Satt best að segja er ég hreint gapandi hissa yfir þessu. Dæmi um þetta eru samgöngur. Segjum sem svo að ég vildi fara til Reykjavíkur á menningarviðburð í Hörpunni eða Þjóðleikhúsinu. Það tekur mig tuttugu klukkutíma að keyra fram og til baka eða tugi þúsunda með flugi, eða fyrir svipað verð og það kostar að fljúga til Boston.

Í mínum huga snýst málið um byggðastefnu til lengri og skemmri tíma og ef við ætlum að halda landinu í byggð verður að vera séð til þess að fólk komist leiðar sinnar. Það er alveg á tæru að við getum ekki haldið úti mörgum hátæknisjúkrahúsum, mörgum Hörpum, óperuhúsum eða Þjóðleikhúsum og við verðum að sætta okkur við það. Í staðinn verðum við að bjóða fólki á landsbyggðinni upp á möguleikann á að sækja þessa staði sem eru byggðir og reknir fyrir almannafé. Víða erlendis er íbúum landsbyggðar séð fyrir ferðum með, til dæmis flugi, til borga þar sem öll þjónusta er fyrir hendi.

Mér líður stundum eins og það sé verið að láta staði eins og Þórshöfn blæða út og að það væri mun heiðarlegra að segja við fólk að hætta þessu og hjálpa því að flytja burt en að vera með einhvern fagurgala um úrbætur og standa svo ekki við neitt.

Það vantar byggðastefnu til lengri tíma, byggðastefnu sem ekki er verið að krukka stöðugt í og byggir á því að meiningin sé að halda landinu, einstökum svæðum og byggðarkjörnum, í byggð en að það sé sífellt verið að breyta stefnu, leikreglum og framtíðarsýn.“ */VH*

## Fell við Finnafjörð:

# Langar að fjölga geitunum og ferðamönnum

**Að Felli við Finnafjörð er rekið sauðfjárbú með rúmlega 400 ám. Þar eru líka nokkrar geitur og gerðar tilraunir með framleiðslu á fetaosti og hafin uppbygging í ferðaþjónustu.**

Ábúendur að Felli eru hjónin Reimar Sigurjónsson og Dagrún Þórisdóttir. Þau eiga fjórar dætur, Unni Vilborgu og Helgu Björk sem búa í foreldrahúsum en Aníta Dröfn býr á Þórshöfn og Stefanía Margrét er í framhaldsskóla.

Reimar var talsvert í fjölmiðlum í haust eftir að hann lenti í hrakförum og festist á klettasyllu í Gunnólfsvíkurfjalli þegar hann var að sækja eftirlegukind. Honum var bjargað af syllunni eftir þrettán klukkustundir en að hans sögn tók eltingaleikurinn við kindina sextán tíma.



Reimar Sigurjónsson og Dagrún Þórisdóttir á Felli við Finnafjörð. Myndir / VH

### *Gott land fyrir sauðfé*

Á Felli eru 430 vetrarfóðraðar kindur, fjórtán geitur, sex gæsir, fimm endur, átta hestar og þrír hundar.

„Búskapurinn gengur vel sem slíkur en afkoman af honum er ekki beint til að hrópa húrra fyrir. Hér er mikið land og gott fyrir sauðfé enda jörðin tæpir 4000 hektarar að stærð. Afurðaverð fyrir lambakjöt hefur verið lágt og það lækkaði enn meira síðastliðið haust og við finnum verulega fyrir því. Það sem bjargaði okkur var að féð kom vænt að fjalli.“

Auk þess að reka búið að Felli starfar Reimar sem meindýraeyðir og vinnur í törnum við löndun. Dagrún er í 20% starfi hjá hreppnum auk þess sem hún er að prófa sig áfram með að sauma púða sem eru að hluta úr gærum af lömbum sem drápust í sauðburðinum síðastliðið vor. Reimar fláði lömbin og síðan eru skinnin sútuð og ótrúlega mjúk viðkomu.

Reimar segir að þau séu með geitur bæði til gamans og í alvöru. „Okkur finnst þær skemmtilegar skepnur og svo býr Dagrún til fetaost úr mjólkinni úr þeim. Osturinn er sem stendur einungis til heimabrúks en okkur langar til að fjölga geitunum upp í þrjátíu og hver veit nema við reynum að markaðssetja fetaostinn einhvern tíma í framtíðinni. Endurnar og gæsirnar eru aftur á móti bara til gamans.“



Gistiskálarnir að Felli með Gunnólfsvíkurfjall í bakgrunni.



Sexhyrna.



Púðar sem Dagrún hannaði og saumar úr gærum lamba sem drepast í burði eða skömmu eftir hann.

### *Ferhyrnt forustufé*

Í fjárhúsunum að Felli er meðal annars að finna forustufé, ferhyrndar ær og eina sexhyrnda. Reimar segist vera að blanda saman ferhyrndum hrútum og forystufé og ætlunin sé að ná fram ferhyrndu forystufé. „Ástæðan fyrir þessu er sú að hér á bæ er ferhyrnda féð rólegra en annað fé og ég kann vel við það þess vegna.“

Í góðu árferði eins og í ár lætur Reimar um 180 ær ganga úti í fjarðarbotni Finnafjarðar stóran hluta ársins. „Ég færi ánum þrjár heyrúllur á þriggja til fjögurra daga fresti en þess á milli eru þær í fjörubeit og éta þang og þara. Mín reynsla er sú og nánast óbrigðult að frjósemin er meiri í útigöngufénu en því sem er á húsi.“



Helgu Björk Reimarsdóttir í fjárhúsunum að Felli.

### *Byggja upp ferðaþjónustu*

Hjónin á Felli eru samhliða hefðbundnum búskap að byggja upp ferðaþjónustu og hafa þegar reist tvo gistiskála. Annar þeirra var í útleigu síðastliðið sumar og leigan gekk ágætlega, að sögn Reimars. Hitt húsið er á lokametrunum og verður komið í leigu næsta sumar.

„Við höfum fullan hug á að markaðssetja Finnafjörð sem áfangastað fyrir ferðamenn en fjöldi þeirra sem sækja hingað er að aukast jafnt og þétt. Það er að segja þeir sem láta lélegar vegasamgöngur ekki aftra sér.

Hér eru líka rekahlunnindi sem við nýtum aðallega til að kynda íbúðarhúsið með eins og er. Ég klýf stóra boli í staura en vantar sög til að saga borðvið.“

### *Ekki hrifinn af umskipunarhöfn*

Að sögn Reimars er fábreytt atvinnulíf ein helsta ástæða þess að fólki fjölgar ekki í Langanesbyggð. Hann bindur vonir við að aukinn ferðamannastraumur geti bætt úr því að hluta en segir um leið að sú grein sé fallvölt og því ekki hægt að stóla eingöngu á hana.

„Sjálfur er ég ekki hrifinn af því að hér verði byggð risastór tollfrjáls umskipunarhöfn sem leggur undir sig hundruð hektara hér í firðinum. Náttúran hér er allt of dýrmæt og viðkvæm til þess. Hér fyrir utan eru til dæmis mikilvæg hrygningarmið fyrir þorsk og þau væru í hættu ef skip strandaði og af hlytist mengunarslys. Ég vona því að hugmyndin sé bara draumórar og að það verði aldrei neitt af þessum framkvæmdum.

Við höfðum talsverðar áhyggjur af þessu á tímabili en erum rólegri í dag og ætlum því að halda áfram að byggja upp búið og ferðaþjónustu tengda því og vera hér áfram.“

*/VH*



Reimar Sigurjónsson, bóndi á Felli í Finnafirði, og Silvía Windmann dýralæknir undirbúa geldingu geithafra. Myndir / VH

## Dýralæknirinn á svæði 6:

# Þrír geithafrar geltir

**Silvia Windmann dýralæknir leit við að Felli í Finnafirði þegar blaðamaður Bændablaðsins var þar í heimsókn. Erindi hennar var að gelda þrjá geithafra.**

Starfssvæði Silviu er Vopnafjarðarhreppur, Langanesbyggð, Svalbarðshreppur og Raufarhöfn, eða þjónustusvæði sex eins og það er kallað. Erindi Silviu að Felli var að gelda þrjá geithafra.

Silvía er frá Þýskalandi en búin að búa á Íslandi í fjórtán ár. „Ég kom upphaflega til Íslands í starfsnám fyrir sautján árum og kynntist núverandi manninum mínum. Að starfsnáminu loknu sneri ég aftur til Þýskalands til að ljúka náminu og svo aftur til Íslands að því loknu.“

Silvia fór sér að engu óðslega kringum geithafrana áður en geldingin fór fram. Fyrst voru þeir svæfðir og eftir að þeir höfðu lognast út af lagði hún þá á hliðina. Geldingartólið er stór og mikil töng sem brugðið er við rót pungsins og hert að. Ekki var neitt blóð að sjá við geldinguna en blaðamaður Bændablaðsins lét sér nægja að horfa á eina og hraðaði sér svo burt því ekki var laust við að hann væri töluvert smeykur við geldingatöngina. */VH*



Silvia Windmann dýralæknir.

## Sauðanes í Langanesbyggð:

# Hestar, reki, sauðfé, silungur og æðarkollur

**Ágúst Marinó Ágústsson er bóndi á Sauðanesi í Langanesbyggð ásamt sambýliskonu sinni, Steinunni Önnu Halldórsdóttur, ráðunauti hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, og Katrínu, dóttur hennar. Auk þeirra er Ágúst Guðröðarson, faðir Ágústs, búsettur að Sauðanesi.**

Sauðanes er þekkt hlunnindajörð sem er um 2.500 hektarar að stærð og þar var eftirsótt prestssetur fyrr á öldum.

„Ég er fæddur og uppalinn á Sauðanesi og áar mínir hafa búið hér frá því að móðurafi minn settist hér að sem prestur. Við Steinunn tókum við búinu af pabba fyrir fimm árum og erum með um 800 vetrarfóðraðar kindur og 50 hross. Auk þess tek ég stundum til mín hesta frá öðrum til tamninga.

Ágúst er hestamaður af lífi og sál og með sérreiðkennararéttindi frá Hólum í Hjaltadal. Hann hefur átt þrjár merar sem hafa unnið til fyrstu verðlauna á landsmótum. „Ein þeirra heitir Sóllilja, er móvindótt og mikil úrvals meri sem hefur slegið í gegn á tveimur landsmótum.“



Ágúst Marinó Ágústsson við bandsög sem notuð er til að saga borð úr rekavið. Myndir / VH



Rekaviðarbolur sem verið er að saga í borð.



Borð úr rekavið.



Ágúst Marinó með spæni sem unnið er úr rekavið og notað sem undirburður fyrir hesta.

### *Talsverður reki*

Talsverður reki er á Sauðanesi og hann telst til hlunninda. „Ég nýti rekann í staura bæði fyrir sjálfan mig og svo sel ég þá líka. Bestu bolina saga ég í borð sem annaðhvort eru nýtt til húsbygginga eða sem grindarefni í útihúsum. Viðurinn er líka notaður til húshitunar og svo er ég með sérsmíðaða vél sem tætir viðinn í spæni sem við notum sem undirburð fyrir hrossin. Tækið er eins og stór þykktarhefill sem tætir niður boli sem ekki nýtast í eitthvað annað.“

Ágúst segir mikið hafa dregið úr reka undanfarin ár og að hann sé mest að nota gamlar birgðir. Góður helmingur af birgðunum grisjast burt þegar valinn er viður til að saga í borð og hann er notaður í staura, brenni og spæni.“

### *Fornfrægt æðarvarp*

Á Sauðanesi er fornfrægt æðarvarp og segir Ágúst hreiðrin hafa verið um 1700 í vor sem er 200 fleiri en árið áður. Flest voru hreiðrin í eyju í Sauðaneslóni sem er austur af bænum Sauðanesi, eða um 900. „Skammt frá Sauðaneslóni liggur raflína eftir Sauðanesmölum sem er dauðagildra fyrir æðarfuglinn þar sem hún sker fluglínu fuglsins í æti. Þrátt fyrir margítrekaðar beiðnir hefur Rarik ekki fengist til að leggja línuna þarna í jörð þrátt fyrir að Sauðaneslón sé á náttúruminjaskrá.“

Ágúst segist safna dúninum eins þurrum og hann getur og hristi mestu óhreinindin úr honum en láti síðan hreinsa hann fyrir sig. Í ár söfnuðust um hundrað kíló af óhreinsuðum dúni sem kom út sem 28 kíló eftir hreinsun sem er met hjá þeim.

Hér er líka talsverð silungsveiði í öllum vötnum og sum þeirra eru leigð út til stangveiðimanna. */VH*



Karen Rut Konráðsdóttir, sauðfjárbóndi og gistihússtýra. Mynd / VH

## Gistiheimilið Lyngholt:

# Sauðfjárbúskapur er dýrt hobbý

**Ábúendur á Syðra-Álandi í Þistilfirði reka gistiheimilið Stakkholt á Þórshöfn sem býður gistingu fyrir 25 manns. Á næsta ári stendur til að fjölga gistirýmum.**

Hjónin Karen Rut Konráðsdóttir og Ólafur Birgir Vigfússon, sauðfjárbændur á Syðra-Álandi við Þistilfjörð, eru með 500 kindur á fóðrum og auk kindanna erum við með tvo hesta og tvo hunda og einn kött.

Þau reka einnig gistiheimilið Lyngholt á Þórshöfn og hafa gert það frá aldamótum.

Karen segir að gistiaðstaðan sé rekin í þremur húsum í þorpinu sem þau hafa keypt og gert upp og fjórða og jafnvel fimmta húsið munu bætast við fljótlega.

### *Gistirýmum fjölgar*

„Eins og er bjóðum við gistirými fyrir tuttugu og fimm manns á þremur stöðum. Aukningin í fjölda ferðamanna sem heimsækja Þórshöfn hefur verið jöfn og þétt og við höfum fjölgað gistirýmum í samræmi við það. Atvinnuástand í sveitinni er líka gott þannig að hér er stanslaus straumur fólks sem þarf gistingu allan ársins hring.“

### *Margir ungir bændur í Þistilfirði*

Karen segir óvenjulega mikið af ungu fólki sem eru bændur og nánast ungar fjölskyldur með börn á hverjum bæ í Þistilfirði.

„Í mínum huga er nánast ekki hægt að lifa á kindunum einum saman og sauðfjárbúskapur nánast dýrt hobbý eins og ástandið er í dag. Ég stunda fulla vinnu með gistiheimilisrekstrinum og þannig gengur dæmið upp hjá okkur. Þrátt fyrir það viljum við hvergi annars staðar vera. Við höfum mikla trú á framtíð sveitarfélagsins og viljum leggja okkar af mörkum við uppbyggingu þess og búa eitthvað til. */VH*



Reynir Atli Jónsson, oddviti og hestamaður. Mynd / VH

### Oddviti Langanesbyggðar og hestamaður:

# Reiðkennsla hentar mér vel

**Reynir Atli Jónsson, oddviti í Langanesbyggð, er hestamaður af lífi og sál. Hann tekur að sér að temja hesta og kennir börnum reiðmennsku bæði hérlendis og í Þýskalandi.**

„Ég bý á Þórshöfn en er með aðstöðu fyrir hesta á Gunnarsstöðum," segir Reynir. „Sem oddviti sé ég um fundarstjórn á sveitarstjórnarfundum og tek þátt í ákvörðunartökum sem tengjast sveitarfélaginu."

***Með aðstöðu fyrir hesta á Gunnarsstöðum***

„Hvað hestamennsku varðar reyni ég að vera með eins fjölbreytta aðstöðu og ég get hér að Gunnarsstöðum og vera með alla anga úti til að afla verkefna. Á haustin tek ég iðulega að mér hesta í frumtamningu."

Reynir segist hafa unnið við hesta síðan um aldamótin 2000. „Ég hef reyndar umgengist hesta frá því ég var barn og með hestadellu frá því að ég fæddist. Árið 2000 fór ég til Danmerkur til að vinna með hesta og ári seinna á Hóla og kláraði síðan reiðkennaranámið þar 2006."

Að sögn Reynis á hann ekki mikið af hestum sjálfur enda er hann mikið á þvælingi og er hann því aðallega að temja fyrir aðra. „Ég er með átta hross í tamningu eins og er, sem flest koma af Austfjörðum. Ég er svo heppinn að hafa kynnst mörgum góðum hestum í gegnum tíðina en farsælasti hesturinn sem ég hef tamið frá grunni er Hektor frá Þórshöfn sem komst í úrslit á fjórðungsmóti hestamanna. Hektor er frábær hestur og með nánast óraunverulegar víddir í gangtegundum."

***Reiðkennsla skemmtileg***

Reynir segir að þrátt fyrir að oft séu miklir peningar í hestamennsku sé hann ekki að þessu þeirra vegna. „Í mínum huga er hestamennska lífsstíll og líf sem ég kann vel við. Ég kenni líka talsvert á reiðnámskeiðum bæði hér heima og erlendis."

Síðastliðið sumar var Reynir í Þýskalandi að kenna reiðmennsku auk þess sem hann kennir börnum að sitja hesta á Æskulýðsdögum í Norðfirði. „Námskeiðin standa í þrjá daga og allt að fjörutíu krakkar sem mæta. Sjálfum finnst mér mjög gaman að kenna á þessum námskeiðum og reyndar yfirleitt að kenna börnum og fullorðnum að umgangast hesta." */VH*

### Bóndi og ráðunautur:

# Ráðunautur á flestum sviðum

**Steinunn Anna Halldórsdóttir býr ásamt sambýlismanni sínum, Ágústi Marinó Ágústssyni, að Sauðanesi í Langanesbyggð. Auk þess að vera bóndi er Steinunn einnig ráðunautur í Norðurþingi á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.**

Svæðið sem Steinunn sinnir er Langanesbyggð, Svalbarðshreppur og yfir í Öxarfjörð, Kelduhverfi og Vopnafjörð.

***Búfræðikandídat frá Hvanneyri***

„Ég er búfræðikandídat frá Hvanneyri og hef verið ráðunautur frá 2007, í fyrstu í Skagafirði en þetta er þriðja árið sem ég er á þessu svæði. Mitt sérsvið hjá RML er hrossarækt en þegar ég var á Hvanneyri tók ég ráðunautaréttindi í sauðfjár-, nautgripa- og hrossarækt.

Ég kom frá blönduðu búi, Brimnesi í Skagafirði, og vildi því kynna mér þetta allt saman.

Árin sem ég var ráðunautur í Skagafirði sinnti ég sauðfjár- og hrossarækt til að byrja með en sérhæfði mig síðan í hestunum enda Skagafjörður mikið hestahérað.

Eftir að ég flutti hingað víkkaði svo sviðið aftur og auk þess að vinna mikið í kringum hross sé ég einnig um lambaskoðanir á svæðinu og aðstoða bændur við skýrsluhald sé þess óskað. Í vor og haust bætist jarðræktin að hluta við með töku jarðvegs- og heysýna."



Steinunn Anna Halldórsdóttir, bóndi og ráðunautur. Mynd / VH

***Grænlendingar í verknámi***

Steinunn segir að með búskapnum og starfinu sem ráðunautur sé því oft mikið að gera.

„Hingað koma stundum Grænlendingar, sem eru í námi á Hvanneyri, í verknám í ár í senn og það léttir talsvert undir hjá okkur. Grænlendingarnir sem hingað hafa komið eru ótrúlega duglegir og frábær starfskraftur.

Við höfum reyndar verið hér tvö frá því í júní og stundum fullmikið fyrir mig að vera bóndi, húsmóðir og ráðunautur í 85% starfi. Draumurinn er að minnka smám saman vinnu utan heimilisins og sinna eingöngu bústörfum." */VH*

RÝMINGARSALA
20% aukaafsláttur af öllum
GARÐHÚSUM
á meðan byrgðir endast



44 mm bjálki / Tvöföld nótun
GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

· Allt á að seljast
· Fyrstur kemur fyrstur fær
· Ekki missa af þessu

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu okkar **volundarhus.is** og í síma 864-2400.


GARÐHÚS 4,4m²


GARÐHÚS 4,7m²


GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs


GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

volundarhus.is · Sími 864-2400



ÓSKUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA & FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI.

ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á LIÐNU ÁRI.

VÉLAVAL
VARMAHLÍÐ
453 88 88 velaval.is velaval@velaval.is



Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook






Sealskinz er breskt fyrirtæki sem framleiðir einstaka línu af vatnsheldum vörum fyrir höfuð þitt, hendur og fætur.

Sealskinz notast við 3ja laga einkaleyfisskráða tækni í prjónuðum sokkum, hönskum og húfum til að búa til óaðfinnanlegar vörur sem eru algerlega vatnsheldar en anda engu að síður.

**Reykjavík** GG Sjósport / Örninn reiðhjólaverslun / Lífland / Icewear / Arctic Trucks **Sauðárkrókur** Kaupfélag Skagfirðinga **Neskaupsstaður** Multitask **Vík í Mýrdal** Icewear **Selfoss** Jötunn **Bláskógabyggð** Gullfosskaffi **Akureyri** Lífland / Jötunn / Veiðiríkið / Icewear **Egilsstaðir** Jötunn **Húsavík** Skóbúð Húsavíkur **Blönduós** Lífland **Siglufjörður** SR Byggingavörur **Ísafjörður** Bílaverkstæði SB



KRÄNZLE ÞÝSKAR GÆÐA HÁÞRÝSTIDÆLUR
TILBOÐ TIL ÁRAMÓTA

kränzle

Verð frá kr. 49.900,- án vsk.



Með öllum dælum fylgir með sprautuhlíf, stakkur og húfa



Búvís 2006-2016
10 ÁRA
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvis.is



IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR



- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir I Sími 564 0013 I www.ishurdir.is I ishurdir@ishurdir.is



Helgi Eggertsson og Helga R. Pálsdóttir á bænum Kjarri í Ölfusi í reiðskemmu sem þau létu reisa 2013. Auk hrossaræktar reka þau mjög myndarlega gróðrarstöð þar sem áherslan er á ræktun trjáa, skrautrunna, limgerðis- og skjólbeltaplantna. Á innfelldu myndinni er hesthúsbygging og reiðskemman. Mynd / HKr. .

## Öflug garðplöntusala og hrossarækt að Kjarri í Ölfusi:

# Í skjóli trjánna undir vindbörðu fjalli Ingólfs

**Helga R. Pálsdóttir og Helgi Eggertsson reka myndarlega gróðrarstöð og hrossarækt að bænum Kjarri í Ölfusi. Þau segjast vart muna aðra eins veðurblíðu og ríkt hefur stóran hluta af þessu ári.**

„Við erum að framleiða hér tré, skrautrunna, limgerðis- og skjólbeltaplöntur. Trén sem við erum að selja eru alveg upp í þriggja til fjögurra metra há. Hnausaplönturæktun er svolítið okkar sérgrein í trjáræktinni," segir Helga. Þar á hún við að trén eru undirbúin í uppeldinu til flutnings síðar og þá seld í hnaus sem er íklæddur striga sem auðveldar mjög allan flutning. Framleiðsluna sýna þau á stóru útisvæði yfir sumarið. Þar eru allar plönturnar vel merktar samkvæmt ákveðnu merkingakerfi sem garðplöntuframleiðendur hafa látið útbúa fyrir sig. Framleiðsluna selja þau síðan á staðnum beint til viðskiptavina.

„Þetta hefur gengið ágætlega, en vissulega er gífurlega mikil vinna í kringum þetta. Þegar vel viðrar sýnir fólk þessu þó meiri áhuga en ella."

Helga R. Pálsdóttir er fædd norður í Skagafirði en uppalin á bænum Kröggólfsstöðum rétt fyrir neðan Hveragerði.

„Mamma, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, er ein af systrunum 7 frá Merkigili í Skagafirði, en pabbi, Páll Sigurðsson, var hestamaður og kenndur bæði við Fornahvamm og Varmahlíð."

Helgi Eggertsson er aftur á móti fæddur og uppalinn á Selfossi. Faðir hans er Eggert Vigfússon frá Selfossi og móðir Hulda Vilhjálmsdóttir frá Laugabökkum í Ölfusi.

### *Trjásalan aftur að ná sér á strik eftir hrunið*

Helga segir að efnahagshrunið 2008 hafi ekki haft svo mikil áhrif á viðskiptin til að byrja með.

„Við vorum að selja nokkuð jafnt og þétt fyrir verkefni sem höfðu verið í gangi fyrir hrunið, en síðan fór að draga úr þessu. Ég held að þetta sé nú allt á uppleið og að koma til baka núna."

Helga segir að trjágróðurinn sem fólk sé að kaupa sé af fjölmörgum tegundum og í ýmsum stærðum. Birkið er alltaf vinsælt, reynitegundir, elri, greni og fura að ógleymdum öllum skrautrunnunum.

„Við erum búin að búa hér í 35 ár. Við tókum þá við búi af föðursystur minni, Rögnu Sigurðardóttur, sem þá var nýlátin. Hennar maður var Pétur Guðmundsson, sem lést nokkrum árum áður en við komum að þessu. Þegar við tókum við var í sjálfu sér engin ræktun í gangi. Ragna og Pétur höfðu dregið saman seglin sökum aldurs en skjólbelti voru til staðar. Við gátum nýtt okkur skjólbeltin, en mýrin hér fyrir ofan bæinn var bara grasi vaxin."

### *Óskaplega frjór jarðvegur í mýrinni ofan við bæinn*

*–Nú eruð þið búin að rækta upp myndarleg tré í þessari mýri, er þetta ekki súr og vondur jarðvegur til þess?*

„Nei, þetta er eðaljarðvegur, óskaplega frjór og góður. Þarna vex allt sem sett er niður. Ég held því fram að þessi jarðvegur bjargi því að hægt sé að rækta hér þar sem hvassviðri getur verið mjög mikið."

Þegar við hófum hér búskap



Helga R. Pálsdóttir með lauftré sem tilbúin eru til afhendingar.



Helga við stórt birkitré.



Sölusvæðið í Kjarri. Mynd / HRP/HE

vorið 1981 var Helgi að útskrifast úr framhaldsdeildinni á Hvanneyri. En ég úr MA. Í framhaldinu fór ég í Garðyrkjuskólann, en Helgi starfaði í mörg ár hjá Búnaðarsambandi Suðurlands sem ráðunautur á ýmsum sviðum."

Helgi átti hesthús á Selfossi þegar þau kynntust. Þar voru þau með sín hross til að byrja með. Eftir að þau fluttu að Kjarri hafa þau byggt upp nær allan húsakost sem nú stendur á jörðinni, þar á meðal hafa þau stækkað íbúðarhúsið, byggt hesthús og veglega reiðskemmu og lítið fjárhús fyrir 20 kindur. Reyndar segist Helgi hafa verið rekinn út úr hlöðunni með kindurnar af því að einhverjum hafi fundist vera vond lykt af þeim.

### *Eitt þriggja barna við nám í hestamennsku*

Þau hjón eiga þrjú börn, Pál, Rögnu og Eggert, sem öll eru á þrítugsaldri. Eggert er á öðru ári á hestabraut við Háskólann á Hólum og er með brennandi áhuga á hestamennsku. Páll er aftur á móti að ljúka læknisfræði og Ragna verkfræðinámi.

Helga segir að það hljóti eitthvað að hafa klikkað hjá þeim í uppeldinu þar sem ekkert barnanna hefur sýnt sérstakan áhuga á garðyrkjunámi.

„Þau hafa samt öll tekið þátt í þessu með okkur og byrjuðu að vinna við þetta um leið og þau gátu gengið. Svo þau þekkja okkar störf mjög vel."

### *Byrjuðu að byggja hlöðuna 1987*

„Við byrjuðum á að byggja hér hlöðu 1987 og síðan hesthús 1988 sem tekið var í notkun 1989. Nú síðast bættum við viðbyggingu við hlöðuna og reiðskemmunni sem við tókum í notkun haustið 2013," segir Helga.

Nú er búið að endurnýja í hesthúsinu og hlöðuna sem þau byggðu fyrst tóku þau í gegn á síðasta ári. Hesthúsið rúmar nú 30 hross. Þau eru nú með um 70 hross og að jafnaði fæðast 7–10 folöld á ári. Helgi sér síðan um uppeldið á hrossunum

og tamningar með dyggri aðstoð konu sinnar og barna.

### *Of mörg hross á markaðnum*

Helgi segir að hans hlutverk á bænum lúti mest að hestamennskunni. Hann segir að þau ræktu upp hesta og temji til að selja. Afsetning á hrossum mætti vera betri, en hann segir að offramboð á markaði ráði þar mestu um. Reyndar hafa hestamenn verið að ræða um það árum saman að full þörf væri á að grisja stofninn.

Á síðasta ári voru samkvæmt tölum Matvælastofnunar 67.358 hross í landinu. Mögulega er um einhverja vantalningu að ræða, einkum í þéttbýli. Nákvæmari tölur um hrossaeign landsmanna ættu að liggja fyrir vorið 2017.

„Það tekur þó (mjög) langan tíma frá því hætt er að halda merum þar til draga fer úr fjöldanum sem kemur inn á markað," segir Helgi. Hann segir að þetta sé vissulega í áttina en er ekki sérlega bjartsýnn á að menn dragi nægilega úr framleiðslu.

### *Kúabúskapur nær horfinn úr Ölfusinu en hestamennskan öflug*

Helgi segir að miklar breytingar hafi átt sér stað í landbúnaði í Ölfusinu á liðnum áratugum. Um 1960 hafi verið um 60 mjólkurinnleggjendur í Ölfusinu, en nú sé einungis einn eftir. Það er Pétur Guðmundsson í Hvammi, sem var einmitt að vígja nýja fjósbyggingu á dögunum.

Það eru hins vegar mörg hrossabú í Ölfusinu þar sem stunduð er fjölbreytt hestatengd starfsemi. Hrossarækt, tamningar, hestaleigur að ógleymdu hestaleikhúsinu í Fákaseli. Ölfusið er vel í sveit sett og njótum við nálægðarinnar við höfuðborgina.


### *Reiðskemman var algjör bylting*

Helgi er stoltur af reiðskemmunni sem er 16x40 metra límtréshús, eða 640 fermetrar að grunnfleti. Það er byggt af Límtré á Flúðum, eða Límtré Vírnet ehf., eins og fyrirtækið heitir í dag. Þeir teiknuðu einnig millibygginguna sem tengir skemmuna við hlöðuna.

„Það var algjör bylting að fá skemmuna. Þá er maður ekkert háður veðrum með þjálfun. Þetta verður allt mun þægilegra, eins og í þeirri endalausu rigningartíð sem hér var í haust. Auðvitað hefði maður getað farið í galla og skarkað hér úti, en skemman gerir manni kleift að vinna þetta jafnt og þétt alla daga ársins. Áður komu oft heilu vikurnar sem ekkert var hægt að gera vegna veðurs og þá þurfti að nota helgarnar þegar rofaði til."

Þar sem vindálag getur verið mjög ofsafengið undir Ingólfsfjallinu mætti ætla að hús eins og þessa reiðskemmu þurfi að styrkja sérstaklega. Sú varð þó ekki raunin þar sem byggingarnar frá Límtré eru gerðar til að þola mjög mikið álag. Eigi að síður bað Helgi um að vegghæðin yrði ekki meiri en nauðsynlega þyrfti.

Helgi segir að þegar þau ákváðu að byggja skemmuna 2013 hafi staðið einstaklega vel á hjá Límtré sem hófst þegar handa við verkið. Þá var enn lægð í framkvæmdum í þjóðfélaginu og ágætt aðgengi að iðnaðarmönnum. Þetta er gjörbreytt í þeirri uppsveiflu sem nú ríkir.



**Bærinn Kjarr er staðsettur undir Ingólfsfjalli skammt vestan við Selfoss, þar sem norðan vindstrengir geta orðið ansi öflugir. Með ræktun skjólbelta ofan við bæinn hefur verið dregið verulega úr vindálaginu.**



**Útiplöntunarsvæði í Kjarri.** Mynd / HRP/HE

### *„Lenti bara í þessu"*

Þó segja megi að hestamennskan eigi nú huga Helga að verulegu leyti, þá er hann ekki fæddur inn í sveitastörf og ólst alls ekki upp við hestamennsku eins og Helga konan hans.

„Ætli ég hafi ekki verið um tíu ára aldurinn þegar ég fór að sniglast út í hesthús á Selfossi. Það var ekkert af mínu fólki í hestamennsku. Maður bara lenti í þessu eins og sagt er, eiginlega fyrir einhverja tilviljun," segir Helgi.

„Hjá okkur sem höfum þetta að atvinnu, þá snýst þetta allt um hesta. Það er vinnan, það er hobbýið og allt. Menn hugsa eiginlega ekki um neitt annað."

*–Nú starfaðir þú lengi hjá Búnaðarsambandi Suðurlands (BSSL), hvert var þitt hlutverk þar?*

„Ég var þar í ráðgjöf í loðdýrarækt og hrossarækt og svolítið í jarðræktinni líka. Ætli ég hafi ekki verið í sjö ár þar í fullu starfi. Svo var ég í nokkur ár í viðbót að sinna loðdýraræktinni. Þá var hestamennskan farin að taka svo mikinn tíma að ég mátti ekki vera að því að sinna starfinu lengur hjá Búnaðarsambandinu."

*–Er bjart fram undan í hestamennsku á Íslandi?*

„Já, ég held að þetta eigi eftir að verða áfram öflugt áhugamál og atvinna fyrir marga," segir Helgi. Hann telur að útflutningur á hrossum sé að aukast, en hann hafi verið nokkuð stöðugur undanfarin ár. Jafnvel þótt bæði Danir og Svíar hafi verið að koma meira inn í söluna með sín íslensku hross. Innanlandsmarkaðurinn er líka að rétta úr kútnum.



**Helgi segir að dýrustu keppnishrossin hafi verið að seljast vel úr landi. Aftur á móti hafi salan á venjulegum reiðhrossum minnkað mikið um langan tíma, einkum út af sumarexeminu sem plagar þá á erlendri grund.** Mynd / HKr.

### *Sumarexem veldur enn vanda hjá íslenskum hrossum erlendis*

Það eru dýrustu keppnishrossin sem hafa verið að seljast vel. Aftur á móti hefur salan á þessum venjulegu reiðhrossum minnkað mikið um langan tíma. Það er einkum út af sumarexeminu. Venjulegt fólk sem stundar hestamennsku erlendis í sínum tómstundum, hefur bara ekki aðstöðu til að passa eins vel upp á þá eins og atvinnu- og keppnisfólkið. Það pakkar hrossum bara inn og vefur þá inn í ábreiður á þeim tíma þegar flugan er skæðust."

*–Hvað með hesta undan íslenskum hrossum erlendis eins og í Danmörku, Svíþjóð og Þýskalandi, eru þeir eins útsettir fyrir sumarexemi og hross sem héðan eru flutt?*

„Það er lægra hlutfall af þeim sem fær sumarexem. Það er búið að vera að reyna að finna bóluefni gegn sumarexemi. Það er bara spurning hvenær það kemur."

Hann segir að menn dreymi líka um að finna mögulega lækningu fyrir hross sem hafi þegar smitast af exemi. Staðan er þannig í dag að ef hross fær exem, þá losnar það ekkert við það nema vera þá flutt á svæði sem er laust við áreiti flugunnar sem veldur því. Helgi segir að þessi áhætta fyrir exemi sé þekkt í öllum hrossakynjum, en mismikið þó. /HKr.

## Unnið að þróun mótefnis við biti smámýs

**Sumarexem er ofnæmi í hrossum með framleiðslu á IgE mótefnum sem orsakast af próteinum úr bitkirtlum smámýs (Culicoides spp.).**

Ofnæmið er vandamál í íslenskum hestum sem fluttir eru út en smámý lifir ekki á Íslandi að því er fram kemur á vefsíðu Háskóla Íslands. Ekki virðast vera nein rök fyrir því að flugan hafi ekki náð fótfestu hér. Ekki er útilokað að hún berist hingað líkt og lúsmý sem olli mörgu fólki miklum óþægindum á sunnan- og vestanverðu landinu á síðastliðnu sumri.

Á Keldum er unnið að þróun bólusetninga gegn sumarexemi. Niðurstöður tilraunabólusetninganna birtust nýverið í nýjasta tölublaði Vet Immunol Immunopathol. Rannsóknaverkefnið er doktorsverkefni Sigríðar Jónsdóttur sem hún vinnur undir leiðsögn Sigurbjargar Þorsteinsdóttur ónæmisfræðings og Vilhjálms Svanssonar, dýralæknis á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, auk þess sem samvinna er við svissneskan rannsóknahóp. Samanburðartilraunir á tólf hestum gáfu markverðar jákvæðar niðurstöður.

Sprautun í eitla með smáum skömmtum af hreinum ofnæmisvökum í alum/MPLA örvar kröftugt IgG mótefnasvar og boðefnasnið sem líklegt er til að verja hestana gegn ofnæmi. Þetta er því að mati vísindamanna vænleg nálgun í áframhaldandi þróun á bóluefni og „afnæmingu" gegn sumarexemi.



**Sonurinn Eggert á Stúfi. Hann er er á öðru ári á hestabraut við Háskólann á Hólum.** Mynd / HRP/HE



## Bolir frá Selasetri Íslands vekja athygli:

# „Ég lifði af veginn 711“

**„Við erum fyrst og fremst að minna á það ófremdarástand sem við búum við í vegamálum hér um slóðir. Margoft er búið að vekja athygli ráðamanna á því að vegur númer 711, Vatnsnesvegur, er handónýtur og beinlínis hættulegur,“ segir Sigurður Líndal Þórisson, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands og formaður stjórnar Ferðamálafélags Vestur-Húnavatnssýslu.**

Selasetrið hefur látið gera fyrir sig sérmerkta boli með merkingunni: I survived road 711 – Ég lifði af veginn 711.

Umferð hefur aukist mjög um Vatnsnesveginn á liðnum árum í takt við aukinn straum erlendra ferðamanna og gefst þeim nú kostur á að klæðast þessum bolum og stæra sig í leiðinni af því að hafa komist lifandi frá akstri um hann.

Sveitarfélagið Húnaþing Vestra hefur margítrekað bent á nauðsyn þess að ráðist verði án tafar í þær bráðnauðsynlegu úrbætur sem gera þarf á veginum. Það sama hefur Ferðamálafélag Vestur-Húnavatnssýslu gert. Foreldrar barna á Vatnsnesi hafa rætt um að senda ekki börn sín í skólann nema ráðist verði í úrbætur. Alltof algengt er að sögn Sigurðar að vegfarendur ráða ekki við aðstæður og lenda út af með tilheyrandi slysum og tjóni.

### *Endurbætur ekki á langtímaáætlun*

Endurbætur á Vatnsnesvegi eru ekki inni í neinum langtímaáætlunum í vegagerð, að sögn Sigurðar, en til stendur næsta sumar að setja upp nýja brú við Tjörn yst á Vatnsnesi. Brúin er einbreið, vegfarendur þurfa að taka snögga u-beygju og aka töluverðan halla til að komast að henni. „Þetta er mikil slysagildra og margir farið þar flatt. Það er auðvitað ánægjulegt að þarna verði gerð bragarbót á, en er þó hvergi nærri nóg. Vegurinn um Vatnsnes er mjög erfiður malarvegur, handónýtur og hættulegur, það þýðir ekki einu sinni að hefla hann. Vegurinn er orðinn svo efnislítill að það gerir ekki neitt fyrir hann.“




„Þessi hugmynd kviknaði líkt og margar aðrar í samræðum manna á milli, við vorum að velta fyrir okkur hvað við gætum gert til að vekja á þessu meiri athygli og þetta varð niðurstaðan,“ segir Sigurður. Jóhannes Gunnar Þorsteinsson, „tölvuleikjabóndi“ í Kollsnesi, hannaði bolinn. „Við vinnum þetta að langmestu leyti hér í heimabyggð og erum stoltir af, þetta eru skemmtilegir bolir,“ segir hann. Þeir eru til í gulu og svörtu og í herra- og dömusniðum. Bolirnir fást eingöngu í Selasetrinu.

### *Bíða eftir nýjum ráðherra*

„Heimamenn hafa töluvert komið við hjá okkur og keypt boli sem mig grunar að lendi í töluverðum mæli í jólapökkum í ár. Það er vel, því fleiri sem klæðast þeim því meiri athygli fáum við,“ segir Sigurður. Nú bíða Selasetursmenn eftir því að mynduð verði ný ríkisstjórn því til stendur að afhenda nýjum samgönguráðherra einn slíkan til eignar.



## Auglýsing um styrki til varna gegn landbroti

Samkvæmt lögum Landgræðslu ríkisins heimilt að styrkja framkvæmdir við fyrirhleðslur sem ætlað er að vernda mannvirki, nytjaland eða annað gróið land í eigu einkaaðila.

Landgræðslan auglýsir nú eftir umsóknum um styrki til varna gegn landbroti. Við forgangsröðun umsókna verður m.a. höfð hliðsjón af verðmæti þess lands eða mannvirkja sem landbrotið ógnar. Hámarksfjárhæð styrks er kr. 4.500.000.

Umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur eru á heimasíðu Landgræðslu ríkisins (www.land.is). Einnig er hægt að fá eyðublöð, úthlutunarreglur og nánari upplýsingar á héraðssetrum Landgræðslunnar og á skrifstofu Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti.

Umsóknarfrestur er 31. janúar n.k. Umsóknir frá árinu 2010 og yngri eru í fullu gildi og þarf ekki að endurnýja þær.

Umsóknir skal senda til: Landgræðsla ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hella eða á netfangið land@land.is

Landgræðsla ríkisins



# Auglýst eftir styrkjum vegna landbrots

**Landgræðsla ríkisins hefur það hlutverk skv. lögum um varnir gegn landbroti að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum með Vörnum gegn landbroti af völdum fallvatna.**

Aðgerðir til að hefta landbrot af völdum vatnsfalla eru fólgnar í gerð bakkavarna og í sumum tilfellum byggingu varnargarða. Með bakkavörnum er átt við að grjót- og/eða malarfylling er sett við árbakkann til þess að stöðva landbrot. Bakkavarnir hafa oft á tíðum minni áhrif á rennsli áa og eru minna áberandi í umhverfinu en varnargarðar. Varnargarðar geta á hinn bóginn verið nauðsynlegir þar sem ár bera undir sig framburð og flæmast út fyrir farvegi sína.

Landgræðslan á náið og gott samstarf við Vegagerðina um framkvæmd varna gegn landbroti. Ef varnaraðgerðum er ætlað að verja bæði gróðurlendi og samgöngumannvirki hafa þessar stofnanir skipt með sér kostnaði, en Vegagerðin annast og hefur umsjón með varnaraðgerðum vegna vega, brúa og annarra samgöngumannvirkja á landi. Þar sem vandasamar eða umfangsmiklar fyrirhleðsluframkvæmdir eru fyrirhugaðar á vegum Landgræðslunnar, annast Vegagerðin verkfræðilegan undirbúning, útboð og eftirlit með þeim. Siglingastofnun annast gerð varnargarða gegn ágangi sjávar.

Aðkallandi verkefni eru við vatnsföll víða um land auk þess sem sinnt er viðhaldi eldri varnargarða. Ekki er unnt að sinna nema hluta þeirra beiðna sem berast árlega um aðgerðir. Við forgangsröðun verkefna er lögð áhersla á varnaraðgerðir þar sem ræktuðu landi, byggingum eða öðrum mannvirkjum stafar hætta af ágangi vatna.

Landgræðslan auglýsir nú eftir umsóknum um styrki til varna gegn landbroti. Við forgangsröðun umsókna verður m.a. höfð hliðsjón af verðmæti þess lands eða mannvirkja sem landbrotið ógnar. Umsóknarfrestur er 31. janúar nk. Sjá nánar í auglýsingu frá Landgræðslunni

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Stofnsett 1958
Hlíðasmári 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000
Gott framboð af áhugaverðum jörðum
jardir.is
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

MENNING & LISTIR

# Skagfirskar skemmtisögur í fimmta sinn – Endalaust fjör!

**Fimmta bindið af Skagfirskum skemmtisögum er komið út hjá Bókaútgáfunni Hólum. Sem fyrr er það Skagfirðingurinn og blaðamaðurinn Björn Jóhann Björnsson sem tekur sögurnar saman. Þær eru orðnar vel á annað þúsund í bindunum fimm og hafa að geyma óborganlegar sögur af Skagfirðingum til sjós og lands, allt frá ofanverðum miðöldum til dagsins í dag. Hafa bækurnar hlotið fádæma viðtökur um allt land, ekki bara í Skagafirði, og verið ofarlega á metsölulistum bókaverslana.**




Að þessu sinni eru um 200 sögur héðan og þaðan úr Skagafirði, allt frá Fljótum í norðri til Akrahrepps í suðri. Króksarar fyrr og nú koma mikið við sögu, sem og Hofsósingar og nærsveitamenn. Sagt er frá ævintýralegum hestaviðskiptum við Stebba á Keldulandi og birt smásagan Raunir á Reyðarskeri.

Í Skagfirskum skemmtisögum 5 eru einnig sögur af því þegar:

- Séra Þórir Stephensen var kallaður til skítverka hjá Jóni í Ketu
- Stína Sölva hélt þingmenn Sjálfstæðisflokksins vera Álftagerðisbræður
- Guðjón í bakaríinu rak sig upp undir
- Ása Öfjörð kláraði messuvínið í Barðskirkju
- Óskar Pétursson frá Álftagerði kannaði lagerstöðuna á elliheimilinu
- Óskar Þorleifs meig á milli brjóstanna á hafmeyju
- Sæmundur Hermanns sagði veggina hafa eyru
- Séra Guðbjörg vígði kaffistofuna á vélaverkstæðinu
- Ingvi Hrafn hljóp skælandi heim í Stóru-Gröf
- Séra Gunnar í Glaumbæ gat haldið áfram að drekka
- Siggi í Salnum sagðist ekki ætla að skjóta Munda í Tungu
- Hilmir Jó hundskammaði Steina Birgis
- Steingrímur á Silfrastöðum sagði kirkjuna sína rúma heilt helvíti
- Pétur á Hjaltastöðum tapaði gómnum
- Andrés Valberg seldi sömu hauskúpuna tvisvar eina fagra nótt í Reykjavík
- Binni Júlla plataði Kára Steins
- Jón Ósmann gleymdi Sigga í handarkrikanum
- Seðlabankamenn hringdu í Hörð á Hofi

Skagfirskar skemmtisögur koma öllum í gott skap! Bókin fæst í öllum helstu bókaverslunum landsins.

www.vig.is
SMIÐJA Í SVEIT

VIG Vélsmiðja Ingvars Guðna
Vatnsenda
Flóahreppi
S:486-1810

8% 12% 10%
VILTU TRYGGJA ÞÉR BETRA VERÐ MEÐ ÞVÍ AÐ PANTA FYRIR ÁRAMÓT?
SÖLUMENN JÖTUNS GEFA ÞÉR GOTT TILBOÐ Í RÉTTU VÉLINA

VÉLAR OG TÆKI


Finnbogi Magnússon
*finnbogi@jotunn.is*
*Sími 480 0410*


Helgi J. Jóhannsson
*helgi@jotunn.is*
*Sími 480 0406*


Ingvi Þór Bessason
*ingvi@jotunn.is*
*Sími 480 0454*


Hrafn Hrafnsson
*hrafn@jotunn.is*
*Sími 480 0408*


Einar Örn Sigurjónsson
*einar@jotunn.is*
*Sími 480 0427*

FJÓS OG FÓÐRUN


Össur Björnsson
*ossur@jotunn.is*
*Sími 480 0407*



Örn Bragi Tryggvason
*orn@jotunn.is*
*Sími 480 0421*


Grétar Hrafn Harðarson
*gretar@jotunn.is*
*Sími 480 0433*

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is




Bændablaðið
Kemur næst út
12.
janúar 2017




Þetta kort eftir Ólaf Valsson er úr bókinni Djúpmannatal 1801-2011 og sýnir vel Ísafjarðardjúp með Snæfjallaströndinni sem bók Engilberts S. Ingvarssonar, „Undir Snjáfjöllum“, fjallar um.

# Undir Snjáfjöllum

## – Ný bók um búsetu og mannlíf á Snæfjallaströnd eftir Engilbert S. Ingvarsson

**Engilbert S. Ingvarsson sem gjarnan hefur verið kenndur við Tirðilmýri á Snæfjallaströnd hefur nú gefið út nýja bók með þáttum um búsetu og mannlíf á ströndinni. Heitir bókin Undir Snjáfjöllum – Önnur bók og er að hluta endurútgáfa bókar sem kom út 2007, en seldist upp.**

Engilbert fæddist í Unaðsdal á Snæfjallaströnd árið 1927 og flutti að Lyngholti 9 ára og síðan til Ísafjarðar 17 ára gamall. Þar lærði hann bókband í prentsmiðjunni Ísrúnu. Hann var síðan með búskap á Tirðilmýri á Snæfjallaströnd ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Daníelsdóttur, frá 1953 til 1987 þegar þau fluttu til Hólmavíkur. Voru þau síðustu ábúendur á Tirðilmýri og nokkrum árum síðar fór Ströndin öll í eyði.

Á Hólmavík starfaði Engilbert hjá hreppnum við félagsheimili staðarins og síðar sem vigtarmaður, samhliða bókbandi. Með eiginkonunni, Kristínu Daníelsdóttur hárgreiðslumeistara, eignaðist hann sjö börn og fjölda barnabarna. Engilbert býr nú á Ísafirði og er á 90. aldursári.

Engilbert tók virkan þátt í stjórnmálum og öðru félagsstarfi meðan hann bjó á Tirðilmýri. Hann hefur lagt mikið af mörkum til að skrá og viðhalda minningu fólksins sem bjó á Snæfjallaströnd, og var lengi vel formaður stjórnar Snjáfjallaseturs sem sonur hans, Ólafur Jóhann Engilbertsson, stýrir nú. Engilbert sagði í samtali við Bændablaðið að mikið hafi breyst í mannlífi við Djúp frá því um aldamótin 1900.


Engilbert S. Ingvarsson

Nokkrum árum eftir að þau hjón fluttu frá Tirðilmýri fór Ströndin öll í eyði. Bókin fjallar um sögu byggðar á blómaskeiði svæðisins.

### *Mannlíf og þróun í Snæfjallahreppi*

„Ég hef verið að skrifa um mannlíf og þróun í Snæfjallahreppi,“ sagði Engilbert í samtali við Bændablaðið. „Þá aðallega á fyrrihluta síðustu aldar.“




Í bókinni er brugðið upp lýsingu á ýmsum þáttum í félagslífi og lifnaðarháttum fólksins á Snæfjallaströnd við Ísafjarðardjúp á fyrri hluta 20. aldar. Bókin kom fyrst út 2007. Þessi útgáfa bókarinnar inniheldur aukna og endurbætta þætti um búsetu og mannlíf á Snæfjallaströnd og einnig marga áður óbirta söguþætti, eins og hrakningasögur og fleira.

Hann segir að hluti af fyrri bókinni sem seldist upp hafi verið endurprentaður undir nafninu Híbýli og húsbændur á Snæfjallaströnd 1930 til 1940.

„Í þessari nýju bók eru nokkrir kaflar úr þeirri síðustu auk þess sem í henni eru 9 nýir kaflar. Bókin fjallar aðallega um tímann í kringum aldamótin 1900 og síðan eru einnig kaflar frá seinni árum. Ég skrifa þar líka um áhlaupsveður á Ströndinni og fleira til að gefa fólki innsýn í hvernig veðrið gat verið á þessum slóðum í norðan áhlaupi og byljum.

Þá tel ég upp býlin á Ytri-Ströndinni frá 1900 og upp úr því og hverjir bjuggu á þessum bæjum. Um þetta hefur verið talsverður ruglingur í manntölum. Sigurður Sigursveinsson, sem var kennari í Reykjanesi, skrifaði ritgerð um Djúpið og fór um svæðið og studdist þá við loftmyndir og ræddi við móður mína sem bjó sem krakki þarna til ellefu ára aldurs. Hún gat sagt honum hver bjó á hverjum stað. Þannig varð til nokkuð góð lýsing um þá sem þarna bjuggu um aldamótin 1900 og síðan var einnig hægt að styðjast við manntöl. Ég tek þetta upp í bókinni og á það að gefa ágætt yfirlit um hverjir bjuggu þarna. Þarna voru fimm bæir við Gullhúsaá, fimm bæir á Snæfjöllum og níu bæir utan til við Berjadalsána. Innan til við Berjadalsána var býlið Gestshús í Sandeyrarlandi með litlum túnbleðli. Þar hélt fólk samt tvær kýr.“

Mannmargt var á Snæfjallaströnd áður fyrr, en framundir miðja 20. öld voru atvinnuhættir þar með sama frumstæða hætti og hafði verið um aldir. Þetta var einangrað og afskekkt samfélag og snjóþungt með afbrigðum. Þrátt fyrir það stóð mannlíf þar í miklum blóma á fyrri hluta 20. aldar og mikill hugur í fólkinu að nútímavæða byggðina með t.a.m. vegalagningu, gerð sundlaugar, samkomuhúss og bryggju.


Bátar uppi á kambi í Dalsfjöru.

### *Þar bjuggu um 350 manns um aldamótin 1900*

„Það bjuggu í Snæfjallahreppi um 350 manns um aldamótin 1900. Þar var þá mikil árabátaútgerð og verkaður saltfiskur. Tók Ásgeirsverslun á Ísafirði þá á móti fiski á Snæfjöllum, Tangsverslun á Ísafirði (verslun Leonhard Tang, stórkaupmanns í Kaupmannahöfn) tók á móti fiski á Sandeyri auk þess sem fiskur var einnig verkaður og saltaður í Æðey. Það var því nokkuð mikið umleikis og mikil vinna við þetta allt saman eins og handbrögðin voru þá. Það var líka mikið verk að flytja fiskinn um borð í flutningabáta en á ströndinni var engin höfn. Svo fóru að koma vélbátar og þá fækkaði árabátunum hratt. Vélbátarnir voru gerðir út frá Ísafirði og Bolungarvík þar sem hafnaraðstaða var og bryggjur.“

### *Fólksfækkun við tilkomu vélbátanna*

Engilbert segir að við tilkomu vélbátanna hafi farið að fækka í byggðinni á Snæfjallaströnd. Samt hafi verið búið á 22 bæjum fram undir 1930 til 1940. Hann segir að aldrei hafi komið til tals að reyna hafnargerð við ströndina, enda geta veður verið þar mjög slæm. Aftur á móti sé góð lífhöfn í Æðey.

„Það sést best á því að Þorsteinn Þorsteinsson keypti helminginn í Æðey 1864 og hóf þar hákarlaútgerð. Þar ætlaði hann sér mikið, en fórst svo sjálfur í hákarlaróðri.

Um miðja 20. öldina voru sjóróðrar alveg að leggjast af á Ströndinni og var þá farið að rækta upp og efla búskap á Innri-Ströndinni. Ytri-Ströndin fór þá öll í eyði. Landbúskapur var svo stundaður á Innri-Ströndinni fram um 1990 þegar allir fluttu í burtu.“ (Páll Jóhannesson og Anna Magnúsdóttir í Neðribæ Bæjum voru síðust til að flytja þaðan, 1995.

Engilbert segist hafa við skrifin getað stuðst við fundagerðir ungmennafélagsins sem hjá honum lentu eftir að byggð lagðist af á svæðinu. Þá gat hann sótt í heimildir úr smiðju foreldra sinna og hefur auk þess viðað að sér margvíslegum öðrum heimildum til að vinna verkið. */HKr.*

Kafli úr bókinni Undir Snjáfjöllum – Önnur bók. Þættir um búsetu og mannlíf á Snæfjallaströnd eftir Engilbert S. Ingvarsson:

# Áhlaupsveður



Úr bókinni Undir Snjáfjöllum. Fólk af Snæfjallaströndinni prúðbúið á leið á ball kastar mæðinni í Dynjandisdal.

**Íslendingar hafa mátt þola misjafnt veðurfar um liðnar aldir. Hlýindaskeið voru stundum um árabil og ennþá hlýrra tíðarfar en nú er. En oft voru langvarandi kuldaskeið og gat þá verið torsótt hjá mörgum að afla sér lífsviðurværis. Búendur á Snæfjallaströnd hafa mátt þola marga óveðurshrinuna í norðan garði, en þá skellur stormurinn af miklum krafti niður af fjallgarðinum.**

Oft hef ég lifað snögg veðrabrigði og norðan áhlaup á Snæfjallaströnd. Áður fyrr var alltaf komið hörkufrost í norðan átt og þá var snjókoman fínkornuð og þyrlaðist upp svo það gat jafnvel verið erfitt að ná andanum úti í verulegum byl. Einnig gerði oft skyndilega norðanrok á sumrin, einkum þegar kom fram í júlí og águst, með slagveðursrigningu. Dalsáin er grýtt og heyrist alltaf niður í henni. Það þykir til marks um veðurbreytingu og norðan storm þegar hár niður er í ánni. Í Holubúð (verstöð) í Vigur þótti mönnum það fyrirboði um hvassviðri ef hár niður heyrðist í Möngufossi norðan Djúpsins.

Á síðustu árum þegar hafflöturinn norður af Íslandi er orðinn hlýrri er norðanáttin oft með frostleysu í byggð en fennir í vægu frosti til fjalla, snjórinn klessist og safnast upp á fjöllum, og undir fjallshlíðum. Nú er Drangajökull eini jökullinn á Íslandi sem stækkar og dafnar, enda mæðir norðanáttin mest á norðanverðum Vestfjörðum og Norðurlandi.

Árið 1920 var mikill snjóavetur, Ásgeir í Æðey gaf mér tvær myndir sem hann tók 6. júlí og sýna samfelldan skafl undir brúnum á Snæfjallaströndinni. Álíka mikill snjór var á ströndinni vorið 2013 en nokkru meiri 2014.

Fyrsta áhlaupið, með mikilli fannkomu, sem ég man eftir var í byrjun október 1942. Féð í Unaðsdal var í túninu en hraktist strax niður í fjöru þegar norðanáhlaupið skall á. Ekki var viðlit að koma því heim í fjárhús á móti norðanrokinu svo það var tekið til bragðs að láta það sem hægt var inn í kirkjuna, sem stendur á sjávarbakkanum, en fjöldi fjárins hraktist í sjóinn.


Kaupfélag Ísfirðinga fékk þennan dag vélbátinn Gunnbjörn hjá Samvinnufélagi Ísfirðinga til að sækja kjöt frá sláturhúsinu í Vatnsfirði og voru kjötskrokkarnir settir í lestina, en síðan var komið við í Bæjum og lifandi fé tekið á dekkið. Rétt eftir að skipið lagði af stað skall veðrið á og skipstjórinn lagði ekki í að halda ferðinni áfram, en lagðist við tvö ankeri á Dalsvíkinni. Urðu skipverjar varir við að kindur rak jarmandi fram hjá bátnum. Blaðið Skutull getur þess í frétt þann 12. okt. að Gunnbjörn hafi legið þarna í 30 tíma og keyrt upp í veðrið og á fullri ferð í þrjár klukkustundir til að legufærin héldu.

Ekki var bústofninn stór á Lyngholti en flest af fénu náðist inn, en um 10 kindur vantaði. Þegar stytti upp var mikið leitað að fénu með því að stinga járnteinum niður í skaflana sem voru allt að þriggja metra dúpir undir börðum en ekkert fannst fyrr en um vorið þá sást að féð hafði verið fyrir innan Hádegisnes þar sem snjódýptin var einna mest eða 3–4 metrar.

Í norðan áhlaupi 4. febrúar 1968 þegar Heiðrún II og breskur togari fórust í Ísafjarðardjúpi og annar togari strandaði var ég staddur í Reykjavík. Þá brast á með norðan stórhríð og miklu frosti skyndilega. Mikil ísing hlóðst strax á skip sem voru á sjó í veðurofsanum svo ekki var við neitt ráðið. Þá hringdi til mín Sigurður Bjarnason alþingismaður og kvaðst hafa verið að ræða við ráðamenn hjá Póst- og símamálastofnun og kom þá fram að áhugavert væri að setja upp svokallaða strandvarðstöð til öryggis ef og þegar slæmt loftskeytasamband væri við loftskeytastöðina á Ísafirði. Bað Sigurður mig að sjá um slíka loftskeytastöð og Landsíminn myndi afhenda mér tækið. Ég fór svo heim með gamla loftskeytastöð af sömu gerð og var löngum í fiskibátum á Íslandi og setti hana upp á Mýri. Ég hlustaði svo oft á neyðarbylgjuna 2182, einkum þegar vont var veður, en þurfti mjög sjaldan að gefa mig fram, en man eftir að hafa verið við hlustun þegar sjóslys urðu. En ég fylgdist vel með rækjubátunum á veiðum í Djúpinu og gat talað við þá á 2311. Að sjálfsögðu þáði ég enga þóknun fyrir þessa „bakvakt“ um 20 ára skeið.

Sneggstu veðrabrigði sem ég hef upplifað voru um hádegi 11. Febrúar 1973. Við hjónin og Páll Jóhannesson bóndi í Bæjum fórum í afmælisboð inn að Laugarási í Skjaldfannardal laugardaginn 10. febrúar. Ágætt veður hafði verið undanfarna daga, en veðurspáin ver ekki góð, á sunnudag átti að ganga í norðan átt og snjókomu. Mikill snjór var í Lónseyrarleiti eins og oft að vetrinum. Við fórum á bíl inn að Leitinu og gengum svo inn fyrir Kaldalón, en þangað vorum við sótt á öðrum bíl. Við vorum svo í góðri afmælisveislu um kvöldið með fólki af nágrannabæjum. Á sunnudagsmorguninn sá ég að loftvogin stóð mjög neðarlega og hafði vart séð svo áður. Við drifum okkur af stað eftir morgunverð og húsbóndinn Jón Fanndal Þórðarson nýfertugur keyrði okkur út að Ármúla þar sem Páll í Neðri-Bænum gisti. Hann var þá að skoða til heyja með Sigurði Hannessyni bónda. Það dróst smátíma að við færum af stað með Jóni í Laugarási sem fór með okkur á bílnum inn fyrir Seleyri. Svell var milli landa í Lóninu og náði nokkuð fram fyrir grasi grónar eyrarnar. Við gengum því beint af augum, rétt fyrir innan ísröndina, að litlu brúnni við Flautá og lögðum af stað bílveginn upp brekkuna. Blankandi logn var, spegilsléttur sjórinn, heiðbjartur himinn og sólin skein glatt á móti okkur. Þegar við vorum komin rúmlega upp hálfa brekkuna, og Drangajökull í fjarlægð að baki, var eins og eitthvað kitlaði mig í bakið. Ég leit við til að gá hvað þetta gæti verið. Þá var þetta fyrsta vindhviðan, kólgubakki og hríðarveggur var að brjótast niður í Lóndalinn. Eftir örstutta stund var komið rok og þreifandi bylur. Ég hafði hringt í Ingvar son minn sem var þá heima á Mýri, og var hann

***- Framhald á næstu síðu.***



**Bókaútgáfan Hólar hefur gefið út bókina Djúpmannatal 1801-2011 sem tengist sögusviði bókarinnar Undir Snjáfjöllum. Djúpmannatal var gefið út í samvinnu við Félag Djúpmanna í Reykjavík, Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða og Guðrúnu Pétursdóttur.**

Það var eiginmaður Guðrúnar, Ólafur heitinn Hannibalsson, sem ritstýrði verkinu, sem var nær fullbúið til prentunar þegar hann féll frá 30. júní 2015. Gagnaöflun í bókina tók fjölda ára, eða allt frá 1954, en Ólafur kom að verkinu 2009. Þar er að finna skrá yfir íbúa við Djúp frá árinu 1801. Það er í Snæfjallahreppi, Nauteyrarhreppi, Reykjafjarðarhreppi, Ögurhreppi og Súðavíkurhreppi. Eru þó undanskildir íbúar yst við Djúpið vestanvert, þ.e. í gamla Eyrarhreppi, Hólshreppi og í Súðavík að mestu. Stærsti hluti fyrrnefnds svæðis er nú kominn í eyði.

kominn til að sækja okkur inn að Lónseyrarleitinu á Bronkójeppa sem ég átti. Okkur tókst bærilega að þramma út snarbrattan skaflinn í Leitinu og hittum á bílinn í sortabylnum. Ekki sást neitt nema rétt fram fyrir stuðarann á bílnum svo að Ingi gekk á undan út allan veg og ég ók við hælana á honum. Páll fór úr bílnum og gekk undan veðrinu heim til sín. Ætlunin var að fara á bílnum að húsum í Unaðsdal og skilja hann þar eftir, en þegar við vorum komin út fyrir brúna á Dalsánni og upp brekkuna sat bíllinn fastur í skafli. Við gengum svo heim að Mýri skáhalt undan veðrinu. Ég man ekki til þess að við hefðum verið svo illa klædd að það hafi verið til vandræða og sannaðist ekki í þetta sinn máltækið: „Enginn kann sig í góðu veðri heiman að búa“.

Þegar við vorum nýkomin heim var símað úr Hærri-Bænum og sagt að Jens Guðmundsson hefði látið féð út um morguninn og ekki viðlit að hann réði við að koma því í hús. Það kom í ljós að féð var út á Stapamýrum allnokkra leið fyrir utan Neðri-Bæinn. Eftir upplýsingar í símtölum var það niðurstaðan að ekki gæti orðið gagn að því að freista þess að fara til hjálpar við að bjarga fénu, þennan daginn, eins og veðurofsinn var. Daginn eftir fórum við allir karlmenn, 6 eða 7, af bæjunum til að reyna að bjarga fénu í vonsku veðri og byl. Ljót var aðkoma að því verki. Kindurnar voru niðurklesstar liggjandi í skurðum og víðar, snjóinn barinn í ullina og engin þeirra gat staðið. Tveir og tveir tóku í lappirnar á kindunum og settu á sleða til að draga þær í traktorskerru til heimflutnings. Það kom í ljós að um 100 fjár hafði farið í sjóinn og rak vestur yfir Djúp.

Á þessum árum var venja að hleypa fénu út þegar gott var veður, það fór í fjöruna og kroppaði eitthvað þó ekki yrði úr því kviðfylli. Jóhannes Einarsson faðir Páls í Neðri-bænum kunni ekki við að láta féð standa jarmandi inni í blíðskaparveðri. Hann fór því að búa sig um morguninn til að hleypa fénu út. Þegar Anna Magnúsdóttir kona Páls varð vör við það bað hún tengdaföður sinn að hafa féð inni því veðurspáin væri svo vond. Jóhannes hélt nú að það væri óhætt að lofa skepnunum út að viðra sig þær mundu hlaupa heim þegar Palli kæmi að innan. Þegar Rebekka Pálsdóttir kona Jóhannesar varð vör við þetta tal kom hún fram í ganginn og aftók það með öllu að féð væri látið út og Jói féllst á að láta konurnar ráða.

Fyrstu mánuðir ársins 1963 voru veðursælir og mjög lítill snjór í hlíðum. Veturinn eftir var líka snjóléttur. Snjóskaflar undir Háafelli og Hærribrún á Mýrarfjalli hafa blasað við um ár og aldir en í haustgöngum 1964 voru þeir með allra minnsta móti og öskulög sáust á fönninni sem ég gæti trúað að væru frá eldgosum frá því fyrir mörgum öldum. Snjó sem kemur seint á vetri leysir oft fljótt á vorin. Knútur Knudsen veðurfræðingur skrifaði um veðrið vor og sumar 1963 í Tímaritið Veðrið m.a. þetta:

*„Apríl byrjaði vel. Hlýindi voru fyrstu 8 dagana í beinu áframhaldi af bezta marz um langt árabil. Tún voru víða farin að grænka og brum að opna sig, þegar vonzkuveðurskall á þriðjudag fyrir páska 9. apríl.“*

Norðan garður með mikilli snjókomu brast á um allt norðurland og náði suður á land nokkrum klukkutímum seinna. Á Akureyri var hiti þann 9. kl. 11 4,8 stig en 12 tímum seinna var komið 10,4 stiga frost en 10. Og 11. apríl var frostið yfir 15 stig. Sunnudaginn 7. apríl 1963 messaði séra Baldur Vilhelmsson í Unaðsdalskirkju. Undanfarnar vikur hafði ég látið féð út og vísað því upp í hjallana fyrir ofan túnið. Það ráfaði þar um og fór stundum upp á brún og rölti útávið, fór svo niður í fjöru í Selinu upp af Djúphólmanum og skilaði sér ávallt heim seinni part dags. Þennan sunnudagsmorgun lét ég féð út eins og vant var fór svo til messu, en féð kom ekki heim. Ég



**Fjölskylda Engilberts Sumarliða Ingvarssonar, höfundar bókarinnar Undir Snjáfjöllum. Myndin er líklega tekin 1929. Talið frá vinstri: Salbjörg Jóhannsdóttir, Engilbert og Ingvar Ásgeirsson. Fyrir aftan þau standa f.v. Jón Alfreð og Ásgeir Ingvarssynir. Þarna er yngsta barnið, Jóhanna, ekki fædd.**

reiknaði með að það hefði farið út að Hlíðarhúsum, í góða fjörubeit sem þar er, og lagst svo niður en kæmi heim daginn eftir eins og komið hafði fyrir. Séra Baldur gisti hjá okkur á Mýri svo við spjölluðum saman um daginn, en aldrei var haft vín um hönd þegar hann dvaldi á mínu heimili. Féð skilaði sér ekki heim og kom það svo sem stundum fyrir að það þurfti að sækja það út eftir allri Strönd.

Á þriðjudagsmorgun 9. apríl fór ég inn á bryggjuna í Bæjum, en þá var Fagranesið í áætlunarferð og séra Baldur fór með bátnum. Þegar ég er á leiðinni heim kom lítil kafaldsdrífa í hægri gjólu. Ég fékk mér matarbita og dreif mig af stað til að sækja féð. Gísli Jón Gíslason átti heima á Tirðilmýri í nokkur ár. Hann var þar oft á sumrin, stundaði grenjavinnslu og vann ýmis viðvik fyrir heimilið en þennan vetur var hann ráðsmaður í Reykjanesskóla. Gísli átti jarpa hryssu sem var nokkuð lipur til ferðalaga og fór ég ríðandi út eftir á merinni. Ég var ekki kominn langt þegar veðrið fór ört versnandi en reyndi að hraða för minni á reiðskjótanum. En það var fljótlega kominn þreifandi bylur svo ekki sást frá sér nema fáeina metra. Ég fór alla leið út að Sandeyri en varð aldrei var við féð enda sást ekki mikið vegna snjókomunnar. Sneri ég við og hóaði öðru hvoru þar sem hugsanlegt var að rekast á kindur. Ekki gat ég setið á hrossinu, þar var ekki hægt að tolla vegna veðursins.

Þegar þarna var komið var ekki viðlit að sjá nokkra skepnu vegna snjókomunnar og hefði líka verið útilokað að reka það áfram eins og veðrið var þarna út frá. Mesta hvassviðri sem ég hef komið út í var á leiðinni inn bakkana á leiðinni frá Naustavík og inn í Sátuvíkina, þar stóð stormurinn út úr Ytra-Skarðinu svo að ekki var stætt. Það hjálpaði að geta gengið við hliðina á hestinum, annars hefði þurft að skríða til að komast eitthvað áfram. Þegar ég kom inn á Eyjahlíðina, var rokið minna og reyndi ég þá að setjast á bak og létta mér sporin. En veðrastrengurinn fram úr Skörðunum er kraftmikill og slær í hvirfilvindi á milli Skarðanna og þekktir eru rokhnútarnir á sjónum þar framundan Eyjahlíðinni. Ekki var að vita hvaðan á sig stóð stormurinn á þessari misvindaleið og fauk ég tvisvar af hestbaki, en gat þó oft verið á baki inn fyrir Hlíðarhúsin. Eftir að komið er inn að Garðabryggju (klettagangur í sjó fram) er leiðin ekki greið inn að Mýri, óvíða almennileg reiðgata. Ófærð var upp bratta Grímshamarskleifina og meira og minna það sem eftir var leiðarinnar, en hvassviðrið ekki alveg jafn mikið. Í norðanátt stendur mesti stormurinn út úr Skörðunum, Unaðsdalnum og Kaldalóninu, en er vægari þar á milli og aðeins hægari vindur á Mýri og þar fyrir utan. Talað var um Bæjalognið því mikill munur þótti á hvassviðri í norðanátt í Bæjum og inn á Bæjahlíðina heldur en þar fyrir utan og innan. Jörp var treg að fara yfir krap í lækjum og út í skafla svo það varð að ganga á undan og teyma hana upp Grímshamarskleifina og annars staðar þar sem ófærð var.

Ferðin gekk seint það sem eftir var en þó var sú ferfætta orðin heimfús eins og niðurlútur bóndinn á tveim jafnfljótum, sem góndi fram fyrir fætur sína. Eins gott var að þekkja kennileiti í moldbylnum en það reynir á sjónina að vera lengi úti í snjókomu og veðurbarningi. Hvassviðrið var á móti frá Bergselinu og upp á Skeljavíkurkleifina. Það þurfti að klofa skaflana einn eftir annan en afrifið var þar sem hærra bar í landinu. Það fór að dimma en áfram var haldið fet fyrir fet.

Þegar komið var inn á Hávarðsstaði var komið svartamyrkur svo að varla sást út úr augum. Í Bótinni fyrir utan Mýrartúnið varð ég var við eitthvað kvikt og kom í ljós að þar var fjárhópur sem ekki komst lengra fyrir snjó. Um 40 m brött gata liggur þarna upp á Bæjarhjallann og snjódýptin á annan metra. Ég tróð braut í snjóinn, vísaði hryssunni upp götuna og rak svo kindurnar af stað sem voru fúsar að fara á eftir í sporaslóð.

Fjárhópurinn var fljótur heim að fjárhúsunum og voru látnar inn. Ég átti tvö hross í hesthúsi inn á Árbakka og fór með hryssuna þangað, gaf vel á stallinn og fékk þá Gísla-Jörp, Blesi gamli og Kústur fyrstu heygjöfina þann daginn. Smalinn hefur líklega verið þurfandi fyrir næringu líka þó ekkert sé munað um það og ekki hvort nesti var haft með í ferðina, en telja má víst að ein brauðsamloka hafi verið höfð með í vasa, eins og venjulega þegar búist var við langri smalaferð.

Klukkan var 23.30 þegar ég kom inn í bæ á Tirðilmýri og hafði þá verið rúmlega 13 tíma í ferðinni. Kona mín Kristín Ragnhildur Daníelsdóttir (Adda) var ein heima með þrjá yngstu strákana á öðru, þriðja og áttunda ári. Í svona stormi er mikill óveðursstrengur á milli húsa. Kjartan Helgason bóndi í Unaðsdal strengdi kaðal á milli húsanna til að hafa handfestu og komast á milli með skaplegu móti. Adda hafði farið út í fjós til að mjólka í óveðrinu en Jón Hallfreð bar ábyrgð á yngri bræðrum sínum Óla og Atla á meðan. Í þessu veðri fórust 5 fiskibátar norðan lands og stærra skip syðra.

Óveðrið var linnulaust morguninn eftir en seinni part dagsins fór að draga úr því og útlit fyrir skárra veður daginn eftir. Þá voru engar björgunarsveitir til taks með frábæra þjónustu hvenær sem á þarf að halda eins og nú er. Sigurjón Hallgrímsson frá Dynjanda var okkur að góðu kunnur, hann sá um grenjavinnslu í Snæfjallahreppi og Jökulfjörðum um árabil. Ég hringdi í Sigurjón, sem átti 12 tonna bát á Ísafirði, til að kanna möguleika á að fá hann til að gá að fénu og ná í það ef kostur væri. Sigurjón tók vel í það þó hann hafi verið nýkominn úr erfiðri ferð norðan úr Aðalvík. Í viðtali við Sigurjón Hallgrímsson í Bæjarins besta 29. maí 2008 kemur eftirfarandi fram undir kaflaheitinu „Svaðilför“:

*„Við Hjörtur Stapi (Hjörtur heitinn Bjarnason á Ísafirði) fórum margar veiðiferðir á Strandir og lentum í ýmsu. Nei, við veiddum ekki lax, en við veiddum mikið af silungi og fugli. Fórum víða í land á Ströndunum og veiddum okkur í soðið. Þetta voru ævintýraferðir. Við Hjörtur vorum góðir vinir. Einu sinni í þessum ferðum gerði á okkur stórgarð á norðan en við komumst við illan leik inn að Látrum á Aðalvík og gátum lagt þar. Lágum þar fram undir morgun og fórum svo til Ísafjarðar í brjáluðu veðri. Þetta var árið 1963.“*

Morguninn eftir talaðist svo til að Sigurjón færi af stað á Dynjanda þó veðrið væri engan vegin gott, ennþá stinningskaldi og nokkur úrkoma. Með bátnum voru auk skipstjórans Hjörtur Bjarnarson (Hjörtur Stapi) og Daníel Rögnvaldsson tengdafaðir minn, en hann var oft hjálplegur við smíðar og annað í búskaparbaslinu á Mýri. Dynjandi lagðist að klöppunum á Mýri og ég fór um borð. Síðan var farið niður í Æðey og Helgi Þórarinsson kom fram á skektu sem var höfð í slefi en Helgi kom með til aðstoðar.

Farið var út með landi en erfitt var að sjá til lands í skafrenningi og úrkomu. Þegar kom út að Hraunum er hægt að fara mjög nálægt landi og út undir Naustavík var hægt að greina kind í barðinu fyrir neðan götuna sem liggur eftir hryggnum inn í Sátuvík. Við fórum á skektunni til lands en Sigurjón var við stjórn bátsins og Daníel líka um borð. Þegar við fórum að kanna aðstæður voru þarna margar kindur og flestar undir mannhæðar djúpum lausasnjó.

Við fórum að grafa upp féð og flytja fram í bátinn, þar tók Daníel á móti því þungu af snjó í ullinni og varla gat það staðið. Reynt var að setja sem mest í lestina og síðustu kindurnar ofan á þær sem fyrir voru. Þeir Hjörtur Stapi og Helgi í Æðey gengu knálega til verks og þegar ekki þótti fært að láta meira í lestina var staflað á dekkið.

Töluvert verk var að grafa féð upp og leita sem best og við vorum nokkuð lengi að leita af okkur allan grun. Þegar kindur voru dregnar um borð í skektuna í síðustu ferðina og skipstjórinn sá að nokkrar ær voru komnar í skektuna til flutnings kallaði hann í land að ekki væri óhætt að taka meira í bátinn. En við fundum tvær eða þrjár kindur eftir það og síðar kom í ljós að engin bar þarna beinin því allar höfðu fundist sem þarna voru. Þegar lagt var af stað heimleiðis settumst við áhyggjulausir fram í lúkar en Sigurjón skipstjóri og Hjörtur Stapi stóðu í stýrishúsinu. Enn var nokkuð hvasst og sló í rokhnúta inn með Eyjahlíðinni.

Við urðum varir við að stundum var slegið af og teknar beygjur, en gerðum okkur ekki grein fyrir því að báturinn var með svo mikinn þunga á dekkinu og valtur að verulegrar aðgæslu þurfti til að halda honum á réttum kili. Sigurjón Ebenezer Hallgrímsson er maður sem ekki ærðrast í óþarfa tali og heyrði ég þá félaga í stýrishúsinu ekki minnast á það að báturinn væri hættulega hlaðinn með alltof mikinn þunga á dekki. En Sigurjón segir svo frá í viðtalinu:

„Það var leiðinda veður. Við tókum kindurnar á Skarði og fluttum þær út í Dynjandann á litlum báti. Dynjandinn var orðinn svo hlaðinn að ég taldi að komið væri nóg um borð en þá voru eftir í landi eitthvað un tíu kindur og nokkrir menn. Auðvitað var ótækt að skilja þetta eftir í svona veðri, þannig að við tókum allt um borð.

Ég man þegar við vorum að fara inn með Ströndinni hvað báturinn var orðinn svagur, sem kallað var, eða valtur. Við höfðum þetta samt inn að Mýri, sem betur fer. Þegar ég lít til baka er þetta kannski það sem maður hefur komist næst því að drepa sig.“

Þegar ég las þetta áratugum seinna rann upp ljós minning í huganum og hvernig báturinn valt til skiptis á hliðarnar eftir því hvernig stormurinn blés í sviptivindum undan Eyjahlíðinni. Þegar Dynjandinn var lagstur að klöppunum í myrkri um kvöldið var féð sett í land og gat það gengið heim að fjárhúsunum. Þó að ekki væri nema mánuður að sauðburði sást ekkert á fénu og það jafnaði sig fljótt eftir þessa hrakninga. Eftir „löndun“ á Mýri var farið með Helga niður í Æðey en Sigurjón og Hjörtur fóru inn að bryggju í Bæjum og höfðu bátinn þar, en gistu í Hærri-Bænum um nóttina, áreiðanlega þrekaðir eftir síðustu óveðursdaga. Ekki man ég hvort ég þakkaði þeim fyrir þessa ómetanlegu hjálp, en enginn minntist á greiðslu, okkar kynslóð ólst upp við það að sjálfsagt væri að rétta öðrum hjálparhönd. Það kann að vera að í sláturtíðinni um haustið hafi farið til þeirra lambskrokkar í soðið.

Þegar farið var að telja féð í fjárhúsunum kom í ljós að 7 kindur vantaði og mátti telja þær dauðar. En um hálfum mánuði síðar hringdi Sigurjón til mín og kvaðst hafa séð 5 kindur út á Snæfjallaeyrum út við Súrnadal. Ég fór gangandi til að sækja þær og fann 2 dauðar ær í lægð fyrir innan Ytraskarðsána, þær höfðu farist í krapi. Auðséð var að féð hefur verið á heimleið, en þegar það fór upp á hrygginn fyrir innan ána hefur veðurofsinn hrakið þær af leið niður fyrir bakkann þar sem hópurinn fannst. Þessar tvær kindur sem fórust voru frá Jakobi Hagalínssyni á Sútarabúðum í Grunnavík. Þær hafa því líklega haldið sig sér utan við hópinn.

Haustið 1962 þegar allir síðustu bændurnir fluttu frá Grunnavík til Ísafjarðar fórum við Jens Guðmundsson og Páll Jóhannesson bændur í Bæjum ríðandi norður yfir Snæfjallaheiði til Grunnavíkur í heimsókn. Ég gisti hjá Ragúel Hagalínssyni og Helgu Stígsdóttur konu hans en Páll hjá Hallgrími Jónssyni og Jens hjá Jakobi og Sigríði Tómasdóttur. Í Þessari kveðjuheimsókn keyptum við nokkrar kindur hjá þeim og fengum þær sendar með Fagranesinu síðar. Ég keypti þessar tvær sem fórust hjá Jakobi Hagalínssyni, en Grímur Finnbogason (Eggja-Grímur) seldi Jens nokkrar kindur. Féð hjá Grími var í margvíslegum sauðalitum. Það var mjög spakt og hélt sig í heimahögum á sumrin. Þegar kom að því að flytja allt féð frá Grunnavík og það var rekið saman hljóp ein kindin Gríms alltaf undan og náðist ekki. Fólkið flutti í burtu með allt féð en þessi eina kind náðist aldrei og varð eftir.

Þegar kom fram í miðjan desember var ég eitt kvöldið að láta féð á Mýri inn, var þá ókunnug kind í fénu. Hún var svört með hvítar rósir á hausnum og hvíta bletti á löppum um lágklaufirnar. Þarna var þá komin eftirleguærin Eggja-Gríms, alla þessa löngu leið frá Grunnavík. Að líkum hafði hún aldrei komið upp á Snæfjallaheiði áður en hún rann þessa skemmstu leið í rétta átt þurfandi fyrir að nálgast hrút.

# Aukahlutir fyrir fjórhjól

Mikið úrval aukahluta fyrir flestar tegundir fjórhjóla

Nýrnabelti NÝTT Kr. 7.990,-

Fjórhjóla sliskjur NÝTT Kr. 48.900,-

Farangurskassi framan NÝTT Kr. 43.900,-

Farangurskassi framan NÝTT Kr. 43.900,-

Kassi framan Kr. 59.900,-

Brettistaska Kr. 9.869,-

Hjálmar og lambhúshettur Frá kr. 2.990,- Frá kr. 25.540,-

Álkassi Kr. 78.393,-

Farangurskassi aftan Kr. 75.000,-

Byssutaska fóðruð Kr. 38.083,-

Áhaldafesting par Kr. 14.269,-

Plastkassi aftan Kr. 27.015,-

Skyggni Kr. 39.900,-

Kassi aftan m/hlera Kr. 78.632,-


Hlífðargleraugu Kr. 5.930,-

Farangursnet Kr. 4.720,-

JÖTUNN VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is





# fánar

fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
þjóðfánar • borðfánar • bannerar

MERKIS MENN
UMHVERFISMERKINGAR SKILTAGERÐ
www.merkismenn 544 2030








Ifor Williams Trailers

# IFOR WILLIAMS KERRUR
## TIL AFGREIÐSLU STRAX

VÍKURVAGNAR EHF.

*Hyrjarhöfði 8. 110 Reykjavík - sími: 577-1090 - netfang: sala@vikurvagnar.is - www.vikurvagnar.is*



*EUROLIGHT FLATVAGN*
*PALLUR 2.58 X 1.30M*
*HEILDARBURÐUR 1400 KG*
***TILBOÐSVERÐ: 475.000 +VSK***

*TA5 2-3 HESTA*
***VERÐ: 998.000 +VSK***

*TA510 4-5 HESTA*
***VERÐ: 1.330.000 +VSK***



## Helstu nytjadýr heimsins



Sú hugmynd að jólasveinninn ferðist um á sleða sem dreginn er af hreindýrum kom fyrst fram á prenti í kvæði sem birt var í bandarísku tímariti árið 1823.

# Hreindýr á Íslandi í tæp 250 ár

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Hreindýr voru útbreidd um alla Evrópu fyrir ísöld en hörfuðu norður þegar ísaldarjökullinn hopaði. Í dag finnast þau, aðallega tamin, um allt norðurhvel jarðar. Fyrstu hreindýrin voru flutt til Íslands fyrir tæpum 250 árum samkvæmt konunglegri tilskipun til að efla íslenskan landbúnað.**

Hreindýr finnast um allt norðurhvel jarðar. Á Íslandi, í Noregi, norðurhluta Svíþjóðar og Finnlands, á Svalbarða, í Rússlandi og Síberíu allt til Kyrrahafs, í Norður-Ameríku, á Grænlandi, í Kanada og Alaska.

Talið er að hreindýr í heiminum séu um sjö milljón en þeim fer fækkandi. Um tvær milljónir finnast í Norður-Ameríku og fimm milljónir í Evrópu og Asíu.

Tamin hreindýr er að finna um allt norðurhvel en villt í Norður-Ameríku og á Grænlandi og eru það einu núlifandi villtu hreindýrin auk lítilla hjarða til fjalla í Skandinavíu og í Síberíu. Hreindýrin á Íslandi eru afkomendur taminna norskra hreindýra en lifa sem villt í dag.

Hreindýr eru hjartardýr og vel aðlöguð lífinu á norðurslóðum í kulda og snjó að vetrarlagi og ferðast villt dýr milli beitarsvæða á vorin og haustin. Þau eru ferfætt klaufdýr, jurtaætur og jórturdýr sem bíta grös, blómplöntur, víði- og birkilauf, fléttur, starir, lyng, sveppi. Á veturna krafsa þau upp snjóinn til að komast að fæðu, sem aðallega eru fléttur og skófir.

Hreindýrahjarðir eru misstórar eftir árstímum og fullorðnir tarfar eru oft einir á ferð utan fengitímans.

### *Útbreiðsla og undirtegundir*

Hreindýrum, Rangifer tarandur, er skipt í tvo megin hópa, skógarhreindýr og túndruhreindýr. Skógarhreindýr lifa á syðri mörkum útbreiðslu hreindýra og er búsvæði þeirra í barrskógum og skóglendi. Túndruhreindýrin halda sig norðar á heimskautaeyjum og á freðmýrum norðurhjarans.

Innan hvors hóps er að finna nokkrar undirtegundir.

Skógarhreindýr (R. tarandus caribou), fundust áður á túndrum og skógarsvæðum í norðurhluta Norður-Ameríku allt frá Alaska í vestri til Nýfundnalands í austri og allt suður til Nýja-Englands. Þau eru horfin af stærstum hluta þessa svæðis og eru alls staðar í útrýmingarhættu nema í norðurhluta Quebec og Labrador í Kanada.



Á samísku eru yfir 400 heiti á hreindýrum.



Hellamyndir í Frakklandi sem taldar eru vera um 45 þúsund ára gamlar sýna menn á hreindýraveiðum.

Heimskautahreindýr (R. tarandus eogroenlandicus) var undirtegund á Austur-Grænlandi fram að aldamótum 1900 sem nú er útdauð.

Finnsk skógarhreindýr (R. tarandus fennicus), er að finna í suðurhluta Finnlands og í Norður-Rússlandi og í Síberíu.

Grant hreindýr (R. tarandus granti) er að finna í Alaska og Yukon og Norðvesturhéruðum Kanada.

Grænlandshreindýr eða túndruhreindýr (R. tarandus groenlandicus), er að finna í Nunavut og Norðvesturhéruðum Kanada og á Vestur-Grænlandi.

Peary hreindýr (R. tarandus pearyi), er að finna í eyjunum í norðurhluta Nunavut og Norðvesturhéruðum Kanada.

Svalbarðahreindýr (R. tarandus platyrhynchus), er að finna á Svalbarðseyjum. Þessi hreindýr eru minnst af öllum hreindýrategundum og sýna rannsóknir að þau fari minnkandi.

Villihreindýr (R. tarandus tarandus) er að finna í litlu hópum í Skandinavíu, Norður-Síberíu og Norður-Kanada.

### *Ásýnd og meðganga*

Mikill munur er á stærð dýra eftir undirtegundum og eru kýr yfirleitt minni og léttari en tarfar. Þungi tarfa í Skandinavíu er 160 til 185 kíló en kúa 80 til 120 kíló. Tarfar í Norður-Ameríku geta aftur á móti náð allt að 300 kílóum að þyngd. Lengd dýra er frá einum og hálfum upp í rúmlega tvo metra og hæð við herðakamb 80

til 120 sentímetrar. Í íslenska stofninum er þungi tarfa 80 til 100 kíló og kúa 60 til 80 kíló.

Feldur hreindýra er í tveimur lögum með slétt stutt undirhár og löng yfirhár. Hárin eru hol að innan, þétt og einangrandi. Hreindýr geta haldið jöfnum líkamshita niður í -40° á Celsíus. Litur feldarins er breytilegur milli stofna en oftast dökkleitur á sumrin en ljósari á veturna.

Báðum kynjum hreindýra vaxa horn sem dýrin fella árlega. Í vexti eru hornin mjúk og klædd mjúkri og æðaríkri húð. Fullvaxin harðna hornin og falla af dýrunum. Stærð horna er mismunandi milli undirtegunda en geta orðið um metri að lengd og með 130 sentímetra hafi hjá stórum törfum.

Hornin eru stöðutákn hjá báðum kynjum. Tarfarnir nota hornin til að sýna mátt sinn og megin um fengitímann og á veturna nota kýrnar þau til að hrekja keppinauta frá fæðu. Kýrnar fella hornin eftir burð. Eftir missinn sleikja kýrnar og naga hornin og fá úr þeim kalk sem fer til mjólkurmyndunar handa kálfunum. Sum hreindýr fá aldrei horn og eru um 4% hreinkúa á Íslandi kollóttar.

Fengitími hreindýra er í september og nóvember og eru 15 til 20 kýr í hjörð ríkjandi karldýra. Meðgöngutími hreinkúa er um sjö og hálfur mánuður og fjöldi kálfa einn eða tveir. Kálfarnir verða að mestu sjálfbjarga 45 dögum eftir burð en fylgja móður sinni og eru á spena fram á haust eða þar til kýrnar kelfast á ný. Hreindýr verða kynþroska á öðrum til þriðja vetri.

Hreindýr eru frá á fæti og geta hlaupið á allt að 80 kílómetra hraða á klukkustund og ferðast fótgangandi yfir 50 kílómetra á sólarhring. Hreindýr fljóta vel í vatni og taka oft langa sundspretti yfir ár og vötn.

### *Minjar og nafnafræði*

Lítið er til af beinum eða öðrum minjum hreindýra og elsta hreindýrabein sem fundist hefur er frá því fyrir um 4.400 árum. Þrátt fyrir það er vitað að hreindýr voru útbreidd um alla Evrópu á ísöld en hörfuðu norðar eftir því sem hlýnaði og ísaldarjökullinn hopaði.

Hreinkýr kallast simla en karldýrin hreinn en oftast er notast við heitin tarfur og kýr. Simla kemur úr norsku og mun orðið hafa borist hingað sem heiti á fyrstu hreindýrskúnum sem fluttar voru til landsins. Heitið hreinn er komið úr frumgermönsku, hrainaz, og það orð úr indóevrópsku, kroinos, sem þýðir dýr með horn. Á samísku eru yfir 400 heiti á hreindýrum og þau meðal annars kölluð poatsoj, boazu, boatsoj og puásui og eitt af heitum Ínúítar í Norður-Ameríku á hreindýrum er tuktu.

Svíinn Carl Linnaeus, upp-hafsmaður latneska tvínafnakerfisins, gaf hreindýrum heitið Rangifer tarandur upp á latínu. Tarandus merkir sá sem ber horn eða hornberi.

### *Nytjar á hreindýrum*

Hellamyndir í Frakklandi sem taldar eru vera um 45 þúsund ára gamlar sýna menn á hreindýraveiðum. Erfitt hefur reynst að ákvarða hvenær menn tóku hreindýr fyrst í sína þjónustu. Þeir sem láta sig slíkt varða telja það hafa verið Evrasíu fyrir þrjú til sjö þúsund árum.

Elstu rituðu heimildir um hreindýr eru kínverskar ræktunarleið-



**Hreindýr eru hjartardýr og vel aðlöguð lífinu á norðurslóðum í kulda og snjó að vetrarlagi og ferðast villt dýr milli beitarsvæða á vorin og haustin.**



**Sovéski herinn notaði hreindýr sem burðar- og dráttardýr til að flytja vistir til Múrmansk og bera særða hermenn af snævi þöktum vígvöllum vetrarstríðsins við Finna í seinni heimsstyrjöldinni.**



**Fyrir nokkrum árum var skipaður starfshópur til að kanna möguleika á stórfelldum hreindýrabúskap á Íslandi.**



**Hreindýraborgarar eru vinsæll matur í Skandinavíu.**

beiningar frá því um 450 fyrir Krist. Í öðru kínversku riti frá því um 630 eftir Krist er sagt frá tömdum hreindýrum sem fólk hélt í skóglendi í norðurhéruðum Kína. Þar segir að kýrnar séu mjólkaðar, dýrunum beitt fyrir vagna og kjötið af þeim borðað.

Rómverski sagnaritarinn Tacitus segir frá því í sagnfræðiriti frá því um 100 eftir Krist að fólk í norðanverðri Evrópu veiði hreindýr og klæðist hreindýraskinnum.

Sovéski herinn notaði hreindýr sem burðar- og dráttardýr til að flytja vistir til Múrmansk og bera særða hermenn af snævi þöktum vígvöllum vetrarstríðsins við Finna í seinni heimsstyrjöldinni.

Í dag gegna hreindýr veigamiklu hlutverki í lífi frumbyggja á Norðurhveli sem fæða, klæði og burðardýr. Skinnin eru dýrmæt verslunarvara og úr hornum og beinum eru smíðaðir nytjahlutir og skrautmunir. Hornin eru möluð í duft og duftið selt sem ástarörvi í Asíu.

Hreindýrakjöt er þurrkað, reykt og saltað til geymslu. Hreindýrabollur og hamborgarar eru vinsæll matur í Skandinavíu og í Alaska þykir hreindýrabjúga hátíðarmatur.

### *Jólasveinninn og hreindýrin*

Hugmyndin um að jólasveinninn ferðist um á sleða sem dreginn er af hreindýrum yfir himininn kom fyrst fram á prenti í kvæði sem birtist í bandarísku tímariti árið 1823. Kvæðið, sem nefnist Account of a Visit from St. Nicholas, hefur haft mikil áhrif á hugmyndir manna um jólasveininn, útlit hans, hegðun og ferðamáta. Í kvæðinu eru hreindýrin níu og kallast Dasher, Dancer, Prancer, Vixen, Comet, Cupid, Dunder, Blixem, Dunder og Donder.

Í kvæðinu er hvergi getið um hreindýr jólasveinsins sem þekktast er í dag og kallast Rúdolf með rauða nefið. Rúdolf kom fyrst fram á sjónarsviðið í jólasögu rúmri öld síðar. Sennilega á Rúdolf vinsældum sínum að þakka laginu Rudolph the Red Nosed Reindeer sem er eitt vinsælasta jólalag í heimi.

### *Hreindýr á Íslandi*

Hugmynd um að flytja hreindýr til Íslands var líklega fyrst sett fram af Páli Vídalín í lok 17. aldar. Þrátt fyrir að ekkert yrði af innflutningi dýranna á þeim tíma lifði hugmyndin. Tæpri öld síðar, eða fyrir tæpum 250 árum, voru fyrstu hreindýrin flutt til landsins samkvæmt konunglegri tilskipun og áttu dýrin að efla íslenskan landbúnað.

Hreindýrin komu frá Finnmörku í Noregi í fjórum hópum frá 1771 til 1787. Samhliða innflutningi hreindýranna kom upp sú hugmynd að flytja hingað samíska fjölskyldu til að sinna dýrunum og kenna Íslendingum hjarðbúskap.

Í fyrsta hópnum voru 13 eða 14 dýr sem komið var fyrir í Vestmannaeyjum árið 1771 þar sem helmingur þeirra drapst á fyrsta ári. Dýrin sem lifðu voru flutt og komið fyrir á Landeyjasandi. Þrjú dýr, tvær kýr og tarfur, lifðu og voru flutt að Hlíðarenda í Fljótshlíð. Mest náðist af fjölga þeim í sextán dýr sem að lokum drápust í móðuharðindunum 1783.

Árið 1777 voru sex tarfar og 24 kýr sendar til landsins en eitt dýranna drapst á leiðinni. Þessum dýrum var sleppt í landi Hvaleyrar við Hafnarfjörð. Dýrin héldu til í fjallendi á Reykjanesskaga og náði stærð hjarðarinnar nokkur hundruð dýrum. Sú hjörð sást þar allt til aldamótanna 1900 en síðasta dýrið úr henni sást við Kolviðarhól um 1930.

Þriðja sending hreindýra barst til landsins ári 1784. Í þeirri sendingu voru 35 dýr sem var sleppt á Vaðlaheiði við Eyjafjörð. Þessum dýrum vegnaði vel fyrstu árin og dreifðu sér inn á hálendið og fjölgaði hratt og var hjörðin komin í um 400 dýr við lok átjándu aldar. Mörg þeirra féllu í harðindavetri árið 1822. Það sem eftir var hjarðarinnar hélt sig norðan og norðaustan við Mývatn næstu áratugina og náði hjörðin 2000 dýrum. Þaðan dreifðust hreindýrin til austurs inn á Melrakkasléttu, í Þistilfjörð og Langanesheiði allt til ársins 1860. Eftir það tók dýrunum að fækka og voru aðeins nokkrir tugir þeirra eftir um aldamótin 1900.

Í fjórðu og síðustu sendingu hreindýra til landsins, árið 1787, voru 30 kýr og fimm tarfar og þau dýr voru sett í land við Vopnafjörð. Sá hópur hefur dreift sér um hálendið á Austurlandi og allt að Jökulsá í Lóni. Talið er að dýrin úr þriðju sendingunni hafi sameinast þessum hópi og eru þeir sameiginlega forverar hreindýra á landinu í dag.

### *Ekki mælt með hreindýraeldi*

Hér á landi hafa hreindýr nánast eingöngu verið nýtt sem villt. Fyrir nokkrum árum var skipaður starfshópur til að kanna möguleika á stórfelldum hreindýrabúskap á Íslandi. Niðurstaða hópsins var að mæla ekki með því að tekið verði upp hreindýraeldi eða stórfelldur hreindýrabúskapur ef á sama tíma eigi að standa vörð um villtan stofn hreindýra í landinu.

Sumarstofn hreindýra á Íslandi er milli 6.000 og 7.000 dýr en árlega eru felld 1.200 til 1.300 dýr samkvæmt kvótakerfi og með sölu veiðileyfa. Hreindýrakjöt er eftirsótt enda bragðgott og sannkallaður hátíðarmatur.



**Hugmynd um að flytja hreindýr til Íslands var líklega fyrst sett fram af Páli Vídalín í lok 17. aldar.**

STRÚKTÚR

*Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar.*

*Við viljum jafnframt þakka fyrir árið sem er að líða og óskum þess að árið 2017 verði ykkur farsælt og gæfuríkt.*

WWW.STRUKTUR.IS

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 860 0264 & 696 0008 |

Gamli traktorinn



# Clayton og Shuttleworth og Rauða stjarnan

**Vélaframleiðslufyrirtækið Clayton og Shuttleworth var stofnað árið 1841. Stofnendurnir voru erfingi bátasmiðju og eigandi málmbræðslu í Lincol-skíri í Bretlandi. Endalok fyrirtækisins voru sem Rauða stjarnan í Ungverjalandi.**



Markmið fyrirtækisins í upphafi var að smíða gufuvélar og landbúnaðartæki.

Fyrstu gufu- og þreskivélar Clayton og Shuttleworth litu dagsins ljós 1849. Vélarnar reyndust vel og á skömmum tíma var fyrirtækið leiðandi á sínu sviði á Bretlandseyjum. Á fyrstu tveimur árum seldi fyrirtækið meira en 200 gufuvélar og 2400 á fyrsta áratugnum. Árið 1870 voru starfsmenn fyrirtækisins 1200 og árið 1890 hafði Clayton og Shuttleworth framleitt og selt 26.000 gufuvélar og 24.000 þreskivélar.



Útflutningur Clayton og Shuttleworth var einnig talsverður á þessum árum og fyrirtækið með útibú víða í mið- og austanverðri Evrópu og rak verksmiðju í Ungverjalandi. Auk þess sem talsvert var flutt af þeim til Rússlands.



*Fyrsti traktorinn*

Í byrjum annars áratugs síðustu alda hóf Clayton og Shuttleworth framleiðslu á dráttarvélum. Fyrsti traktorinn var settur á markað 1911 og var stór og þunglamaleg með fjögurra strokka olíuvél og sjö hestöfl. Dráttarvélin var yfirbyggð og á þremur járnhjólum. Fyrirtækið gekk vel og 1914 voru starfsmenn þess 2100.

Fjórum árum seinna, 1916, sendi fyrirtækið frá sér aðra fjögurra strokka dráttarvél sem gekk fyrir steinolíu. Sú vél var 40 hestöfl og í framleiðslu til 1929.

Um svipað leyti var einnig í framleiðslu hjá Clayton og Shuttleworth 100 hestafla beltatraktor.

*Framleiðsla á flugvélum*

Árið 1916 víkkaði Clayton og Shuttleworth út framleiðslu sína og hóf smíði á flugvélahlutun og snemma í heimsstyrjöldinni fyrri hóf það framleiðslu á flugvélum fyrir breska flugherinn. Næstu þrjú árin smíðaði fyrirtækið ríflega 500 flugvélar fyrir herinn. Fyrstu vélarnar voru þrívængjur sem kölluðust Sopwith Triplane og tvívængjan Sopwith Camel fylgdi í kjölfarið. Stærsta flugvélin frá Clayton og Shuttleworth var sprengjuflugvél sem bar heitið Handley Page 0/400.

Frægasta flugvélin sem Clayton og Shuttleworth framleiddi var af gerðinni Sopwith Camel en flugmaður einnar þeirra, Roy Brown, skaut niður Rauða baróninn.

*Gjaldþrota í kreppunni*

Kreppan á þriðja áratug tuttugustu aldar kom illa við mörg stöndug fyrirtæki og var Clayton og Shuttleworth eitt af þeim. Fyrirtækið var fjárvana og tók Marshall, Sons & Co. yfir rekstur þess í Bretlandi.

*Rauða stjarnan*

Verksmiðjan í Ungverjalandi var yfirtekin af vélaframleiðandanum Hofherr-Schrantz og úr varð Hofherr-Schrantz-Clayton-Shuttleworth Hungarian Machine Factory. Meðan á hersetu Sovétríkjanna í Ungverjalandi stóð var verksmiðjan þjóðnýtt og fékk heitið Vörös Csillag Traktorgyár eða Dráttarvélaverksmiðjan Rauða stjarnan. Frá 1973 var Rauða stjarnan hluti af ungverska bifreiðaframleiðandanum Rába Járműipari Holding Nyrt, en það fyrirtæki var lagt niður árið 2010.

*/VH*

Utan úr heimi

## Bókaútgáfa til hjálpar flóttafólki frá Sýrlandi:

# Súpa fyrir Sýrland

**Barbara Abdeni Massaad er líbönsk hugsjónakona, formaður Slow Food-deildarinnar í heimalandi sínu og höfundur bókarinnar Súpa fyrir Sýrland, sem gefin var út fyrir rúmu ári. Tilgangur bókaútgáfunnar er að leggja hjálparstarfi Sameinuðu þjóðanna lið í því að sjá stríðshrjáðu flóttafólki frá Sýrlandi fyrir matarnauðsynjum.**

Massaad, sem er ljósmyndari, sjónvarpskona og matreiðslubókahöfundur með meiru, kynnti verkefni sitt á Slow Food-hátíðinni í Tórínó í lok september síðastliðnum.

Hún býr í Beqaa-dalnum í Líbanon þar sem um hálf milljón flóttafólks hafðist við í flóttamannabúðum, þegar hún fór að láta sig varða um ástand þess fyrir rúmu ári síðan. „Ég vissi af þessum flóttamannabúðum og hugsaði oft til fólksins þar og um aðbúnaðinn hjá þeim – og hugsanirnar létu mig ekki í friði. Ég fór því að venja komur mínar í búðirnar í hverri viku sem eru í um 45 mínútna fjarlægð frá húsinu mínu. Ég vissi í raun ekki hvernig ég gæti hjálpað í fyrstu. Þar sem ég er ljósmyndari var ég alltaf með myndavélina með mér og safnaði myndefni um leið og ég talaði við fólkið. Ég er líka matarbókahöfundur því varð mér smám saman ljóst hvernig ég gat lagt mitt lóð á vogarskálarnar til hjálpar. Við vinkona mín byrjuðum bara á að búa til súpu á Slow Food-markaðnum okkar og fara með í flóttamannabúðirnar. Svo fæddist hugmynd sem mér fannst stórsniðug; að nota myndirnar sem ég hafði tekið og búa til súpuuppskriftabók, því súpa er frábær matur og nærir bæði líkama og sál.




Barbara Abdeni Massaad rakti forsögu bókaútgáfunnar á viðburði á Slow Food-hátíðinni sem haldin var í Tórínó í haust. Myndir / smh



Dóra Svavarsdóttir (t.v.), eldaði ásamt Þóri Bergssyni fyrir Íslands hönd í *Terra Madre eldhúsinu* á Slow Food-hátíðinni í Tórínó fyrir tveimur árum. Þá deildu þau eldhúsi með Líbanon og syni Massaad, en afrakstur af sölunni rann til góðgerðarmála Slow Food-hreyfingarinnar. Massad var þar syni sínum til hjálpar í eldhúsinu.

Þar sem ég er formaður Slow Food-hreyfingarinnar í Líbanon á ég marga vini um allan heim og gott tengslanet. Ég nýtti mér það til að fá þekkt nöfn til liðs við mig – og leggja til uppskriftir fyrir bókina. En ég vildi líka fá uppskriftir frá þeim sem standa mér næst; fjölskyldu, nágrönnum og vinum. Ég stofnaði því Facebook-síðu og bað allt þetta fólk um að leggja til uppskriftir. Svo fórum við í strangt matsferli og mátum þær 200 uppskriftir sem bárust," sagði Barbara um aðdragandann að útgáfu bókarinnar.




*Samhygðin mælikvarðinn á siðmenninguna*

Carlo Petrini, stofnandi og forseti Slow Food-hreyfingarinnar, ritar formála að henni. Þar segir hann meðal annars: „Mælikvarði á siðmenningu fólks er meðal annars hversu viljugt það er að sýna fólki samhygð sem er í neyð. Ef þetta á við um staðbundin samfélög gildir þetta enn frekar á alþjóðlegum vettvangi. Á okkar tímum hefur aldrei verið meira aðkallandi fyrir okkur að hafa þetta í huga en nú, þegar við höfum allt of lengi þurft að horfa upp á hinar yfirþyrmandi hörmungar í Sýrlandi. […]



Á *Soup for Syria-viðburðinum* í Tórínó í haust. Ljúffeng kartöflu- og tómatsúpa var þar seld í þágu málefnisins.


Hið fallega við þetta verkefni [Súpa fyrir Sýrland] er matarþemað, en matur er alltaf gagnlegt tæki til að tengja fólk saman og byggja brýr með. Það kemur enda ekki á óvart að eitt að því fyrsta sem ráðist er gegn og eyðilagt, þegar stríð brýst út, er matvælaframleiðsla og landbúnaður. Kerfisbundið hefur verið ráðist að bændum í Sýrlandi og ræktarlönd eyðilögð – sjálfsmyndin rifin í sundur og búseta í dreifbýli útilokuð um langan tíma." [Lausleg þýðing blm.]

*Áttatíu súpuuppskriftir*

Nærri 80 manns leggja til uppskriftir í bókina; allflestir nafnkunnir matreiðslumenn og matreiðslubókahöfundar.

Þeir sem vilja leggja verkefninu lið – og eignast í leiðinni úrval súpuuppskrifta úr smiðju meistarakokka – geta keypt bókina á vefnum í gegnum slóðina soupforsyria.com, þar sem frekari upplýsingar um verkefnið er að finna.

*/smh*



Opna úr bókinni. Mark Bittman er kunnur fyrir skrif sín um mat; bæði bókaskrif og fyrir fjölmiðla – meðal annars New York Times. Hann leggur hér til uppskrift að kjötsúpu; hrísgrjónasúpu með nauta- eða svínakjöti.

Á faglegum nótum

# Félagsgjöld BÍ verða einföld, skilvirk og sanngjörn

**Fjárlagafrumvarp Alþingis vegna ársins 2017 liggur nú fyrir. Í yfirliti um lagabreytingar sem fylgja því er lagt til að lög um búnaðargjald verði felld úr gildi frá og með 1. janúar 2017.**

Engin ástæða er til að halda annað en að þetta nái fram að ganga. Nýir tímar taka við í tekjuöflun í félagskerfi bænda, þar sem byggt er á félagafrelsi og aukinni markaðstengingu. Búnaðargjald er skattur á búvöruframleiðendur og var heildarvelta þess um 510 milljónir króna vegna ársins 2015, þar af var hlutur Bændasamtakanna um 133 m.kr.


Guðbjörg Jónsdóttir.

Auk þess runnu fjármunir af því til búnaðarsambandanna, búgreinafélaganna, Bjargráðasjóðs og til Ráðgjafarþjónustu landbúnaðarins. Það má því öllum vera ljóst að þessi breyting varðar grunnstoðir í félagskerfi og stoðþjónustu landbúnaðarins.

### *Nýjar leiðir við fjármögnun félagskerfis bænda*

Unnið hefur verið að því um nokkurt skeið að finna og móta nýjar leiðir til að fjármagna félagskerfi bænda. Aðildarfélög BÍ eru mislangt komin í sinni útfærslu, ýmist er um að ræða veltutengingu eða nefskatt, allt eftir því hvað hentar viðkomandi félagi. Það má segja að búnaðarsamböndin hafi ákveðið forskot umfram önnur félög því það er hefð fyrir því að þau innheimti félagsgjöld hjá sínum félagsmönnum til að kosta félagslega starfsemi.

### *Markmiðið að allir bændur verði félagsmenn í BÍ*

Þegar farið var að útfæra heimild í samþykktum Bændasamtakanna á innheimtu veltutengds gjalds komu í ljós vankantar sem erfitt var að sjá fyrir. Helstu gallar eru þeir að þegar búnaðargjaldið fellur niður, fellur einnig niður lagastoð fyrir landbúnaðarframtalinu og þar með sú sundurliðun tekna. Þær upplýsingar sem fengust til að byggja veltutenginguna á væru því mjög ónákvæmar og kölluðu á mikið eftirlit og utanumhald. Upplýsingar úr framtölum eru auk þess mjög gamlar og þá væri verið að vinna með tveggja ára gömul gögn. Þegar ljóst var að um alvöru hindrun var að ræða skipaði stjórn Bændasamtakanna starfshóp til að vinna að málinu. Í starfshópnum störfuðu auk undirritaðrar stjórnarmennirnir Einar Ófeigur Björnsson og Eiríkur Blöndal. Við höfðum ákveðin gildi að leiðarljósi í starfinu, sem voru að félagsgjöldin ættu að vera einföld, skilvirk, sanngjörn, tryggja þátttöku og vera gegnsæ. Einnig vildum við ná fram ákveðnum ferskleika og komast út úr umræðunni um búnaðargjaldið sem oft og tíðum hefur verið neikvæð. Það væri ekki gott upplegg inn í nýja tíma að halda í „gamalt“ kerfi, heldur væri lag að endurskipuleggja fyrirkomulagið á jákvæðum nótum.

Starfshópurinn skoðaði nokkrar leiðir sem gætu hentað við innheimtu á félagsgjöldum. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú að leggja til fast gjald á hvert bú. Félagsgjaldið verði 42.000 kr. á ári og því fylgi full aðild fyrir tvo einstaklinga. Vilji fleiri sem standa að búinu fá full réttindi þarf að greiða aukagjald. Gert er ráð fyrir lægra gjaldi fyrir lítil bú. Með þessu sanngjarna gjaldi er markmiðið að allir starfandi bændur verði félagsmenn í Bændasamtökunum og njóti félagslegra réttinda og þeirrar þjónustu sem er þar í boði. En skilyrði er enn sem fyrr að félagar verða að vera í minnsta kosti einu aðildarfélagi BÍ til að geta verið fullgildir félagsmenn. Stjórn Bændasamtakanna gerði þessar tillögur að sínum sem nú hafa bæði verið kynntar á formannafundi samtakanna og samþykktar með breytingum á samþykktum á aukabúnaðarþingi sem haldið var í lok nóvember.

### *Kynningarfundir í janúar*

Ástæða er til að minna hér sérstaklega á fundarferð Bændasamtakanna um landið í byrjun janúar. Þar verður farið ítarlega yfir þessi mál með félagsmönnum. Á fundunum gefst kjörið tækifæri fyrir alla að koma skoðunum sínum á framfæri og spyrja út í þau atriði sem eru óljós. Þar verður einnig dregið fram hver ávinningur bænda er að því að halda úti þeirri fjölþættu starfsemi sem fellur undir Bændasamtökin og sú staðreynd að þau starfa fyrir ykkur öll. Bændasamtökin eru regnhlífarsamtök sem vinna að því að gæta heildarhagsmuna íslenskra bænda. Slagkraftur fjöldans er nauðsynlegur í hagsmunabaráttunni til að árangur náist. Þess vegna er nauðsynlegt að standa saman að baki öflugum bændasamtökum.

***Guðbjörg Jónsdóttir**, verkefnastjóri hjá BÍ*
*gj@bondi.is*

# Brúnegg fá ekki að setja inn nýjar varphænur

**Matvælastofnun sendi frá sér tilkynningu á miðvikudaginn síðastliðinn þar sem fram kemur að starfsemi Brúneggja ehf. að Teigi og Silfurhöll hafi verið takmörkuð þannig að allur flutningur varphæna í framleiðsluhúsin hafi verið bannaður, þar til loftgæði eru orðin betri.**

Í tilkynningu Matvælastofnunar segir ennfremur: „Mælingar stofnunarinnar á ammóníaki hafa sýnt viðvarandi gildi yfir leyfilegu hámarki í húsunum og þar með að úrbætur eru ekki fullnægjandi. Ammóníak (NH3) er ertandi lofttegund sem berst úr fugladriti í andrúmsloftið í framleiðsluhúsum alifugla. Ef fugladrit er ekki fjarlægt og/eða loftræsting er ófullnægjandi eykst styrkur ammoníaks, sem getur valdið fuglunum vanlíðan.

Mælingar Matvælastofnunar á ammóníaki í framleiðsluhúsum Brúneggja að Teigi og Silfurhöll í Mosfellsbæ í október og nóvember sl. sýndu gildi töluvert yfir skilgreindum hámarksgildum í reglugerð um velferð alifugla. Í kjölfar þvingunaraðgerða til fækkunar fugla hjá Brúneggjum í lok árs 2015 var fyrirtækinu veittur frestur til 1. mars 2016 til að bæta loftgæðin í húsunum. Hús voru hreinsuð og nýir fuglar settir inn í sumar í réttum fjölda undir eftirliti Matvælastofnunar. Þrátt fyrir það mældust gildi of há um haustið og jókst styrkur ammóníaks milli mælinga. Þar með varð ljóst að þrátt fyrir fækkun fugla og úrbætur á húsnæði náðist ekki að tryggja viðunandi loftgæði. Úrbætur eru því ófullnægjandi.

Samhliða takmörkun á starfsemi hefur Matvælastofnun lagt dagsektir á Brúnegg ehf. þar til bætt hefur verið úr loftgæðum á Teigi og Silfurhöll og tryggt að magn ammóníaks fari ekki yfir skilgreind hámarksgildi meðan á varptíma stendur. Útistandandi dagsektir falla niður ef umráðamaður dýra hefur að mati Matvælastofnunar bætt á fullnægjandi hátt úr aðstæðum og aðbúnaði dýra, innan fimm virkra daga frá ákvörðun um dagsektir, sbr. reglugerð um beitingu og hámark dagsekta í opinberu eftirliti með velferð dýra.“

*/smh*

# Fjársveltið leiðir til hruns

**Markaðsstofa Norðurlands gagnrýnir harðlega frumvarp til fjárlaga sem nú liggur fyrir Alþingi. Í því frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að fjármagna nýsamþykkta samgönguáætlun og vantar þar mikið upp á.**

Markaðsstofan hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem hún furðar sig á þessu misræmi sem gengur þvert gegn yfirlýsingum flestra stjórnmálamanna fyrir nýafstaðnar kosningar um nauðsyn þess að setja meira fjármagn í uppbyggingu innviða. „Fyrir ferðaþjónustu á Íslandi er viðhald og uppbygging vegakerfisins og annarra samgöngumannvirkja einn mikilvægasti þátturinn til þess að atvinnugreinin nái að vaxa og dafna öllum landsmönnum til heilla. Áframhaldandi fjársvelti til samgöngumála mun leiða til hruns í samgöngukerfinu innan skamms tíma sem mun koma hart niður á ferðaþjónustu, öðrum atvinnugreinum og íbúum landsins,“ segir í yfirlýsingu Markaðsstofu Norðurlands.

Fram kemur einnig að það sé með öllu óviðunandi að enn eina ferðina eigi að fresta framkvæmdum sem margoft sé búið að setja á samgönguáætlun en detta alltaf út vegna þess að áætlunin er ekki fjármögnuð til fulls. Dettifossvegur nr 862 er þar efstur á blaði. Ákvörðun um að draga til baka fyrri ákvörðun um fjármögnun á Dettifossvegi væri áfall fyrir ferðaþjónustuaðila í Þingeyjarsýslum og Norðurland í heild sinni. Þessi vegur liggur að aflmesta fossi Evrópu sem er eitt stærsta aðdráttarafl fyrir ferðamenn á Norðurlandi.

Vegurinn er að hluta til gamall, niðurgrafinn moldarvegur sem getur alls ekki annað þeirri eftirspurn sem nú þegar er til staðar á þessu vinsæla ferðamannasvæði. Óviðunandi ástand vegarins er ekki einungis hamlandi á núverandi umferð, heldur dregur einnig verulega úr möguleikum ferðaþjónustunnar að vaxa sem skyldi á þessu svæði. Það sama á við um fleiri vegi að öðrum vinsælum náttúruperlum á Norðurlandi s.s. Vatnsnesveg að Hvítserk.

Markaðsstofan skorar á Alþingi að gera nauðsynlegar breytingar á fjárlagafrumvarpi til þess að tryggja fulla fjármögnun á samgönguáætlun sem er nýbúið að samþykkja á Alþingi.

*/MÞÞ*






LÍFLAND

***Lífland óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.***

Lesendabás

# Hvers vegna bærinn Ísafjörður heitir Ísafjörður

**Í Bændablaðinu 3. 11. 2016 er mynd af Ísafjarðarpolli undir fróðleiksmolaefni sem nefnt er „Ísland er land þitt“ og er þetta hið ágætasta innlegg í blaðið nema nokkuð vantar á þekkingu sem ef til vill er ekki hægt að lá höfundi þar sem hann staðhæfir að um efnið sé ekki vitað með neinni vissu.**



Margir hafa velt fyrir sér hvers vegna í ósköpunum Ísafjarðarbær, sem er í Skutulsfirði, skuli um árhundruð hafa verið nefndur Ísafjörður. Mynd / HKr.

Málið snýst nefnilega um af hverju Ísafjörður, eins og bærinn hét lengi og heitir enn í munni manna, heitir þessu nafni standandi við Skutulsfjörð meðan sjálfur Ísafjörður er miklu innar og í raun innstur þeirra fjarða í því sem við í dag köllum Ísafjarðardjúp.

Hvergi hef ég sé á þessu „skýringu“ eða tilgátu, sem furðulegt má heita, en hana hef ég hins vegar sjálfur á reiðum höndum og það skothelda, hvort heldur fræðimenn eða aðrir kunna að hafa ráðið þessa gátu sem er tiltölulega einföld.

### *Ísafjarðardjúp er seinni tíma heiti*

Málið er það að sá mikli flói eða fjörður sem nú er nefndur Ísafjarðardjúp hét alls ekki svo í upphafi heldur aðeins Ísafjörður og það er ekki fyrr en í byrjun átjándu aldar að annars skilnings fer að verða vart, þ.e. að orðið Ísafjarðardjúp sé ekki bara nafn á svæði utan eða í mynni hins forna Ísafjarðar heldur nái lengra inn og í kortasögu Íslands má síðan rekja hvernig þetta nafnabrengl eða nafnbreyting færist æ innar í Ísafjörðinn uns Borgarey er náð og er þá varla annað en innsti halinn eftir með nafninu Ísafjörður en hann hafði aldrei annað nafn en náði í upphafi allt út að Rit og ysta hluta Stigahlíða.

### *Danir sögðu sína starfsemi við Ísafjörð*

Danir voru hér einráðir um verslun á tímum einokunarverslunarinnar sem sögð er hafa staðið frá 1602 til 1787. Var sá háttur hafður á sem tíðkast hafði um aldir að kaupmenn komu að vori og fóru aftur að hausti. Síðar var farið að byggja einhver lagerhús sem stóðu mannlaus og lokuð yfir vetrartímann.

Elstu dönsku verslunarhúsin í Neðsta kaupstað á Ísafirði, reyndar með elstu húsum á Íslandi sem enn standa, eru reyndar frá árunum 1781 (Tjöruhúsið) og 1784 (Turnhúsið) þannig að þau eru byggð rétt um þær mundir sem einokunarversluninni er að ljúka. Það breytir hins vegar ekki því að um nær 200 ár höfðu danskir haft hér aðstöðu þar sem best voru hafnarlægi og lá best við byggð eins og á Eyri við Skutulsfjörð. Þegar þeir komu sér fyrir á þessum stað hlaut staðurinn að sjálfsögðu nafnið Ísafjörður. Það var þekkt nafn bæði hjá heimamönnum sem og erlendum sæförum um þann mikla flóa sem við í dag köllum Ísafjarðardjúp. Skipti þá engu þótt sjálfur verslunarstaðurinn væri í einhverjum afkima þessa flóa sem þar að auki var erfitt að bera fram (Skutulsfjörður). Nafnið Eyri fékk þó líka töluverðan sess, og mun hafa haft um aldir, og sést í allnokkrum sjókortum.

Það hefur og ekki spillt fyrir framgöngu Ísafjarðarnafnsins að kaupmenn frá Kaupmannahöfn, eins og Hörmangarar eru sagðir hafa verið, þekktu vel nafnið Isefjord sem gengur inn í Sjáland V við Kaupmannahöfn og mun einna stærstur danskra fjarða (ef frá er talinn Limafjörður en sá er nú frekar sund, botnlaus með öllu) enda er hann 35 km langur og 305 ferkílómetrar eða nær helmingur Ísafjarðardjúps (650 ferkm).

### *Ísafjarðardjúp nefnt í Landnámu*

Nafnið Ísafjarðardjúp kemur reyndar úr Landnámu þar sem segir um landnámskonuna Þuríði sundafyllir að hún nam Bolungarvík. Síðan segir:

„Hún setti og Kvíarmið á Ísafjarðardjúpi og tók til á kollótta af hverjum bónda í Ísafirði.“ Hér í lýsingu Landnámu eru allir hlutir strax morgunljósir. Hún sló eign sinni á Kvíarmið sem voru á Ísafjarðardjúpi en þar mun átt við djúpið fyrir og í mynni Ísafjarðar enda Kvíarmið enn vel þekkt í dag rétt SV af Ritnum. Síðan tók hún toll af hverjum bónda (kollótta á) í Ísafirði. Þetta orðalag tekur af allan vafa um að Ísafjörður var þá allur hinn stóri flói sem við í dag köllum Djúpið. Þessi stórtæka landnámskona hefði ekki látið sér nægja að taka bara toll af þeim fáu bændum sem þá kunna að hafa átt jarðir sínar innst inni í Ísafirði en sleppt öllum hinum sem utar bjuggu. Þá hefði hún vísast orðið af 90-95% af þeirri eftirtekju sem hafa mátti af öllu þessu svæði.

### *Á korti frá 1539*

Áður nefnda nafnabreytingu má og ljóslega lesa í „Kortasögu Íslands“. Elsta heimild um Ísafjörð á korti mun vera frá 1539 og kemur fram á pappír í svonefndu Carta Marina korti sem prentað var í Róm 1572. Kortið sýnir N-Atlantshaf allt frá Grænlandi (sem reyndar er bæði fyrir NV og NA Íslands á kortinu) með Ísland nokkurn veginn fyrir miðju kortsins. Austast sýnir kortið hluta af Noregsströndum og nokkuð norðarlega því þar má lesa nafnið Andanes sem að sönnu er nokkuð norðan við Lofot. Landfræðileg lega Íslands er því allt of norðarlega miðað við raunveruleikann sem skipir þó ekki höfuð máli. Milli Noregs og Íslands og reyndar réttilega nokkuð sunnan og austan við Ísland eru Færeyjar (Fare) og síðan einhver dularfull eyju SV af Færeyjum sem nefnd er Tile og munu vera einhverjar leifar af sögninni um Thule eyju Rómverja.

Nema hvað á kortinu er Ísland frekar ólöguleg miðað við nútíma þekkingu, eyja teygð nokkuð á langveginn. Vestfjarðakjálkinn , (og aðrir skagar) eru þó varla til sem slíkir. Þau fáu nöfn eins og Vestmannaeyjar (Vespemo?), Hafnarfjörður (Hanafiord), Snæfellsjökull (Iokel) og sjálfur Ísafjörður (Isefiord) eru öll á þokkalega réttum stöðum og Ísafjarðarnafnið í ólögulegri skoru sem gengur inn í NV hluta landsins sýnir að þetta er merkilegasta plássið á þessu svæði og það vita menn jafnvel alla leið suður í Róm á þessum tíma sem er að sönnu stórmerkilegt. Önnur þekkjanleg nöfn sem varla fylla tuginn eru sum hins vegar út og suður og enn önnur einhver tilbúinn misskilningur.

### *Djúpið allt var nefnt Ísafjörður*

Íslandskort kennt við Guðbrand Þorlákssson frá árinu 1590 sýnir ljóslega Ísafjarðarnafnið yfir allt Djúpið (Isfiord) og sama gera mörg ensk og frönsk sjókort fram undir miðja sautjándu öld. Kortagerðarmaður Danakonungs, J. Mejer gefur út kort af Íslandi árið 1650 (að vísu mjög bjagað) með nafninu Isefjord með stórum stöfum þar sem nafnið nær frá Djúpkjafti og inn fyrir Jökulfirði og ekki fer milli mála að Ísafjörður nær út til ystu nesja. Tæpum tuttugu árum síðar kemur Þórður Þorlákssson biskup að kortagerð (1668 og 1670) þar sem sama er uppi á teningnum. Ísafjarðarnafnið Isa fjordur og Isafjordur eru í Djúpkjafti og/eða utan Bjarnarnúps og eiga auðsæilega við um allan flóan inn af. Þessi skilningur styrkist þegar hugað er að því að í upptalningu á innfjörðum eins og Mjóifjörður, Vatnsfjörður og Reykjafjörður (í réttri röð) er Ísafjarðarnafninu innst slepp af því að það hefur þegar verið nefnt utar.

### *Ísafjarðardjúp teygir sig smám saman inn Ísafjörð*

Áður nefnd kort eru meira og minna bjöguð því raunverulegar landmælingar á vegum Dana hófust hér ekki fyrr en upp úr 1700. Það var Daninn Hans Hoffgaard sem reið á vaðið og 1723 kemur frá honum einskonar hafnarkort yfir Ísland þar sem orðið Ísafjarðardjúp (Isa Fjördur Djup) kemur fram á korti að því er virðist í fyrsta sinn og nær þá vel inn fyrir Jökulfirði. Síðan koma fram fyrstu sýslu og/eða landshlutakort sem studdust við slíkar mælingar og árið 1733 kemur fram kort af Ísafjarðar- og Strandasýslu kennt við Danan T.H.H. Knoff. Hér kemur og fyrir nafnið Ísafjarðardjúp (ISAFJORDUR DJUP) sem segja má að nái langleiðina inn undir Æðey. Á fjórðungskort af stærra svæði eftir sama mann og líklega svipuðum tíma nefnist Djúpið ISE FJORDURS DJUP en á því korti nær nafngiftin ekki inn fyrir Jökulfirði.

Næst skal gripið niður þar sem segir af Djúpinu í þýsku korti prentuðu í Nürnberg árið 1761 og sýnir allt Ísland ((Insula Islandiae). Þar keyrir nokkuð úr hófi fram í nafngiftinni sem eins og Knoff hafði áður sýnt nær yfir allt Út-Djúp utan Æðeyjar undir nafninu ISA FJORD DJUPS DJUP en fátt segir þar um innfirði utan merktur er staðurinn Eyre þar sem sýnist vera Skutulsfjörður. Nafnið Ísafjarðardjúp líkamnast svo í fullum skrúða 1780 á Íslandskorti sem kennt er við þá Jón Eríksson og Ólaf Ólavius en enn á það klárlega aðeins við Út-Djúp utan Æðeyjar.

Erlend kort (önnur en dönsk/íslensk) eru þó enn bara með Ísafjarðarnafnið svo seint sem 1789 svo sem frekar ónákvæmt þýskt Íslandskort kennt við Þjóðverjan von Reylly. Sama er uppi á teningnum í frönskum og enskum sjókortum af Íslandi allt til ársins 1812 að “djúp” myndin hefur ekki náð þar fótfestu og flóinn heitir enn Ísafjörður.

Ekki er þó allt á eina bókina lært í þessum efnum og fer eftir þjóðum. Árið 1761 var gefið út í Amsterdam nokkurskonar strandkort af Íslandi. Ísafjarðardjúpið er nafnlaust og hefur þar skrýtna lögun og suður úr því gengur einn fjörður og heitir sá Skutulsfjörður (Schottel ford) og Súgandafjörður ber hið þekkta nafn Pikkol eða Pickol sem mun vera komið frá Frökkum og merkja sá litli. Önundarfjörður ber nafn sem gæti merkt Norðurfjörður (Nood ford). Dýra-, Arnar- og Patreksfjörður skila sér þó nokkurn veginn með sínum réttu nöfnum. Tálknafjörður nefnist hinsvegar Louis Bane en það nafn eða svipað kemur fyrir á fleiri erlendum siglingakortum og kann sá er þessar línur ritar ekki skýringuna eða söguna bak við það nafn.

Upp úr 1800 (ca 1810) hófu Danir að mæla strandsvæði landsins kerfisbundið með nákvæmum þríhyrningamælingum og urðu þá til kort yfir landið og landshluta þar sem strandlengjan var nokkurn veginn komin með eðlilega lögun. Kort frá þessum tíma sem heitir Islanske kyst Snæfells Jökel til Kap Nord (les Hornbjarg) sýnir nafngiftina ISEFJORD sem nær yfir Út-Djúp inn að Bjarnarnúpi. Þar fyrir innan er (með minna letri) nafngiftin Isefjords dyp og nær nú inn fyrir Æðey að Kaldalóni. Þessari þróun í útbreiðslu nafnsins Ísafjarðardjúp má svo segja að ljúki í kortum Björns Gunnlaugssonar frá 1844 þar sem enginn vafi er á að það hefur algerlega tekið yfir.

### *Ísafjarðardjúp hvergi nefnt í skrifum Eggerts og Bjarna*

En þetta var kortasagan sem mikils til gekk fram fyrir tilstuðlan erlendra manna. Það er því mikilvægt að skoða hvað samtíma heimildir innlendar segja um Djúp nafnið. Er þá handhægast að horfa til þeirra Eggerts (Ólafssonar) og Bjarna (Pálssonar) en þeir ferðuðust um allt Ísland á árunum 1752 til 1757 í konungs nafni og skráðu allar sínar ferðir vel og vandlega sem birst hefur á prenti og í bókum. Þeir fóru og vítt og breitt um Vestfirði sem þeir kalla Vestfjarðaskagann því orðið Vestfjarðakjálki mun þá ekki hafa verið orðið til enda fá kort í umferð til að sína lögun hans. Skemmst er frá því að segja að orðið Ísafjarðardjúp kemur hvergi fram í skrifum þeirra. Hins vegar kemur orðið Ísafjörður fyrir og a.m.k. á tveimur stöðum þar sem engum blöðum er um það að fletta að verið er að tala um Djúpið allt en ekki innsta fjörðinn.

Hafís var landnámsmönnum sem komu frá Noregi að sönnu nánast óþekkt fyrirbæri. En þeir sem settust að við vestanvert landið, norður um og austur um til Eystra Horns hafa fljótlega kynnst þessu fyrirbæri þó mörg ár hafi líklegast getað liðið án þess að hafís gerði vart við sig og hann stundum fljótur að fara aftur ef hann kom eða öfugt. Ísafjörðurinn sem Flóki á að hafa séð í könnunarleiðangri sínum þegar hann gekk á fjöll og sá norður yfir Vestfirði hefur sjálfsagt getað verið Ísafjarðardjúp, fullt af hafís að vori, og hefur komið Flóka spánskt fyrir sjónir.

Vísindavefur Háskóla Íslands telur þó líklegra að þetta hafi verið Arnarfjörður sem kann líka að vera rétt ef karlinn hefur verið sporlatur og ekki nennt alla leið upp á Glámu eða Sjónfríð úr Vatnsfjarðardalsbotni. Það má einu gilda. Menn verða að hafa í huga að ekki eru nema nokkrir áratugir síðan Dýrafjörður fylltist af hafís svo jakarnir börðu á brúnni sem þverar fjörðinn á svo nefndum Lambadalsodda. Ísinn stoppaði hins vegar ekki lengi við en hvernig sem flett er í annálum finnast engin dæmi um að þetta hafi gerst áður, (þ.e. hafís alveg inn í botn fjarðarins) þó lagnaðarís hafi að sönnu lagst á fjörðinn allt út fyrir Þingeyri eins og skeði frostaveturinn 1918. Ísafjörður er enn opnari og nær þeim mótum þar sem mætast norðlægir straumar og hinn hlýi Golfstraumur. Það að hann hafi hlotið sitt nafn af þeim forna fjanda þarf því ekki að vera ráðgáta heldur er borðleggjandi hlutur.

***Einar Jónsson,***
*fiskfræðingur*

## Breytingar á skýrsluhaldi í nautgriparækt:

# Skýrsluhald skilyrði fyrir greiðslum

**Guðmundur Jóhannesson**
ráðunautur
í nautgriparækt
mundi@rml.is



**Í grein 2.2. í samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar sem undirritaður var 19. feb. á þessu ári segir að skilyrði fyrir greiðslum sé þátttaka í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og fullnægjandi skil á skýrslum.**

Samningurinn tekur til stuðningsgreiðslna í nautgriparækt, s.s. greiðslna út á greiðslumark, greiðslna út á innvegna mjólk (beingreiðslna), gripagreiðslna, greiðslna vegna nautakjötsframleiðslu auk fjárfestingastuðnings. Samkvæmt þessu munu þeir sem ekki standast kröfur varðandi afurðaskýrsluhald ekki njóta þess stuðnings sem samningurinn kveður á um og áður er talinn.

Í drögum að reglugerð um stuðning í nautgriparækt segir að skilyrði fyrir greiðslum til nautgripabænda sé þátttaka í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og fullnægjandi skil auk fullnægjandi skila á haustskýrslu í Bústofn samkvæmt 10. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013.

Í reglugerðinni kemur fram að til þess að þátttaka í afurðaskýrsluhaldi í nautgriparækt sé metin fullnægjandi skulu ákveðin skilyrði vera uppfyllt, en miðað er við að unnt sé að rekja uppruna og afdrif allra gripa í hjörðinni á einfaldan og öruggan hátt, sem og safna áreiðanlegum upplýsingum um afurðir búsins.

Standa þarf að fullnægjandi skilum á hjarðbók og heilsukorti og tryggja rétta framkvæmd á merkingum nautgripa, í samræmi við reglugerð um merkingar búfjár nr. 916/2012 með síðari breytingum.

Allur nautgripabústofn framleiðanda skal skráður í Huppu. Framleiðandi ber ábyrgð á skráningu á afurðum, magn og gæði mjólkur og kjöts, sem gripir búsins gefa af sér.

Eftirfarandi skal skrá eða vera til staðar auk upplýsinga sem eru skráðar í hjarðbók búsins (lágmarkskröfur):

1. Fangafdrif allra kúa.
2. Burðardagsetning kúa, fjöldi fæddra kálfa og afdrif þeirra.
3. Fallþunga allra sláturgripa, sem byggir á innlesnum sláturgögnum frá sláturhúsum.
4. Ástæðu afsetningar kúa og kvígna og fylgja tímamörkum um skráningar sem tilgreind eru í reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár.
5. Nyt allra mjólkandi kúa (mjólkurskýrsla) í hverjum mánuði fyrir 11. næsta mánaðar eftir mælingarmánuð.
6. Mjólkurframleiðendur skulu taka kýrsýni úr öllum mjólkandi kúm tvisvar sinnum í hverjum ársfjórðungi og þarf niðurstaða þeirra að hafa borist innan 15 daga frá lokum sýnatökumánaðar.

Framleiðendur skulu staðfesta skýrsluhaldsupplýsingar í síðasta lagi 10. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð og á það jafnt við um mjólkurframleiðendur sem og þá sem eingöngu stunda kjötframleiðslu.



**Í drögum að reglugerð um stuðning í nautgriparækt segir að skilyrði fyrir greiðslum til nautgripabænda sé þátttaka í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og fullnægjandi skil auk fullnægjandi skila á haustskýrslu í Bústofn samkvæmt 10. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013.**

### *Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir bændur?*

Í stuttu máli sagt leggur þetta þá kvöð á bændur sem stunda nautgriparækt, hvort heldur til framleiðslu mjólkur eða kjöts, að skila skýrslum eða m.ö.o. taka þátt í skýrsluhaldi. Fyrir yfirgnæfandi meirihluta bænda er þetta nákvæmlega engin breyting, þ.e.a.s. þá sem hafa tekið þátt í skýrsluhaldi eða haldið hjarðbók og staðið skil á skráningum innan tilskilinna tímamarka sem m.a. eru tilgreind í reglugerð um merkingar búfjár.

Hvað þarf að skrá og hvenær?

1. Skrá þarf alla burði og gera grein fyrir afdrifum kálfa innan tilskilinna tímamarka sem eru 20 dagar frá burði.
2. Skrá þarf ástæðu afsetningar/förgunar kúa og kvígna.
3. Skrá þarf slátrun heima á búinu og/eða vanhöld gripa.
4. Mæla þarf og skrá nyt allra mjólkandi kúa á búinu mánaðarlega, ef viðkomandi stundar mjólkurframleiðslu.
5. Skila þarf kýrsýnum úr öllum mjólkandi kúm á búinu tvisvar sinnum í hverjum ársfjórðungi, ef viðkomandi stundar mjólkurframleiðslu.
6. Skrá þarf kaup og sölu gripa innan 7 daga frá flutningi grips.

Sláturfærslur úr sláturhúsum eru lesnar inn á sjálfvirkan hátt en mönum bent á að fylgjast grannt með hvort þær skili sér ekki áreiðanlega og rétt. Þá er rétt að ítreka þá breytingu sem varð í sumar að nú er skylt að merkja alla kálfa sem fara í sláturhús, ekki bara þá sem eru settir á til lífs. Misbrestur á því getur leitt til missis greiðslna.

Allir þeir sem njóta munu stuðningsgreiðslna verða að gera skil mánaðarlega og skiptir þá engu hvort eitthvað hefur gerst í mánuðinum eða ekki. Hafi engin kýr borið, enginn gripur farið í sláturhús né drepist þarf samt sem áður að gera skil, þ.e. skila núll-skýrslu. Fyrir mjólkurframleiðendur er heldur ekki annar kostur í stöðunni en að skila mælingum mánaðarlega vilji menn njóta stuðningsgeiðslna. Síðasti skiladagur er 10. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð, þ.e. skila skal afurðaskýrslu fyrir janúar í síðasta lagi 10. febrúar o.s.frv.

### *Hvað þarf að gera?*

Bændur sem nú þegar eru í skýrsluhaldi munu ekki verða neinna breytinga varir. Um 10% þeirra þurfa aðeins að taka sig eilítið á varðandi skýrsluskil og skráningar innan tilskilinna tímamarka. Nokkur hluti hefur ekki haldið uppi reglulegu skilum á kýrsýnum og þar þurfa viðkomandi að taka sér örlítið tak.

Þeir sem ekki hafa verið í skýrsluhaldi þurfa hins vegar að byrja að mæla úr kúnum og standa skil á mjólkurskýrslum og kýrsýnum. Mælt er með því að byrja sem fyrst, útvega sér búnað til mælinga, panta sýnaglös fyrir kýrsýni o.s.frv.

Þeir sem stunda kjötframleiðslu þurfa allmargir að taka sig á varðandi skráningar og skil á upplýsingum. Þar hefur víða pottur verið brotinn.

Þá þurfa þeir mjólkurframleiðendur sem ekki hafa verið í skýrsluhaldi og allir nautakjötsframleiðendur að tilkynna þáttöku í afurðaskýrsluhaldi til Matvælastofnunar (Búnaðarstofu) fyrir 27. desember n.k. á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er nálgast á þjónustugátt MAST. Þeir sem ekki hafa aðgang að henni geta nálgast eyðublaðið á heimasíðu RML eða fengið það sent.

Hugum tímanlega að hlutunum

Það liggur fyrir að fyrsti skiladagur á afurðaskýrslum samkvæmt þessu nýja fyrirkomulagi verður 10. febrúar n.k. Að fenginni reynslu er mælt með því að menn hugi að skilum fyrr en það. Ávallt getur eithvað óvænt komið upp og óþægilegt að eiga eftir að ganga frá öllum skráningum 15 mínútur í miðnætti, nettengingin óvirk og góð ráð dýr.

Þeir sem skila skýrslum á pappír til skráningar hjá RML þurfa að senda skýrslur frá sér með nokkurra daga fyrirvara til þess að tryggt sé að skráningu sé lokið á tilskyldum tíma. Póstleggja verður skýrslu í síðasta lagi 3ja hvers mánaðar svo tryggt sé að skýrslur hafi borist og náðst að skrá þær í tíma. Einnig má skila skýrslum á starfsstöðvar RML ef það hentar betur. RML hefur ekki heimild til þess að gefa neinn frest á skilum og gengur þar eitt yfir alla.

### *Við getum aðstoðað*

Starfsfólk RML er reiðubúið til aðstoðar varðandi skýrsluhaldið nú sem endranær. Þá er verið að endurskipuleggja alla vinnu við skýrsluhald innan RML með það að leiðarljósi að bæta þjónustuna, gera hana skilvirkari og halda niðri kostnaði svo sem hægt er.

Framvegis munu allar nautgripaskýrslur verða skráðar á Akureyri og Selfossi. Skil og útsending munu einnig fara fram á þessum starfsstöðvum RML. Þeir sem ekki skila rafrænt þurfa að skila skýrslum með pósti eða á starfsstöð RML en ekki mjólkurbílum eins og sums staðar hefur tíðkast fram að þessu.

Þeir sem ekki eru í skýrsluhaldi ættu að hafa samband sem allra fyrst og fara yfir stöðu sinna mála. Hafið samband, sími RML er 516 5000.

## Á faglegum nótum

## Vísindagrein um uppgræðsluaðferðir og búsvæði mófugla:

# Endurheimt mólendis vænleg til lengri tíma

## – þótt uppgræðsla með lúpínu geti verið skjótvirk fyrir ákveðnar fuglategundir

**Nýverið var vísindagrein birt í Icelandic Agricultural Sciences sem fjallar um tengsl uppgræðsluaðferða og dýralífs. Þar er meðal annars komið inn á hlutverk bænda við uppgræðslu. Ein af niðurstöðunum greinarinnar er að ef lúpína er notuð við uppgræðslu, flýtir það því að fuglategundir fái þrifist á þeim svæðum sem er verið að græða upp.**

Vísindagreinin byggir á meistaraverkefni Brynju Davíðsdóttur við Landbúnaðarháskóla Íslands sem unnið var í samstarfi við Landgræðslu ríkisins og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi. Verkefni hennar fólst í að bera saman tvær uppgræðsluaðferðir og áhrifin á fugla- og smádýralíf; annars vegar endurheimt mólendis og hins vegar uppgræðslu með lúpínu.

### *Lúpínan fjölgar fuglum*

Einn leiðbeinenda Brynju – og einn meðhöfunda vísindagreinarinnar – er Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi. „Við sjáum að uppgræðsluaðferðirnar hafa mismunandi áhrif. Það er ekki svo einfalt að lúpína sé góð fyrir fugla og þar með sé málið útrætt. Það er í sjálfu sér alveg rétt ef við miðum við ógróið land, lúpínan fjölgar fuglum. En áhugaverðari samanburður er við hina uppgræðsluaðferðina að endurheimta mólendi því auðvitað fjölgar fuglum ef við græðum upp eyðimörk – nánast sama hvaða aðferð er notuð.“

### *Hófleg beit vænleg til viðhalds*

„Samanburðurinn á þessum tveimur aðferðum sýnir að lúpína myndar einsleitara samfélag og af algengari tegundum. Tegundirnar sem uppbyggingu mólendis styður við standa mun verr á heimsvísu. Við höfum ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar á sviði náttúruverndar sem erfiðlega hefur gengið að fara eftir. Það sést til dæmis í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framfylgd Ríó-samningsins og í álitum sendinefnda sem koma hingað til að meta áhrif skógræktar á skuldbindingar Íslendinga í náttúruvernd. Mólendisendurheimt myndi styðja við það að við gætum staðið við skuldbindingarnar, mun frekar en uppgræðsla með lúpínu. Þessar tegundir sem eiga undir högg að sækja eru tegundir eins og lóa, spói og lóuþræll. Þær þurfa opið snögglendi og slíkt land er víða á undanhaldi. Þar kemur að bændum því að landnotkun, til dæmis hófleg beit, er besta leiðin til að viðhalda landi á hentugu framvindustigi fyrir þessar tegundir. Það er í raun viðhald og endurheimt búsetulandslagsins sem styður við þessar tegundir,“ segir Tómas.



**Tómas G. Gunnarsson.**



**Heiðlóa og lúpína.**

Auk Brynju og Tómasar eru þeir Guðmundur Halldórsson, frá Landgræðslu ríkisins, og Bjarni D. Sigurðsson, frá Landbúnaðarháskóla Íslands, höfundar greinarinnar sem ber heitið Avian abundance and communities in areas revegetated with exotic versus native plant species. */smh*

Á faglegum nótum

# Myndbönd af öllum sýndum hrossum á Landsmóti hestamanna komin á heimasíður WorldFengs

**Myndbönd af öllum sýndum hrossum frá Landsmóti hestamanna 2016 og 2014 er hægt að sjá á heimasíðu WorldFengs – upprunaættbók íslenska hestsins – www.worldfengur.com**

Þar hefur verið opnaður enn einn glugginn að hestaheiminum og í gegnum þennan glugga getur áhugafólk um íslenska hestinn horft á myndbönd af öllum þeim hrossum sem komu fram á Landsmóti 2016 sem og frá Landsmótinu 2014.

Þessa skemmtilegu viðbót er að finna í valstikunni vinstra megin á upphafssíðu WorldFengs eftir að notandi hefur slegið inn notendanafn sitt og lykilorð. Þá sést rauðum stórum stöfum „LM MYNDBÖND“ og þar undir er að finna Landsmót 2014 og Landsmót 2016.

Ef klikkað er á annaðhvort Landsmótið þá birtist eftirfarandi mynd:



**Valmynd – Myndbönd frá Landsmóti**

Þá er hægt að velja um myndbönd frá annars vegar kynbótasýningum og hins vegar úr íþrótta- og gæðingakeppninni. Þarna er hægt að leita eftir ákveðnum aldursflokkum, eftir keppnisgrein, eftir nafni hests, eftir nafni knapa, fyrri eða seinni skeiðspretti. Valmöguleikarnir eru því ótal margir sem gefur notandanum möguleika á nákvæmri leit. Gaman er að segja frá því að þeirri nýjung hefur nú verið bætt við sem býður notendum WorldFengs upp á það að opna myndband af viðkomandi hrossi í flipanum „Dómur“. Með því móti er hægt að hafa einkunnir úr kynbótasýningunni fyrir framan sig á skjánum og horfa á myndbandið af sýningunni um leið.

Í framtíðinni verður þarna að finna ómetanlegan gagnabanka af myndböndum hrossa frá Landsmótum hestamanna. Þarna er því komið frábært verkfæri fyrir alla áhugamenn um íslenska hestinn um allan heim.

***Samstarfsverkefni LH, LM & BÍ***

Verkefni þetta er samstarfsverkefni á milli Landssambands hestamannafélaga, Landsmóts ehf. og Bændasamtaka Íslands. Verkefnið hófst árið 2015 þegar myndbönd af öllum hrossum sem komu fram á Landsmótinu 2014 voru sett inn á WorldFeng.

Vinna við að klippa myndbönd af Landsmótinu sem haldið var á Hólum nú í sumar er mjög langt komin og stefnt er að því að búið verði að koma öllum myndböndum inn á WorldFeng á þessu ári. Þegar þeirri vinnu lýkur verður hafist handa við að koma inn myndefni af öllum hrossum frá Landsmótinu í Reykjavík árið 2012.



**Skýr frá Skálakoti og Jakob Svavar Sigurðsson á Landsmóti hestamanna á Hólum í Hjaltadal 2016.** Mynd / Pétur Ingi



**Milljarður frá Barká og Þórarinn Eymundsson á Landsmóti hestamanna á Hólum í Hjaltadal 2016.** Mynd / Pétur Ingi


GJAFABRÉF

Til hamingju _____ (nafn viðtakanda)
með aðganginn að myndböndum Landsmóts sem er að finna á heimasíðu Worldfengs, www.worldfengur.com

Congratulations _____ (name) now you have full access to the videos from Landsmót that you will find at WoldFengur webpage, www.worldfengur.com

Frá og með 24.desember 2016 mun þér opnast aðgangur að myndböndum frá öllum þeim hrossum sem komu fram á Landsmóti hestamanna 2016, sem og Landsmóti hestamanna 2014. Tímabil áskriftarinnar eru 12 mánuðir.

From 24th of December you will be able to access and watch all the videos of horses shown at the Landsmót 2016, and also from Landsmót 2014. Validation of this subscription is 12 months.

Notendanafn/username: _____

Lykilorð/password: _____

**Jólagjöf hestamannsins – aðgangur að myndböndum af öllum sýndum hrossum á Landsmóti.**

***Jólagjöf hestamannsins***



Í tilefni jóla var ákveðið að bjóða fólki að kaupa „LM myndbanda“ gjafabréf. Þannig verður hægt að gefa áskrifendum WorldFengs (bundið við áskrifendur) ársáskrift að „LM myndböndum“. Gjafabréf yrði þá útbúið á nafn og notandanafn sem mætti skella í jólapakkann. Myndi þá LM myndbandaaðgangurinn opnast að kvöldi aðgangadags jóla sjálfkrafa í WorldFeng. Áskriftin kostar í heilt ár 4.900 kr. eða um 400 kr. á mánuði.

Til að kaupa gjafabréf er best að hafa beint samband við Bændasamtök Íslands í síma 563-0300 eða með tölvupósti, tolvudeild@bondi.is.

Einnig er hægt að hafa samband við Landssamband Hestamannafélaga í síma 514-4030 eða lh@lhhestar.is. Hægt verður að kaupa þessi gjafabréf til og með 22. desember.

JEPPADEKK
DEEGAN | MTZ | BAJA CLAW
MICKEY THOMPSON
jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi
M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.
Stærðir 32" - 54"
Icetrack ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is

Jólakveðja
LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA
Landssamtök skógareigenda sendir skógarbændum og samstarfsaðilum um land allt óskir um gleðilegjól og farsæld á nýju ári.
Þökkum ánægjulegt samstarf og góðar stundir á árinu sem er að líða.
Megi árið 2017 vera gjöfult og gefandi skógræktarár.
Stjórn Landssamtaka skógareigenda.

# Nýjungar í skýrsluhaldi í hrossarækt



**Halla Eygló Sveinsdóttir**
ráðunautur í hrossarækt
halla@rml.is


## Heimarétt

Hér á eftir verður farið yfir hvað hægt er að gera í heimaréttinni.
**Í heimaréttinni eru eftirfarandi flipar:**




**<Hrossin mín>**, undir þeim flipa eru öll hross listuð upp sem eru í heimaréttinni. Þar er hægt að breyta lit, fæðingardagsetningu, afdrifum, setja inn nafn, skrá geldingu, skrá sölu og setja inn mynd af viðkomandi hrossi. Nauðsynlegt er að yfirfara allar upplýsingar um hrossin árlega, svo WF gefi sem raunsannasta mynd af stofninum á hverjum tíma.

**<Fyljanaskráning>**, þar er listi yfir allar hryssur í eigu ræktanda. Hér þarf að gera grein fyrir því hvort hryssu var haldið eða ekki. Ef hryssunni hefur verið haldið þarf að gera grein fyrir því hjá hvaða stóðhesti hún var, hvenær hún var hjá honum og árangri fyljunar (sjá mynd hér fyrir neðan).





Hér er líka listi yfir stóðhesta tveggja vetra og eldri. Hafi þeir verið notaðir þarf að skrá inn hvaða hryssur voru hjá þeim (sjá mynd hér fyrir neðan).
Ef hryssueigandi hefur þegar skráð fyljun á sína hryssu kemur hún




sjálfkrafa hér inn og eigandi stóðhestsins þarf einungis að staðfesta að upplýsingarnar séu réttar og getur staðfest komu hennar. Geri hann það getur eigandi hryssunnar skráð folaldið að ári í heimaréttinni.
**<Fang- og folaldaskýrsla>**, hér fer fram skráning á folöldunum og hvað um þau verður. Ef hryssan var geld er gerð grein fyrir því. Í raun ekkert nýtt þarna nema hægt er að velja um eftirfarandi þegar folald er skráð undir: **„Afrakstur“**; eitt folald, tvö folöld, dauðfætt, hryssan lést. Ef merkt er við tvö folöld koma upp tveir gluggar svo hægt sé að skrá bæði folöldin.
Fliparnir sem koma næst: Fargað, Selt og Útflutt gefa upplýsingar um þessi atriði á völdu tímabili. Þarna getur ræktandinn ekki skráð neitt sjálfur.

Undir flipanum **<umráðamaður>** er að finna lista yfir umráðamenn hrossa, ef enginn er skráður umráðamaður þarf að setja hann inn (sjá mynd hér fyrir neðan).

Þá er það síðasti flipinn **<skýrsluhaldsskil>** . Hér fara fram árleg skil á skýrslum þegar búið er að skrá allar nauðsynlegar upplýsingar í fyrri




flipum. Þessi skil þarf að framkvæma fyrir 30. desember í ár. Framvegis verður síðan miðað við 20. nóvember en það er sama dagsetning og Matvælastofnun, MAST, er með á skil á haustskýrslu.

Ekki er hægt að skila skýrsluhaldinu nema búið sé að gera grein fyrir fyljanaskráningu ársins og ástæðum förgunar fyrir þau hross sem voru felld/slátrað á árinu.

Til hagræðis fyrir hesteigendur er hér einnig yfirlit yfir fullorðin hross sem ekki eru örmerkt og listi yfir þau hross sem búið er að taka DNA-sýni úr en hafa ekki fengið staðfestingu á ætterni. Þar sem ekki fæst staðfesting á ætterni ættu menn að skoða hvers vegna svo er. Oft eru eðlilegar skýringar á því, s.s. að ekki sé til DNA-sýni úr móður eða föður. Mistök geta líka hafa átt sér stað við sýnatöku eða greiningu og því full ástæða til að fylgja þeim málum eftir.

Þessar breytingar sem hér hefur verið farið yfir eru gerðar til þess að safna verðmætum upplýsingum fyrir ræktunarstarfið og til hagræðis fyrir ræktendur og hesteigendur. Það er von okkar að þessum breytingum verði vel tekið og að lokum er rétt að minna aftur á að skýrsluhaldsskil þarf að framkvæma fyrir 30. desember í ár.

**Þátttaka í skýrsluhaldi er algjört lykilatriði fyrir kynbótastarfið. Í gegnum árin hefur verið reynt að auðvelda ræktendum og hesteigendum að sinna því sem best.**

Árið 1991 var tekið upp tölvukerfi í hrossarækt sem fékk nafnið Fengur og var bylting á þeim tíma. Tíu árum síðar tók WorldFengur (WF) við og hefur verið í sífelldri þróun síðan.

Vorið 2009 var svokölluð „Heimarétt“ opnuð í WF en hún gerði áskrifendum kleift að skila skýrslum á rafrænan hátt, ganga frá eigendaskiptum o.fl. Fram að því var þessum upplýsingum skilað inn á pappír.

Haustið 2010 var því hætt að senda út skýrsluhaldspappír nema sérstaklega væri óskað eftir því. Það leiddi því miður til þess að margir hættu að standa árlega skil á skýrslum.

Vissulega var ætlast til þess að ræktendur gerðu folaldaskýrslur á hverju ári en margir gerðu það ekki og skiluðu skráningum á folöldum inn á örmerkjablöðum.

Hvað varðar afdrifaskráningar gerðist lítið í þeim þar til sláturhúsin fóru að skila inn þessum upplýsingum. Það er því enn eitthvað af hrossum skráð lifandi í WF sem eru það ekki lengur.

Nú stendur til að reyna að koma þessu í betra horf með þeim breytingum sem hér verða kynntar og er von okkar að sem flestir taki til í sínu skýrsluhaldi og standi árlega skil á þeim breytingum sem verða á hverju ári.

### *Hvað er heimarétt?*

Heimaréttin heldur til haga þeim hrossum sem eru í eigu áskrifanda (tengd kennitölu) að WorldFeng, þess vegna koma ekki fram hross sem eru í eigu maka eða barna. Hins vegar er hægt að veita öðrum umboð til að sjá um skýrsluhald.

### *Eyðublað „umboð heimaréttar“*

Til þess að gera það þarf að senda inn eyðublað sem kallast „umboð heimaréttar“ og skila því inn á næstu starfsstöð RML. Þetta eyðublað má finna á heimasíðu okkar **www.rml.is** undir búfjárrækt.

Til þess að áskrifandi að WF geti skráð folöld sem honum fæðast þarf hann að vera skráður fyrir ræktunarnúmerum í WF.

Til að fá úthlutað númerum er best að setja sig í samband við starfsmenn á sviði hrossaræktar hjá RML í síma 516-5000 eða senda vefpóst á netfangið halla@rml.is.

Hér til hliðar er farið yfir hvað hægt er að gera í heimaréttinni.

---

**Á faglegum nótum**

# Kolefnispor landbúnaðar vegna áburðarnotkunar

**Parísaramningurinn sem var undirritaður í desember 2015 var sögulegur. Í fyrsta sinn náðist samkomulag um að öll ríki heims taki þátt í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Meginmarkmið samningsins er að halda hækkun hitastigs jarðar undir 2°C miðað við meðalhitastig við upphaf iðnvæðingarinnar.**

Samningurinn fjallar líka um hvernig takast eigi á við afleiðingar loftslagsbreytinga einkum varðandi stuðning þróaðra ríkja við þróunarríki og þau svæði sem viðkvæmust eru við þeim afleiðingum sem verða vegna hækkunar hitastigs jarðar.

### *16% af heildarlosun vegna landbúnaðar*

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi árið 2014 var áætluð 4.597 kílótonn af CO2 ígildum. Þar af var losun íslensks landbúnaðar áætluð 747 kílótonn af CO2 ígildum. Það er 16% af heildarlosun á Íslandi. Losun sem tilheyrir landnotkun er ekki innifalin í þessum tölum.

### *35% af losun landbúnaðar vegna tilbúins áburðar*

Í nýlegri greiningu Landbúnaðarháskóla Íslands var heildarlosun frá landbúnaði metin 734 kílótonn af CO2 ígildum. Þar af var losun vegna áburðarnotkunar 260 kílótonn af CO2 ígildum eða 35% allrar losunar frá landbúnaði. Ef losun sem verður úr túnum á framræstum jarðvegi væri tekin með þá myndi heildarlosun frá landbúnaði aukast um 1.800 kílótonn af CO2 ígildum.

### *Landbúnaðurinn þarf að leggja sitt af mörkum*

Ríkisstjórn Íslands kynnti í nóvember 2015 sóknaráætlun í loftslagsmálum til þriggja ára, sem er ætlað að skerpa á áherslum Íslands í loftslagsmálum og efla starf í málaflokknum til að raunverulegum árangri verði náð til að minnka nettólosun. Skilgreind voru átta verkefni í upphafi. Sum stuðla að kolefnisbindingu og önnur stuðla að minni losun kolefnis. Eitt af þeim verkefnum sem unnið er að ber heitið Loftslagsvænni landbúnaður. Í því felst að unninn verður vegvísir um minnkun losunar í landbúnaði.



### *Mikill munur á kolefnisspori milli framleiðenda áburðar*

Skipta má þeirri losun sem verður vegna notkunar á tilbúnum áburði upp í tvo megin þætti. Annars vegar sú losun sem verður vegna framleiðslu og flutnings á áburði og hins vegar sú losun sem verður við og eftir að áburðinum hefur verið dreift.

Framleiðendur á áburði gefa upp þá losun sem verður við framleiðsluna sem kg af CO2 ígildum fyrir hvert kg N sem er framleitt. Meðaltal þess áburðar sem framleiddur er í Evrópu er 7,2 kg CO2 / kg N. Þeir framleiðendur sem eru að standa sig hvað best eru að losa 3,6 kg af CO2 ígildum fyrir hvert kg N sem er framleitt. Þá má finna framleiðendur þar sem losunin er allt að 12 kg CO2 / kg N.

### *Bændur geta dregið úr losun með markvissri notkun áburðar*

Eftir að búið er að dreifa áburðinum getur hluti af honum tapast. Tapið ræðst af fjölmörgum þáttum eins og dreifingartíma, jarðvegsgerð, sýrustigi, úrkomu o.fl. Við ákveðnar aðstæður getur átt sér stað afnítrun. Við það umbreytist köfnunarefnið af formi ammóníum (NH4) yfir í níturoxíð (N2O) sem er rokgjörn lofttegund og ein skaðvænasta gróðurhúslofttegundin. Einnig getur köfnunarefni tapast með útskolun. Hér fara saman hagsmunir bænda og umhverfisins. Eftir því sem nýtingarhlutfall köfnunarefnis verður hærra þem mun minni verða umhverfisáhrifin.

Framleiðsla, flutningur og notkun tilbúins áburðar veldur bæði beinni og óbeinni losun á gróðurhúsalofttegundum, einkum kolefnis (CO2) og níturoxíðs (N2O). Bændur geta haft veruleg áhrif á á þessa losun án þess að draga úr notkun áburðar. Annars vegar má velja áburð frá framleiðendum sem marka lítið kolefnisspor og hins vegar tryggja sem besta nýtingu á áburðinum þegar heim er komið. Með því að gera markvissa áburðaráætlun, velja réttan dreifingartíma og tryggja að allar aðstæður, svo sem sýrustig og framræsla, séu ákjósanlegar til að upptaka og nýting á næringarefnum sé eins og best verði á kosið.

***Unnsteinn Snorri Snorrason, bútæknirágjafi***

**Heimildir:**


- *Jón Guðmundsson. (2016). Greining á losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði. Landbúnaðarháskóli Íslands.*
- *Umhverfisráðuneytið. (2016). Sóknaráætlun í lofstlagsmálum. Sótt 10. Desember 2016 af: https://www.umhverfisraduneyti.is/cop21/soknaraaetlun/*
- *Umhverfisstofnun. (2016). Loftslagsbreytingar. Sótt 10. Desember 2016 af: https://www.ust.is/einstaklingar/loftslagsbreytingar/losun-islands/*
- *Fertilizer Europe. (2016). Nutrient Stewardship. Sótt 10. Desember 2016 af: http://www.fertilizerseurope.com/index.php?id=114*

**Fróðleiksbásinn**

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



# Jurtir Karlamagnúsar – gúrkur og annað skylt, *síðari hluti*

**Í görðum Karlamagnúsar uxu gúrkur, melónur og flöskualdin. Gúrkunum voru gerð skil hér í síðasta tölublaði. Nú er komið að þeim síðartöldu.**

Báðar hafa fylgt mönnum óralengi, reyndar svo lengi að hvergi hefur tekist að rekja uppruna þeirra til ákveðinna landssvæða og hvergi hafa fundist tegundir sem þær gætu verið sprottnar af þegar þær komust undir mannahendur í árdögum ræktunarmenningarinnar. Hvergi þrífast þessar tegundir heldur án aðstoðar eða samvista við manneskjur.

### *Melónur – Cucumis melo*

Helsta ágiskun manna um uppruna melóna er að þær hafi fyrst verið teknar í ræktun af þjóðflokkum sem byggðu vestanverðan Indlandsskaga tólf til sjöþúsund árum fyrir okkar tímatal. Þar hafa fundist för eftir ávöxt sem líkist melónum pressuð í leirgólf mannvistarleifa frá því tímaskeiði. En förin eru nokkuð frábrugðin þeim melónugerðum sem nú eru þekkt og gætu þess vegna verið af gúrkum, sem vitað er að voru einnig komnar í ræktun á þessu tíma. Uppgötvunin hefur því ekki verið staðfest af vísindunum. Sumir fræðingar telja þær aftur á móti vera upprunnar í Afríku. En ekki hefur heldur tekist að staðfesta þá kenningu.

Í upphafi söguritunar er til þeirra vísað bæði í hinum fornu, indversku sanskrítartextum sem og í myndletri Forn-Egypta. Í ríki Forn-Grikkja var þeirra getið þrem öldum fyrir okkar tímatal og á dögum Rómverja voru þær vel þekktar. Rómverjar notuðu reyndar heitið „pepone“ yfir melónurnar og undir því nafni uxu þær í görðum Karlamagnúsar nokkrum áratugum fyrir landnám Íslands.

Ræktun á melónum á evrópska menningarsvæðinu á sér því meira en tvöþúsund ára sögu. Þær eru hitakræfari en gúrkur og þurfa mun lengri tíma til að þroska aldinin. Því er ræktunin háð hlýjum og löngum sumrum, sem í stórum dráttum takmarkar hana við Miðjarðarhafslöndin og nokkrar tungur sem teygja norður í syðstu dali Vestur-Evrópu og Mið-Asíu. Og að sjálfsögðu hafa þær verið ræktaðar austur um öll hlýjustu lönd Asíu frá aldaöðli. Þær fylgdu með innrásum Evrópumanna vestur um haf og búsetu þeirra í Ameríkunum báðum. Síðar tóku Evrópumenn þær með sér til Ástralíu. Hér í Norður-Evrópu þrífast melónur ekki á bersvæði. Þær þarf að rækta í gróðurhúsum til að geta skilað uppskeru.

Á garðyrkjusveinsárum mínum hjá Svíum frétti ég af að nokkuð hefði verið um að garðyrkjumenn sem framleiddu sumarblóm í gróðurhúsum hafi notað húsin undir melónur eftir að sumarblómavertíðinni lauk og fram að því að ræktunin á jólablómunum fór í gang. En þessi ræktun skilaði litlum hagnaði og var heldur vinnufrek, því binda þurfti plönturnar upp og setja hverja melónu sem myndaðist í sérstaka poka eða höldur sem síðan varð að hengja upp í loftfestingar. Hver planta skilaði sjaldan nema einu eða tveim aldinum, í hæsta lagi þrem, sem körlunum þótti samt vissulega gaman að fara með og selja á grænmetistorgunum. Þetta gaf þeim ákveðinn status þar og styrkti stolt þeirra af framlagi sínu til fjölbreytileikans. En þessi ræktum lagðist alveg af eftir að aðflutningur grænmetis og ávaxta frá suðrænni löndum árið um kring var orðinn viðstöðulaus raunveruleiki í viðskiptaheiminum og lögmál hagvaxtarins búið að bera félagshyggjuna ofurliði.



Græna jólamelónan Piet de Sapo, gular kanarímelónur og efst strengjamelóna.

### *Melónur af mörgum gerðum*

Melónur og gúrkur eru af sömu ættkvísl plantna. Ættkvíslarheitið *Cucumis*. er komið úr gamalli latínu og þýðir einfaldlega gúrka. Viðurnefni melónanna er svo fengið úr gríska hugtakinu *melo* sem bæði nær yfir epli og hunang. Og líkt og gúrkurnar hafa melónurnar þróast og breyst í árþúsunda ræktun. Þær hafa verið settar í nokkra hópa eða flokka eftir útliti þeirra og eðli. Ekki liggur ljóst fyrir hvaða melónuyrki Karlamagnús gæti hafa ræktað í görðum sínum. Líklega hafa þær verið nokkuð þéttari og frumstæðari en melónur nútímans og ekki eins sætar. Enn eru ræktaðar frumstæðar gerðir melóna í löndum Mið-Asíu. Í matargerð er farið með þær eins og gúrkur eða mergjur.



Galia net-melóna.

Í stórum dráttum er melónum skipað í sex aðalhópa. En ekkert er einhlítt með það, því mörg af melónuyrkjum nútímans eru tilkomin vegna æxlunar milli hópa.

**Fyrsti hópurinn** eru **Kantalúpur** og innan hans nokkur tilbrigði. En einkennandi fyrir hópinn er að hýðið er netmynstrað og oftast nokkuð móleitt. Aldinkjötið er sætangandi, oft laxableikt eða jafnvel sterkórans. En líka getur það verið fölgrænt. Moskusmelónur, Eiginlegar Kantalúpur, Persamelónur og Strengjamelónur (sem kallast líka reticulata-týpur) eru af þessu tagi. Strengjamelónurnar skera sig úr fyrir að hafa ekki netmynstur en í staðinn græna strengi langsum endanna á milli sem skipta melónunni í einskonar rif eða báta. Kantalúpumelónur losna sjálfar frá plöntunni þegar þær eru fullþroskaðar og þola ekki langa geymslu. Á þeim er einskonar far eftir „naflastrenginn“ mjög einkennandi. Kantalúpur eru oft seldar undir samheitinu „netmelónur“.

Annar hópur er „Ilmsnauði hópurinn“ eða **Indorus-melónur**. Þær þurfa lengri ræktunartíma en kantalúpurnar. Á þeim er hýðið fremur þykkt og langrákótt. Það getur verið grænyrjótt, gult, algrænt og eiginlega allt þar á milli. Aldinin eru oftast ílöng og sverari í blómendann. Þau þarf að skera af plöntunum við fullþroskun. Því halda þær örlitlum „nafla“ og geymast nokkuð lengi. Af þeim leggur engan „melónuilm“ og aldinkjötið er oftast ljóst og stinnt. Þær eru mismunandi sætar. Í þennan hóp falla langsamlega flestar af þeim melónum sem falboðnar eru í stórmörkuðum. Undirflokkarnir eru margir, t.d. Crensaw, Casabas, Honeydew, Canary og hin dísæta „jólamelóna“ Piel de Sapo með sitt sérkennilega froskaskinn.



Melónusali í Samarkand árið 1915 – litljósmynd eftir Prokudin-Gorskii.

**Þriðja hópinn** skipa hinar svokölluðu **Snákamelónur** sem, eins og nafnið segir til um, eru langar og mjóar. Þær eru venjulega teknar af plöntunum grænar og óþroskaðar áður en þær hafa náð 30-40cm lengd. Fullþroskaðar geta þær orðið hátt í eins metra langar. En við þroskann verða þær ramar, með harða skel, fullar af fræjum og sjaldan meiri um sig en 7-8cm. Snákamelónur voru fyrst og fremst ræktaðar í Armeníu og Mið-Asíu en á síðari árum, með upprisu veganstefnunnar, hafa þær náð vinsældum á Vesturlöndum. Einkum meðal „veganfólks“ í Flórída og Kaliforníu. Snákamelónur þola lægri sumarhita en aðrar melónur. Þær eru yfirleitt seldar sem „Armeníugúrkur“. Borðaðar hráar, sneiddar eða niðurrifnar. En annars eru þær matreiddar sem gúrkur. Þær eru samt fastari fyrir og rýrna ekki eins við hitun.

**Í fjórða hópinn** eru **Konomon-melónur** settar. Þær eru frá Austur-Asíu og ræktaðar til að gera úr þeim ýmiskonar súrsætt eða kryddsaltað meðlæti með austurlenskum mat. Þær geta verið af mismunandi lögun og lit en alltaf með sléttum berki. Sjást sjaldan í grænmetisborðum stórmarkaða. Mun frekar í búðum sem höndla með austurlenskar matvörur.

**Hinir tveir** melónuflokkarnir eru austurlenskir og sjaldséðir í okkar heimshluta. Þeir eru **Mangómelónur** (Dudaimmelónur), sem eru smáar, hnöttóttar og i ýmsum litum. Á stærð við mangóávöxt. Borðaðar sem skyndibitar eða meðlæti. Og **Hrökkmelónur** (Mormordicamelónur) sem eru ílangar eins og kindabjúgu frá SS með þunnu og ætu hýði. Þær hrökkva í sundur við þroskann og eru notaðar sem grænmeti með fræjum og öllu saman.

### *Vatnsmelónur – fjarskyldar en melónur samt*

Vatnsmelónur voru ekki á borðum Karlamagnúsar. Þær eru af sömu ætt og gúrkur og melónur en tilheyra ættkvíslinni *Citrullus*. Uppruni þeirra er í suðurhluta Afríku þar sem þær hafa verið ræktaðar frá ómunatíð. Á tíma Karlamagnúsar voru norðurmörk þeirra í Nílardalnum. Þar þóttu þær fátækrafæða. Og þær rötuðu ekki frá Afríku fyrr en nokkuð var liðið á tíma þrælaflutningana þaðan til Ameríku.

Plantekrueigendur þar höfðu þá uppgötvað að vatnsmelónurnar voru auðræktaðar og ódýr þrælakostur í Suðurríkjunum. En fyrr en varði tók þessi þrælakostur að ná vinsældum á heimilum sjáfra þrælahaldaranna. Það varð til þess að vatnsmelónurnar voru teknar í úrval og kynbætur svo að þær tóku miklum framförum á tiltölulega fáum árum. Þessar endurbættu vatnsmelónur fóru síðan um allan heiminn og eru ræktaðar í stórum stíl hvarvetna um hita- og heittempraða beltið. Ein af fyrstu vatnsmelónunum sem flutt var vestur til Ameríku lifir þar enn og sáir sér út á ökrum í Suðurríkjunum. Mörgum afkomendum þrælahaldaranna til ama.

### *Flöskualdin – kalabass, líklega með lengstu ræktunarsöguna*

Fjölbreytilegasti ættingi gúrkujurtanna er vafningsjurtin kalabass, eða flöskualdin eins og tegundin hefur verið kölluð upp á íslensku. En það er varla hægt að íslenska alþjóðaheiti nytjaplöntu sem hefur fylgt mannkyni áður en sögur hófust og gæti verið sú eina sem manneskjan tók með sér í upphafi útrásarinnar frá hinni sólbökuðu Afríku. Kalabass er af nokkuð fjölskipaðri plöntuættkvísl sem er dreifð um Afríku sunnan Sahara. En engin tegundanna líkist samt kalabassi nema að greina má systkinasvipinn.



Þjóðbúninga-kalabass-Papúa-Nýja Gínea.

Kalabass, hvar sem er í veröldinni, heyrir til einnar og sömu tegundarinnar, *Lagenaria sicearia*. Það finnst hvergi utan mannabyggða. Á meðan aldinin eru ung og óþroskuð eru þau haldgóður matur. En fullþroska aldin mynda um sig harða og sterka skel sem má nota á margan máta eftir að búið er að þurrka þau og tæma innvolsið varlega úr þeim. Í tímans rás hefur kalebass tekið á sig ótal myndir. Allt frá því að vera nettar flöskur með belg, hálsi og stút yfir í það að vera gímöld sem rúma tíu til fimmtíu lítra. Kalabass getur verið stutt, digurt, langt eða mjótt. Formunum er haldið við með ræktun og úrvali. Plantan er einær, þ.e.a.s. hún spírar, lifir, ber aldin og deyr á einu regntímabili. Kalabass er hin dæmigerða flaska sem menn gátu fyllt af vatni og borið með sér hvert sem þeir fóru.

Kalabass hefur verið ræktað um allt heita- og heittempraða beltið frá fyrstu tíð mannaferða. Það er allt í senn matjurt, flaska, hljóðfæri, hirsla, húsgagn og jafnvel þjóðbúningur karla í fjarlægum eylöndum. Gripi úr kalabassi er að finna hjá öllum þjóðflokkum sem búa við heitt loftslag. Í Afríku hefur kalabass verið notað sem korngeymsla, mjaltafata, hljóðfæri, borðbúnaður o.s.frv. endalaust. Frumbyggjar Ameríku þekktu og notuðu kalabass löngu áður en þeir höfðu nokkur kynni af fólki annars staðar frá. Við Miðjarðarhaf er kalabass ræktað sem matjurt líkt og grasker. Sama er að segja um öll Asíulönd, niður um Indónesíu og yfir á Papúa-Nýju Gíneu þar sem kalabass er algeng matjurt. Og þarlendir karlar leggja oft mikla vinnu í að móta kalabass-aldinin meðan þau eru meyr til að gera þau brúkleg sem „koteka“, einn vegamesta gripinn hefðbundnum klæðnaði þeirra.

# Mætum öll

## Mótum framtíðina saman

**Ágætu bændur**

Um áramótin verða vatnaskil í starfsemi Bændasamtaka Íslands þegar búnaðargjaldið fellur niður. Í stað þess munu samtökin taka upp félagsgjöld. Fyrir þorra bænda þýðir þetta lægra gjald en þeir hafa hingað til greitt til Bændasamtakanna í gegnum búnaðargjaldið.

Til þess að eiga samtal við bændur og kynna nýtt fyrirkomulag mun forystufólk samtakanna fara í fundarferð um landið í upphafi nýs árs. Áhrif nýrra búvörusamninga verða einnig á dagskrá.

Það varðar samtökin og bændur miklu að samstaða verði um fjármögnun BÍ til framtíðar. Eftir því sem betur tekst til, þeim mun meiri verður slagkraftur okkar.

Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ



## Bændafundir í byrjun árs

| Fundarstaður | Dags. | Tími | | Svæði |
|---|---|---|---|---|
| **Mánagarður í Nesjum** | 9. janúar | mánudagur | 12.00 | Hornafjörður |
| **Hótel Ísafjörður** | 9. janúar | mánudagur | 12.00 | Ísafjörður |
| **Kirkjuhvoll** | 9. janúar | mánudagur | 20.30 | Kirkjubæjarklaustur |
| **Fjallalamb** | 9. janúar | mánudagur | 12.00 | Kópasker |
| **Breiðamýri** | 9. janúar | mánudagur | 20.30 | S-Þingeyjarsýsla |
| **Hlíðarbær** | 10. janúar | þriðjudagur | 12.00 | Eyjafjörður |
| **Ásgarður** | 10. janúar | þriðjudagur | 12.00 | Kjós |
| **Heimaland** | 10. janúar | þriðjudagur | 12.00 | Rangárvallasýsla |
| **Þingborg** | 10. janúar | þriðjudagur | 20.30 | Árnessýsla |
| **Hótel Borgarnes** | 10. janúar | þriðjudagur | 20.30 | Borgarnes |
| **Langamýri** | 11. janúar | miðvikudagur | 12.00 | Skagafjörður |
| **Sævangur** | 11. janúar | miðvikudagur | 12.00 | Strandir |
| **Dalabúð** | 11. janúar | miðvikudagur | 20.30 | Dalir |
| **Hótel Icelandair** | 11. janúar | miðvikudagur | 20.30 | Egilsstaðir |
| **Víðihlíð** | 11. janúar | miðvikudagur | 20.30 | Húnavatnssýslur |

Bændasamtök Íslands eru málsvari bænda og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði. Þau veita félagsmönnum sínum margvíslega þjónustu og beita sér fyrir betri kjörum bænda á öllum sviðum. Samtökin sinna fjölbreyttum verkefnum sem bæta hag bænda, þróa forrit og reka gagnagrunna, gefa út Bændablaðið og sinna almannatengslum, annast samningagerð fyrir hönd bænda og móta stefnu í málefnum þeirra með lýðræðislegum hætti.
Nánari upplýsingar um starfsemi BÍ er að finna á nýjum vef samtakanna, www.bondi.is

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

*Fyrir okkur öll*

Fylgstu með bændum á Facebook, á bondi.is og bbl.is

## Utan úr heimi



Nýi breski fimm punda seðillinn er úr polymer-plasti sem grænmetisætur segja að innihaldi agnir af dýrafitu (tólg) sem þær geta ekki sætt sig við.

# Breskar grænmetisætur æfar vegna nýs peningaseðils

**Nýir peningaseðlar Stóra-Bretlands sem kynntir voru í september eru búnir til úr plasti sem hafa agnir af dýrafitu í sér.**

Nú krefjast breskar grænmetisætur þess að peningarnir verði innkallaðir og nýir búnir til. Hinn nýi fimm punda seðill, sem var fyrstur kynntur til leiks, er búinn til úr polymer, sem er ákveðin tegund af plasti og eru breskar grænmetisætur æfar vegna þessa.

Á næsta ári á nýr tíu punda seðill að líta dagsins ljós og árið 2020 kemur nýr 20 punda seðill á markað úr sama efni. Hugsunin á bakvið það að nota polymer er meðal annars að efnið er sterkara en pappír, þolir vatn og því þarf ekki að skipta seðlunum jafnoft út.

Þrátt fyrir að hönnunin á nýju seðlunum hafi verið tekið vel eru ekki allir jafn glaðir með þá því þeir innihalda örlítið brot af dýratólg sem margar grænmetisætur þar í landi geta ekki sætt sig við. Er nú svo komið að undirskriftarlisti þar sem breski seðlabankinn er beðinn um að fjarlæga tólg úr seðlunum hefur farið sem eldur í sinu í Bretlandi og um 130 þúsund manns skrifað undir.

Margar grænmetisætur segja einnig að þær muni neita að nota eða taka við nýju seðlunum þegar þeir koma verði ekki gerðar breytingar á. Ráðamenn breska seðlabankans taka þessum ábendingum alvarlega og líta nú á hugsanlegar lausnir í málinu. */ehg - Nationen*

# Minni sykur, salt og fita í matnum

**Nú hafa heilbrigðisyfirvöld í samstarfi við matvælafyrirtæki og stórverslanir í Noregi skrifað undir samning þess efnis að unnið verði markvisst að minni neyslu Norðmanna á sykri, fitu og salti.**

Er von manna þar í landi að samningurinn geri neytendum auðveldara um vik að taka hollari ákvarðanir.

Samkvæmt samningnum á sykurinnihald í mat að minnka um 12,5 prósent næstu fimm árin. Á sama tíma á saltinnihald að minnka um 20 prósent og innihald mettaðrar fitu um 7 prósent strax á næsta ári en um 29 prósent á fimm ára tímabilinu. Heilsu- og umönnunarráðherra Noregs, Bent Høie, skrifaði undir samninginn fyrir hönd ríkisins ásamt fulltrúum fyrirtækja í matvælaiðnaði og stórverslana en þessir aðilar hafa setið í stýrihóp í eitt ár til að komast að sameiginlegri áætlun. Í henni kemur meðal annars fram að Noregur eigi að verða eitt af þremur löndum í heiminum með hæstan lífaldur fólks.

Hjá mörgum matvælaframleiðendum sem eru með í áætluninni munu breytingarnar gerast smám saman þannig að neytendur finni ekki mun á bragði varanna. Margir Norðmenn borða of lítið af grænmeti, ávöxtum, berjum, korni og fiski en borða of mikið af mettaðri fitu og salti. Stefna framleiðendanna og stórverslana mun fljótt verða sýnileg athugulum neytendum með nýjum skammta- og pakkastærðum, nýjum vörum, endurmótun, fleiri valkostum, ákveðnum staðsetningum og kynning á hollari vörum.

*/ehg - Nationen*







Hér sjást forsvarsmenn danska fyrirtækisins Agro Intelligence með þjarkann Robotti í bakgrunni. Þessi þjarkur er sérstaklega hannaður fyrir garðyrkjubændur og er honum ætlað m.a. að sjá um að halda illgresi niðri þar sem sáð eða plantað er í röðum. Mynd / Agromek.dk

# Agromek í 40. sinn

**Hin þekkta danska landbúnaðarsýning, Agromek, var haldin um mánaðamótin en sýningin var nú haldin í fertugasta sinn.**

Sýningin er afar vel þekkt hér á landi, enda hafa verið farnar ótal hópferðir á sýninguna undanfarna áratugi, m.a. í ár. Auk þess fara nú orðið fleiri og fleiri íslenskir bændur á sýninguna á eigin vegum. Í ár komu tæplega 42 þúsund gestir á sýninguna, þá fjóra daga sem hún stóð.

Á sýningunni í ár voru 530 sýnendur með kynningarbása, sem er áþekkur fjöldi og verið hefur undanfarin ár. Þessir sýnendur kynntu 247 samþykktar nýjungar en af þeim fengu 22 nýjungar svokallað þriggja stjörnu viðurkenningu, þ.e. nýjung sem ekki hefur sést áður.

### *Fagfundir og ráðstefnur samhliða sýningunni*

Undanfarin ár hefur það færst í vöxt að samhliða sýningarhaldinu á Agromek hafa verið haldnir fagfundir eða ráðstefnur samhliða sýningarhaldinu. Þetta hefur verið gert til þess að nýta möguleikann sem felst í því að fagfólk er hvort sem er að koma á staðinn til þess að skoða sýninguna.

Í ár var m.a. haldin sameiginleg ráðstefna NJF, sem eru samtök



Endurunnið gólf fyrir kýr! Hollenska fyrirtækið JOZ var með áhugaverða nýjung sem fyrirtækið kynnti á Agromek en það er gólfgerðin JOZ MeadowFloor en um er að ræða sérstakar gólfmottur sem hægt er að setja ofan á lokaða flóra og gera þá með því bæði mjúka og örugga að ganga á en um leið mun hreinni en hefðbundna lokaða flóra. Gólfmottur þessar eru unnar úr endurunnu plasti og gúmmíi og eru ekki nema fjögurra sentímetra þykkar. Yfirborð þeirra er sérhannað svo sköfur geta hæglega skafið motturnar án þess að valda sliti og gætu mottur þessar því hentað einkar vel í fjós þar sem flórar eru lokaðir og komið er að endurnýjun.

29. nov. - 2. dec. 2016
agromek
agromek.dk
2016




Hraðtengikerfi fra SIWI. Hraðtengikerfi fyrir vélar og tæki eru alltaf að verða algengari og algengari og kerfið sem fyrirtækið SIWI kynnti virkar einkar áhugavert. Þarna er á ferðinni hraðtengikerfi sem bæði tengir glussa, drif og rafmagn án þess að mannshöndin þurfi með nokkrum hætti að koma nálægt. Þetta kerfi má nota á nánast hvaða vél sem er og er með þessu hægt að tengja og aftengja vélar með flókinn búnað á innan við 30 sekúndum. Mynd / SIWI

búvísindafólks á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum og Agromek en þessi ráðstefna var nú haldin öðru sinni, en fyrsta skiptið var árið 2014 þ.e. síðast þegar Agromek var haldin. Þema þessarar ráðstefnu var að horfa til framtíðar og tæknivæðingar við akuryrkju.

Það kann að koma mörgum á óvart hve tæknin er í raun komin langt á þessu sviði en á ráðstefnunni kom m.a. fram að þegar eru komnir á markað litlir róbótar sem geta ekið um tún og fjarlægt illgresi án þess að nota eiturefni. Þetta er afar mikilvægt í lífrænni ræktun en róbótar þessir þekkja illgresið frá ræktunarplöntunum með tölvumyndavél og svo drepa þeir viðkomandi plöntu með því að sprauta gufu að rótarkerfi plöntunnar með þar til gerðu spjóti. Þegar þessu verki er lokið, ekur róbótinn af stað á ný og leitar að næstu plöntu! Einnig mátti sjá lýsingaróbóta fyrir gróðurhús, en slíkir róbótar aka um með ljós að næturlagi og lýsa á plönturnar frá hlið. Þá geta áburðardreifarar nú orðið stjórnað áburðargjöfinni algjörlega sjálfvirkt og skiptir eiginlega ekki máli lengur hvort ekið sé jafnt og þétt eftir túninu eða nánast af handahófi. Tölvukerfi dreifarans sér einfaldlega um að skammta út á þá bletti sem þurfa áburð og sé farið yfir sama svæðið tvisvar lokast á dreifinguna.



**Skítasugan frá Lely. Hollenska fyrirtækið Lely kynnti á sýningunni nýja gerð af flórgoða, en þessi er frábrugðin öðrum slíkum á markaðinum þar sem hún safnar saman mykjunni og losar á þar til gerðan stað. Fyrir vikið er hægt að nota þennan flórgoða, sem nefnist Lely Discovery 120, í fjósum með heil gólf en hingað til hafa flórgoðar fyrst og fremst hentað í fjósum með steinbitum.** Mynd / SS

### *Danskur róbóti fékk Agromek-verðlaun*

Á einungis tveimur árum hefur orðið að kalla mætti stökkbreyting á sviði sjálfvirknivæðingar í landbúnaði og er sérstaklega eftirtektarvert að stórfyrirtæki eins og John Deere og Bosch virðast nú leggja mikla áherslu á róbótavæðingu. En það eru einnig ótal önnur fyrirtæki á þessum markaði og reyna að hasla sér þar völl. Eitt þeirra er danskt og heitir AgroIntelligence og það vann einmitt Agromekverðlaun í ár fyrir uppfinningu sína sem kallast einfaldlega Robotti.

Það er sjálfkeyrandi vél fyrir akuryrkju en vél þessi ekur sjálfkrafa eftir röðum, t.d. þar sem eru kartöflur, kál eða rófur, og getur vélin m.a. verið útbúin herfi eða tindum og getur því tekist á við illgresi með þeim hætti.

Á sýningunni mátti að vanda sjá ótal áhugaverð tæki og tól og má hér sjá örlítið brot þeirra af meðfylgjandi myndum. Næsta Agromek sýning verður haldin í Herning frá 27. til 30. nóvember 2018.

*Snorri Sigurðsson*
*sns@seges.dk*
*Sviðsstjóri hjá SEGES P/S*
*Danmörku*




**Staðsetningakerfi fyrir kýr. SAC kynnti á sýningunni nýtt staðsetningakerfi sem er hannað af hollenska fyrirtækinu Nedap. Þetta kerfi sér um að „fylgjast“ með kúnum allan daginn og með einföldum hætti er hægt að sjá á yfirlitsmynd í snjallsíma eða tölvu hvar hver kýr er á hverjum tíma. Kostir kerfisins eru augljósir s.s. í tengslum við eftirlit með kúnum, hvort þær haldi sig oft á sama stað í fjósinu, til þess að finna fljótt kýr sem t.d. þarf að sækja í mjaltaþjóna-mjaltir og fleira mætti nefna.** Mynd / Agromek.dk



## Hollenskir kúabændur:

# Verða að fækka um 100 þúsund gripi

**Hollenskir kúabændur horfa nú fram á afleiðingar af regluverki ESB til að stemma stigu við of miklu fosfatmagni í jarðvegi. Verða þeir því að fækka kúm um 100 þúsund gripi.**

Samkvæmt frétt Deuch News. nl frá 11. desember sl. verður hollenskum bændum gert að fækka kúm sínum um 100.000 gripi á næsta ári til að mæta markmiðum Evrópusambandsins. Er það til að draga úr fosfati í jarðvegi sem kemur úr kúamykju sem dreift er á tún. Er miðað við 8% minnkun.

Frá því mjólkurkvóti var lagður af í CAP landbúnaðarkerfi ESB í byrjun síðasta árs, þá hefur kúm fjölgað í Hollandi um 1,6 milljónir gripa. Þessar kýr framleiða um 12,5 milljarða lítra af mjólk. Mykjan frá þessum kúm inniheldur mikið af fosfati sem ekki þykir á bætandi í jarðveg sem talinn er ofmettaður af fosfati fyrir.

Þótt Holland sé ekki stórt, eða um 41.543 ferkílómetrar (Íslands 103.125 $m^2$), þá eru þar eigi að síður 18.000 kúabú sem teljast fjölskyldubú. Þar af eru 150 býli með fleiri en 300 kýr.

Nú hafa stjórnvöld ákveðið að upplýsa bændur um fosfat-rétt sinn sem miðast við þann fjölda gripa sem þeir höfðu í júlí 2015.

Verður þessi réttur framseljanlegur. Bændum, sem eru innan leyfilegra marka, verður gert kleift að fækka hjá sér kúm og selja þann fosfatkvóta til býla sem eru yfir mörkum leyfilegrar fosfat „mengunar“. */HKr.*

# Örfá atriði um nautgripa-rækt í Hollandi

**Nokkur skemmtileg atriði koma fram um nautgriparækt í Holllandi í grein eftir tvo danska landbúnaðarstúdenta sem þangað fóru í námsferð.**

Það sem vakti mesta athygli þeirra í ræktunarstarfinu var ofuráhersla þeirra á endingu kúnna. Þrátt fyrir að meðalendingartími holllensku kúnna sé verulega lengri en gerist í Danmörku þá leggja Holllendingarnir megináherslu á að geta aukið endingu kúnna enn umtalsvert. Ein meginástæða þessa er sú að í holllenskum landbúnaði hefur verið lagður á fosfórskattur. Í sambandi við það skiptir verulegu máli að geta dregið úr umfangi á uppeldi gripa sökum þess hve fosfórþörfin er mikil í uppvexti ungviðis. Önnur auðskilin rök þeirra voru að benda á að það eru fullorðnu kýrnar sem skapa tekjurnar, kvígurnar eru aðeins útgjaldaliður á meðan þær eru í uppeldi. Einnig leggja þeir áherslu á að hagkvæmara væri að gefa fullorðnu kúnni eitt eða tvö auka tækifæri til að festa fang en farga henni og taka inn kvígu í staðinn fyrir fullorðnu kúna.

Ræktunarmarkmiðin hjá kúabændum í Holllandi eru skýr. Hagkvæmar kýr með tilliti til fóðurnotkunar og endingar (æviframleiðsla). Kýrnar eiga að vera hraustar og vandamálalausar. Þau nefna að þeir reikna fjöldann allan af undireinkunnum fyrir einstaka eiginleika líkt og gert er hér. Í sambandi við viðhald kúastofnsins hafi fátt gefist betur heldur en listar í skýrsluhaldinu þar sem fyrir hvert bú er listaðar undireinkunnar allra kúa sem tilheyra besta fjórðungi kúnna á búinu og á móti tilsvarandi fyrir lakasta fjórðunginn. Þannig sjái hvert bú á svipstundu hvaða eiginleikar skipti mestu máli á viðkomandi búi og hverjir hafa lítil eða engin áhrif og má því horfa framhjá í valinu.

Fyrir tæpum tveim áratugum var hér á landi mikil umræða um mögulegan innflutning á nýju mjólkurkúakyni. Eitt af vopnum þeirra sem börðust gegn innflutningi þá var ákveðin sérstaða í gerð vissra mjólkurpróteina sem hafði komið fram í nýlegum rannsóknum á vegum Norræna genbankans á þeim tíma. Eitthvað reyndi ég að malda í móinn um að þetta væru fremur haldlítil rök vegna þess að kallaði markaður eftir slíkum breytingum mundu þær gerast í kúakynjum út um heim vegna þess að hér væri aðeins um einfaldar erfðir að ræða. Þetta hefur þegar gerst að einhverju marki á svæðum á Nýja-Sjálandi, Ástralíu og Bretlandi. Núna í mjólkurverðskreppunni sjá Holllendingar þetta sem eitt af mögulegum markaðssóknarfærum. Umræðan er ekki alveg á sömu nótum og hér var. Í ljós er komið að fólk með laktósaóþol þolir mjólk með víkjandi arfgerð af beta kaseini. Til viðbótar halda ýmsir fram að slík mjólk sé að ýmsu öðru leyti hollari. Þarna sjá Hollendingarnir sóknarfæri á markaði og stefna að því að breyta kúnum á þennan veg á tveim kynslóðum að mestu.

Hvað hafa stríðsmenn íslensku kýrinnar gert síðustu tvo áratugi. Ég held setið með hendur í vösum. Þessar arfgerðir hafa ekki síðan þá mér vitanlega verið greindar hér á landi. Ég held að ekki þyrfti meira en að tveir eða þrír af bestu nautsfeðrunum á þessu tímabili hafi óvart verið með óheppilega arfgerð til að mælast mundi að íslenska kýrin mögulega stæði orðið mjög illa í slíkum samanburði væri hann gerður nú. Ég verð að játa að það hvarflar að mér að raunverulegur áhugi hafi ekki verið mjög sterkur í málflutningi allra forðum daga.

***/Jón Viðar Jónmundsson***

MENNING & LISTIR

# Sjötta Davíðsbók

**Út er komin Sjötta Davíðsbók eftir Davíð Hjálmar Haraldsson.**




### *Maríustakkur*
***Alchemilla filicaulis***

*Er mannanna illska*
*var orðin slík*
*að Guð alls heimsins grét,*
*sín merlandi tár*
*á maríustakk*
*sem dögg hann drjúpa lét.*





### *Alaskalúpína/Lúpína*
***Lupinus nootkatensis***

*Ég alaskalúpínu virði og dýrka og dái.*

*Í grjótstein og sand ég sái*
*og lúpínan spírar og lifnar og grær*
*og landið sem örfoka virtist í gær*
*er hvanngrænt á hverju strái.*
*Og liturinn blóma blái!*

*En horfinn er grjótsteinn grái.*
*Hún flæðir um kjörr öll og klungur og mó,*
*mín kærustu smáblóm ég finn ekki, þó*
*ég leiti og grannt ég gái.*
*Og yrtlinga þá ég þrái.*

*Ég fitla við eitur og flugbeitta hnífa og ljái.*

**Davíð Hjálmar Haraldsson er snillingur í meðferð hefðbundins ljóðforms. Það þekkja þeir sem lesið hafa fyrri bækur hans, sem hann kýs að nefna Davíðsbækur I-V.**

Þessi bók, sem er sú sjötta í röðinni, er þar síst undantekning. Í bókinni eru sextíu og sex ljóð, ort um jafnmargar plöntur úr íslenskri náttúru. Hverju ljóði fylgir mynd sem höfundurinn hefur tekið af plöntunni. Þetta samspil ljóða og mynda er einstakt. Myndirnar eru vandaðar, lifandi og fallegar og ljóðin undirstrika tilfinningar höfundarins, ást hans á jarðargróðrinum og auga fyrir fegurð blómaflórunnar.

Davíð Hjálmar fer þá leið að yrkja hefðbundið, þannig að allt sem hér er sett fram fellur að ströngustu kröfum hins forna bragar, en jafnframt leikur hann gjarna þá list að teygja ljóðformið fram og aftur og endurskapa þannig bragarháttinn. Og þetta tekst með miklum ágætum. Fátítt er að sjá svona fallega leikið með grunnþætti hefðbundins ljóðforms, stuðlasetningu, braglínulengd, hrynjandi og rím. Sjötta Davíðsbók er veisla fyrir þá sem unna íslensku jurtaflórunni og hinum hefðbundna, forna brag.

***Ragnar Ingi Aðalsteinsson***

# Hugljúf, spennandi og fyndin

**Út er komin hjá Veröld barnabókin Lói – Þú flýgur aldrei einn úr smiðju GunHil.**

Óvænt atvik verða til þess að lóunginn Lói verður eftir þegar langbesta vinkona hans, Lóa Vera, flýgur suður um höf með hinum farfuglunum um haustið. Lói er staðráðinn í að berjast fyrir lífi sínu og hitta Lóu Veru aftur um vorið. Hann lendir í ýmsum hremmingum og þarf að kljást við ótal ógnir; fálkann Skugga og fleiri rándýr sem vilja koma honum fyrir kattarnef og ekki síst ískaldan heimskautaveturinn. Með hjálp nýrra vina tekst honum hið ómögulega – og meira en það!

Í framleiðslu er alþjóðleg stórmynd eftir þessari spennandi og hugljúfu sögu. Hún kemur úr smiðju þeirra sömu og gerðu Þór – Hetjur Valhallar sem er mest sótta íslenska kvikmyndin utan landsteinanna. Bókin kemur einnig út með enskum texta og ber þá titilinn Ploey – You never fly alone.




Lói – þú flýgur aldrei einn er 64 blaðsíður að lengd. Bókin er prentuð í Slóveníu.

Gleðileg jól

## Á faglegum nótum



Nýrúin svartgolsubotnótt kind séð frá hlið. Litaröndin sem eftir verður á golsubotnóttu fé þar sem litaskilin eru bæði á golsóttu og botnóttu fé eru hér glögg. Þau sjást yfirleitt ekki á loðinni kind og hverfa þar í loðnunni.

# Í framhaldi frásagnar af fénu á Ósabakka

**Mikil ástæða er til að þakka frásögn Páls Imsland í síðasta Bændablaði um litskrúðugar og hornprúðar kindur Jökuls á Ósabakka. Þetta er efni sem fjölmargir lesendur hafa ánægju af að lesa.**

Mér verður þetta hins vegar tilefni til að rifja upp eldri minningar sem auðvelt er að tengja þessum skrifum.

Við sem teljum okkur eitthvað kunna í erfðafræði og setjum því oft okkar hluti fram á þann hátt, mest af gömlum vana, þekkjum að golsubotnótti liturinn er vel þekkt erfðafræðilega. Fyrirbæri sem og kemur fram í sauðfé þegar í svokölluðu A sæti er annar erfðavísirinn fyrir botnóttu en hinn fyrir golsóttu.

Um 1970 birtir Stefán Aðalsteinsson doktorsritgerð sína um erfðir sauðalita. Þar lýsir hann fyrstur manna kerfi sem gerir grein fyrir erfðum mismunandi sauðalita. Hann varð fyrir þetta verk heimspáfi í þessari grein fræðanna og bar þann titil með sæmd meðan honum entist aldur.

Allt frá því að byrjað var að skilgreina einstaka erfðavísa hjá búfé uppúr 1900 beindist athyglin ekki hvað síst að því að skilgreina gen að baki augljósustu eiginleikanna lita og horna hjá búfé. Fjöldi heimsþekktra erfðafræðinga fékkst því við slíkar rannsóknir hjá ólíkum búfjártegundum. Erfðum á litum sauðfjár gekk öllum illa við að koma saman í skothelt kerfi þar til Stefán kom til sögunnar. Við að koma upp slíku kerfi þarf bæði að gera sér grein fyrir hvaða erfðavísar koma við sögu og í framhaldi af því hvernig erfðum þeirra er háttað og síðan hvernig þeir skipa sér í ólík erfðavísasæti. Stefán er sá fyrsti sem leysir það púsluspil. Eitt af því var að átta sig á að í svonefndu A sæti sem fer með eins kona yfirstjórn litanna er að finna mörg mismunandi gen þó að hjá hverjum einstaklingi séu aðeins tvö til staðar hverju sinni. Stefán fann sex mismunandi gen í þessu sæti hjá íslensku fé. Ég minnist frá háskólafyrirlestrum á Ási



Töffi, svartgolsubotnóttur ferhyrndur hrútur.

sagði kennarinn gamansögu af tímamótadeginum í lífi Samson Berge sem var prófessor í kynbótafræði í Ási um áratuga skeið og þannig aðalkennari Stefáns á sínum tíma en kennarinn hafði verið aðstoðarmaður Berge þegar sagan gerðist. Stóri dagurinn í hans lífi var einmitt þegar fyrsta golsubotnótta lambið fæddist. Fögnuðurinn var mikill hjá kallinum þó að þrautin reyndist þyngri að útskýra fullkomalega erfðirnar .

Golsubotnótti liturinn verður því til þannig að golsótti liturinn kemur frá öðru foreldrinu og sá botnótti frá hinu. Þetta er öfugt við ýmsa aðra liti þegar liturinn sem afkvæmið ber ræðst af framlagi annars foreldrisins. Þessi litur hefur því eðlilega ætíð verið sjaldséður hjá íslensku fé. Eittvað af svona fé hefur að vísu áður af eigendum verið skilgreint sem golsótt.

### *Fjölbreytni erfðaefnis hefur aukist með tilkomu sæðinga*

Með tilkomu sæðinga hefur fjölbreytni erfðaefnis oft aukist í hjörðunum vegna þess að áður var algengt að aðeins annan þennan aða hvorugan þennan lit væri að finna. Öðru hvoru hafa verið á stöðunum hrútar sem erfðu annan hvorn þessara lita. Nú er meira að segja að finna á stöðunum hrúta sem eru arfblendnir fyrir annað hvort golsóttu eða botnóttu þ.e. báðum litunum.

Mig langar að segja af því þegar ég tel mig fyrst sjálfan hafa séð golsubotnótta kind með fullri vissu. Fyrir margt löngu var á sæðingastöðvunum hrútur sem hét Gosi 83-894, sem samt mögulega einhver minnist þó að hann yrði aldrei í flokki stóru spámanna stöðvanna í ræktunarstarfi. Hrútur þessi var arfblendinn botnóttur. Haustið sem lömb voru undan honum eftir sæðingar á Vesturlandi var ég að skoða lömb vestur í Staðarsveit. Þá kemur í hendur mér hrútlamb sem mér er sagt undan Gosa og mér virðist svartgolsótt. Ég sagði bónda strax að hann mundi ekki plata mig svona, lambið væri áreiðanlega rangfeðrað. Hann vildi með sinni hógværð samt ekki viðurkenna mistökin. Ég bað hann þá að snúa lambinu við þannig að sjá mætti kvið lambsins. Þar blasti við að lambið var golsubotnótt og varð ég að draga fyrri fullyrðingu til baka. Hrúturinn var þokkalegt lamb þannig að ég lagði að bónda að setja hann á og nota til gemlinganna næsta vetur þannig að fullreyna mætti lit gripsins. Þetta var gert. Vorið eftir fæddist talsverður fjöldi gemlingslamba undan hrútnum og allnokkur af öðrum lit en hvítum. Muni ég rétt var litur þeirra nánast alveg eftir bókinni, annar helmingurinn golsóttur og hinn botnóttur.

Síðan hef ég séð talsverðan fjölda lamba með golsubotnóttan lit. Að lokum langar mig að segja af einu lambi með þennan lit sem ég sá fyrir allmörgum árum og hafði orðið til fyrir sérstakan misskilning. Eins og allir þekkja eru nöfn sauðalita talsvert mismunandi eftir landsvæðum og getur valdið misskilningi. Þegar þetta gerðist var á stöðvunum í notkun hrútur sem bóndi hafði ályktað út frá nafni að væri golsóttur. Hann átti forláta svartgolsótta ær og vildi auka líkur á að fá fallega golsótt lamba að vori og lét sæða ána með sæði úr hrútnum. Um vorið fæddist lamb sem talið var golsótt. Um haustið kom lambið til skoðunar hjá mér og af því að ég vissi að faðirinn var botnóttur að lit fór ég að huga nánar að lit lambsins og var það þá eins og ekki var svo ólíklegt mjög greinilega golsubotnótt.

***Jón Viðar Jónmundsson***

Á faglegum nótum

# Áfram um erfðamengi

**Dagana 4.-7. desember sl. fór undirritaður ásamt Guðmundi Jóhannessyni, ábyrgðarmanni nautgriparæktar hjá RML og dr. Jóni Hallsteini Hallssyni, lektor við LbhÍ, í námsferð til Danmerkur. Tilgangur fararinnar var að kynnast stöðu á erfðamengisúrvali í danskri nautgriparækt og hvaða ályktanir mætti draga af henni við þróun og mögulega innleiðingu á slíkum aðferðum í hérlendri nautgriparækt.**

Við heimsóttum rannsóknamiðstöð Árósaháskóla á Foulum á Jótlandi en þar starfa nokkrir af fremstu vísindamönnum á þessu sviði í heiminum. Var ánægjulegt að rifja upp kynni af þeim á ný, en ég átti því láni að fagna að vinna lokaverkefni mitt við danska landbúnaðarháskólann undir handleiðslu nokkurra þeirra fyrir fjórtán árum síðan.

Þá tókum við hús á yfirmanni Norræna kynbótamatsins (Nordisk Avlsværdivurdering) og ræddum við einn af yfirmönnum kynbótafélagsins VikingGenetics, sem er samvinnufélag nautgripabænda í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Einnig var fyrirtækið Genoskan A/S heimsótt en það sérhæfir sig í meðhöndlun og greiningu á DNA sýnum úr búpeningi, allt frá nautgripum til býflugna. Til að fá sýn bænda á þessa aðferðafræði, heimsóttum við dr. Morten Hansen, sem ásamt fjölskyldu sinni rekur 260 kúa bú í Vrå á Norður Jótlandi.



Kýr af Jersey-kyni á danskri grund.

### *Erfðamengisúrval er mögulegt*

Það sem stendur uppúr eftir að hafa farið yfir helstu atriði í ræktunarstarfinu hér á landi; kúafjölda, skýrsluhald og ættfærslur, fyrirkomulag afkvæmaprófana, virka stofnstærð o.s.frv. með þeim sem gerst þekkja í þessum fræðum, var samdóma álit þeirra að erfðamengisúrval ætti að vera mögulegt í íslenska kúastofninum.

Í umræðum um þessi mál beindum við sjónum okkar talsvert að Jersey stofninum, sem er lang fáliðaðastur af þeim þremur megin kúastofnum sem eru undirstaðan í mjólkurframleiðslu Norðurlandanna, með um 65.000 kýr, rúmlega tvöfallt fleiri en hér á landi.

Til samanburðar eru svartskjöldóttu kýrnar í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi um 600.000 talsins og rauðu kýrnar (RDM, SRB og FAY) eru um 270.000. Ræktun Jersey kúa á Norðurlöndunum er hverfandi lítil utan Danmerkur. Noregur stendur að mestu utan hins sameiginlega ræktunarstarfs hinna Norðurlandanna, með sínar 225.000 NRF kýr.

### *Uppbygging á viðmiðunarstofni*

Þegar þessar aðferðir voru að ryðja sér til rúms í nautgriparækt fyrir tæpum áratug, var gengið út frá að sk. viðmiðunarstofn, þ.e. gripir sem bæði hafa skráningar á svipfarsmælingum (afurðir, útlitsdómur, heilsufar o.s.frv.) og greiningu á arfgerð, myndi nær eingöngu samanstanda af afkvæmaprófuðum nautum. Helsta ástæðan var sú að traust mat á kynbótagildi var vitanlega lang mest hjá þessum gripum, auk þess að kostnaður við greiningu arfgerðar var verulegur á þessum tíma.

Hafa skal í huga að megin markmiðið með erfðamengisúrvali er að geta mælt kynbótagildi gripa nánast um leið og þeir eru komnir í heiminn, í gegnum greiningu á arfgerð þeirra.

Í dag er staðan orðin sú, að fjöldi afkvæmaprófaðra nauta í viðmiðunarstofni Holstein er um 33.000 gripir, enda hefur hann verið ræktaður sameiginlega á heimsvísu í áraraðir. Þessi fjöldi afkvæmaprófaðra nauta er hliðstæður því, ef núverandi kynbótaskipulag hér á landi hefði verið við lýði allt frá landnámsöld.

### *Jersey: 1.000 afkvæmaprófuð naut*

Þegar farið var að huga að uppbyggingu á viðmiðunarstofni Jersey kúnna í Danmörku, var í byrjun ákveðið að nýta upplýsingar um afkvæmaprófuð naut, sem fædd voru 1985 og síðar, reyndust þau á þeim tíma vera um 1.000 talsins.

Ekki stoðar að nýta eldri einstaklinga, þar sem þeir eru orðnir fjarskyldari núlifandi stofni, auk þess sem ýmsir eiginleikar í ræktunarstarfinu voru metnir með öðrum hætti fyrr á tímum en nú er; afurðir voru t.d. eitt sinn metnar á ársgrunni, í stað mjaltaskeiða, horfið var frá notkun hefðbundins dómskala yfir í línulegt útlitsmat o.s.frv.

Niðurstaðan var sú að 1.000 naut í viðmiðunarstofni danskra Jersey kúa gæfi einungis 0-10% aukið öryggi á kynbótamatinu, m.v. hefðbundið ætternismat. Það eitt og sér var talið of lítið til að tækt væri að innleiða aðferðina í ræktunarstarfið.

Hliðstæðar tölur úr Holstein, með sinn heljarstóra viðmiðunarstofn, voru 20-30% aukning á öryggi kynbótamatsins frá hefðbundnu ætternismati, hátt í tvöföldun, enda var erfðamengisúrval innleitt þar um leið og mögulegt var.

### *Skipti á arfgerðum milli landa*

Eins og flestir þekkja, er uppruni Jersey kúnna á samnefndri Ermarsundseyju. Þaðan hafa þær breiðst út um allan heim og eru helst þekktar fyrir að gefa af sér efnaríkari mjólk en önnur kúakyn; fituhlutfallið er í kringum 6% og próteinhlutfallið 4-4,5%. Skipti á upplýsingum milli landa eru þar af leiðandi heilmikil iðja. Náðu Danir að auka öryggi á erfðamengisúrvalinu um 3-4% til viðbótar, með því að bæta nautum úr öðrum Jersey stofnum, fjölmörgum frá Bandaríkjunum en einnig fáeinum frá Nýja-Sjálandi, í viðmiðunarstofninn. Hliðstæð aukning hjá Holstein var 10-12% aukning á örygginu.

### *Þáttaskil: kýr í viðmiðunarstofninn*

Þróunin á þessu sviði hefur verið geysihröð undanfarin ár. Erfðaprófin sjálf eru þar engin undantekning. Þessum prófum má skipta í þrennt hvað nautgripina varðar:

Svokölluð **HD próf** (High density) eru umfangsmest og dýrust, ná yfir 777.000 einbasabreytileika víðs vegar um erfðamengið. Þau eru m.a. notuð við að kanna uppbyggingu erfðahópa, skyldleika á milli stofna o.þ.h.

Næst koma **SNP50 próf** sem ná yfir rúmlega 50.000 einbasabreytileika og eru t.a.m. notuð til að meta kynbótagildi einstakra gripa, þau skera úr um hvort taka eigi kálfa inn á nautastöðvarnar eða ekki.

Síðast eru sk. **LD próf** (Low density) sem ná yfir um 8.000 einbasabreytileika og eru þau ódýrustu og umfangsminnstu. Þau eru í vaxandi mæli notuð af bændum sem bústjórnartæki, þannig gefst þeim kostur á að mæla kynbótagildi einstakra gripa í hjörðum sínum með mun meiri nákvæmni en áður var.

Það sem hefur tekið einna mestum breytingum varðandi þessi próf er kostnaðurinn við þau. Bóndinn sem við hittum, dr. Morten Hansen kvaðst hafa trúað á þessa aðferð frá fyrsta degi og tileinkað sér hana fljótt í búrekstrinum.

Í byrjun hafi kostnaðurinn við erfðaprófin verið umtalsverður, um 2.000-2.500 danskar krónur pr. grip. Núna væri hann hins vegar kominn niður í 250 danskar krónur pr. grip (um 4.000 isk) og horfur væru á að hann færi niður í 150 dkk á næsta ári (2.400 isk). Það er meira en 90% lækkun á fáum árum.

Þessi þróun hefur gert það raunhæft að greina arfgerð mikils fjölda kúa, sem síðan er bætt í viðmiðunarstofninn. Með þessu móti hefur náðst fram viðunandi öryggi á kynbótagildi sem mælt er á grunni erfðamengis, í tilfelli áðurnefndra danskra Jersey þýddi þetta 10% aukningu á örygginu til viðbótar frá því sem áður var.

### *Bylting á ræktunarskipulaginu*

Viðmiðunarstofninn fyrir danskar Jersey samanstendur í dag af rúmlega 2.500 afkvæmaprófuðum nautum og rúmlega 16.500 kúm.

Yfir 90% sæðisskammtanna sem danskir bændur nota eru úr nautum sem valin eru á grunni erfðamengis og öll naut sem tekin eru á stöð eru notuð sem nautsfeður, auk þess sem þeim er skipt mun örar út en áður var. Útvalsstyrkurinn hefur aukist mjög mikið; um 500 kálfar eru DNA-prófaðir, af þeim eru um 70 keyptir á stöð og 45 koma til notkunar. Kynbótaskipulagið sjálft hefur því tekið algjörum stakkaskiptum.

### *Íslenski viðmiðunarstofninn?*

Að öllu þessu sögðu, hvernig gæti íslenski viðmiðunarstofninn litið út? Á tímabilinu frá 1990 til 2010 hafa verið afkvæmaprófuð um 500 naut hér á landi. Eins og áður hefur komið fram, er það fjarri því að vera nægjanlegur fjöldi til að skila viðunandi öryggi á kynbótamatinu.

Til að ná viðunandi árangri þar, er það mat þeirra sérfræðinga sem við hittum, að bæta þurfi greiningu á arfgerð um 5.000 kúa inn í viðmiðunarstofninn, til að byrja með. Öllu máli skipti að þessir gripir gefi góða mynd af stofninum og komi frá búum með öflugt skýrsluhald; vandaðar skráningar mælinga og traustar ættfærslur.

Í þessu sem öðru gildir að niðurstöðurnar verða aldrei traustari en gögnin sem þær byggja á. Það er verkefni næstu mánaða að skilgreina hvernig best verði staðið að uppbyggingu á viðmiðunarstofni fyrir íslenska kúakynið, ásamt því að huga að heildar endurskoðun á ræktunarskipulaginu.

Þá stendur til að flytja á næstu mánuðum inn nýtt erfðaefni holdanautgripa; úrval á grunni erfðamengis gæti komið að notum þar einnig.

### *Uppbygging á þekkingu*

Annað brýnt verkefni sem mikilvægt er að huga að sem fyrst, er uppbygging frekari þekkingar á þessu sviði hér á landi, svo mögulegt verði að innleiða hinar nýju aðferðir og hafa af þeim gagn.

Þessi fræði eru í örri þróun og mikilvægt að fylgjast vel með, auk þess sem getan til að miðla þeim til nýrra kynslóða verður að vera hér til staðar; þær kynslóðir sem fyrir eru þurfa að hugsa kynbótastarfið alveg upp á nýtt, en sá hluti gæti orðið hvað snúnastur við að eiga.

Að mínu mati, og þar held ég að ég mæli fyrir munn ferðafélaga minna einnig, þurfa samtök bænda að huga að kostun doktorsnema á þessu sviði, til að taka við keflinu þegar fram líða stundir. Hér er einnig um mikilsvert hagsmunamál að ræða fyrir mjólkuriðnaðinn, miklu skiptir fyrir framtíð hans hvaða tól bændur hafa í höndum til að auka hagkvæmni og arðsemi framleiðslunnar. Ef af verður, má telja líklegt að hvað jákvæðustu umskiptin verði í eiginleikum sem lúta að heilbrigði og frjósemi gripanna.

Ekki þarf að orðlengja um hversu miklu þeir þættir skipta, varðandi ímynd greinarinnar í huga almennings hér á landi.

***/Baldur Helgi Benjamínsson***

MENNING & LISTIR

# Jón Guðmundsson lærði

**Viðar Hreinsson hefur sent frá sér bók um Jón Guðmundsson lærða skáld, fræðimann og náttúrufræðing, sem fyrstur manna skrifaði rit um íslenska náttúru. Jón fæddist 1574 og lést 1658.**

Jón, sem var fæddur í Ófeigsfirði á Ströndum, var ofsóttur um hríð vegna skrifa sinna um Baskavígin 1615 og um miðjan aldur var hann sakaður um galdur og dæmdur í útlegð. Vegna þeirra sakargifta hraktist hann ekki aðeins landshluta á milli, heldur lá leið hans út fyrir landsteinana og til Kaupmannahafnar til að hnekkja útlegðardómnum. Síðustu æviárin fékk hann þó næði til að skapa myndverk sem hafa glatast og stórmerkileg ritverk sem hafa varðveist.

### *Drengurinn og fjölmóður*

Í eftirfarandi textabroti er fjallað um það þegar forvitinn „stráklingur ráfar um grýtta og klettótta fjöru í Ófeigsfirði á Ströndum og les í umhverfið, svipast um eftir dýrgripum sem gæti hafa skolað á land, beinum eða rekaviðarbútum sem mætti smíða úr eða tálga, því hann var að læra að beita hnífi, milli þess sem hann æfði sig í að stauta á bækur og draga bókstafi á hvað sem fyrir varð, í sand eða snjó, á skinin herðablöð eða kjálka úr stórgripum. Mikill rekaviður var í fjörunni og strákurinn dáðist að litríku þangi og sjávargróðri meðan hann stiklaði varlega um sleipa steina sem sumir voru grænir af slýi. Hann potaði í þangið og skoðaði vandlega, velti jafnvel fyrir sér hvort eitthvað af fjörugróðrinum væri ætilegt.

Æðarkollur lögðu á hraðan flótta með hálfstálpaða unga á eftir sér, mynduðu á vatnsfletinum setningar sem drengurinn reyndi að ráða í, mávar svifu yfir öldunum, fjölmóður trítlaði um fjöruna áhyggjufullur og kvikur í hreyfingum, betur þekktur undir heitinu sendlingur. Maríuerlur og steindeplar flögruðu nærri jörðu. Drengurinn horfði á hlykkjóttar slóðir sendlingsins meðan brim barði kletta, dranga og berggöng sem sums staðar mynduðu bása eða naust. Hrjóstrugt umhverfið bjó yfir ýmsum náttúrum sem drengurinn vildi forvitnast um. Óræð öfl iðuðu af lífi, veður og hafstraumar, steinar og klettar, dýr, fuglar og fiskar.“




### *Vandað og glæsilegt rit*

Ævisaga Jóns er öll hin glæsilegasta og prýdd fjölda mynda enda leitar höfundur víða fanga við að rekja æviferil Jóns og hina mörgu þætti í fari hans. Dregin er upp fjölþætt mynd af samfélagi, menningu og tíðaranda í samtíma Jóni. Viðar er tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðirita og bóka almenns eðlis fyrir bókina um Jón lærða. Auk þess sem hann hefur hlotið mikið lof fyrir bækur sínar um Bjarna Þorsteinsson og Stephan G. Stephansson. */VH*

# JÓLAKÖTTURINN – uppruni hans, ættir og hlutverk



**Jólakötturinn.**
Teikning / Jón Baldur Hlíðberg

**„Fólk vissi ekki hvaðan hann kom eða hvert hann fór.“ Þannig segir í kvæði Jóhannesar úr Kötlum um jólaköttinn. Í samræmi við þau orð skáldsins hefur skepnan löngum þótt dularfull og torskilin.**

Allt frá tímum Forn-Egypta, þegar byrjað var að temja köttinn sem heimilisdýr, hefur hann haft á sér dularfullan blæ í trúarbrögðum og þjóðtrú manna og verið tengdur göldrum og myrkraöflum ýmiss konar. Tengsl kattarins við undirheima og myrkraverk eru eflaust tilkomin vegna náttúrulegs eðlis kattarins sem næturdýrs og meðfæddra hæfileika hans til að bjarga sér í náttmyrkri. Þessi ímynd kattarins í þjóðtrúnni hefur fylgt honum fram á þennan dag og ekki er að sjá að kristin trúarbrögð hafi náð að breyta henni.

### *Óvættur sem fer á kreik í svartasta skammdeginu*

Jólakötturinn er í samræmi við þessa ímynd, hann er óvættur sem fer á kreik í svartasta skammdeginu ár hvert og vekur ugg í brjóstum manna. Hversu gömul hún er þessi þjóðtrú um köttinn í tengslum við undirbúning jóla, er ekki vitað né hvernig hún varð til.

Elsta íslenska heimildin um hann, sem þekkt er, eru ummæli Árna Sigurðssonar úr Breiðdal frá því um miðja 19. öld en þau voru ekki fest á blað fyrr en 1911. Frásögn um jólaköttinn birtist fyrst á prenti í þjóðsögum Jóns Árnasonar árið 1864.

Siðir sem tengjast honum eru þó mun eldri því elsta heimild, sem ég þekki, um að skömm þyki að fá ekki ný föt fyrir jól er frá því um aldamótin 1500. Þær upplýsingar koma fram í ljóði hins skoska Williams Dunbar (1460–1520) sem var hirðskáld hjá James IV Skotakonungi (ríkjandi 1488–1513). Mikilvægi þess að fá ný föt fyrir jólin þekkist því víðar en á Íslandi en það sem virðist séríslenskt við siðinn er hlutverk kattarins við að refsa þeim sem ekki fá ný föt.

Jólakötturinn er nefnilega einn af mörgum svipuðum jólavættum sem þekkst hafa í Evrópu á liðnum öldum og talið er að eigi sér fornar sameiginlegar rætur í heiðni. Hlutverk allra er að fylgjast með jólaundirbúningi manna og sjá til þess þeir klári þau verk sem vinna þarf fyrir jólin.

### *Tengdust vinnusemi fólks í bændasamfélaginu*

Ljóst er að hlutverk jólakattarins og samskonar jólavætta tengdust vinnusemi fólks í bændasamfélaginu og jólaundirbúningi. Það gefur auga leið af hverju hræða þurfti fólk og refsa þeim sem ekki fengu ný föt fyrir jólin

Í samfélagi sjálfsþurftarbúskaparins valt á öllu að fólk ynni saman að sameiginlegu markmiði og til þess að njóta jólahátíðarinnar varð að ljúka öllum verkum tímanlega, hvort sem það var að prjóna og vinna fatnað, þrífa, baka, brugga eða útbúa jólamatinn.

Það var hagur húsbænda og heimilismanna að allur undirbúningur jóla gengi vel fyrir sig og ef einhverjir voru latir og töfðu verkin varð eðlilega að grípa til einhverra úrræða. Þar komu ofangreindir refsivendir, jólakötturinn og ættingjar hans, til sögunnar.

### *Át stundum „jólaref“ fólksins*

Jólakötturinn gerði víst ýmsar skammir af sér en sagt var að hann æti stundum jólaref fólksins en það er sá matur sem hverjum manni var skammtaður til jólanna hér áður.

Fleiri siðir tengdust jólakettinum og einn var sá að klára skyldi allt sem byrjað var á fyrir jólin, annars varð það jólafeitt. Það þýddi að jólakötturinn tók þá allt feitmeti sem fólki var skammtað á jólum og nuddaði því í óklárað prjónlesið. Af einhverjum ástæðum, sem ekki er vitað um, virðist sem þessi siður hafi einkum þekkst á vestanverðu landinu.

### *Að fara í jólaköttinn*

Það sem er þó þekktast við kött þennan eru þau orðtök sem honum tengjast. Ef fólk stendur sig illa við jólaundirbúning er sagt að hann refsi fólki, en sagt er að sá sem enga flík fái fyrir jólin fari í jólaköttinn.

Samkvæmt heimildamönnum þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns og Árnastofnunar merkir þetta orðtak eitthvað miður gott, t.d. að fólk fari í jólaköttinn ef það fær engar gjafir, að jólakötturinn taki fólkið, éti jólamat þess eða geri því eitthvert mein, í versta falli éti það. Einnig þekkist orðtakið að sá klæði köttinn/jólaköttinn sem ekki fær nýja flík fyrir jólin og þekkist það einkum norðanlands. Einn heimildarmaður þjóðháttadeildar þekkir það að sá fari í jólaköttinn sem síðastur fer í sparifötin á aðfangadagskvöld og annar segir að það hafi þýtt *„… að vera í sömu fötunum og áður eins og kötturinn…“*.

Sams konar vættir og jólakötturinn hérlendis eru Grýla og jólasveinarnir synir hennar. Hlutverk þeirra hefur einkum falist í því að hafa hemil á óþekkum börnum sem trufla undirbúning foreldra fyrir jólin. Ekki er annað vitað en Grýla gamla gegni enn samviskusamlega þessu hlutverki sínu en eftir að jólasveinarnir okkar kynntust frásögnum af heilögum Nikulási, fyrirmynd hins vestræna nútíma jólasveins, hafa þeir orðið velviljaðir karlar og fært börnum gjafir. Þó eimir enn eftir af hrekkjóttri lund þeirra en það er a.m.k. ljóst að þeir eru löngu hættir að stunda mannát líkt og móðir þeirra Grýla er hvað þekktust fyrir.

Einn þekktasti ættingi jólakattarins á erlendri grund er hinn norræni jólahafur (jólageit) sem er að mörgu leyti eins í háttum og kötturinn, þ.e. jólavættur sem refsar þeim sem ekki fá nýja flík fyrir jólin. Um jólahafur þekkist norska orðtakið: „att gå buck“ sem er sambærilegt við fyrrnefnd orðtök um jólaköttinn. Í norskri þjóðtrú þýðir það beinlínis að klæðast gervi jólahafursins eins og tíðkast hefur í jólaleikjum á Norðurlöndum. Árni Björnsson þjóðháttafræðingur, austurrísk/norski þjóðfræðingurinn Lily Weiser-Aall (1898–1987) og Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði við Háskóla Íslands, hafa bent á að orðtök þau sem tilheyra jólakettinum, þ.e. að fara í jólaköttinn eða klæða köttinn/jólaköttinn geti haft sambærilega merkingu og orðtökin um jólahafurinn, þ.e. í þeirri merkingu að klæða sig í gervi kattarins. Þó ekki þekkist innlendar heimildir þess efnis er það samt síður en svo útilokað þar sem hérlendist tíðkuðust vikivakaleikir fyrr á öldum, m.a. um jólaleytið, þar sem menn klæddust í gervi ýmissa kynjadýra og vætta. Ef svo væri gæti jólakötturinn átt sér fornar rætur því ýmis dýragervi hafa þekkst í margskonar hátíðum og leikjum á Norðurlöndum, Bretlandseyjum og víðar í Evrópu á miðöldum. Sænski þjóðfræðingurnn Dag Strömbäck (1900–1978) telur að þessir alþýðuleikir séu leifar af heiðnum helgisiðum og megi rekja þá allt aftur til menningar Rómaveldis.

Fleiri tilgátur má nefna sem varða uppruna jólakattarins í íslenskri þjóðtrú. Árni Björnsson telur að munnmæli um jólahafurinn hafi borist hingað frá Noregi einhvern tímann á tveimur síðastliðnum öldum og haft áhrif á að til urðu sagnir um jólaköttinn. Hann segir enn fremur að þar sem geitur hafi verið fátíðar hér og óþekktar sem óvættir hafi kötturinn orðið fyrir valinu og vísar í þekktar sagnir um kattarskrímsli í þjóðtrúnni máli sínu til stuðnings. Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur er þessu ekki sammála og telur líklegt að jólakötturinn sé mun eldri í þjóðtrú okkar Íslendinga. Hann setti fram þá tilgátu að jólakötturinn og jólahafurinn væru eins konar afkomendur púka þess sem fylgdi heilögum Nikulási í leikrænni framsetningu þess siðar sem tíðkaðist öldum saman í Evrópu. Heilagur Nikulás var m.a. verndari barna og tíðkaðist í kaþólskum sið að einhver klæddist gervi hans og kæmi á messudegi dýrlingsins, 6. desember og færði börnum gjafir. Í fylgd hans var oft hlekkjuð vera í gervi púka sem sá m.a. um að refsa þeim sem óþægir voru.



**Skonsa, húsköttur á Kjalarnesi, áhugasöm um jólaundirbúning.** Mynd / Hrefna S.Bjartmarsdóttir

Guðmundur fjallar um það hvernig púki þessi hafi klofnað og getið af sér mismunandi afleiddar myndir jólavætta, þ. á m. geithafurinn í Skandinavíu og köttinn á Íslandi. Þá má velta því fyrir sér af hverju þessi jólavættur okkar birtist í kattarmynd. Í því sambandi bendir Guðmundur á þá þjóðtrú sem þekkst hefur í Evrópu öldum saman um hamskiptahæfileika djöfulsins sem m.a. geti birst í kattarmynd og nefnir eitt hollenskt heiti djöfulsins sem er „Duivekater“ (djöfulsköttur).

Hvað varðar síðan tengsl katta við jólasiði þá þekktist það meðal Hollendinga og Þjóðverja að baka brauð á jólunum sem fékk þetta sama heiti. Sá siður mun síðar hafa borist til Svíþjóðar og tengst jólasiðum þar. Guðmundur telur þ.a.l. að hinn evrópski „Duivekater“ og hinn íslenski jólaköttur séu báðir afkomendur fyrrnefnds púka Nikulásar. Hann álítur að Sæmundur fróði (1056–1133) hafi kynnst þessum sið, þ.e. leikrænni framsetningu Nikulásar og púkans (forvera jólakattarins) 6. desember, um það leyti sem hann er talinn hafa stundað nám í Svartaskóla og síðan flutt siðinn með sér heim.

### *Líka í Sturlungu*

Í Sturlunga sögu er þess getið að sonarsonur Sæmundar fróða, Sæmundur Jónsson í Odda hafi haft það til siðs að halda veislur á Nikulásarmessu. Guðmundur telur að það megi rekja til þess áhuga sem sagt er að Sæmundur fróði hafi haft á heilögum Nikulási og dýrkun hans en kirkjan í Odda var helguð dýrlingnum í kaþólskri tíð. Gunnell telur hins vegar ólíklegt að Sæmundur hafi flutt þennan sið með sér hingað til lands á 12. öld og segir að ekki virðist sem siðurinn hafi öðlast vinsældir í Frakklandi og Norð-vestur-Þýskalandi fyrr en á 13. öld, þ.e. á því svæði sem talið er að Svartiskóli gæti hafa verið.

### *Kannski bara tungumálamisskilningur*

Fleiri hugmyndir um uppruna jólakattarins má nefna en Gunnell telur að norskur framburður á þessum orðum jólageit og jólaköttur sé nógu líkur til að hafa getað valdið misskilningi þar sem geitur hafa ætíð verið fátíðar hér á landi.

Það má einnig benda á að jólakötturinn er ekki eina kattarskrímslið í þjóðtrú okkar. Þar koma til sögunnar skrímsli af kattarkyni sem eru skoffín, skuggabaldur, finngálkn og urðarköttur en sagt er að jólakötturinn sé af urðarkattakyni. Líkt og jólakötturinn eru þetta myrkraverur sem hættulegar eru mannfólkinu.

Sams konar þjóðtrú þekkist á Bretlandseyjum, ekki hvað síst í keltneskri þjóðtrú, en þar finnast mörg dæmi um illvíg kattarskrímsli sem ógna lífi og limum manna.

Það sem er athyglisvert við þessar heimildir er að samkvæmt lýsingum minnir margt í fari kattarskrímslanna óneitanlega á framferði jólakattarins okkar eins og því er lýst í hugarheimum heimildamanna þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns og Árnastofnunar og í kvæði Jóhannesar úr Kötlum. Því má vel ályktа að samband geti verið þarna á milli því landnámsmenn, m.a. af keltneskum ættum, komu hingað frá Bretlandseyjum. Ástæðulaust er að ætla annað en að þeir hafi flutt með sér munnmæli og þjóðtrú ýmiss konar, ef til vill hugmyndir sem áhrif höfðu á þjóðtrú okkar um jólaköttinn.

### *Jólakötturinn á sér víða samsvörun*

Samkvæmt framangreindri umræðu er ljóst að ekki er vitað með nákvæmri vissu hvernig fæðingu jólakattarins bar að enda er sjaldgæft að slíkt sé hægt þegar um aldagamla þjóðtrú er að ræða. Engu að síður er hægt að draga ákveðnar ályktanir af heimildum. Jólakötturinn er svipaður í háttum og fjöldamargir jólavættir sem þekkst hafa á Norðurlöndum, Bretlandseyjum og á meginlandi Evrópu um aldir. Þar koma líka til sögunnar jólaleikir og vikivakar þar sem þekkt var, bæði hérlendis og erlendis, að menn klæddust gervum ýmissa dýra og vætta og talið að eigi sér fornar rætur aftur í heiðni.

Samkvæmt skoskum heimildum frá því um 1500 er ljóst að illt þótti að fá ekki ný föt fyrir jól svo sú þjóðtrú er a.m.k. 500 ára gömul. Því ætti að vera óhætt að draga þá ályktun að jólakötturinn eigi sér aldagamlar rætur þó ekki sé vitað um eldri heimildir um hann hérlendis en frá því um miðja 19. öld.

### *Ekki útdauður*

Þrátt fyrir það að forsendurnar fyrir hlutverki jólakattarins séu brostnar með breyttri samfélagsgerð er hann samt ekki útdauður.

Nú í byrjun nýrrar aldar er kötturinn enn á sveimi því stundum sést vitnað í þennan forna fjanda m.a. í fataauglýsingum fyrir jólin. Einn heimildarmaður þjóðháttadeildar Þjóðminjasafnsins er þeirrar skoðunar að jólaköttur nútímans birtist í gervi sölumannsins og tilbúinna þarfa þess verslunaræðis sem nú einkennir jólin og ógnar fjárhagsafkomu fólks. Á þann hátt má segja að jólakötturinn aðlagi sig nútímaháttum manna.

*/Kreddur - Vefrit um þjóðfræði*

Óskum landsmönnum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári

KRAFTVÉLAR

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS



Óskum landsmönnum öllum
gleðiríkrar hátíðar
og farsældar á nýju ári
Starfsfólk Ísfells

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Óskum lesendum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
Þökk fyrir ánægjuleg samskipti
Bændablaðið

Gleðilega jólahátíð

Óskum viðskiptavinum okkar
sem og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!




FRUM - www.frum.is

CLAAS
FENDT
KUHN
JCB
Kverneland
PELLON
STEINBAUER
SHIBAURA
REDROCK
B&L
BRAND GÜLLETECHNIK
Tanco

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is • Frostagötu 2a • 603 Akureyri



JÓLAMATURINN – BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

# Ofnsteikt appelsínuönd

## Skemmtileg hefð að skera út laufabrauð

Það er ekta íslensk jólahefð og fjölskylduskemmtun að skera út blaðþunn laufabrauð, velja sígild mynstur eða skapa eigin, og djúpsteikja. Laufabrauðið passar sérdeilis vel með elduðu eða hráu hangikjöti, sem er okkar ljúffenga svar við Parmaskinkunni. Hrátt hangikjötið er látið hanga á köldum stað í nokkra daga eða jafnvel vikur eftir smekk.

Appelsínuönd er rómaður hátíðarmatur og rótargrænmeti fer einkar vel með henni.

Gott er að láta matargesti smyrja laufabrauð sitt með rjómaosti eða sýrðum rjóma og svo er sett þunnskorið hangikjöt ofan á með einhverju sætu eins og döðlusultu eða bláberjakaramellu.



### Laufabrauð

**Hráefni**

- 550 g (4 bollar) hveiti
- 25 g (¼ bolli) sykur
- 1½ tsk. lyftiduft (yfirleitt ½ tsk. hjartasalt og 1 tsk. lyftiduft)
- Ögn af salti og kúmeni
- 230 g (1 bolli) mjólk (eftir auganu, passa að bæta við í skömmtum)
- 40 g smjör

**Aðferð**

Hitið mjólk, smjör og kúmen í potti (ekki láta sjóða). Bætið við þurrefnunum og blandað í hrærivél. Hnoðið næst deigið með höndunum. Rúllið deigið í langan hólk og vefjið það upp í viskastykki.

Eftir að búið er að láta deigið hvíla um stund skerið pylsuna í um 20 þriggja sentímetra breiðar sneiðar og fletjið þær út með kökukefli.

Að hnoða og fletja út laufabrauðsdeigið er erfitt starf (hægt að kaupa út flatt deig).

Hefð er fyrir því að gera þríhyrningslaga munstur með litlum hníf. Þeir sem eiga íslenskt laufabrauðsjárn, geta nýtt sér þau til að gera lífið auðveldara við útskurðinn.

Laufabrauðið á að vera þunnt, helst svo þunnar að maður geti lesið Biblíuna í gegnum það.

Eftir skrautskurð er hrátt laufabrauðið djúpsteikt í sjóðandi fitu (með hjálp tveggja gaffla, steikja hverja hlið jafnt. Eftir aðeins nokkrar sekúndur, þegar það er orðin gullið að lit, skal veiða það upp úr fitunni. Látið þorna á pappír.

Laufabrauðið (sumir vilja með smjöri) er borið fram með hangikjöti, soðnum kartöflum, grænum baunum, rauðkáli og sætum uppstúf á jólum, en það er líka frábær forréttur með hráu hangikjöti.



### Ofnsteikt appelsínuönd með rótargrænmeti

**Hráefni**

- 1 heil önd, eða 2–4 andabringur
- 8 hvítlauksrif



- salt og svartur pipar eftir smekk
- 255 g (3/4 bolli) ferskur appelsínusafi (og börkur)
- 6 matskeiðar ósaltað smjör
- 2 bollar rauðlaukar, miðlungs teningar
- 1 bolli næpur skrældar, skorið í teninga
- 1 bolli sellerírót, skrælð teningar
- 2 bollar gulrætur, teningar
- 500 g (1 1/2 bolli) þurrt rauðvín
- 1/4 bolli hunang
- 2 tsk. timjan, saxað (ferskt, annars smá af þurrkuðu)
- 1 tsk. svartur pipar

**Aðferð**

Hitið ofninn í 205 gráður.

Skolið öndina með köldu vatni, skerið rákir í fituna og skerið af umfram fitu og skinn.

Þerrið með klút og veltið upp úr söxuðum hvítlauk.

Nuddið öndina með appelsínuberki. Kryddið með salti og pipar.

Setjið fituhliðina niður á heitri pönnu. Steikið rólega í 20 mínútur.

Snúið fituhliðinni nú upp og ausið fitunni af pönnunni yfir öndina og bakið við 175 gráður í ofninum. Ausið fitunni áfram yfir með skeið og bakið í 10 til 15 mínútur til viðbótar, en styttri tíma tekur að ofnsteikja ef um bringur er að ræða. Notið kjarnhitamæli og eldið þar til kjarnhitinn hefur náð 58 gráðum. Látið þá hvíla í 20 mínútur.

Setjið eina og hálfa matskeið af smjöri á pönnu með, hafið stillt á miðlungs hita. Setjið lauk á pönnuna og mýkið hann á pönnunni í um tvær mínútur.

Bætið andafitunni úr ofnílátinu við og steikið grænmetið í henni í um 2–4 mínútur.

Bætið restinni af smjöri saman við og hálfum bolla (um 115 ml) af appelsínusafa. Sjóðið þangað til vökvinn er næstum gufaður upp.

Eftir tíu mínútur ætti grænmetið að vera orðið að eins konar karamellu með smjöri og appelsínusafa. Takið grænmetið til hliðar og bætið meiri appelsínusafa við, víni, hunangi, timjan, og einni teskeið (eða tveimur grömmum) af pipar og sjóðið á háum hita. Lækkið hitann og látið malla á mjög lágum hita í um 10 til 15 mínútur, eða þar til vökvinn hefur minnkað niður í einn bolla (um 235 ml).

Þegar öndin er fullelduð er hún tekin úr ofninum og látin standa í 10 mínútur áður hún er skorin niður í fínar sneiðar.

Notið steikarskófir úr ofnfatinu til að gera sósuna með víninu og smá appelsínusneiðum. Geymið fituna til að steikja grænmeti með síðar.

Framreiðið með kartöflum að eigin vali ásamt grænmetisblöndunni og appelsínu sósu.



### Kryddað Crème brûlée

**Hráefni**

- 900 ml rjómi
- 100 ml mjólk
- 3/4 bollar sykur, skipt í tvo jafna hálfa hluta (1/4 bolli plús 2 matskeiðar)
- 2 kanilstangir
- 1 stjörnuanís
- 7 stórar eggjarauður
- 2 tsk. vanilludropar eða fersk vanilla
- 1/4 tsk. gróft salt
- 1/4 tsk. malað múskat
- 1 heill kanill
- 1/8 tsk. malaður negull

**Fyrir sykurskelina (brûlée)**

- 3/4 bolli sykur

**Aðferð**

Hitið ofninn í 150 gráður. Látið vatn sjóða í potti eða katli fyrir vatnsbaðið.

Í stórum potti er blandað saman:

4 og ¼ bolli rjómi, 2 matskeiðar sykur, hrærið saman. Hiti yfir miðlungs þar til blandan byrjar að rjúka kringum brúnir á pönnunni, í kringum 7 til 8 mínútur. Verið varkár að láta blönduna ekki sjóða

Þegar kremblandan er rjúkandi, er hún varlega fjarlægð af hitanum. Bætið blöndunni saman við eggjarauðurnar í litlum skömmtum og hrærið stöðugt í henni. Bætið við tveimur ausum af rjómablöndu, einni í einu, en haldið áfram að hræra í. Hrærið smám saman restinni af blöndunni saman við og gott er að sigta hana í mæliglas eða könnu.

Lækkið ofninn í 110 gráður og skiptið kreminu jafnt í átta eldfastar skálar. Setjið skálarnar í ofnfat með nægu af sjóðandi vatni þannig að það nái hálfa leið upp að hliðum formanna. Bakið þar til kremið er orðið stíft (það ætti að vera hlaupkennt í miðju), í um 30 til 40 mínútur. Leyfið að kólna í 30 mínútur áður en það er borið fram. Gott er að setja það í kæli.

Fyrir framreiðslu er 1½ matskeið af hrásykri stráð yfir hverja skál. Hægt er að brúna sykurinn með gasloga á yfirborði kremsins, en líka er hægt að bræða sykur á pönnu, setja á smjörpappír þegar hann er orðinn að karamellu, kæla hann, brjóta og strá yfir kremið – ásamt piparkökum og berjum.

# Gleðilega hátíð

Bændasamtök Íslands óska bændum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla. Megi nýja árið verða ykkur farsælt og gjöfult.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS


## Snjókeðjur

Keðjur og keðjuefni frá Gunnebo í Svíþjóð. Hér er um að ræða gæða vöru á samkeppnishæfu verði, ýmsar stærðir til.




JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is





## ER BÆRINN MINN ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

**Með ákveðnum tillögum og aðgerðum er hægt að lágmarka áhættu á býlinu með því að:**

- Skipuleggja búverkin
- Koma sér upp vinnuferlum
- Gera áhættumat
- Breyta hættulegum vinnuaðstæðum
- Auka vitund þeirra sem vinna búverkin um gildi öryggismála
- Temja sér góða umgengni og snyrtimennsku
- Forgangsraða og setja öryggið í öndvegi



*Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á* **bondi.is**

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

**ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?**



Hæst stigaði lambhrúturinn haustið 2016 hlaut 91,5 stig. Þessi glæsigripur er frá Stóra-Búrfelli í Austur-Húnavatnssýslu.

# Met fallin í vænleika og vöðvafyllingu

## – Af niðurstöðum lambadóma 2016

**Niðurstöður lambadóma hafa aldrei verið glæsilegri. Sú góða útkoma á lömbum í haust er samspil framfara í kynbótum og meðferðar lambanna.**

Víðast hvar á landinu einkenndist veðurfar af einmuna blíðu og áfallalausri tíð mest allan vaxtartíma lambanna, frá vori til hausts. Hér verður farið nokkrum orðum um helstu niðurstöður að loknum lambadómum og sauðfjárslátrun.

### *Mestur fjöldi lamba skoðaður í Skagafirði*

Í heildina voru skoðuð 73.331 lömb, 59.961 gimbrar og 13.370 hrútar samkvæmt skráningum í Fjárvís.is. Þetta er mjög svipaður fjöldi hrúta og var skoðaður síðasta haust en gimbrarnar eru um einu þúsundi færri.

Flest lömb voru skoðuð í Skagafirði eða 5.740 en í því héraði fæðast einnig flest lömb samkvæmt skýrsluhaldinu. Sé horft á hlutfall skoðaðra lamba af fæddum lömbum þá er mest skoðað í Strandasýslu eða 17% lambanna. Þetta hlutfall er lægst í Norður-Múlasýslu þar sem aðeins 5% lambanna hljóta skoðun.

### *30 millimetra múrinn fallinn*

Meðal lambhrúturinn sem skoðaður var í haust var þyngri og holdfylltari en áður hefur sést í lambadómum hér á landi (sjá töflu 1). Í upphafi ómmælinga á Íslandi, sem var fyrir um tveim og hálfum áratug síðan, þótti tíðindum sæta ef lamb mældist með meira en 30 mm þykkan bakvöðva. Í dag eru yfir 80 lömb (hrútar og gimbrar) sem mælast með um og yfir 40 mm þykkan bakvöðva. Að jafnaði eru hrútlömb í Suður-Þingeyjarsýslu með þykkasta vöðvann eða 32,2 mm. Þykkasti bakvöðvinn í haust mældist 45 mm í gimbrinni Ásu 16-010 frá Þverá í Reykjahverfi, S-Þingeyjarsýslu. Föðurfaðir hennar er Ás 09-877 frá Skriðu. Óhætt er að fullyrða að það umfangsmikla starf sem felst í lambadómum hefur skilað gríðarlegum framförum og stórbætt sauðfjárkynið m.t.t. skrokkgæða.

### *Svimasonur frá Stóra-Búrfelli hæst stigaður*

Í töflu 2 er yfirlit yfir 5 hæst stiguðu lambhrúta hverrar sýslu. Hrútunum er raðað líkt og áður samkvæmt heildarstigum, síðan eftir samanlögðum stigum fyrir frampart, bak og aftur part, þá eftir bakvöðvaþykkt, fituþykkt og síðan lögun vöðvans. Hæsti stigaði hrútur landsins er frá Stóra-Búrfelli í Austur-Húnavatnssýslu með 91,5 stig. Faðir hans er Svimi 14-956 frá Ytri-Skógum. Næstefstur að stigum er efsti hrútur Strandasýslu, lamb nr. 147 frá Broddanesi 1 sem hlotið hefur nafnið Glæsir 16-081 og er af hinum geysi sterka meiði í Broddanesi þar sem holdfylling lamba er hvað best á landinu. Þriðja stigahæsta lambið er frá Litlu-Reykjum í Suður-Þingeyjarsýslu. Þessi hrútur hefur hlotið nafnið Stallur 16-042 og er skyldleikaræktaður út af kaupahrút frá Bjarnastöðum í Öxarfirði sem heitir Kappi 11-284. Stallur skartar einkunninni 10 fyrir bak og malir og 20 fyrir læri.

Þeir sæðingastöðvahrútar sem flesta syni eiga á listanum yfir topp hrútlömb landsins eru Grímur 14-955 frá Ytri-Skógum með 9 syni, Kölski 10-920 frá Svínafelli með 6 syni og þá koma Ytri-Skógarhrútarnir Saumur 12-915 og Svimi 14-956 með 5 syni hvor.

### *Met fallþungi og vöðvafylling*

Samkvæmt niðurstöðum frá afurðastöðvunum fyrir öll innlögð lömb var meðal fallþungi dilka í haust 16,7 kg og er það veruleg aukning frá því sem mest hefur náðst en haustið 2014 var meðalfallþunginn 16,31 kg. Einkunn fyrir holdfyllingu er jafnframt sú hæsta sem sést hefur síðan EUROP matið var tekið upp en hún var 8,97 í haust. Fitan hækkar aðeins á milli ára og er fitueinkunnin 6,60 eftir haustið sem í raun er hóflegt miðað við fallþungann. Eftir að EUROP matið var tekið upp hefur fitueinkunnin farið hæst í 6,92 haustið 2003 en þá við 15,5 kg. Þyngsti dilkur haustsins vó 37 kg, en það var lamb frá Flatatungu í Skagafirði undan Berki 13-952.

### *Að lokum*

Sóknarfæri eru í því að bæta flesta eiginleika okkar góða sauðfjárkyns og verkefnin því næg framundan. Til þess að geta fetað ótrauð áfram hinn beina og breiða veg að settu ræktunarmarki þurfum við að vera vel næstuð af upplýsingum og þar leika rannsóknir mikilvægt hlutverk. Meðal annars er mikilvægt að þekkja samspil helstu eiginleika svo ferðalagið endi ekki utan vegar. Í þessu sambandi má nefna rannsóknarverkefni sem Fagráð í sauðfjárrækt hleypti af stokkunum í haust sem lýtur að því að kanna áhrif kynbóta fyrir bættum skrokkgæðum á bragðgæðin. Því mikilvægt er að standa vörð um hin rómuðu bragðgæði íslenska lambakjötsins um leið og áfram er sótt fram í því að bæta skrokkgæðin.

***Gleðileg jól***

1. tafla. **Meðaltöl fullstigaðra lambhrúta**

| Ár | Fjöldi | Þungi (kg) | Bakvöðvi (mm) | Fituþykkt (mm) | Lærastig | Stig alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 13.180 | 48 | 30,1 | 3,3 | 17,7 | 84,1 |
| 2015 | 13.628 | 47 | 29,5 | 3,2 | 17,5 | 83,7 |
| 2014 | 15.022 | 47 | 29,4 | 3,1 | 17,5 | 83,6 |

**Eyþór Einarsson**
ábyrgðamaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is



2. tafla. **Hæst stiguðu lambhrútar hverrar sýslu haustið 2016**

| | Uppruni | Lambsnr. | Faðir | Þungi (kg) | Ómvöðvi | Ómfita | Lögun | Fótleggur | Haus | Háls&he. | Bringa&útl. | Bak | Malir | Læri | Ull | Fætur | Samr. | Stig alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Gullbringu- og Kjósarsýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Miðdalur, Kjós | 677 | 13-952 Börkur | 53 | 32 | 2,3 | 4,5 | 112 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **87,0** |
| 2 | Kiðafell, Kjós | 278 | 15-001 Sprengjuh. | 43 | 31 | 3,5 | 5,0 | 107 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **87,0** |
| 3 | Kiðafell, Kjós | 197 | 15-006 Skolli | 50 | 32 | 3,0 | 4,0 | 105 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **86,5** |
| 4 | Kiðafell, Kjós | 54 | 13-941 Serkur | 50 | 32 | 2,6 | 5,0 | 110 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | **86,0** |
| 5 | Kiðafell, Kjós | 55 | 10-920 Kölski | 48 | 32 | 3,5 | 4,5 | 108 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **86,0** |
| **Borgarfjarðarsýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Hægindi, Reykholtsdal | 509 | 15-116 Hvatur | 46 | 37 | 1,2 | 5,0 | 99 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | **88,5** |
| 2 | Hóll, Lundarreykjadal | 32 | 14-956 Svimi | 53 | 39 | 3,1 | 5,0 | 106 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 3 | Hægindi, Reykholtsdal | 103 | 15-117 Sprettur | 54 | 32 | 3,1 | 4,0 | 110 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 4 | Hægindi, Reykholtsdal | 139 | 15-117 Sprettur | 53 | 33 | 3,4 | 4,5 | 106 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **88,5** |
| 5 | Hægindi, Reykholtsdal | 77 | 13-940 Krapi | 57 | 31 | 3,1 | 4,5 | 105 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 8,5 | 9,5 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **88,5** |
| **Mýrasýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Gilsbakki, Hvítársíðu | 86 | 14-956 Svimi | 63 | 38 | 3,6 | 4,5 | 113 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 2 | Miðgarður, Stafholtstungum | 986 | 10-920 Kölski | 60 | 37 | 4,3 | 4,0 | 110 | 7,5 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| 3 | Höll, Þverárhlíð | 27 | 15-889 Baugur | 60 | 37 | 5,0 | 4,5 | 109 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **88,5** |
| 4 | Miðgarður, Stafholtstungum | 987 | 10-920 Kölski | 61 | 35 | 4,5 | 4,5 | 110 | 7,5 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 19,5 | 7,5 | 8,0 | 9,0 | **88,0** |
| 5 | Leirulækur, Álftaneshreppi | 11 | 13-952 Börkur | 66 | 38 | 2,5 | 5,0 | 111 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 10,0 | 9,0 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **88,0** |
| **Snæfells- og Hnappadalssýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Kjalvegur, Hellissandi | 199 | 15-376 Hringur | 57 | 33 | 5,4 | 4,0 | 105 | 7,5 | 9,5 | 10,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 2 | Eiðhúsum, Rifi | 42 | 14-762 Kristall | 54 | 37 | 2,8 | 5,0 | 109 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 18,5 | 7,0 | 8,0 | 8,5 | **87,5** |
| 3 | Haukatunga 2 Syðri, Kolbeinsstaðahr. | 6017 | 11-908 Garri | 53 | 37 | 2,7 | 5,0 | 112 | 8,0 | 9,0 | 8,5 | 10,0 | 9,0 | 18,5 | 7,5 | 8,0 | 9,0 | **87,5** |
| 4 | Gaul, Staðarsveit | 147 | 12-950 Kaldi | 49 | 34 | 1,9 | 4,5 | 106 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **87,5** |
| 5 | Haukatunga 2 Syðri, Kolbeinsstaðahr. | 6397 | 14-549 Kúði | 47 | 33 | 3,4 | 5,0 | 107 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **87,5** |
| **Dalasýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Hlíð, Hörðudal | 71 | 14-699 Dúddi | 47 | 36 | 3,6 | 4,5 | 105 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **88,5** |
| 2 | Hallsstaðir, Fellsströnd | 91 | 10-920 Kölski | 58 | 35 | 5,6 | 4,5 | 113 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 3 | Rauðbarðaholt, Hvammssveit | 5570 | 12-950 Kaldi | 54 | 32 | 4,8 | 4,0 | 110 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **88,0** |
| 4 | Lyngbrekka, Fellsströnd | 33 | 10-889 Salamon | 53 | 33 | 2,0 | 4,5 | 112 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 7,5 | 8,0 | 9,0 | **87,5** |
| 5 | Lyngbrekka, Fellsströnd | 46 | 10-889 Kornelíus | 52 | 31 | 4,0 | 4,5 | 110 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **87,5** |
| **Barðastrandarsýslur** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Innri-Múli, Barðaströnd | 1292 | 11-908 Garri | 61 | 35 | 4,8 | 4,5 | 109 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **89,0** |
| 2 | Árbær, Reykhólasveit | 14 | 14-038 Styggur | 50 | 33 | 2,8 | 5,0 | 108 | 8,0 | 9,0 | 8,5 | 9,0 | 9,5 | 19,5 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | **88,0** |
| 3 | Kambur, Reykhólasveit | 392 | 15-298 Kollur | 51 | 31 | 4,9 | 4,0 | 108 | 8,0 | 9,0 | 8,5 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 4 | Árbær, Reykhólasveit | 112 | 13-029 Gormur | 49 | 30 | 5,3 | 4,0 | 111 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,0 | 9,0 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 5 | Árbær, Reykhólasveit | 193 | 13-029 Gormur | 44 | 29 | 3,4 | 4,5 | 105 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 8,5 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | **87,5** |
| **Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Minni-Hlíð, Bolungavík | 6008 | 12-915 Saumur | 56 | 34 | 4,8 | 5,0 | 101 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 2 | Botn 2, Súgandafirði | 62 | 14-731 Bjáni | 51 | 31 | 3,7 | 4,5 | 102 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **87,5** |
| 3 | Ketilseyri, Dýrafirði | 204 | 14-064 Bassador | 56 | 35 | 3,5 | 4,5 | 108 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,5 | 9,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **87,0** |
| 4 | Kirkjuból 1 og 2, Valþjófsdal | 14 | 15-00407 Rosi | 60 | 28 | 4,0 | 4,5 | 109 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **87,0** |
| 5 | Borg/Mjólkárvirkjun, Arnarfirði | 114 | 13-210 ÁS | 55 | 32 | 2,9 | 4,5 | 105 | 8,0 | 8,5 | 8,5 | 9,0 | 9,0 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **87,0** |
| **Strandasýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Broddanes 1, Kollafirði | 147 | 14-071 Svali | 48 | 41 | 4,1 | 5,0 | 109 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 10,0 | 9,5 | 19,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **91,0** |
| 2 | Innri-Ós, Steingrímsfirði | 65 | 14-062 Ljúfur | 50 | 36 | 7,9 | 4,5 | 109 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 8,5 | **89,0** |
| 3 | Heydalsá 1 og 3, Steingrímsfirði | 296 | 15-156 Stormur | 47 | 34 | 2,6 | 4,5 | 108 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 4 | Heydalsá 1 og 3, Steingrímsfirði | 834 | 14-128 Stigi | 56 | 32 | 3,0 | 5,0 | 109 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 5 | Bær, Árneshreppi | 248 | 12-777 Ári | 55 | 37 | 3,9 | 5,0 | 110 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| **Vestur-Húnavatnssýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Efri-Fitjar, Fitjárdal | 311 | 12-665 Myrkvi | 52 | 42 | 3,2 | 5,0 | 105 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 10,0 | 9,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **89,0** |
| 2 | Efri-Fitjar, Fitjárdal | 305 | 15-660 Bötti | 59 | 41 | 4,2 | 5,0 | 108 | 8,0 | 8,5 | 9,5 | 10,0 | 9,5 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 3 | Efri-Fitjar, Fitjárdal | 105 | 11-922 Tjaldur | 60 | 40 | 2,7 | 4,5 | 113 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 10,0 | 9,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 4 | Syðra-Kolugil, Víðidal | 51 | 13-943 Voði | 59 | 37 | 2,8 | 4,5 | 109 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **88,0** |
| 5 | Efri-Fitjar, Fitjárdal | 37 | 12-915 Saumur | 62 | 37 | 4,6 | 4,5 | 107 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **88,0** |
| **Austur-Húnavatnssýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Stóra-Búrfell, Húnavatnshreppi | 3 | 14-956 Svimi | 64 | 39 | 5,7 | 4,0 | 110 | 8,0 | 9,5 | 10,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **91,5** |
| 2 | Hjallaland, Vatnsdal | 51 | 14-955 Grímur | 56 | 39 | 5,1 | 4,5 | 104 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 3 | Sölvabakki, Refasveit | 504 | 15-064 Belgur | 61 | 35 | 5,6 | 4,5 | 108 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 19,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 4 | Fagranes, Langadal | 26 | 15-945 Kornelíus | 64 | 33 | 6,0 | 4,0 | 107 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 5 | Hof, Vatnsdal | 1033 | 14-184 Brandur | 53 | 31 | 7,2 | 4,0 | 106 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| **Skagafjarðarsýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Ytra-Skörðugil, Langholti | 10 | 14-538 Gróði | 60 | 39 | 3,6 | 5,0 | 108 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 10,0 | 9,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 2 | Ytra-Skörðugil, Langholti | 16 | 15-538 Spakur | 64 | 33 | 4,6 | 4,5 | 112 | 7,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **88,5** |
| 3 | Miðhús, Óslandshlíð | 311 | 13-941 Serkur | 66 | 36 | 5,1 | 4,5 | 110 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 18,0 | 9,0 | 7,5 | 9,0 | **88,5** |
| 4 | Halldórsstaðir, Langholti | 6042 | 15-427 Dropi | 46 | 32 | 2,7 | 5,0 | 105 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 5 | Vallanes, Vallhólmi | 78 | 13-479 Fífill | 65 | 30 | 5,2 | 4,0 | 108 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 9,5 | **88,5** |
| **Eyjafjarðarsýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Kristnes, Eyjafjarðarsveit | 7 | 14-955 Grímur | 55 | 42 | 3,5 | 4,5 | 108 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 2 | Kristnes, Eyjafjarðarsveit | 4 | 14-955 Grímur | 57 | 38 | 4,4 | 4,5 | 105 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 19,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 3 | Möðruvellir, Eyjafjarðarsveit | 334 | 15-751 Hnútur | 51 | 36 | 3,4 | 4,5 | 104 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 18,5 | 7,5 | 8,0 | 9,0 | **88,0** |
| 4 | Staðarbakki, Hörgárdal | 45 | 14-955 Grímur | 52 | 35 | 1,7 | 5,0 | 108 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 18,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 5 | Skriða, Hörgárdal | 119 | 14-305 Sáli | 60 | 34 | 4,7 | 5,0 | 110 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **88,0** |
| **Suður-Þingeyjarsýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Litlu-Reykir, Reykjahverfi | 176 | 15-027 Svelgur | 48 | 39 | 2,9 | 5,0 | 108 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 10,0 | 20,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **90,5** |
| 2 | Hrafnsstaðir, Kinn | 35 | 14-955 Grímur | 54 | 42 | 2,5 | 5,0 | 107 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 10,0 | 9,5 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **90,5** |
| 3 | Héðinshöfði 2, Tjörnesi | 593 | 15-110 Moli | 54 | 39 | 4,9 | 4,5 | 114 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 9,5 | **90,0** |
| 4 | Hólmavað, Aðaldal | 1 | 12-915 Saumur | 46 | 34 | 2,9 | 4,5 | 108 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 19,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 5 | Halldórsstaðir 2, Bárðardal | 12 | 15-204 Garpur | 63 | 35 | 5,8 | 4,5 | 110 | 8,0 | 10,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 9,0 | 8,0 | 9,5 | **90,0** |
| **Norður-Þingeyjarsýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Leifsstaðir, Öxarfirði | 27 | 10-920 Kölski | 46 | 29 | 2,5 | 4,5 | 108 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 20,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **90,0** |
| 2 | Fjöll 2, Kelduhverfi | 10 | 10-920 Kölski | 42 | 35 | 2,1 | 5,0 | 108 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **89,0** |
| 3 | Bjarnastaðir, Öxafirði | 41 | 14-156 Grámann | 53 | 37 | 3,0 | 5,0 | 112 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 4 | Flaga 1, Þistilfirði | 171 | 15-261 Dofri | 50 | 35 | 2,4 | 5,0 | 105 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,5 | 10,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | **88,0** |
| 5 | Snartarstaðir II, Núpasveit | 194 | 13-926 Hvati | 46 | 33 | 1,9 | 5,0 | 107 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 18,5 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| **Norður-Múlasýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Melar, Fljótsdal | 358A | 15-889 Baugur | 59 | 37 | 8,0 | 4,5 | 106 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| 2 | Egilsstaðir, Fljótdal | 27 | 10-945 Kornelíus | 51 | 37 | 4,3 | 4,0 | 108 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 18,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 3 | Teigasel 1, Jökuldal | 937A | 13-927 Kjarni | 45 | 36 | 1,8 | 4,5 | 110 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 18,0 | 9,0 | 8,0 | 8,0 | **88,0** |
| 4 | Hofteigur, Jökuldal | 33 | 14-956 Svimi | 56 | 33 | 2,8 | 4,5 | 109 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 9,0 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 5 | Mælivellir, Jökuldal | 80 | 14-956 Svimi | 56 | 31 | 3,7 | 4,5 | 107 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 9,0 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| **Suður-Múlasýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Eiríksstaðir, Berufirði | 547 | 14-955 Grímur | 52 | 37 | 2,2 | 5,0 | 104 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| 2 | Brekka, Mjóafirði | 6 | 12-915 Saumur | 54 | 36 | 3,1 | 5,0 | 108 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 8,0 | **88,5** |
| 3 | Víkingsstaðir, Völlum | 9 | 10-889 Baugur | 62 | 33 | 4,3 | 5,0 | 108 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 9,0 | 8,0 | 9,5 | **88,5** |
| 4 | Stóra Breiðuvík, Eskifirði | 1125 | 12-378 Busi | 54 | 37 | 3,7 | 4,5 | 107 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 18,5 | 7,5 | 8,0 | 9,0 | **88,0** |
| 5 | Hjartarstaðir 1, Eiðaþinghá | 116 | 13-953 Dreki | 50 | 40 | 3,4 | 5,0 | 113 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **88,0** |
| **Austur-Skaftafellssýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Akurnes, Hornafirði | 237 | 15-454 Loki | 49 | 38 | 2,1 | 4,5 | 107 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **87,5** |
| 2 | Svínafell 3, Öræfasveit | 27 | 13-537 Össi | 56 | 38 | 2,2 | 5,0 | 111 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 10,0 | 9,0 | 18,5 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | **87,0** |
| 3 | Svínafell 3, Öræfasveit | 627 | 14-955 Grímur | 54 | 35 | 2,7 | 5,0 | 110 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | **87,0** |
| 4 | Ártún, Hornafirði | 279 | 14-955 Grímur | 45 | 34 | 2,5 | 5,0 | 103 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | **87,0** |
| 5 | Fornustekkar I, Hornafirði | 932 | 14-644 Simbi | 49 | 33 | 2,7 | 4,5 | 110 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **87,0** |
| **Vestur-Skaftafellssýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Hraungerði, Álftaveri | 8921 | 13-240 | 54 | 41 | 5,0 | 5,0 | 109 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 7,5 | 8,0 | 9,0 | **88,5** |
| 2 | Giljur, Mýrdal | 325 | 12-304 Móflekkur | 54 | 31 | 3,1 | 4,5 | 106 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 3 | Kerlingardalur 1, Mýrdal | 239 | 15-705 Kubbur | 53 | 31 | 3,3 | 4,0 | 108 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **88,5** |
| 4 | Kerlingardalur 1, Mýrdal | 73 | 15-699 Fanni | 56 | 29 | 4,1 | 4,0 | 112 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **88,5** |
| 5 | Hörgsland 2, Síðu | 3572 | 14-955 Grímur | 47 | 40 | 2,1 | 4,5 | 105 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | **88,0** |
| **Rangárvallasýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Ytri-Skógar, A-Eyjafjöllum | 40 | 13-954 Tangi | 44 | 40 | 3,6 | 4,0 | 108 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | **89,0** |
| 2 | Ytri-Skógar, A-Eyjafjöllum | 164 | 15-967 Bjartur | 47 | 38 | 2,7 | 4,5 | 110 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 3 | Hemla 2, V-Landeyjum | 31 | 14-354 Farsæll | 52 | 37 | 1,9 | 5,0 | 106 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 4 | Lækjartún, Ásahreppi | 134 | 13-942 Spotti | 52 | 33 | 2,6 | 4,5 | 112 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 5 | Saurbær, Holtum | 28 | 12-915 Saumur | 56 | 31 | 2,5 | 4,0 | 107 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **88,5** |
| **Árnessýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Gýgjarhólskot 1, Biskupstungum | 293 | 13-953 Dreki | 59 | 41 | 3,7 | 5,0 | 111 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 20,0 | 7,5 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 2 | Heiðarbær 1, Þingvallasveit | 21 | 14-192 Skorargeir | 68 | 42 | 7,0 | 4,0 | 114 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 3 | Hvammur, Ölfusi | 143 | 12-915 Saumur | 59 | 36 | 3,0 | 5,0 | 108 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 19,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 4 | Oddgeirshólar 1, Flóa | 109 | 13-926 Hvati | 52 | 36 | 2,9 | 4,5 | 106 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 5 | Hjálmholt, Flóa | 11 | 13-927 Kjarni | 57 | 31 | 4,3 | 4,0 | 108 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |

Ræktunarbú ársins 2016:

# Mikill fjöldi búa náði afgerandi góðum árangri



**Þorvaldur Kristjánsson**
ábyrgðarmaður í hrossarækt
thk@rml.is

**Eins og mörgum er í fersku minni tilnefndi Fagráð í hrossarækt alls 16 ræktunarbú til sérstakrar viðurkenningar fyrir framúrskarandi ræktunarárangur á árinu 2016. Heiðursviðurkenninguna ræktunarbú ársins 2016 hlutu Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar, ræktun þeirra Bergs Jónssonar og Olil Amble, á uppskeruhátíð hestamanna þann 5. nóvember síðastliðinn.**

Í vali sem þessu eru margir til kallaðir en fáir útvaldir. Mikill fjöldi búa náði afgerandi góðum árangri á sýningaárinu 2016. Val Fagráðs er því aldrei auðvelt, s.s. hvar á að draga mörkin hverju sinni í fjölda tilnefndra búa en þar er ekki um fasta tölu að ræða milli ára enda oft lítið sem aðskilur eftirtektarverð bú og árangur þeirra. Tilnefningar Fagráðs eru fyrst og síðast hvatning og verðskuldað hrós en ekki til þess gerðar að ýta undir „keppnisvæðingu“ í hrossarækt og kynbótadómum. Kynbótadómar hrossa eru alltaf fyrst og síðast dómar búfjár og grunntilgangurinn að afla upplýsinga sem nýtast öllum ræktendum jafnt og eru grunnur að kynbótaspá/kynbótamati íslenskra hrossa hvar sem er í heiminum. Því fleiri hross sem dæmd eru því sterkari og öruggari gagnaöflun og spá um gildi gripa fyrir ræktunarstarfið.

Til að afmarka val ræktunarbúa og leiða að niðurstöðu eru fyrst tilgreind öll hrossaræktarbú sem sýnt hafa fjögur eða fleiri hross í fullnaðardómi á árinu. Að auki verða minnst tvö að hafa náð aðaleinkunn 8,0 eða hærra. Þau bú sem þola þessa síu hafa náð afar athyglisverðum árangri. Þá tekur við röðun búa fyrir meðalaldur sýndra hrossa, röðun eftir meðaleinkunn og röðun eftir fjölda sýndra hrossa. Ákveðið var í ár að breyta reiknireglu þeirri sem notuð er við valið. Búum hefur verið raðað upp eftir meðalaldri sýndra hrossa, meðaleinkunn þeirra og fjölda. Nú var ákveðið að leiðrétta einkunnir eftir aldri líkt og gert er við kynbótamatsútreikninga og taka á þann hátt tillit til mismunandi aldurs. Þetta gerir allar einkunnir samanburðarhæfar áður en búunum er svo raðað upp eftir leiðréttum einkunnum og fjölda sýndra hrossa. Þá reiknast afkvæmaverðlaunahross (stóðhestar og hryssur) til stiga fyrir sína ræktendur samkvæmt föstum reglum þar um.

Í meðfylgjandi töflu eru öll búin, 72 að tölu, sem uppfylltu kröfur um fjögur fulldæmd hross og minnst tvö yfir 8 á sýningarárinu 2016. Dálkarnir sýna meðaltal aðaleinkunnar (ekki aldursleiðrétt), meðalaldur sýndra hrossa og fjölda fullsýndra hrossa, þ.e. fjölda hrossa að baki meðaltölum. Þá er sérstaklega tilgreint í síðasta dálknum ef afkvæmahross leggja til stiga fyrir búið á árinu.

***Sérstakar tilnefningar Fagráðs***

Til upprifjunar hlutu 16 bú sérstaka tilnefningu Fagráðs á liðnu hausti. Í stafrófsröð þessi:


- Árbæjarhjáleiga II / Marjolijn Tiepen, Kristinn Guðnason og fjölsk
- Berg / Anna Dóra Markúsdóttir og Jón Bjarni Þorvarðarson
- Efsta-Sel / Hilmar Sæmundsson og Daníel Jónsson
- Garðshorn / Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius
- Hamarsey / Hannes Sigurjónsson og Inga Cristina Campos
- Hof / Lilja Sigurlína Pálmadóttir
- Hvolsvöllur / Ásmundur Þór Þórisson og Helga Friðgeirsdóttir
- Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar / Bergur Jónsson og Olil Amble
- Kirkjubær / Ágúst Sigurðsson, Unnur Óskarsdóttir og fjölsk.
- Kjarnholt I / Guðný Höskuldsdóttir og Magnús Einarsson
- Koltursey / Elías Þórhallsson, Pétur Jónsson og fjölskyldur
- Prestsbær / Inga og Ingar Jensen
- Rauðalækur / Eva Dyröy og Guðmundur Friðrik Björgvinsson
- Skipaskagi / Jón Árnason og Sigurveig Stefánsdóttir
- Torfunes / Baldvin Kr. Baldvinsson
- Þúfur / Gísli Gíslason og Mette Mannseth.

## Rætunarbú ársins 2016

| Ræktunarbú | Landnr. | | Mt. A.eink | M.aldur | Fjöldi | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðsholtshjáleiga | 171673 | Gunnar Arnarson, Kristbjörg Eyvindsdóttir og fjölskylda | 8,05 | 5,60 | 10 | *Afkv.* |
| Álfhólar | 163925 | Sara Ástþórsdóttir | 8,03 | 5,75 | 8 | |
| Árbakki | 164961 | Hulda Gústafsdóttir, Hinrik Bragason og fjölsk., Árbakki hestar ehf. | 8,03 | 6,40 | 6 | |
| Árbæjarhjáleiga II | 165066 | Marjolijn Tiepen, Kristinn Guðnason og fjölsk. | 8,26 | 6,29 | 7 | |
| Ármót | 164471 | Ármótabúið ehf. | 8,05 | 5,57 | 7 | |
| Bakkakot | 164473 | Fjölskyldan Bakkakoti | 8,02 | 8,00 | 4 | |
| Berg | 136596 | Anna Dóra Markúsdóttir, Jón Bjarni Þorvarðarson og fjölsk. | 8,25 | 6,13 | 8 | |
| Borg | 165363 | Jóhann Garðar Jóhannesson, Sigríður Elka Guðmundsdóttir. | 8,15 | 6,71 | 7 | |
| Brautarholt | 136195 | Björn, Snorri og Þrándur Kristjánssynir | 8,08 | 6,10 | 10 | *Afkv.* |
| Dalland | 123625 | Gunnar Dungal og Þórdís Sigurðardóttir, Hestamiðstöðin Dalur ehf. | 8,14 | 5,86 | 7 | *Afkv.* |
| Efri-Hreppur | 133954 | Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir | 8,10 | 5,00 | 5 | *Afkv.* |
| Efri-Rauðalækur | 152481 | Fjölskyldan Efri-Rauðalæk | 7,99 | 5,78 | 9 | |
| Efsta-Sel | 199842 | Hilmar Sæmundsson og Daníel Jónsson | 8,33 | 5,50 | 6 | |
| Einhamar 2 | 199124 | Hjörleifur Jónsson og Sif Ólafsdóttir | 8,04 | 5,43 | 7 | |
| Eyland | 163935 | Davíð Matthíasson og Rut Skúladóttir | 8,11 | 6,25 | 4 | |
| Eystra-Fróðholt | 164478 | Ársæll Jónsson, Anna Fía Finnsdóttir og fjölsk. | 8,11 | 6,44 | 9 | |
| Fet | 165077 | Hrossaræktarbúið FET ehf. | 8,09 | 5,71 | 14 | |
| Fornusandar | 163765 | Finnbogi, Magnús Þór og Tryggvi Einar Geirssynir | 7,98 | 7,00 | 4 | |
| Garðshorn | 152487 | Agnar Þór Magnússo og Birna Tryggvadóttir Thorlacius | 8,12 | 4,17 | 6 | |
| Gauksmýri | 144465 | Jóhann Albertsson og fjölskylda, Gauksmýri ehf. | 8,10 | 5,75 | 4 | |
| Grafarkot | 144468 | Fjölskyldan Grafarkoti | 8,11 | 7,00 | 7 | |
| Gunnarsstaðir | 154549 | Fjóla Runólfsdóttir og Jóhannes Sigfússon | 8,07 | 7,20 | 5 | |
| Hafsteinsstaðir | 145977 | Hildur Claessen og Skapti Steinbjörnsson | 7,93 | 5,17 | 6 | |
| Halakot | 166233 | Svanhvít Kristjánsdóttir, Góðhestar ehf | 8,09 | 7,75 | 4 | |
| Hamarsey | 212450 | Hannes Sigurjónsson og Inga Cristina Campos | 8,27 | 6,20 | 5 | |
| Hemla II | 163948 | Lovísa Herborg Ragnarsdóttir og Vignir Siggeirsson | 8,06 | 4,80 | 5 | |
| Hestheimar | 165277 | Marteinn Þ. Hjaltested, Lea Helga Ólafsdóttir, Hestheimar ehf. | 8,13 | 6,20 | 5 | |
| Hjarðartún | 164168 | Óskar Eyjólfsson | 8,11 | 6,25 | 4 | |
| Hlemmiskeið 3 | 166466 | Árni Svavarsson og Inga Birna Ingólfsdóttir | 8,07 | 5,00 | 4 | |
| Hof | 14653X | Lilja Sigurlína Pálmadóttir | 8,29 | 5,75 | 4 | |
| Hvolsvöllur | 860600 | Ásmundur Þór Þórisson, Helga Friðgeirsdóttir og fjölsk. | 8,18 | 5,00 | 4 | |
| Íbishóll | 146044 | Elisabeth Jansen og Magnús Bragi Magnússon | 7,90 | 6,40 | 10 | |
| Kagaðarhóll | 144759 | Guðrún J. Stefánsdóttir og Víkingur Þ. Gunnarsson | 8,13 | 6,20 | 5 | |
| Ketilsst./S-Gegnishólar | 157520/165499 | Bergur Jónsson og Olil Amble | 8,24 | 5,45 | 20 | *Afkv.* |
| Kirkjubær | 164526 | Ágúst Sigurðsson, Unnur Óskarsdóttir og fjölsk., Kirkjubæjarbúið sf. | 8,34 | 5,50 | 4 | |
| Kjarnholt I | 167127 | Guðný Höskuldsdóttir og Magnús Einarsson | 8,33 | 6,60 | 5 | |
| Kollaleira | 158201 | Hans Friðrik Kjerulf | 7,90 | 5,60 | 5 | *Afkv.* |
| Koltursey | 213559 | Elías Þórhallsson, Pétur Jónsson og fjölskyldur | 8,25 | 6,75 | 8 | |
| Leirubakki | 164988 | Anders Hansen og fjölskylda. | 8,06 | 4,50 | 4 | |
| Litlaland | 171767 | Jenný D. Erlingsdóttir og Sveinn S. Steinarsson | 8,03 | 6,50 | 4 | |
| Litli-Garður | 152718 | Herdís Ármannsdóttir og Stefán Birgir Stefánsson | 8,08 | 6,00 | 4 | |
| Lynghóll | 198960 | Árni Þorkelsson og Jakobína Jónsdóttir | 8,07 | 6,67 | 6 | *Afkv.* |
| Lækjarbrekka 2 | 159541 | Pálmi Guðmundsson | 8,17 | 5,50 | 4 | |
| Ós | 152339 | Fjölskyldan Ósi | 8,07 | 6,00 | 4 | |
| Prestsbær | 1008 | Inga og Ingar Jensen, Prestsbær ehf | 8,55 | 6,25 | 4 | |
| Rauðalækur | 16507x | Eva Dyröy, Guðmundur Fr. Björgvinsson, Takthestar ehf. | 8,26 | 5,00 | 5 | |
| Sandhólaferja | 165414 | Sandhólaferjubú ehf | 8,05 | 7,00 | 4 | |
| Sauðárkrókur | 510000 | Guðmundur Sveinsson og fjölsk. | 8,01 | 8,40 | 5 | |
| Saurbær | 146218 | Fjölskyldan Saurbæ | 8,08 | 5,75 | 4 | |
| Seljabrekka | 123762 | Ernir Kristján Snorrason, Seljabrekkubúið | 7,99 | 6,83 | 6 | |
| Skáney | 134459 | Fjölskyldan Skáney, Borgarfirði | 7,87 | 7,33 | 6 | |
| Skipaskagi | 1016 | Jón Árnason og Sigurveig Stefánsdóttir, Skipaskagi ehf. | 8,27 | 5,83 | 6 | |
| Skíðbakki III | 163895 | Erlendur Árnason og Sara Pesenacker | 8,04 | 5,00 | 5 | |
| Steinnes | 144728 | Magnús Jósefsson og fjölsk. | 7,90 | 5,71 | 14 | |
| Steinsholt | 133796 | Jakob Svavar Sigurðsson og Sigurður Guðni Sigurðsson | 8,05 | 5,20 | 5 | |
| Stóra-Vatnsskarð | 146078 | Benedikt G. Benediktsson og fjölsk. | 8,10 | 5,50 | 6 | |
| Strandarhjáleiga | 163970 | Þormar Andrésson, Sigurlín Óskarsdóttir og fjölsk. | 8,08 | 5,33 | 9 | |
| Strandarhöfuð | 163971 | Auður M. Möller, Guðmundur M. Stefánsson, Strandarhöfuð ehf. | 8,00 | 6,80 | 5 | |
| Stuðlar | 171808 | Edda Björk Ólafsdóttir og Páll Stefánsson | 8,18 | 7,75 | 4 | |
| Syðra-Holt | 151975 | Anton Páll Níelsson og Inga María S. Jónínudóttir | 8,08 | 7,40 | 5 | |
| Syðstu-Fossar | 133909 | Unnsteinn Snorri Snorrason og Snorri Hjálmarsson | 8,20 | 6,00 | 4 | |
| Torfunes | 153468 | Baldvin Kr. Baldvinsson | 8,15 | 5,17 | 12 | *Afkv.* |
| Túnsberg | 166835 | Gunnar Kristinn Eiríksson og Magga Brynjólfsdóttir | 7,91 | 6,00 | 5 | |
| Varmalækur | 146245 | Björn Sveinsson og fjölskylda. | 8,12 | 6,56 | 9 | |
| Varmá | 171610 | Janus Halldór Eiríksson | 8,07 | 5,25 | 4 | |
| Vatnsleysa | 146423 | Björn Friðrik Jónsson og fjölskylda, Vatnsleysubúið ehf. | 7,95 | 9,29 | 7 | |
| Vesturkot | 166500 | Finnur Ingólfsson og fjölskylda, Vesturkot ehf | 8,02 | 5,40 | 5 | *Afkv.* |
| Vorsabær | 166502 | Björn Jónsson og fjölskylda | 7,98 | 7,50 | 4 | |
| Vöðlar | 202681 | Ástríður Lilja Guðjónsdóttir, Margeir Þorgeirsson og fjölsk. | 8,10 | 5,00 | 4 | |
| Ytra-Vallholt | 146047 | Björn G. Friðriksson og Harpa H. Hafsteinsdóttir, Vallholt ehf. | 8,10 | 5,67 | 6 | *Afkv.* |
| Þjóðólfshagi 1 | 165164 | Sigurður Sigurðarson og Sigríður Arndís Þórðardóttir | 8,08 | 6,80 | 10 | |
| Þúfur | 146606 | Mette Mannseth og Gísli Gíslason | 8,20 | 5,60 | 10 | |

MENNING & LISTIR

# Þorp verður til




**Vestfirska forlagið hefur gefið út bókina Þorp verður til á Flateyri Eftir Jóhönnu Guðrúnu Kristjánsdóttur með teikningum Freydísar Kristjánsdóttur. Um er að ræða 1. hefti af þrem sem væntanleg eru.**

Flateyri við Önundarfjörð varð til sem þorp á síðari hluta 19. aldar. Eins og önnur þorp við sjávarsíðuna allt í kringum landið voru fiskveiðar og vinnsla aflans sá atvinnugrunnur sem gerði búsetu á mölinni eftirsóknarverða fyrir þá sem voru að koma undir sig fótunum.

Í þessu verki er grundvöllurinn fréttaefni úr sendibréfum sem rituð voru á Flateyri um aldamótin 1900 og eru þau hluti tveggja bréfasafna sem hafa nú um 100 ára skeið legið þar í ferðakofforti og kommóðuskúffu.

Vélabásinn

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



# Stærri XLV útgáfa af SsangYong Tivoli:

# Nánast fullkominn fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll

**Fyrir nokkru kom ég í Bílabúð Benna í forvitnisheimsókn og sá þá nýjan og stærri SsangYong Tivoli XLV á gólfinu hjá þeim, en SsangYong Tivoli, styttri útgáfan, var prófuð í Bændablaðinu í sumar.**

Þessi bíll hafði komið daginn áður en ég kom þarna við og fékk ég að prófa bílinn þrátt fyrir að hann hafi ekki enn verið formlega frumsýndur, en það verður væntanlega fyrstu helgina í janúar 2017.

### *Vellíðan ökumanns er greinilega ofarlega í huga hönnunar*

Strax og ég settist inn í bílinn varð ég hrifinn af ökumannssætinu sem styður vel við bakið og minnir einna helst á sæti í rallýbíl. Fótapláss er gott, upphitað stýri sem hentar vel vetrarkuldanum. Ég var þó hrifnastur af hitakerfinu í ökumanns- og farþegasætunum fram í bílnum, sem er bæði með hita- og kælibúnaði.

Hitinn í sætinu nær alveg upp undir herðablöð, en ekki eins og í flestum bílum, þ.e. rétt upp á mjóhrygg. Sætið er fljótt að hitna, en það eru ekki margir bílar sem bjóða upp á kælingu á framsætunum, en að geta kælt sæti á heitustu dögum er eitthvað sem fáir hafa kynnst. Að geta kælt sitjandann og bakið er hreinn unaður og hressir mann mikið, sérstaklega í langkeyrslu. Sérstaklega hentugt fyrir þá sem eru gjarnir á að verða syfjaðir við akstur.

### *Mikið lagt upp úr öryggi*

Flestir framleiðendur bíla leggja æ meira upp úr öryggi ökumanns og farþega og er þessi bíll mjög framarlega ef hugsað er til öryggis. Sem dæmi þá er í bílnum akreinavari sem les málaðar veglínurnar. Meira að segja þar sem vegmerking er varla sýnileg les bíllinn sem vegmerkingu. Neyðarhemlun og árekstrarvari sem hemlar sjálfkrafa við hættulega nálgun. Ef maður nauðhemlar sjálfur kveikir Tivoli XLV sjálfkrafa blikkljósin allan hringinn til að vara aðra við hættunni. Ég prófaði þetta í prufuakstrinum og virkaði vel.

Þegar keyrt er með háu ljósin úti á vegum í myrkri skiptir bíllinn sjálfkrafa ljósgeislanum niður sé bíll að koma á móti og þegar bíllinn sem á móti kom er kominn aftur fyrir skiptir Tivoli XLV aftur á háu ljósin. Hægt er að vera með þrjár stillingar á þunga á stýrinu, létt, miðlungs og þungt, sem hentar vel fyrir mismunandi akstur og aksturskilyrði. Margt fleira er til þæginda og öryggis og má þar helst nefna HSA brekkuhjálp, ARP veltivörn, ESP stöðuleikastýringu, FTCS skriðvörn og margt fleira.

### *Prufurúnturinn í styttra lagi*

Þegar dagar eru svona stuttir og dagsbirtan ekki nema í skamman tíma vilja prufurúntar hjá mér verða í styttra lagi, en samt náði ég að keyra bílinn tæpa 150 km.

Þrátt fyrir vetrardekk heyrðust nánast engin umhverfishljóð inn í bílinn á malbiki. Á malarvegi fjaðrar bíllinn skemmtilega og tekur vel glettilega stórar holur. Það hjálpaði eflaust að yfirstærð af dekkjum var undir bílnum, en belgurinn á þeim gefur vissa fjöðrun. Sáralítið malarhljóð var að heyra undan botni bílsins.

Sé fjórhjóladrifinu læst er hægt að keyra mjög ákveðið í gegnum beygju á lausum malarvegi án þess að bíllinn renni neitt til. Eflaust hjálpuðu það mikið ný vetrardekkin. Sé skarplega tekið af stað á lausum malarvegi finnur maður vel hvernig fjórhjóladrifið vinnur og bíllinn er snöggur að ná umferðarhraða.

### *Kostir margfalt fleiri en ókostir*

SsangYong Tivoli XLV er með 1,6 lítra dísilvél sem skilar 115 hestöflum. Þessi vél er fín í minni Tivoli bílinn sem er undir 1500 kg. Þessi er heldur þyngri og mætti vélin alveg vera 5-10 hestöflum kraftmeiri. Enda býður bíllinn upp á mikla hleðslu sökum mikils rýmis. Miðað við stærð vélarinnar er togkrafturinn í vélinni þó góður, eða 300 (Nm) við 1.500-2.500 snúninga. Dráttargetan er 1.500 kg.

Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 6,3 lítrar á hundraðið, en samkvæmt aksturstölvu var ég að eyða í blönduðum akstri 7,5 lítrum, sem ég tel ágætt miðað við aksturskilyrði.

Farangursrými er mikið og gott aðgengi, en smá ókostur er að það er lítil brún niður á gólfið í farangursrýminu.

Varadekkið er það sem ég kalla „aumingja“, en bíllinn var á nýjum naglalausum vetrardekkjum sem voru aðeins of stór og þau rákust upp í afturbrettin þegar farið var yfir hraðahindranir.

Bakkmyndavélin sýnir vel aftur fyrir bílinn, en er óvenju neðarlega sem þarf að venjast sé borið saman við aðra bíla.

Verðið er hagstætt, sérstaklega sé innkaupsverð miðað við sambærilega fjórhjóladrifna bíla. Ódýrasti SsangYong Tivoli XLV er frá 3.990.000 og upp í 5.290.000.

Allir SsangYong bílar frá Bílabúð Benna eru með fimm ára ábyrgð, en nánar má fræðast um SsangYong á vefsíðunni www.benni.is.




**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Hæð | 1.605mm |
| Breidd | 1.798 mm |
| Lengd | 4.440 mm |

**SsangYong Tivoli XLV.** Myndir / HLJ




**Afturljósin eru óvenju stór og skær á Tivoli XLV.**




**Augað á bakkmyndavélinni er óvenju neðarlega.**



**Gott fótapláss og rými í aftursætum.**




**E er sparakstursstillingin. W er vetrar- og snjóstillingin og P er meiri kraftur og snerpa. Svo er hægt að læsa fjórhjóladrifinu í þessum fólksbíl.**



**Hiti stilltur á hægra sætið, en kæling á vinstra sætið.**

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Árlegur desemberpistill nánast óbreyttur:

# Góð vísa er aldrei of oft kveðin

**Þessi pistill var skrifaður að mestu fyrir tveim árum og er birtur nú í þriðja sinn að mestu orðréttur frá jólablaði Bændablaðsins síðustu tvö ár sem áminning um ýmislegt sem huga þarf að fyrir jólin.**

Fátt gleður augað meira en sú hefð Íslendinga að skreyta úti í sínu næsta nágrenni hús, vélar og fleira með fallegum litskrúðugum ljósum í desember. Kunningi minn er einn af þessum sem skreyta meira en aðrir og vekur alltaf athygli. Þegar hann byrjaði að skreyta svona mikið gerði hann mörg mistök, setti of margar ljósaseríur á of lítið rafmagn, ekki allir tenglar og fjöltengi voru vatnsheld og í rigningu sló allt út. Fjöltengi og framlengingarsnúrur þurfa að þola álagið og íslenskt veðurfar sem þeim er ætlað, annars er hætta á íkveikju og útslætti á rafmagni. Margar framlengingarsnúrur eru ekki ætlaðar fyrir mikið rafmagn og geta hitnað mikið við álag. Að kaupa ódýr fjöltengi og framlengingarsnúrur getur verið kostnaðarsamt, en ein algengasta orsök bruna sem verður út af rafmagni er af því að of mikið er tekið af rafmagni af einum stað.

***Slökkvitæki, reykskynjarar og eldvarnarteppi er skyldueign***

Kertanotkun eykst hjá flestum um jól og áramót, en að mörgu er að hyggja þegar kerti eru annars vegar. Dæmi eru um kertaskreytingar sem hafa fuðrað upp og valdið miklum eldsvoða, heimilisdýr rekið sig í kerti og kveikt í, vindgustur í gardínum yfir kerti og gardínan fuðraði upp, svona má eflaust lengi upp telja.



Vissara er að fara að öllu með gát við uppsetningu á jólaljósunum.



Pétursey í sólaruppkomu í desember.

Mörgum eldsvoða hafa reykskynjarar bjargað, en í þeim þarf að skipta um rafhlöðu einu sinni á ári. Ágætis regla er að hafa ákveðinn dag til að skipta um rafhlöðuna og mæli ég með að nota Þorláksmessu sem „reykskynjararafhlöðudaginn“.

Slökkvitæki eiga að vera til á öllum heimilum og ef hæðir eru margar í íbúðarhúsi ætti að vera eitt slökkvitæki á hverri hæð, þau þarf að yfirfæra reglulega (sjá merkingar á tækjunum). Eldvarnarteppi á að vera staðsett nálægt eldavélinni á hverju heimili.

***Njótum jólanna í kærleik og verum vinir***

Jól og áramót er sá tími ársins er ættingjar og vinir hittast og er flestum mjög kær og töluvert er um ferðalög á milli landshluta. Það getur verið gaman að ferðast og sjá landið í skammdeginu í allt öðru ljósi en á hefðbundnum „ferðalagamánuðum“ en á þessum hátíðisdögum leynist líka hætta.

Síðustu ár hefur mátt lesa greinar í fjölmiðlum um óhöpp, kvíða og stress sem tengist jólaundirbúningi vegna þess að það er svo mikið sem þarf að gera fyrir jólin. Það eru bæði börn og fullorðið fólk sem líður illa og kvíðir fyrir jólunum af ýmsum ástæðum.


Sýnum kærleika um jólin, verum góð hvert við annað, ferðumst með æðruleysi og jákvæðni í umferðinni, elskum nágrannann eins og við elskum okkur sjálf.

Ég vil þakka þeim sem hafa gefið sér tíma til að lesa þessa stuttu pistla síðustu ár og vona að þeir hafi komið einhverjum að gagni. Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

MENNING & LISTIR

# Sigurðar sögur dýralæknis

**Sigurður Sigurðarson dýralæknir hefur gefið út enn eina bókina í flokki bóka sem hann kallar „Sigurðar sögur dýralæknis“. Nú er um að ræða „kommúnistarautt“ kver í kiljuformi sem geymir gamansögur af prestum, stjórnmálamönnum, læknum, sjúklingum og skepnum.**




Sigurður er annálaður sagnamaður og hefur áður gefið út bæði íhaldsblátt og framsóknargrænt kver og það næsta verður þá að sjálfsögðu gult. Hann kemur víða við í nýjustu bókinni. Er þar að finna bráðsmellnar stuttar sögur um menn og dýr sem eiga erindi inn á hvert heimili. Hér er ein stutt saga úr bókinni:

***Flugur***

Prestur einn í Ameríku var sjúklega hræddur við eiturflugur. Eitt sinn undir messu sér hann hvar eiturfluga kemur á gluggann í kirkjunni, hnitar hringa og steypir sér ofan í predikunarstólinn. Hún fer undir hempuna og skríður upp.

Prestur reynir að halda þræðinum, skjálfandi af spennu meðan hann miðar á fluguna og smellir með lófanum á lærið, en missir marks. Um leið stingur flugan og er strax komin yfir á hitt lærið, enda er þetta skoskur prestur í pilsi.



Sigurður Sigurðarson. Mynd / HKr.

Prestur miðar á ný og smellir. Nú hitti hann.

Söfnuðurinn verður var við þessa undarlegu hegðun prestsins, hopp og lærasmelli og hann kemst ekki hjá því að útskýra þetta. Hann segir:

„Látið ykkur ekki bregða, mínir elskanlegu. Þótt guðsorð sé í munni mér, er djöfullinn í buxunum.“

## KROSSGÁTA Bændablaðsins

### Lausn á krossgátu í síðasta blaði



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 51 | LJÓMANDI | SETIS | DÁ | TVÍHLJÓÐI | SKJÓTUR | | ODDI | DEYÐA | AFSPURN | GRIND |
| | | | | STEFNU-MÓT | Á | S | T | A | F | U | N | D | U | R |
| | | | | GÁLUR | G | Æ | R | U | R | Á FLÍK ÓNÆÐI | E | R | M | I |
| | | | | TÆRA | Æ | T | A | FRAM-BURÐUR HNUGGINN | Á | R | S | E | T | S |
| | | | | GLITRA PRUFA | T | I | N | D | R | A | FÁLM MARÐAR-DÝR | P | A | T |
| | ↓ | HESTUR | TAPA TVEIR EINS | M | I | S | S | A | KLÆÐI UTAN | S | J | A | L | STARFS-GREIN |
| FRÁ-RENNSLI | A | F | R | Á | S | AUGNHÁR | TROMMA AKSTURS-ÍÞRÓTT | P | Á | K | A | ÓSÆTTI | SOG | F |
| HLIÐ | P | O | R | T | SKÍÐA-ÍÞRÓTT KVK NAFN | B | R | U | N | ÆÐTLUNAR-BÍLL TÍMABILS | R | Ú | T | A |
| FÆÐDI | Ó | L | PENINGAR GERVIEFNI | A | U | R | A | R | SLAGSMÁL TUSKA | Á | F | L | O | G |
| MÁLMUR | T | I | N | HOLU-FISKUR YFIRGAF | N | Á | L | NÝFALLIN SNJÓR SAMTALS | D | R | I | F | T | LYKTAR |
| | E | IDKA HEIMA-MAÐUR | Æ | F | A | ÓBUNDINN RUGLA | L | A | U | S | UTANHÚSS HYGGJAST | Ú | T | I |
| MÆLI-EINING | K | Í | L | Ó | FUGL UPPTÖK | F | Ý | L | L | RÁS ÁUM | Æ | Ð | REYKJA | L |
| FISKUR | A | B | O | R | R | I | BAKTAL KRINGUM | L | A | S | T | HLJÓM FRÁ | Ó | M |
| LETUR-TÁKN | R | Ú | N | NÚMER TÖNVERKS | Ó | P | U | S | ÁMÆLA | Á | L | A | S | A |
| TVEIR | I | I | MÁLHELTI | S | T | A | M | DÝSJAR | G | R | A | F | A | R |



## Líf og lyst

### Bærinn okkar




**Fyrri hluta árs 2014 tók Marteinn við búinu af foreldrum sínum, Aðalsteini Jónssyni og Ólavíu Sigmarsdóttur. Þau fluttu sig neðar í dalinn og reka þar ferðaþjónustuna Á hreindýraslóðum. En faðir Marteins hefur alltaf verið með annan fótinn á Klausturseli. Í janúar 2016 flutti Jenný í Klaustursel.**

Um haustið 2014 voru byggð ný fjárhús sem rúma tæp 400 fjár við hliðina á þeim gömlu, gaflagrindahús á taði. Það tókst að loka þeim fyrir veturinn en síðan var innréttað inn í þau um veturinn.

Gömlu fjárhúsin voru byggð í kringum 1960 en voru síðan endurbætt smám saman fyrir okkar tíð og rúma tæpar 320 kindur.

**Býli:** Klaustursel.

**Staðsett í sveit:** Jökuldal, Fljótsdalshéraði.

**Ábúendur:** Marteinn Óli Aðalsteinsson og Jenný Hekla Örvar.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum eina dóttur, Sesselju Margréti. Við eigum einn hvolp og Jenný á sauðinn Blóma.



**Stærð jarðar?** Jörðin er tæpir 11 þúsund hektarar.

**Gerð bús?** Við erum eingöngu með sauðfé.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Við erum með 509 ær, 111 gemlinga og nokkra hrúta.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Þessa dagana er fénu gefið morgna og kvölds, sæðingar búnar og hrútar komnir í, þá er fylgst með hvort ekki sé allt í lagi.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Marteini finnst jarðvinnsla skemmtilegust, en þegar það fer að vetra og snjóa þá er tilgangslausasta vinnan að moka snjó. Jenný elskar sauðburðinn mest, eins og er þá er hún ekki búin að finna neitt leiðinlegt við bústörfin. Dóttir okkar elskar að vera í návist við dýrin.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Síðastliðin ár hefur verið sóttur heyskapur annað. Við sjáum fyrir okkur með aukinni ræktun og fjölgun túna að það verði heyjað eingöngu á heimalandi eftir 5 ár.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Félagsmál skipta miklu máli.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Íslenskum landbúnaði á eftir að vegna vel í framtíðinni, því það sem við framleiðum hér er einstakt og gott.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Við sjáum svo sem ekki af hverju við eigum að vera að flytja út íslenskar búvörur. Frekar ætti að markaðssetja þetta betur hér. Varðandi lambakjötið þá þarf að koma því meira inn á íslenska veitingastaði og gera það vel til að geta selt þessum milljón ferðamönnum sem koma hingað til landsins.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk og ostur.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Rollukjöt og kjúklingur.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar nýju fjárhúsin voru byggð vorum við með hreindýrskálf sem elti okkur um allt og át naglapakkana.

---

# Spennandi jurtafæðisréttir á jólunum

Sífellt fleiri vilja bæta meira grænmeti við mataræði sitt og sumir fara alla leið og taka upp vegan mataræði sem er án allra dýraafurða. Ástæðurnar eru margar, hjá sumum er það umhverfisvernd, aðrir bera hag dýra fyrir brjósti og svo eru það þeir sem líður hreinlega betur líkamlega af jurtafæði. Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að ungt fólk fylgi vegan lífsstíl og hafa foreldrar oft áhyggjur af því að börnin þeirra fái ekki nóg prótein, kalk og járn sem flestir sækja sér úr dýraafurðum auk þess sem þá skortir hugmyndir til að elda góða og einfalda rétti úr jurtaríkinu.

Ein þeirra sem skipti algerlega yfir í glútenlaust jurtafæði af heilsufarslegum ástæðum er **Ella Mills** sem fékk lausn á sínum veikindum með breyttu mataræði, en hún þjáðist af stöðubundinni hjartsláttartruflun sem lýsir sér með auknum og óreglulegum hjartslætti og algjöru orkuleysi og vanlíðan.

Hún rekur einnig veitingastaði í London og framleiðir vörur undir eigin nafni og heldur úti bloggi á slóðinni ***deliciouslyella.com***.

Í bókinni hennar, **Ómótstæðileg Ella**, sem er nýkomin út á íslensku í þýðingu Maríu Ránar Guðjónsdóttur, deilir hún uppskriftum að ýmsum gómsætum réttum og eyðir mýtunni um að grænmetismatur sé bragðlaus og óspennandi.

Hér eru uppskriftir að ljúffengum grænmetisréttum úr smiðju Ellu sem myndu sóma sér vel á hvaða hátíðarveisluborði sem er. Með þeim má að sjálfsögðu bera fram kjöt fyrir þá sem eru ekki tilbúnir að sleppa alveg takinu á því. Verði ykkur að góðu!

## Fylltir kastaníusveppir

**Fyrir fjóra**

Það besta við þennan rétt er hvernig sólþurrkaða tómata- og furuhnetufyllingin bráðnar inn í sveppina þegar þeir bakast, það er himneskt.

- 12 kastaníusveppir
- 1 stór bolli sólþurrkaðir tómatar (180 g)



- góð handfylli af ferskri basilíku
- ¾ stór bolli furuhnetur (100 g)
- 2 msk. tahini
- safi úr 1 límónu
- salt og pipar

**Aðferð**

Hitið ofninn í 200°C (blástur 180°C).

Fjarlægið stilkana úr sveppunum og raðið þeim á bökunarplötu.

Brytjið sólþurrkaða tómata og basilíku, blandið þeim síðan saman við furuhnetur, tahini, límónusafa, salt og pipar.

Fyllið sveppina með blöndunni og stráið afganginum ef einhver er í kringum sveppina.

Stingið sveppunum í ofninn og bakið í 15-20 mínútur þar til þeir eru mjúkir og gómsætir.

***Gott ráð***

Prófið að nota sólþurrkuðu tómatablönduna fyrir pastasósu í staðinn fyrir að fylla sveppina með þeim – það er stórkostlega gott!

## Kryddlegið grænkálssalat

**Fyrir fjóra**

- stór poki grænkál (250 g)
- 2 límónur
- 4 msk. tahini
- 3 msk. tamarisósa
- 2 msk. ólífuolía
- ½ stór bolli granateplafræ (120 g)
- salt og pipar

**Aðferð**

Rífið grænkálslaufin af stilkunum í salatskál.

Kreistið safa úr límónum og bætið honum út í skálina ásamt tahini, tamarisósu og ólífuolíu.

Nuddið salatsósunni vel inn í grænkálið. Eftir nokkrar mínútur ættirðu að finna grænkálið gefa eftir og mýkjast.

Bætið nú við granateplafræjum.

***Gott ráð***

Prófið að gera salatið matarmeira með því bæta við ofnbökuðu grænmeti eins og sætum kartöflum, eggaldin eða gulrótum. Þið getið líka bætt við avókadó til að fá með svolitla viðbót af mjúku lostæti, eða graskers- eða sólblómafræjum fyrir meira prótein og eitthvað stökkt undir tönn.

## Epla- og brómberjahröngl

**Fyrir fjóra**

**Yfirlagið**

- 1 stór bolli möndlur (200 g)
- 1 ½ stór bolli hafrar (180 g)
- 3 kúfaðar msk kókosolía
- 1/3 stór bolli hlynsíróp (100 ml)
- 2 tsk. kanill



**Undirlagið**

- 6 rauð epli
- 2 stórir bollar brómber (400 g)
- 1 msk. hlynsíróp
- 1 tsk .kanill

**Yfirlagið**

Malið möndlur í matvinnsluvél í nokkrar mínútur þar til þær verða að mjöli, setjið það síðan í skál ásamt höfrum.

Hitið kókosolíu, hlynsíróp og kanil hægt og rólega í potti þar til allt hefur bráðnað vel saman. Hellið yfir hafra- og möndlublönduna og hrærið þar til öll þurrefnin eru þakin. Undirlagið Þegar yfirlagið er tilbúið afhýðið þið eplin og skerið kjarnana frá, skerið þau síðan í litla bita. Setjið þau í pott ásamt brómberjum, hlynsírópi, kanil og sjóðandi vatni sem hylur botninn í pottinum, um einn sm.

Setjið lok á pottinn og leyfið ávöxtunum að krauma í um 10 mínútur þar til þeir eru mjúkir og fínir. Hitið ofninn á meðan í 200°C (blástur 180°C).

Færið ávextina í ofnfast form og stráið hrönglinu yfir. Bakið í 25–30 mínútur þar til það er orðið fallega brúnt. Berið fram og njótið!

***Gott ráð***

Prófið að borða afgangana af hrönglinu í morgunmat með smá kókosjógúrt eða möndlumjólk – það er svo ljúffengt!

## Bananaís - fyrir fjóra

Eins-hráefnis bananaís er mesta töfrauppskrift sem ég hef nokkru sinni búið til. Í fyrsta skipti sem ég lagaði hann dansaði ég í alvörunni um í eldhúsinu og söng af gleði því að hann bragðast nákvæmlega eins og ís. Raunar er hann kannski enn ljúffengari þar sem áferðin er mýkri og rjómakenndari. Ég veit að það er erfitt að trúa því að frosnir bananar geti orðið að ís án þess meira að segja að nota ísvél en trúið mér – þið verðið svo hrifin! Mér finnst gott að gera hefðbundnu útgáfuna en þið getið líka lífgað upp á ísinn og bætt við frosnum berjum til að búa til berjabragð, eða döðlum og möndlusmjöri fyrir karamelluútgáfuna.

- 8 mjög þroskaðir bananar (1,3 kg)

Afhýðið bananana og skerið þá í þunnar sneiðar.

Setjið sneiðarnar í skál inn í frysti í að minnsta kosti sex klukkustundir.

Takið þá út úr frystinum þegar þið eruð tilbúin að búa til ísinn og leyfið þeim að standa við stofuhita í fimm mínútur eða svo.

Blandið bananana í matvinnsluvél í mínútu eða tvær, þar til þeir eru orðnir alveg mjúkir og dásamlegir. Þá bætið þið frosnum berjum saman við ef þið viljið, eða döðlum og möndusmjöri ef þið viljið, og blandið.

***Gott*** ráð

Látið bananana verða virkilega ofþroskaða áður en þið frystið þá – það gerir ísinn enn mýkri. Þetta er frábær leið til að nota gamla banana því að þeir geymast í frysti vikum saman svo að þeir bíða þín þegar íslöngunin vaknar!

HANNYRÐAHORNIÐ garn@garn.is

# Létt í spori

**Þessa fallegu sokka er vinsælt að prjóna, norskt munstur sem kemur vel út í alls konar lita-samsetningum. Drops Karisma garnið færðu hjá okkur og er það til í 42 litbrigðum.**



**DROPS Design:** Mynstur nr. u-782

**Garnflokkur B**

**Stærð:** 32/34 - 35/37 - 38/40 - 41/43

Lengd fótar: 20 - 22 - 24 - 27 cm

Hæð á stroffi: ca 18 - 19 - 19 - 20 cm

**DROPS KARISMA frá Garnstudio**

100 g í allar stærðir nr 01, natur

50 g í allar stærðir nr 18, rauður

DROPS SOKKAPRJÓNAR NR 3,5 – eða sú stærð sem þarf til að 23 l x 32 umf með mynstri verði 10 x 10 cm.


DROPS SOKKAPRJÓNAR NR 3 – fyrir stroff.

**MYNSTUR:**

Sjá teikningu A.1. Allt mynstrið er prjónað með sléttprjóni.

**HÆLÚRTAKA:**

UMFERÐ 1 (= rétta): Prjónið sl þar til 9-9-9-11 l eru eftir, takið 1 l óprjónaða eins og prjóna eigi hana sl, 1 l sl, steypið óprjónuðu l yfir, snúið við.




UMFERÐ 2 (= ranga): Prjónið br þar til 9-9-9-11 l eru eftir, takið 1 l óprjónaða eins og prjóna eigi hana br, 1 l br, steypið óprjónuðu l yfir, snúið við.

UMFERÐ 3 (= rétta): Prjónið sl þar til 8-8-8-10 l eru eftir, takið 1 l óprjónaða eina og prjóna eigi hana sl, 1 l sl, steypið óprjónuðu l yfir, snúið við.

UMFERÐ 4 (= ranga): Prjónið br þar til 8-8-8-10 l eru eftir, takið 1 l óprjónaða eins og prjóna eigi hana br, 1 l br, steypið óprjónuðu l yfir, snúið við.

Haldið áfram á sama hátt með því það fækki um 1 l áður en 1 l er steypt yfir þar til 8-8-10-10 l eru eftir á prjóni.

**SOKKUR:**

Stykkið er prjónað í hring á sokkaprjóna. Fitjið upp 52-52-56-68 l á sokkaprjóna nr 3 með natur.




Prjónið 1 umf sl, haldið áfram með stroff (= 2 l br, 2 l sl). Þegar stroffið mælist 4-5-5-6 cm prjónið 1 umf sl JAFNFRAMT er fækkað um 4-4-8-4 l jafnt yfir = 48-48-48-64 l. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr 3,5. Prjónið 1 umf slétt.

Prjónið nú A.1 (= 16 l) yfir allar l (= 3-3-3-4 sinnum hringinn).

ATHUGIÐ PRJÓNFESTUNA! Þegar A.1 hefur verið prjónað 1 sinni á hæðina er haldið eftir 12-12-13-15 l á prjóni, setjið næstu 24-24-22-34 l á band (= mitt ofan á rist) og haldið eftir síðustu 12-12-13-15 l á prjóni = 24-24-26-30 l á hæl. Prjónið sléttprjón fram og til baka yfir hæl-l með natur í 4½-5-5½-6 cm. Setjið 1 prjónamerki í stykkið. Prjónið síðan HÆLÚRTÖKU – sjá skýringu að ofan! Eftir hælúrtöku eru prjónaðar upp 10-10-12-10 l með natur hvoru megin við hæl og 24-24-22-34 l af bandi eru settar til baka á prjóninn = 52-52-56-64 l. Setjið 1 prjónamerki hvoru megin við 26-26-28-32 l ofan á fæti. Haldið áfram hringinn með natur JAFNFRAMT er fellt af á hvorri hlið þannig: Prjónið 2 síðustu l á undan 26-26-28-32 l ofan á rist slétt saman og 2 fyrstu l á eftir 26-26-28-32 l ofan á rist snúnar slétt saman. Endurtakið úrtöku í annarri hverri umf alls 4 sinnum = 44-44-48-56 l. Þegar stykkið mælist ca 16-18-20-22 cm frá prjónamerki á hæl (= ca 4-4-4-5 cm eftir) setjið 1 prjónamerki í hvora hlið þannig að það verða 22-22-24-28 l bæði ofan á rist og undir il. Haldið áfram hringinn með sléttprjón með natur yfir allar l. JAFNFRAMT er fellt af fyrir tá hvoru megin við bæði prjónamerkin þannig: 3 l á undan prjónamerki: 2 l slétt saman, 2 l sl (prjónamerki er staðsett mitt á milli þessa 2 l), 2 l snúnar slétt saman. Endurtakið úrtöku í annarri hverri umf alls 3-3-3-4 sinnum og síðan í hverri umf alls 6-6-7-7 sinnum = 8-8-8-12 l eftir á prjóni. Klippið frá, dragið bandið í gegnum þær l sem eftir eru, herðið að og festið vel. Prjónið annan sokk alveg eins.

*Prjónakveðja*
*mæðgurnar í Handverkskúnst*

Vantar þig íslenskan lopa?
Álafosslopi - Plötulopi - Léttlopi - Einband - Bulkylopi - Kambgarn
Heimasíðan gefjun.is býður upp á lopa frá Ístex á lægsta fáanlega verði !
LÆGSTA VERÐIÐ 100% LÆGSTA VERÐIÐ VERÐVERND
Sendum um allt land!
GEFJUN.IS
25% afsláttur
Alpakka garn frá Drops
á tilboðsverði til 31. desember
Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102b, 110 Reykjavík - sími 587-6662

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | | 3 | | 8 | | | 2 |
| | | 2 | | 6 | | 9 | | 4 |
| | 6 | 5 | | 4 | | 3 | 7 | |
| | 9 | 6 | 4 | | 3 | 2 | 1 | |
| 1 | | | 9 | | 6 | | | 3 |
| | 3 | 4 | 1 | | 7 | 8 | 6 | |
| | 5 | 1 | | 9 | | 7 | 3 | |
| 9 | | 8 | | 3 | | 1 | | |
| 6 | | | 8 | | 1 | | 9 | 5 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 2 | | | 8 | | 6 | |
| | | 8 | 6 | 9 | | | | 1 |
| | 7 | | 4 | | | 2 | | 9 |
| | | | 9 | 2 | | 5 | 3 | 4 |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 5 | 2 | 3 | | 7 | 4 | | | |
| 8 | | 9 | | | 7 | | 2 | |
| 7 | | | | 5 | 6 | 3 | | |
| | 3 | | 1 | | | 6 | 4 | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 6 | | 2 | | 8 | |
| | | 4 | | | | 9 | | |
| 8 | | | | 7 | | | | 1 |
| 1 | | 2 | 3 | | 8 | 7 | | 6 |
| | | | 4 | | 1 | | | |
| 3 | | 9 | 7 | | 6 | 1 | | 4 |
| 6 | | | | 4 | | | | 5 |
| | | 3 | | | | 2 | | |
| | 5 | | 2 | | 3 | | 1 | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | 6 | 4 | | | | |
| | | 9 | 7 | | 3 | | 6 | 2 |
| 4 | | | | | | | | 1 |
| | 6 | 4 | 9 | | | | | |
| 2 | | | | | | | | 9 |
| | | | | | 2 | 5 | 7 | |
| 6 | | | | | | | | 5 |
| 1 | 3 | | 5 | | 4 | 8 | | |
| | | | | 8 | 6 | 2 | | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Fluttur til Íslands og búinn að eignast vini

**Matti á heima í Garðabæ og flutti aftur til Íslands fyrir einu ári eftir að hafa átt heima í Hollandi í sjö ár. Hann er eiginlega alveg orðinn vanur að búa á Íslandi og er búinn að eignast góða vini.**



**Nafn:** Matthías Thor (Matti).

**Aldur:** 9 ára.

**Stjörnumerki:** Hrútur.

**Búseta:** Garðabær.

**Skóli:** Hofsstaðaskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Íþróttir.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur.

**Uppáhaldsmatur:** Subway.

**Uppáhaldshljómsveit:** Veit ekki.

**Uppáhaldskvikmynd:** Inside Out.

**Fyrsta minning þín?** Að vera í skemmtigarði í Hollandi þegar ég var 2 ára.

**Ærfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Já ég æfi handbolta.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Dýralæknir.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Að fara í risastóran rússibana.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Já, ég fór aftur í heimsókn til Hollands að hitta vini mína. Svo fór ég í sumarbústað og á námskeið.

**Næst »** Matthías skorar á Hilmi, vin sinn úr Hofsstaðaskóla, að svara næst.

# JÓLAÞRAUTIR FYRIR UNGA FÓLKIÐ

**Að þessu sinni eru lagðar þrjár þrautir fyrir unga fólkið.**

Lesendum er heimilt að túlka hugtakið „ungt fólk“ eftir eigin tilfinningu þar sem það getur verið afstætt hvernig á það er litið. Öllum er því heimilt að spreyta sig á þessum gátum óháð því hvað kennitalan segir. Skemmtilegt væri að gera úr þessu keppni milli yngri og eldri og sjá hverjum gangi betur að leysa þrautirnar.

Við á Bændablaðinu lítum svo á að enginn sé eldri en hann hefur sjálfur tilfinningu fyrir þó skrokkur og fallþungi virðist stundum benda til einhvers annars. Hjá sumum heitir það víst að vera ungur í anda og þar sem jólin eru




á næsta leiti þá höldum við okkur bara við það.

***Lausnir á þessum gátum má finna á smáauglýsingasíðum hér fyrir aftan.***

**1**


Hvaða tveir kubbar, frá A til G, passa utan á rauða kubbinn svo þeir myndi saman ferhyrning?




**2**


Hvaða vantar marga múrsteina í þennan vegg?

Eru það: A 20 B 25 D 30



**3**

Þrjú formin eru eins, þótt þau snúi mismunandi, en fjórða formið er öðruvísi. Hvaða form er það?






Ronja Sif Björk, barnabarn Önnu og Páls, brá sér í leiðangur um skóg ömmu sinnar og afa og var í sannkölluðu jólaskapi. Hægur vandi verður að finna trén fyrir þessi jól, ekki snjókorn í skóginum. Til stendur að höggva trén næstu daga og kaupendur fá þau send heim á hlað. Myndir / MÞÞ

Reykhúshjónin höggva jólatré:

# Engin vandræði að komast um skóginn í snjóleysinu

**„Við förum að huga að því næstu daga að höggva jólatrén,“ segir Anna Guðmundsdóttir, skógarbóndi í Reykhúsum í Eyjafjarðarsveit, en hún og maður hennar, Páll Ingvarsson, hafa stundað skógrækt um árabil og er nú svo komið að þau hafa færi á að selja nokkra tugi jólatrjáa fyrir komandi jól.**

Anna og Páll buðu sveitungum sínum fyrr í haust að líta við í skógi sínum og velja sér tré og var það merkt kaupanda. Veðrið hefur ekki verið að angra landsmenn og er skógurinn marauður og færð nánast eins og á góðum haustdegi. „Það hefur viðrað vel og verða engin vandræði að komast um skóginn, en við förum að hefjast handa við að höggva trén nú næstu daga,“ segir Anna.

Anna og Páll eru þeirrar skoðunar að Íslendingar ættu að geta framleitt öll þau jólatré sem landsmenn nota hér á landi, í stað þess að flytja bróðurpartinn inn einkum frá Danmörku. Þau bjóða upp á rauðgreni og er Anna sannfærð um að hægt sé að auka vinsældir þess á komandi árum og hefja á sinn fyrri stall sem ákjósanlegt jólatré. Mestu skiptir í þeim efnum að höggva trén skömmu fyrir notkun og meðhöndla



þau rétt. Sé það gert heldur það barri sínu með ágætum.

***Auðvelt að rækta rauðgreni fyrir norðan***

„Rauðgrenið hefur mjög átt undir högg að sækja hin síðari ár, en ég hef fulla trú á að breyting verði þar á, með réttum aðferðum ætti það að ná sínum fyrri vinsældum,“ segir Anna og bendir á að auðvelt sé að rækta rauðgreni á Norðurlandi, þar séu kjörin svæði til slíkrar ræktunar og bændur sem áhuga hefðu á að sinna slíkri ræktun meðfram öðrum búskap ættu til framtíðar litið að geta fengið góða uppskeru. */MÞÞ*

# JÓLAKROSSGÁTA BÆNDABLAÐSINS



MYND: BONBON (CC BY-SA 2.0)

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | MISTUR<br>ÚRHELLI | SAMSTÆÐA<br>KÚLU | | BEIN | | KVABB<br>SÆTI | | LJÓMI<br>ÞYRPING | | | KVELJA<br>GAN | | BRIGSLA | EINING<br>SKAF | |
| ÖRLÁTUR | | | | | | ÓREGLA | | | | | SÉÐUR | | | | | |
| EGGJÁRN<br>GREINI-LEGUR | | | | | | EIGIND<br>MJÖG | | | | | HÁTÍÐ<br>MÆLI-EINING | | | | | |
| | | | | ÍLÁT<br>SPRIKL | | | | SÁLAR<br>FUGL | | | | | RÓL<br>YFIR-BRAGÐ | | | |
| VEIÐI | | | | | SVEI<br>ÆÐA | | | | | TUNGU-MÁL<br>SKEMMDIR | | | | | | SEYTLAR |
| KJÖKUR | EFLA<br>OFNEYSLA | | | | | | ÖRUGGUR<br>KUSK | | | | | GLATA<br>HRAKA | | | | |
| | | | GARGA | KVK. NAFN<br>PLAN | | | | | ÁVÖXTUR<br>SKILIÐ SUNDUR | | | | | FORM | EYJA | |
| SKIPA-STÓLL<br>RABBA | | | | | | UPPNÁM<br>ÞURRKA ÚT | | | | | UNNA<br>KRINGUM | | | | | |
| | SAMTÖK | EGNA<br>KOLL-SPYRNA | | VINGSA | HORFÐI<br>TVEIR EINS | | SVAKA | | | | | ÁGÓÐI<br>SKYLDIR | | | | FERSKUR<br>BÓK-STAFUR | | | |
| TÓNLIST | | | BÆTUR | | | | MOKA<br>VIÐMÓT | | | | | | GUFUSKIP<br>GOGG | | | | | | NÁLÆGÐ |
| VILJA<br>HEIMS-ÁLFA | | | VERSTÖÐ<br>TVEIR EINS | | | STARFS-GREIN<br>SLÓR | | | TUNGL<br>BEYGÐU | | | | | SPÖNN | EFTIRGJÖF<br>SLÉTTUR | | | | |
| | DRYKKUR<br>HNOÐAÐ | | | UPP-HRÓPUN | | | | LYFJABÚÐ | HÆTTA<br>MEN | | | ÚTJARÐA<br>SAMTÖK | | | | | VÖRU-MERKI | SLÁ<br>IÐJA | | |
| | FJÖR-LEYSI<br>MÁLMUR | | | FUGL<br>HLJÓÐFÆRI | | | | | | HINDRA<br>BAR | | | | | | ÁTT<br>SVARI | | | VÉL | |
| EKKERT | | FLJÓTRÆÐI<br>GLJÁVAX | | | | STINGA<br>SKRIFA | | | | | | | LITUR | VAFI<br>GUFU-HREINSA | | | | | | |
| BLÝANTUR<br>SIÐA | | | | DYLGJUR | | | | | | | BUGÐU-LAUS<br>Í RÖÐ | | | | | | FRIÐUR<br>GINNA | | | ÞVER-NEITA |
| | HRÆÐIST<br>ERGJA | SÖKKVA | | STELL<br>AUKREITIS | | | | | ÚTDRÁTTUR<br>HLIÐ | | | | | | VÍTA<br>FRÁNN | | | | | |
| FYRIR | | | TVÍHLJÓÐI<br>SAKLAUS | | LÍMBAND<br>RÁNFUGL | | | | | RÖKKUR<br>KLEIF | | | | ARR<br>TALA | | | | ÓGRYNNI<br>GEGNA | | |
| | MARGS-KONAR<br>SPYRJA | | | SKÓGUR<br>TÆKIFÆRI | | | | | EINNIG<br>ÚTDEILDU | | | HEITI<br>ÖTULL | | | | KROPP<br>FÁLM | | | | |
| ENDAST<br>ÞESSA | | SPANGÓLA<br>PENINGAR | | | | | | KVÍSL<br>BLANDAR | | | | | | RÍKI Í ASÍU<br>SKJÓÐA | | | | | PÍLA | |
| | HNETA<br>BÚA UM | | | | | SETT<br>KÚFFYLLA | | | | | | | HJARA<br>Á FÆTI | | | | AFBROT | | | |
| ÓNEFNDUR | | PYNGJUR<br>HLJÓTA | | | RÁN<br>MJÖÐUR | | | | FARFI<br>MASAR | | | | | | BIK | | | | | |
| BOR | | | | BLÆÐI | ÓFÁUM<br>SJÓNGLER | | | | | KOMST<br>ÁFENGI | | | | | | | | | | |
| | BÆN<br>ERFÐAVÍSA | | | | FUGL<br>SKIP | | | | BEITA<br>BÚSTAÐUR | | | | TVEIR EINS<br>EINÓMUR | | | | | | | |
| TVEIR EINS | | RÓL<br>ÓGREITT | | | BARN<br>ÁTT | | | | | | SKÓLI<br>ASFALT | | | | SAMKOMA | | | | | |
| LÆRA<br>MÁLMUR | | | FAÐMA<br>VÖRU-BYRGÐIR | | | | | HLJÓÐFÆRI<br>HAF | | | | | | SALLI | | | | | | |
| | SKRÁ<br>SVÖRÐUR | | | | | FÝLDUR<br>LIPURÐ | | | | SÁL<br>ÓSK | | | | | | | | | | |
| TULDRA | | ÓLÆTI<br>STÆLA | | | ÓVILD<br>UMDÆMI | | | | FRAM-VINDA | | | | | | | | | | | |
| | BRENNA<br>ÍÞRÓTTA-FÉLAG | | | ÓVISSA | | | | ÞANGAÐ TIL | MÁL-EINING<br>RÖÐ | | | | Í RÖÐ<br>BELTI | | | EITURLYF | STEFNA | VERKFÆRI<br>ÞVÍLÍKT | | LOFT-TEGUND | |
| SKJÓL | | | | GNÝR<br>LEIKTÆKI | | | | | | VIÐBÓT<br>RADAR | | | | | BEITUSKEL<br>TÓN-TEGUND | | | | | | |
| | KORN | | MJÚKUR<br>LÚRI | | | | | | | Á FÆTI<br>SPILA-ÞRAUT | | | AND-STREYMI<br>LISTAMAÐUR | | | | | | | | |
| | BEIÐNI<br>ELDHÚS-ÁHALD | | | NASL<br>FREMSTI | | | | | | | | KVERK<br>HRESS | | | | RÍKI Í ARABÍU | | | | |
| | | | | | ÓHREINKA<br>GEIL | | | | | | SKORTUR<br>OFMAT | | | | | ÆR<br>PILLA | | | | |
| FRÁ | | | KLIÐUR<br>ARÐA | | | SKREF | | | | | | | LÍTIÐ<br>SPYR | | | | | VELTINGUR | TUNNUR | |
| DROLLA | MJAKA | PAPPÍRS-BLAÐ<br>TIL SAUMA | | | | JAFNOKI | | | | | | | | ÁTT<br>GÆTINN | | | RANGL<br>GYÐJA | | | |
| | | | | | | SUND<br>TVEIR EINS | | | | | | ÁTT<br>TVEIR EINS | | | SELLU | | | | | |
| TÓNLISTAR-STÍLL | | | | | | | FISKUR | | | | | | | | STUTTUR | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | PIRRA | | | | | |



MYND: MORODER (CC BY-SA 2.0)



MYND: RÖGNVALDUR JÓNSSON (CC BY-SA 2.0)

MENNING & LISTIR

# Mótun framtíðar

**Ný bók Trausta Valssonar, SHAPING THE FUTURE, er nú hægt að lesa ókeypis á netinu.**

Bókin SHAPING THE FUTURE er þýðing Trausta á ævisögu sinni Mótun framtíðar sem hann gaf út haustið 2015. Þessar tvær bækur hafa núna verið birtar á heimasíðunni https://hi.is/~tv/ auk tveggja annarra bóka Trausta: Planning in Iceland (2003) og How the World will Change - with Global Warming (2006). Alls hefur Trausti gefið út fjórtán bækur um skipulag, hönnun og framtíðarmál. Facebook-síða bókarinnar Shaping the Future heitir eins og hún, Shaping the Future: https://www.facebook.com/ShapingtheFuturebook/?fref=ts Facebook-síða bókarinnar Mótun framtíðar heitir er: https://www.facebook.com/MotunFramtidar/?fref=ts





Trausti Valsson.

**Útdráttur úr umsögnum um bókina:**

**Joe McBride PhD, prófessor við LAEP deild í Kaliforníuháskóla í Berkeley:**

… „Bókin Mótun framtíðar ætti að vera skyldulesning í fyrstu námskeiðum í arkitektúr, landslagsarkitektúr og í skipulagi. Þetta ætti að vera vegna þess að bókin veitir innsýn í skipulagsmál á 20. öld, og einnig vegna þess að bókin mun geta örvað stúdenta til að verða hugrakkir og skapandi hugsuðir.“

**Galen Cranz PhD, prófessor í arkitektúr í Kaliforníuháskóla í Berkeley:**

„Ég sé að…þú hefur þjónað landi þínu af köllun og af heilum hug.“

**Guðmundur Freyr Úlfarsson PhD, prófessor í samgönguverkfræði við umhverfis- og byggingarverkfræðideild HÍ:**

… „Bókin er því ekki aðeins fróðleikur um söguna heldur einnig leiðarvísir fram á við, sem sýnir okkur mikilvægi þess að hugsa langt fram í tímann…“

**Birgir Jónsson, dósent í jarðverkfræði við UB-deild Háskóla Íslands:**

„…þar valtar hann hressilega yfir módernista í arkitektúr (kassastefnumenn), en hampar klassískri og þjóðlegri byggingarlist…“

**Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndahöfundur:**

… „Í mínum huga er Trausti frumlegasti hugsuður sem Ísland hefur átt þegar kemur að skipulagsmálum; stórra hugmynda, sem eins og sjái fram í tímann, ekki bara fyrir næsta horn, heldur það þar-næsta líka.“

**Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands:**

„… Trausti skapar kerfi og ferilshugsun við hina fjölhliða hönnun sína... Þar kemur hann böndum á frjóa skapandi hugsun og byggir ofan á með rökrænni aðferð, sem er undirstaða framúrskarandi hönnunar.“

„… Frásagnir Trausta og myndir á DVD-diski sem fylgir bókinni, eru mjög upplýsandi.“

**Sigurður Örlygsson listmálari:**

„… Þarna kemur næmni Trausta á persónuleika, og gríðarlegt myndlistartalent, í ljós.“

**Pétur H. Ármannsson, arkitekt:**

„… Í þessari bók horfir helsti framtíðarhugsuður þjóðarinnar, Trausti Valsson, í gagnstæða átt.“ „… skyldulesning fyrir námsmenn og alla sem áhuga hafa á hugmyndasögu skipulags og mótun manngerðs umhverfis.“

**Goddur – Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands:**

„… Bókin er verðmæt vegna þess að hún er einlæg, afhjúpandi og opinská...“ „Hún er boðberi, grundvölluð á upplýsingum, þekkingu og visku!“

# Norður yfir Vatnajökul


**Norður yfir Vatnajökul eða Um ókunna stigu á Íslandi er með bestu ferðabókum sem hafa verið skrifaðar um landið.**

Höfundurinn, Englendingurinn William Lord Watts, kom fyrst til Íslands árið 1871. Hann var að eðlisfari ævintýragjarn landkönnuður og metnaðarfullur vísindamaður. Markmið hans var að komast fyrstur manna yfir Vatnajökul. Það tókst honum ásamt fimm Íslendingum árið 1875 og er sú saga sögð í bókinni. Félagarnir hrepptu illviðri og voru tólf daga yfir jökulinn, gengu síðan yfir auðnirnar að Grímsstöðum. Watts var sjónarvottur að eldum í Öskju og á Mývatnsöræfum. Hann sýndi framförum landsins mikinn áhuga. Um náttúru Íslands segir hann á einum stað: “Hið undarlega samblandi af frosti og funa á Íslandi gerir landslagi hrikalega fagurt, svo að ég efast um, að það eigi nokkurs staðar sinn líka í víðri veröld.”




Jón Eyþórsson, fyrsti formaður Jöklarannsóknafélags Íslands, sneri bókinni á íslensku og kom hún út árið 1962. Í formála segir Jón að höfundurinn hafi látist tveimur árum eftir ferðina, þá 26 ára að aldri. Athugun hefur leitt annað í ljós. Hér er þýðing Jóns endurprentuð en í nýjum formála Gerðar Steinþórsdóttur er fjallað um bókina, leitina að höfundinum og Wattsfell í Dyngjufjöllum.

*Vinir Vatnajökuls styrktu útgáfuna. Útgefandi: Eldjökull.*




Ragnar í Sýrnesi gefur út Lambadagatal 2017:

# Tímafrekt og krefjandi að taka myndir af lömbum

**Fallegar andlitsmyndir af nýlega fæddum lömbum í sínu náttúrulega umhverfi prýða lambadagatalið fyrir árið 2017 sem er nýlega komið í sölu.**

Ragnar Þorsteinsson, sauðfjárbóndi í Sýrnesi í Aðaldal, gefur það út og þetta er í þriðja sinn sem hann stendur fyrir útgáfu á sérstöku lambadagatali með stórum andlitsmyndum af íslenskum unglömbum.

Dagatalið er í A4 stærð, hver mánuður er á einni blaðsíðu og það er gormað með upphengju, þannig að auðvelt er að hengja það upp, þar sem henta þykir. Á dagatalinu eru merktir allir helgidagar og frídagar en einnig eru merkingar fyrir fánadaga, komu jólasveinanna, gömlu mánaðaheitin og ýmsa aðra daga er tengjast sögu lands og þjóðar. Þannig er þjóðlegum fróðleik fléttað inn í dagatalið en það, auk fallegra mynda af nýfæddum lömbum, veitir því lengri líftíma umfram það ár sem venjan er með dagatöl.

Ragnar gaf út svipuð dagatöl fyrir árin 2015 og 2016 og voru viðtökur góðar. Í ár var verkefnið fjármagnað á Karolina Fund og sú leið tókst vel og viðtökur frábærar. Sú fjármögnun byggist á að dagatölin eru keypt þar í forsölu. Það minnnkar þá fjárhagslegu áhættu sem óhjákvæmlega er í



Ragnar Þorsteinsson, sauðfjárbóndi í Sýrnesi í Aðaldal, gefur lambadagatalið nú út í þriðja sinn.

svona útgáfustarfsemi. Auk dagatalsins og lambakorta með myndum af venjulegum unglömbum, er Ragnar einnig með fjögurra mynda seríu á kortum af ungum íslenskum forystulömbum. „Ég er nú mest að selja þetta beint frá býli einsog sagt er og þá í gegnum www.facebook.com/lambidmitt/ og lambidmitt@gmail.com. Einnig eru dagatölin til sölu í nokkrum verslunum. Megintilgangur þessarar útgáfu er fyrst og fremst að breiða út fegurð og fjölbreytni íslensku sauðkindarinnar og auka enn á þá jákvæðni sem hún á í þjóðfélaginu. Ég veit ekki til þess að áður hafi verið gerðar viðlíka ljósmyndaseríur af íslenskum unglömbum og hér er unnið með.“

***Nærir sál og líkama að mynda lömb***

Ragnar er sauðfjárbóndi í Sýrnesi í Aðaldal, en hann tekur einnig mikið af ljósmyndum og á m.a. allmargar myndir í metsölubókinni „Forystufé“ er nýverið kom út. „Það er tímafrekt og krefjandi að taka myndir af lömbum, líkt og af öðru ungviði. Þau er sjálfstæð og á sífelldri hreyfingu, fylgjast vel með því sem er í gangi í kringum sig og eru lítið fyrir að standa kyrr og pósa á meðan myndavélinni er stillt upp. Flestar myndanna eru teknar þegar sauðburður er í fullum gangi og þá er skiljanlega ekki mikill tími til annarra verka. En myndatakan er mjög skemmtileg og það nærir bæði sál og líkama að leggjast út á tún og taka myndir af lömbum. Þau mynda ég ýmist með mæðrum sínum eða ein og þá þarf að vera búið að vinna sér inn traust þeirra svo þau hlaupi ekki skelkuð í burtu,“ segir Ragnar. */MÞÞ*





# Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.100 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Þýskir Rauch hágæða áburðardreifarar. Afmælistilboð frá kr. 489.000.- án vsk. Búvís ehf Sími:465-1332.



Til sölu Dodge Ram, árg.´04, ekinn ca 140 þús. mílur. Uppl. í síma 896-6490.




Til sölu Krone Combi pack 1500 rúllusamstæða. Árg. 2007. Notuð 8000 rúllur, alltaf geymd inni. Góð vél. Er í Rang.-Eystra. Uppl. í síma 896-8793.



Redrock haugsugur frá 1.465.000 kr. + vsk. Vélfang, Gylfaflöt 32, sími 580 8200.




Fullbúin 14 tonna rúlluvagn, kr. 1.690.000 + vsk. Vélfang, Gylfaflöt 32, sími 580 8200.



Gripaflutningavagnar, einnar og tveggja hæða. Fáanlegir í mörgum stærðum. Vélfang, Gylfaflöt 32, sími 580 8200.



18 tonna sturtuvagn með Hardox skúffu á 710/45-R22,5 dekkjum. Verð kr. 2.890.0000+vsk,- . 18 tonna ekki með Hardox skúffu innan við tvær milljónir án vsk. Vélfang, Gylfaflöt 32, sími 580 8200.




Til sölu Prónar snjóblásari. 1,5 mtr vinnslubreidd. Verð 992.000 m/vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.



Flaghefill/snjótönn. Breidd 3,0 m. Verð kr. 696.000 með virðisaukaskatti (kr. 561.000 án vsk). H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Til sölu Sami dreginn dreifari, dreifir 1 meter, tekur 290 ltr. Verð 197.000 m. vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3 210 Garðabær, s. 480-0000.



Til sölu 3 mtr skekkjanleg snjótönn með euro festingum. Verð 359.000 m. vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.



Til sölu stór snjóskófla með vængjum, stærð 2300-3750. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.



Skotbómulyftari MANITOU MLT 253, árg.´08, tímar 2288. Lítið notaður og nýyfirfarinn. Verð 3,5 + vsk. Uppl. í síma 895-8873.



Metar-Fact taðdreifari, 6 tonna. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Til sölu Can-Am Outlander fjórhjól, 4X4, 800 cc. Árg. 2008, 27" Big Horn dekk. Ekið 2500 km. Snjótönn fylgir. Uppl. í síma 696-5878, Helgi.



Til sölu VW Transporter Kombi 2005. Skipt um tímareim og kúplingu í 181.000 km. Skipt um alla bremsudiska, klossa, 2 dælur, stýrisdælu, strekkjara og alla dempara. Eyðir litlu og er mjög þægilegur ferðabíll. Nýsmurður og nýskoðaður 2017. Auðvelt að breyta í átta manna bíl. Einn eigandi. Virkilega gott eintak. Skipti koma til greina á mótorhjóli. Uppl. í s. 891-9193.



Scania 113H, 6x4, árg. 1988. Stellari, ekinn 940 þús. Verðtilboð. Uppl. í síma 896-8246.



Millistykki fyrir DeWALT XRP vélar þannig að hægt er að nota nýrri 18v LI-ION rafhlöður í vélarnar. Kynningarverð 6.320 m/vsk www.leiftur.is



Framleiðum og eigum á lager krókheysisgrindur með eða án gámalása, sterkar og ódýrar. Verðdæmi: 6 m. löng án gámalása, grunnuð, kr. 280 þús.+vsk - hægt að fá málaðar -. Með gámalásum, máluð, kr. 380 þús+vsk. Vagnasmidjan.is - Eldshöfða 21, Rvk. Uppl.í símum 898-4500 og 894-6000.



Lemigo stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Kr. 8.485.- með vsk. G. Kvaran í Reykjavík, sími 824-7610. Búvís ehf. Sími 465-1332.


Hefurðu skoðað Sölutorgið okkar ?
www.kraftvelar.is/solutorg

New Holland TM175



Fjaðrandi hús
Vendigír
16x8 gíra
4 ventlar (8 úttök)
Dráttarvélin er með framlyftubúnaði og aflúttaki
Verð án vsk: 4.990.000

New Holland BR560 Combi



Sjálfvirkt smurkerfi
2 mtr sópvinda
Tandem öxlar
14 hnífa skurðarbúnaður
Netbinding
2 arma plastpökun
Bale Command stjórnbúnaður
Verð án vsk: 2.800.000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

KULDAGALLAR MEÐ HETTU
Á TILBOÐI

Gallinn er loðfóðraður en vattfóðraður í ermum og skálmum, efnið í gallanum er vatnsfráhrindandi Beaver nylon 50% pólýester og 50% bómull.



Gallinn er með rennilás að framan og á skálmum og með vindlistum yfir lásana.

Gallinn fæst í kóngabláum lit og í stærðunum S – 3XL.
Verð 12.900 kr m/vsk.

Hægt er að panta í síma 577 1000 eða senda tölvupóst á: khvinnufot@khvinnufot.is

Vandaður kuldagalli á góðu verði og við sendum hvert á land sem er.

Tilboðsverð
Kr. 12.900,-

KH Vinnuföt • Tunguhálsi 10
110 Reykjavík • Sími: 577 1000
khvinnufot@khvinnufot.is
www.khvinnufot.is
KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt ehf, sérhæfir sig í sölu og þjónustu á öllum tegundum af vinnufatnaði, hlífðarfatnaði, öryggisfatnaði, öryggisskóm, öryggisstígvélum, öryggisvörum og vinnuvettlingum.

Smáauglýsinga-síminn er:
563 0300
Bændablaðið



1380 Álkerra
201x102cm
750 kg, verð: 149.000.-



Mótorhjólakerra
224x127cm
750kg, verð: 200,000,-



1374 Álkrra
251x131cm
750kg, verð: 250,000,-



1339 Álkerra
303x150cm
1300kg, verð: 395,000,-m/vsk og skráningu.



1384 Álkerra
m/sturtum
251x131cm
750kg, verð: 285,000,-

Topplausnir
Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Næsta Bændablað kemur út 12. janúar

Smáauglýsinga-síminn er:
563 0300
Bændablaðið



**Volvo EC460BLC**
Árg 2005, 11,700 tímar
Fleyglagnir, hraðtengi.
Smurkerfi, undirvagn 60%
Verð 11,000,000 + vsk



**M.Benz 2635**
Árg 2000, 390,000km
Krókheysi og 1 pallur
Rafmagnsskiptur
Verð 3,750,000 + vsk



**Hyundai HX260L**
Árg 2016, 400 tímar
Fleyglagnir, hraðtengi
Smurkerfi, 700mm spyrnur
Verð 20,700,000 + vsk



**Hitachi ZX130W**
Árg 2005, 10,000 tímar
Fleyglagnir, hraðtengi
Smurkerfi, góð dekk
Verð 5,800,000 + vsk



**Hyundai HX220L**
Árg 2016, 300 tímar
Fleyglagnir, hraðtengi
900mm spyrnur, flott vél
Verð 16,800,000 + vsk



**Liebherr 934**
Árg 2005, 8,800 tímar
Smurkerfi, hraðtengi fleyglagnir
FRD F35 fleygur, 2 skóflur
Verð 8,250,000 + vsk



**Bomag BW213DH-4**
Árg 2004, 6,600 tímar
Þjöppumælir og prentari
Verð 6,500,000 + vsk



**Dieci Apollo 25.6**
Nýr ónotaður, lyftigeta 2,5tonn
Lyftihæð 5,78m, lipur og nettur
Hraðtengi, gafflar og skófla.
Verð 6,600,000 + vsk

VÉLAFL

**Uppl. í síma**
**893-8424 / set@velafl .is**
**og á 694-3700 / gk@velafl .is**
**www.velafl.is**



Taðklær. Breidd 150 cm, kr. 239.900.- án vsk. Breidd 180 cm, kr 269.000.- án vsk. Taðklær, breidd 120 cm, væntanlegar fyrir áramót. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir : 10,8 kw – 72 kw. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum, fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar : rafmagn, bensín / dísil, glussaknúnar ( mjög háþrýstar ). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.



Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsogandi traktorsdrifnar dælur. Bensínknúnar dælur með Honda mótorum, allt að 4" dísildrifnar dælur í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmardísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Háþrýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenrörum. Getum útvegað þennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háþrýstislöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8", 1/2", 5/8", 3/4". Bensín / dísil, vatnsflæði allt að:132 l / min @ 3000 Psi. Búnaður á sérsmíðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háþrýstiþvott. Vandaður og hentugur búnaður fyrir sveitafélög og verktaka. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Til sölu keðjudreifari. 7,6 m³ Abbey 2090. Árg.´08. Tilboð. Einnig hey í rúllum af gömlum túnum, vel þurrt. Uppl. í síma 897-2219.



Stór kerra m. nýlegum rafmagnsbremsum. Uppl. í síma 897-5976. Sjá fleiri rútur og húsbílaefni til sölu hér: http://gtyrfingsson.is/rutur-til-solu



Nissan Qashqai '07, 2,0, 4x4, ek. 201 þús. Mikið endurnýjaður, eyðir litlu, fjarstart, bluetooth, góð dekk, reyklaus, góður bíll. Uppl. í síma 823-4088.



SUBARU LEGACY SPORT SEDAN, árg. 2008, ekinn 91 þ. km. Fjórhjólad. og ssk., litur grár. Má skoða á bílaland.is, raðnr. 192296. Uppl. í síma 820-0759 sigurdur@eigna.is



Heitur pottur - rafmagnspottur - Hotspring með sérsmíðuðu varnanlegu loki. 2,26 x2,26 m að stærð, 8 ára gamall. Staðsettur í 103 Rvk. Tilboð óskast í síma 820-0759 eða sigurdur@eigna.is




Eigum til á lager flestar stærðir af fjölplógum. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær s. 480-0000.



Til sölu Chevrolet Silverado LTZ 2500 Duramax, árg. 2007, ekinn 101 þ. km, pallhús, tölvukubbur o.fl. o.fl. Verð 5,2 millj. Nánari uppl. í síma 861-9101.



Til sölu krókheysisbíll, Scania P113H. Skoðaður og með góða reynslu. Árg. 1996 og ekinn 572 þús. km. Verð: 1.790.000 + vsk. Uppl: magnusr@velamidstodin.is S:694-9999.



Suzuki Grand Vitara lux, árg. '07, ekinn 81 þús. km. Toppeintak, einn eigandi. Verð 1850 þús. Nánari uppl. á bland.is, sjalfsalinn.is eða í síma 618-5919.




Ekeri frystikassi með Termoking frystivél. Kassinn er 8,21 m á lengd, 2,5 m á h. og 2,5 á b. að innanmáli. Hliðaropnun er 4,95 m. Verð 1.500.000 + vsk. Uppl. í síma 847-1330.




Scania R500, árg. '05, ekinn 950 þús. km. Retarder olíufýring. Skoðaður ´17. Bíll í góðu standi. Tilboð til áramóta 3.200.000 + vsk. Uppl. í síma 847-1330.



JCB 3CX, árg. '98. Notkun 8000 tímar. Ný skipting, nýtt í bremsum og nýlega máluð. Tilboð óskast. Uppl. í síma 892-0930.



John Deere 6910, 150 hö, árg. '01. Keyrður 10.000 tíma. Verð 4 millj. plús vsk. Uppl. í síma 892-8553.



Eigum til á lager nokkrar stærðir af dreifurum fyrir dráttarvélar. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.



Til sölu Sami flaghefill 275 cm. Verð 482.000 með vsk. Aflvélar ehf., Vesturhrauni 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.




Eigum til á lager 2 stærðir af krókheysisvögnum, bæði 15 og 21 tonna heildarþyngd. Verð frá kr. 2.140.000 án vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.



Til sölu salt/sand dreifari frá Prónar, 0,5 rúmmetra. Verð 280.000 m.vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.



Háþrýstibúnaður fyrir heitt vatn. Þrýsingur allt að 500 Bar @ 30 l / min. Hákonarson ehf., netfang : hak@hak.is, sími 892-4163, www.hak.is.




Úrval snjóplóga og snjótanna. Búvís ehf., www.buvis.is - Sími 465-1332.



Vorum að fá sendingu af G. Hippe norsku gæðakerrunum. Búvís ehf. Uppl í síma 465-1332.



Innihrærur fyrir gripahús. Rafdrifnar : 7,5 kw, 9,2 kw, 11 kw glussadrifnar : 8 kw, 60 l / min., 120 bar. Vinnudýpt : 130 cm skrúfa : 200 mm. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is,www.hak.is.






Nýtt! Solis 90. Með lyftikrók og 40 km hámarkshraða. Óbreytt verð! 3.990.000 án vsk.




Nugent hestakerra / gripakerra. Með milligólfi / sauðfjárgólfi. 3ja öxla. Verð aðeins 1.478.817 kr án vsk.



Vélakerrur Nugent. Verð frá 642.000 án vsk. (mynd 1.100.000 án vsk).



Agrional sáðvél. Sáir fræjum og áburði á sama tíma. 450 lítra forðabúr fyrir fræ. 328 lítra fyrir áburð. 3ja metra breið. 29 diskar. Ræður við þéttan jarðveg t.d. að sá ofan í kalsár á túnum. Verð aðeins 1,5 m kr. án vsk.



Sturtuvagnar m/lausum skjólborðum. Verð frá 620.000 án vsk. Kane hálftunnu. Verð frá 2.100.000 kr án vsk. Vallarnaut s. 841-1200 & 841-7300 vallarnaut.is



LED útiljós 8000 og 10000 LM. Búvís ehf, sími 465-1332.



Snjótönn 630 x 3000 mm. Verð kr. 369.000,- með vsk. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Snjóskófla með vængjum. A) Stærð 1800-3000 mm. Verð kr. 436.000,- með vsk. B) Stærð 2000-3450 mm. Verð kr. 547.000,- með vsk. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Pallagafflar. Verð kr. 119.000,- með vsk. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Til sölu lokuð kerra. Ytri mál kassa (lxbxh) 262x150x163 cm. Innri mál kassa (lxbxh) 258x148x157 cm. Afturhurð (bxh) 137x152 cm. Verð: 628.525 kr. + vsk. Búvís ehf., sími 465-1332.



Samasz salt og sandreifarar, vinnslubreidd 1,4 og 2,4 metrar. Búvís ehf., s. 465- 1332.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum. Eigum til nokkrar stærðir á lager. Stöðvarnar eru frá ELCOS Srl á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892 4163, netfang: hak@hak.is.



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,27 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 auk vsk. Verð 2-4 stk 22.900 auk vsk. 5 stk eða fleiri 19.900 auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Weckman WS 150 sturtuvagn. Burðargeta 15 tonn. Verð kr. 2.350.000,- með vsk (1.895.000,- án vsk). H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Baggagreip fyrir 2 rúllur. Vökvaopnun. Verð kr. 340.000,- með vsk (275.000 án vsk). Tilboð í des. = mínus 10% afsláttur. H. Hauksson ehf. Uppl. í síma 588-1130.



VINNULYFTUR ehf. Eigum á lager nýjar skæralyftur frá Skyjack og bómulyftur frá Niftylift, eyvindur@simnet.is, sími 774-2501.

HELLUSKEIFUR SKAGASTRÖND
www.helluskeifur.is
Sími: 847-6616
Netfang: run@simnet.is
Veffang: www.helluskeifur.is

Helluskeifur auglýsa íslenskar skeifur, þessar gömlu góðu, bæði pottaðar og ópottaðar. Sendum frítt um allt land ef teknir eru 10 gangar. Veljum íslenska framleiðslu á hagstæðu verði. Seljum líka hóffjaðrir, skafla 7 mm og 8 mm og uppsláttarskeifur nr. 120. Uppl. í síma 847-6616 eða run@simnet.is



Sami baggagreip. Verð kr. 210.000 mínus kr. 45.000 afsl. = verð kr. 165.000 með vsk (kr. 133.000 án vsk.). H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Traustur og ódýr vinnumaður. Búvís. Sími 465-1332.



Lyftigeta allt að 1 tonn. Búvís. Sími 465-1332.



Til sölu Fendt 714, árg. 2006, orginal 145 hö en með kubb 180 hö. Notuð 5100 Fendt tæki og snjóskófla. Frambúnaður, aflúttak, fjöðrun á húsi. Loft- og vökvavagnbremsur 50 km/klst. Vökvafirtengi. 4 tvöföld glussatengi að aftan. Lyftukrókur og þýskur krókur 600/60/28 og 710/60/38. Xeobib flotdekk. Mjög vel með farin vél í toppástandi. Verð 8.500.000 kr. Uppl. í síma 847-2258.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



Weckmann 18 tonna malarvagn. Hardox stál í skúffu. Dekk 710/45R22,5. Verð kr. 3.980.000 með vsk (kr. 3.210.000 án vsk). H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Weckman flatvagn/rúlluvagn. Stærð pall 2,55x9,00 m. Verð kr. 1.990.000 með vsk (kr. 1.605.000 án vsk). H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Weckman sturtuvagnar. 11 tonn, verð kr. 1.560.000 með vsk (1.259.000,- án vsk). 13 tonn, verð kr. 1.860.000 með vsk (1.500.000 án vsk). Tilboð í des. = Frír flutningur eða 100.000 afsláttur. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.




Tilboð: 24.990 með kútum. Einnota kútar og engin leiga. Mjög handhæg og létt í smærri verkefni. Íshúsið ehf., sími 566-6000, www.viftur.is




Til sölu nýir Sit on Top veiðikayakar, 3 m og 4 m. Nokkrir litir í boði. Ár og bólstrað sæti fylgir með. Stærri ber 220 kg á 95.000, minni ber 130 kg, 70.000. Fimm ára ábyrgð á skrokk. ENGIN SKIPTI. Uppl. í síma 861-4694.



Giftingarhrings saknað.Týndist á ferðalagi um Suðaustur- og Austurland milli 22. og 31. ágúst 2015. Mögulega í sturtum/búningsklefum fyrir heita potta eða á gistiheimili. Hringurinn (smíðaður úr fjórum minni hringjum, 3 úr silfri og 1 úr gulli) tilheyrði karlmanni sem lést í fjallgöngu nálægt Seyðisfirði í september árið 2015. Hringurinn er ekkjunni mikils virði. Fundarlaun. Hafið samband við Jón Bjarna í síma 663-6817.



Innflutningur & sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning & kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum & tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk Erum líka á facebook undir: Suður England sími 499-0588. Haukur. sudurengland@gmail.com



**Liebherr 63K**
byggingakrani, 1995 árg
43 m bóma, 1100 kg í enda,
6000 kg max, 23 m undir krók
Verð 4,9 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Hamm BW 211 D-4**
2004 árg, 5.100 vst
Verð 4,3 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Claas Ranger 960**
skotbómulyftari, 1998 árg
Lyftigeta 3 tonn, Lyftihæð 7,5 m
Gaflar með hliðarfærslu
Verð 1,5 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Hamm H13i**
valtari, 2014 árg, 950 vst
HCQ-GPS mælikerfi
Verð 11,9 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Liebherr L507 Speeder**
2005 árg, 5.400 vst
Nýleg dekk, hraðtengi, gaflar og ný skófla.
Verð 3,9 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Liebherr A900** hjólagrafa
2007 árg, Engcon EC20 rótortilt
3 skóflur
Verð 7,5 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Weber** jarðvegsþjöppur og hoppara til á lager
Upplýsingar í síma 660-6051



**Tsurumi** dælur í miklu úrvali
Upplýsingar í síma 660-6050

**Uppl. í síma 660-6051.**

MERKÚR
merkur.is



**Case, cx 100**
kr. 2,190,000



**CASE, MXM 190**
kr. 6,390,000



**Deutz K110**
kr. 5,990,000



**McCormick, MC 135**
kr. 4,990,000



**New Holland, TL 80**
kr. 3,590,000




**Tudor rafgeymar**
Rafgeymar í flest farartæki.



**Drifsköft og hlífar**
Drifsköft, öryggishlífar, hjörulið-skrossar, jókar, drifskaftsefni ofl.



**Olíur og síur**
Olíur og glussi á góðu verði.
Eigum síur í flestar dráttavélar.
Einnig AdBlue í 20 ltr. og 200 ltr. umbúðum. Frábært verð.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Jötunn Vélar ehf - sími 480 0400 - www.jotunn.is
Austurvegi 69, 800 Selfoss - Lónsbakka, 601 Akureyri

## Til sölu

50% afsláttur. Farmal DLD2 1958 dísil, v. 1290 þús. Ford 4600 1983, m. tækjum, nýleg afturd., v. 790 þús. Dick Cebec 265/75R16 míkróskorið, 6 g. álfelgur undan Landcr. 80, v. 135 þús. Uppl. í síma 697-3217.

50% afsláttur. Ný dekk 265/65R17, v. 130 þús. Range Rover/Landrover Discovery 2 2002, 16“ álfelgur með vetrardekkjum, v. 65 þús. Uppl. í síma 697-3217.

Til sölu 101 ærgildi í sauðfé sem gildir frá 1. jan. 2017. Tilboð í allt eða hluta þess sendist á netfangið: bugardur@bugardur.is fyrir 23. des. n.k.

Til sölu Case 485, árg. 1986 með ámoksturstækjum í góðu ástandi og vel við haldið. Notkun 5000 vst. Verðtilboð. Uppl. í síma 620-4745 milli kl 8:00 og 16:00, Kári.

Til sölu Fella sm 320 sláttuvél, árg. 2007. Ástand og útlit mjög gott. Verð 390.000 án vsk. Uppl. í 846-5883.

Til sölu er Polaris Sportsman H Q 500 fjórhjól. Hjólið er árg. 2005, lítið notað, gott eintak, götuskráð með spili. (götuskráning kostar í dag yfir 300.000,- kr. og spil 100.000,-kr.). Verðhugmynd kr. 1.050.000,-. Á sama stað er til sölu sambyggð, vel með farin trésmíðavél af gerðinni Scheppach typ PRIMA-H M 1. Breidd hefils 260 mm. Ónotaður fræsibúnaður á vélina fylgir ásamt trérennibekk. Verðhugmynd kr. 185.000,-. Tækin eru á Akureyri, frekari upplýsingar fást í síma 894-4325.

Til sölu Chervolet Captiva, árg. 7/11. Ekinn 112 þús., 7 manna, bsk., bensín, Metan breyttur, ný kúpling. Verð kr. 2.980 þús. Uppl. í síma 895-6307.

Ámoksturstæki til sölu. Mjög vönduð og vel með farin ámoksturstæki af Fendt dráttarvél, árg.´88. Einnig til sölu vandaðar lítið notaðar ískeðjur, 70 hestafla dráttarvél, Ford 6600, árg.´76 og 4 vel ættuð folöld. Uppl. í síma 663-8869, milli kl. 19:30 - 22:00 alla daga.

Til sölu vélar til járnabindinga. Klippur og beygjuvél. Uppl. í síma 893-7113.

Til sölu 95 ærgildi frá 1. janúar 2017. Tilboð sendist á netfangið nordurfoss@hotmail.com fyrir 28. des. 2016.

Til sölu hraðtengi á 25 tonna gröfu og einnig hraðtengi á 5 tonna gröfu. Uppl. í síma 892-0930.

New Holland T5.95, árg. '14, 1300 vst., Alo Quicke Q38 tæki, 210 sm skófla, loftkæling, og skotkrókur. 5,6 m. + vsk. Nánari uppl. í síma 860-7566 eftir kl. 18.

Til sölu 6000 l haugdreifari frá Vélboða, árg. '96, í góðu standi á góðum dekkjum með nýuppgerða dælu. Verð 450.000 kr. + vsk. Einnig Linhail fjórhjól, árg.´05. Verð 50.000 + vsk. Þarfnast viðgerðar. Uppl. veitir Sigurgeir í síma 895-8182.

Bása- og drenmottur, nótuð plastborð, girðingastaurar og plastprófilar, margar stærðir. Útileiktæki, girðingar, gervigras og heildarlausn á leiksvæðum. Uppl. á vefsíðu Johannhelgi.is, eða í símí 820-8096.

Fjárhúsamottur. Verð kr. 9.350 með vsk (kr. 7.540 án vsk). Tilboð - Frír flutningur. H. Hauksson ehf., símí 588-1130.

Weckman þak- og veggjastál. 0,5 mm galv. Verð 1.190 m². 0,6 mm galv. Verð 1.450 m². 0,45 litað. Verð 1.480 m². 0,5 litað. Verð 1.790 m². Stallað /litað. Verð kr. 2.400 m². Með vsk. Afgreiðslufrestur 4-6 vikur. H. Hauksson ehf., símí 588-1130.

Hornstrandabækurnar allar 5 í pakka 7.900 kr. Sönnu vestfirsku þjóðsögurnar allar 3, 1.980 kr. Upplagt í jólapakkann eða afmælisgjöfina. Frítt með póstinum. Vestfirska forlagið jons@snerpa.is 456-8181.

Handunnin leðurbelti, svört og brún. Mannbroddar, axlabönd, bindi og slaufur. Sjáðu okkur á Facebook. Skóvinnustofa Sigga, símí 421-2045.

Bókin Átthagar eftir Herdísi M. Hübner. Eftirminnilegar söguhetjur af ýmsum þjóðernum. Beint í umræðu dagsins. Vestfirska forlagið

Þorp verður til á Flateyri eftir Jóhönnu G. Kristjánsdóttur. Fróðleg og áhugaverð! Skyldulesning fyrir alla Önfirðinga. Vestfirska forlagið.

Súgfirðingur fer út í heim eftir Guðbjart Gunnarsson. Hispurslaus og skemmtileg! Skyldulesning fyrir alla Súgfirðinga! Vestfirska forlagið.

Húsið á heimsenda eftir Helgu Sv. Helgadóttur. Saga frá Vestfjörðum fyrir alla aldurshópa. Það er margt á dagskránni. Vestfirska forlagið.

Gamlar glefsur og nýjar eftir Gunnar B. Eydal, skrifstofustjóra Rvk.borgar í 30 ár, 12 borgarstjórar. Norðlenskur húmor! Vestfirska forlagið.

Bílalyfta fyrir fólksbíla, lítið notuð. Verð 100.000. Uppl. í síma 899-5189.

## Óska eftir

Kaupi allar tegundir af vínylplötum. Borga toppverð. Sérstaklega íslenskar. Vantar 45 snúninga íslenskar. Staðgreiði líka vínylplötusöfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á netfangið olisigur@gmail.com




Óska eftir að kaupa Kervel rafmagnshellu 2000 w. Uppl. veitir Bjarnveig í síma 863-1290.

Óska eftir litlum pallbíl, pick-up eða Toyota Hiace, árg. 2000-2006. Uppl. í síma 823-2700.

Óska eftir beislisskjálkum ásamt upphengjum á þrítengi á MF 165. Einnig sama á John Deere 510. Uppl. í síma 898-1393.

Þarf einhvern sem getur tekið að sér sérverkefni í prjóni/hekli. Borga kostnað og vinnu. Email: hoddi_holm@hotmail.com

## Atvinna

18 ára karlmaður frá Þýskalandi óskar eftir að komast á bóndabýli frá 6. mars 2017, til að byrja með í 1 mánuð, helst með gistingu. Hefur unnið ýmiskonar sumarvinnu. Nánari uppl.: j.a.jung98@gmx.de

Traustur og duglegur karlmaður með reynslu á mjólkurbúi, gróðurhúsi og sláturhúsi óskar eftir vinnu. Er með góð íslensk meðmæli. Getur byrjað í janúar. Nánari uppl.: alvaroartigas19@gmail.com

## Einkamál

Vill ekki einhver góð kona hugsa um mig á efri árunum. Bý á gullfallegum stað úti á landi. Uppl. um nafn og símanúmer sendist Bændablaðinu, Hagatorgi 1, 107 Rvík, merkt „Aðstoð“.

## Jarðir

Óska eftir jörð til leigu. Á jörðinni þarf að vera íbúðarhús og hesthús. Uppl. í síma 777-8040.

Ertu í söluhugleiðingum? Er að leita að jörð eða jarðarparti í aðgengilegu grónu landi með aðgangi að vatni. Uppl. í síma 776-1918.

## Þjónusta

Bókhald. Tek að mér bókhald og skattaskýrslur fyrir minni rekstraraðila. Sé um vsk, staðgreiðslu og laun. Uppl. í síma 696-3003 og rgbokhald@gmail.com

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, email einar.g9@gmail.com, Einar G.

**Smáauglýsingasíminn er:**
**563 0300**




**Jólaþrautir unga fólksins**

**Gáta 1: D og F**
**Gáta 2: B, 25 múrsteina vantar**
**Gáta 3: D**



**Harði pakkinn í ár**
*Einstaklega jólaleg, falleg og reyklaus*
**Toyota Avensis 2007**
Kjörin til að skjótast með alla fjölskylduna í jólaboðin

Bensínvél. 1,8 L , sjálfskiptur bíll **með tímakeðju** en ekki reim.
FM/AM útvarp og
6 diska CD/mp3 spilari,
**Isofix f**estingar fyrir barnabílstóla.
Nýlegt í bremsum að framan og aftan (diskar, klossar).
Nýr súrefnisskynjari í pústi,
nýjar plasthlífar undir vél.
Ekinn 233 þúsund km.

**Gott jólatilboð óskast!**
**Upplýsingar í síma 693-3554**

**Útvegum varahluti í flestar gerðir traktora og vinnuvéla. Einnig olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja.**





Við sérhæfum okkur í **JCB**, **Hydrema**, **Iveco**, **New Holland**, **Case** og nú:




Hafið samband og við aðstoðum við að útvega réttu varahlutina.

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

GIANT

# Einn er lítill, annar stór

# Bændur - verktakar!

**Nú er tíminn til að fjárfesta fyrir áramót**

Ég heiti
**Giant D337T**
er 33 hestöfl með mikla lyfigetu (sem sagt mjög sterkur),
ég er fjórhjóladrifin með sjálfvirka læsingu á báðum öxlum,
geri aðrir betur.
Svo kemst ég á allt að 25 km hraða á klukkustund.

**Tilboðsverð til áramóta án aukahluta**
**Frá kr. 2.980.000 án vsk**

Ég heiti
**Giant D254SW**
(oft nefndur litli risinn)
er smár en knár og er 25 hestöfl.
Get lyft eigin þyngd og unnið vel fyrir
mér ef ég fæ bara að láta á það reyna.

**Tilboðsverð til áramóta án aukahluta**
**Frá kr. 2.220.000 án vsk**

**Svo er hægt að fá á okkur allskonar aukahluti svo sem:**
**Skóflur, taðgreipar, sköfur, sand- og saltdreifara, snjóblásara, sláttuvélar, brettagafla, sópa, stórsekkjagálga, staurabora, steypuhrærivélar o.fl. o.fl.**

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

# Óskum öllum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir viðskiptin á því liðna.

MASSEY FERGUSON

VALTRA

Schäffer Lader

GOES
Verð frá
Kr. 1.339.000

**10% afsláttur** af öllum gróðurhúsum til 31. Janúar

## Frábær áramótatilboð

Þar sem gengi krónunnar hefur styrkst mikið á árinu gagnvart flestum myntum getum við í ár boðið mjög hagstæð verð á vélum og tækjum. Eins og fyrri ár bjóðum við góða afslætti ef gengið er frá viðskiptum nú fyrir áramót á eftirfarandi vörumerkjum.

**Pöttinger** – **12%** afsláttur frá verðlista á öllum tækjum.
**NC** – **10%** afsláttur frá verðlista á öllum tækjum.
**McHale** – **8%** afsláttur frá verðlista á öllum tækjum.

Sö umenn okkar eru fúsir til að veita frekari upplýsingar um tæki og tól.

15% AFSLÁTTUR

MASSEY FERGUSON

McHale

PÖTTINGER

TORO Traustur kostur.
Snjóblásarar

10% AFSLÁTTUR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is